

ORÐ AF ELDI

SÝNISBÓK ÍSLENSKRAR ALÞÝÐUMENNINGAR

RITSTJÓRAR

Kári Bjarnason og Sigurður Gylfi Magnússon

4. bindi

ORÐ AF ELDI

Bréfasamband Ólafar Sigurðardóttur á Hlöðum og
Þorsteins Erlingssonar á árunum 1883-1914

ERNA SVERRISDÓTTIR

tók saman



REYKJAVÍK 2000
HÁSKÓLAÚTGÁFAN

SÝNISBÓK ÍSLENSKRAR ALÞÝÐUMENNINGAR 4

ORÐ AF ELDI

Bréfasamband Ólafar Sigurðardóttur á Hlöðum og
Þorsteins Erlingssonar á árunum 1883-1914

ERNA SVERRISDÓTTIR

tók saman

REYKJAVÍK 2000

SÝNISBÓK ÍSLENSKRAR ALÞÝÐUMENNINGAR

1. Bræður af Ströndum. Dagbækur, ástarbréf, almenn bréf, sjálfsævisaga, minnisbækur og samtíningur frá 19. öld. Sigurður Gylfi Magnússon tók saman (1997).
2. Kraftbirtingarhljómur Guðdómsins. Dagbók, sjálfsævisaga, bréf og kvæði Magnúsar Hj. Magnússonar, skáldsins á Þröm. Sigurður Gylfi Magnússon tók saman (1998).
3. Elskulega móðir mín, systir, bróðir, faðir og sonur. Fjölskyldubréf frá 19. öld. Sigrún Sigurðardóttir tók saman (1999).

Háskólaútgáfan

Reykjavík 2000

© Kári Bjarnason og Sigurður Gylfi Magnússon

Hönnun bókarkápu: Alda Lóa Leifsdóttir

Umbrot: Sverrir Sveinsson

Prentumsjón: PMS

Bókband: Bókavirkið ehf.

ISBN 9979-54-411-2

Efni

	Formáli	7
I.	Inngangur	13
	<i>Gömul sendibref</i>	13
	1. <i>Af breffriturum</i>	16
	<i>Óláf Sigurðardóttir</i>	16
	<i>Þorsteinn Erlingsson</i>	26
	<i>Samantekt</i>	34
	2. <i>Bréfin sem hér fara á eftir</i>	35
	<i>Bréfaskriftir geta leitt til misskilnings</i>	35
	<i>Skáldskapurinn</i>	44
	<i>„En þú hefur aldrei kysst Óláfu og ég aldrei Þorstein“</i>	47
II.	1883-1885 – Fyrstu skrefin	55
III.	1886-1888 – Í mátulegri fjarlægð – sögur af ástinni	74
IV.	1895-1902 – Við bjarma af orðaeldi	111
V.	1906-1909 – Skáldkona á miðjum aldri	120
VI.	1910-1914 – Endursýn og vonbrigði.....	148
VII.	Eftirmáli – Í sumarlöndum eilífðarinnar	161
	Heimildaskrá	211

Formáli

Orð af eldi. Bréfasamband Ólafar Sigurðardóttur á Hlöðum og Þorsteins Erlingssonar á árunum 1883-1914, er fjórða bókin sem kemur út í ritröðinni Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar. Erna Sverrisdóttir bókmenntafræðingur tók bókina saman og ritar ítarlegan inngang að henni. Erna hefur unnið með efni tengdu Ólöfu um nokkurt skeið einkum á þeim tíma er hún var stjórnarmaður í Kvennasögusafni Íslands og þekkir því lífshlaup hennar og skáldskap vel. Tilurð bókarinnar er allsérstök og átti eftir að taka mjög óvænta stefnu þegar útgáfudagurinn nálgadist. Hér á eftir verður sagan rakin í grófum dráttum.

Á síðasta ári kom Jónas Elíasson prófessor í verkfræði við Háskóla Íslands að máli við okkur ritstjórana. Erindi hans var að inna eftir því hvort við kynnum að hafa áhuga á að gefa út bréfasafn nokkurt sem verið hafði í eigu konu hans, Ásthildar Erlingsdóttur, en hafði eftir dauða hennar gengið til dóttur þeirra hjóna, Helgu Guðrúnar varaþingmanns á Reykjanesi og starfsmanns Jafnréttisráðs. Um væri að ræða bréf sem Þorsteinn Erlingsson skáld og afi Ásthildar hefði ritað í lok nítjándu aldar og upphafi þeirrar tuttugustu til skáldkonunnar Ólafar Sigurðardóttur á Hlöðum. Það fylgdi sögunni að á milli þeirra hefði ríkt afar náið samband sem líkja mætti við platónskt ástarsamband. Jónas lét þess ennfremur getið að Steindór Steinþórsson frá Hlöðum hefði falið Ásthildi safnið til varðveislu árið 1966 og frá þeim tíma hefði það verið í förum fjölskyldunnar og öllum öðrum óaðgengilegt.

Við þekktum lítið til bréfasambands þeirra Ólafar og Þorsteins, þegar hér var komið sögu. Þó var okkur kunnugt um að í handritadeild Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns væru varðveitt bréf Ólafar til Þorsteins, en þau eru hluti af miklu bréfasafni Þorsteins sem þar er geymt. Það var ekki fyrr en með þessu samtali við Jónas að við gerðum okkur grein fyrir hinum merkilegu heimildum og fljótlega var ákveðið að kanna hvort við gætum ekki fengið einhverja góða manneskju til að taka saman bréfaskipti

skáldanna. Það tók okkur ekki langan tíma að finna réttan fræðimann til starfans þar sem Erna Sverrisdóttir bókmenntafræðingur var. Hún hafði unnið nokkuð með efni tengdu Ólöfu, meðal annars sett upp sýningu um hana og nokkrar aðrar skáldkonur frá fyrri tíð í Þjóðarbókhöðunni. Það er skemmst frá því að segja að Erna reyndist áhugasöm um að taka að sér verk-ið og haustið 1999 hóf hún undirbúning að útgáfunni af fullum krafti.

Strax í upphafi var ljóst að hér var á ferð afar áhugavert efni sem við vorum vissir um að myndi verða lyftistöng fyrir ritröðina. Ernu sóttist vinnan ágæta vel og var langt komin í upphafi þessa árs. Við settum okkur fljótlega það markmið að koma bókinni út á afmælisdegi Ólafar, hinn 9. apríl, og unnum að því hörðum höndum. Um miðjan febrúarmánuð kom hins vegar óvænt í ljós að fyrir tæpum áratug hafði verið skrifuð B.A.-ritgerð um bréfasamband Ólafar og Þorsteins og að höfundurinn, Þóranna Tómasdóttir Gröndal, hafði haft aðgang að bréfum Þorsteins. Við töldum okkur hafa haft fulla vissu fyrir því að enginn hefði séð bréfin í að minnsta kosti rösk þrijátú ár. Í ljós kom að ástæðan fyrir því að við vissum ekki um tilvist ritgerðarinnar var sú að höfundur hafði óskað eftir því að hún yrði ekki í skráum Landsbókasafns yfir námsritgerðir frá Háskóla Íslands. Af tilviljun, og að því er virðist fyrir handvömm, var hún hins vegar skráð í upphafi þessa árs eða tæpum áratug eftir að hún kom í safnið. Af þeim sökum rak Erna Sverrisdóttir augun í hana. Við ræddum strax við eigendur bréfanna og þeir könnuðust ekkert við að nokkrum manni hefði verið veittur aðgangur að þeim. Ritgerðin bar þess á hinn bóginn vitni að Ásthildur hefði veitt þennan aðgang. Okkur varð nokkuð brugðið en ákváðum að halda ótrauð okkar striki. Aðeins tíu dögum eftir þessi tíðindi fengum við ritstjórnarnir upphringingu frá aðila innan Háskóla Íslands er sagðist hringja á vegum Sverris Tómassonar fræðimanns í Stofnun Árna Magnússonar og stjórnarmanns í úthlutunarnefnd Launasjóðs fræðirithöfunda. Sverrir hafði rekið augun í væntanlega útgáfu okkar í umsókn Sigurðar Gylfa til sjóðsins og vissi að sjálfsögðu af rannsókn Þórönnu, systur sinnar. Þess vegna vildi hann láta kanna hvort satt væri að við hygðumst gefa út bréf þeirra Ólafar og Þorsteins. Við gengumst við því og bættum við að bókinn væri langt komin og stefnt væri að útgáfu eftir nokkrar vikur. Þá voru okkur sögð þau tíðindi að Þóranna hefði haldið áfram rannsóknnum sínum eftir að B.A.-ritgerðinni sleppti og væri nú að rita M.A.-ritgerð um hugarheim skáldanna eins og hann birtist í bréfaskiptum þeirra. Okkur varð edlilega mjög brugðið við þessi tíðindi og fannst afar leitt að þessi óvenjulega staða skyldi vera komin upp. Í ljós kom að Þóranna hafði unnið að

verkefninu samhliða fullri vinnu í rúman áratug og við sáum í hendi okkar að útgáfa bókarinnar hlyti að verða henni nokkurt áfall.

Við höfðum samstundis samband við Þórönnu og lýstum yfir áhyggjum okkar með stöðu mála og staðfestist þá sá grunur okkar að hún var vonsvikin yfir því hvernig hlutirnir höfðu þróast. Eftir nokkrar samræður komum við okkur saman um að þrátt fyrir að þessi óheppilega staða væri komin upp þá vildum við reyna að vinna úr málnum þannig að allir aðilar hefðu sóma af. Samkomulag varð því um að Þóranna tæki þátt í dagskrá sem tileinkuð yrði útgáfu bókarinnar og greindi þar frá rannsóknum sínum og niðurstöðum M.A.-ritgerðarinnar og að við ritstjórnarnir legðum okkur fram um að halda rannsókn hennar á lofti meðal annars með ritun þessa formála. Að öðru leyti var dagskráin skipulögð með þeim hætti að Erna Sverrisdóttir tók að sér að ræða um útgáfu bókarinnar og gera grein fyrir ævi skáldanna svo og gildi bréfasambands þeirra fyrir framtíðarrannsóknir og Helga Guðrún Jónasdóttir bauðst til að fjalla um pólitíska afstöðu Þorsteins, langafa síns. Dagskráin var hugsuð sem viðleitni í þá átt að skapa lifandi umræðu um skáldin og hið sérstæða samband þeirra.

Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar er fyrst og fremst hugsuð sem hvatning til fræðimanna og almennings til að nýta sér þær heimildir sem þar eru birtar. Meginhugmyndin er að búa þannig um hnútana að heimildirnar geti auðveldlega komið vísindamönnum að notum við rannsóknir og stuðlað þannig að frjórri fræðumræðu í landinu. Við höfum haft þann háttinn á að fylgja bókunum úr hlaði með vandaðri umfjöllun um efni bókanna sem sett geti lesendur inn í menningarsögulega þýðingu þess. Sá háttur er einnig hafður á hvað þessa bók áhrærir og hefur Erna Sverrisdóttir leyst það verkefni vel af hendi. Eins og með fyrri útgáfurnar vonum við að þessi eigi eftir að verða fræðimönnum óþrjótandi uppspretta hugmynda og hún muni veita öllum almenningsi ánægju og tækifæri til að skilja betur sinn eigin tíma. Við höfum sett okkur það markmið að gefa út aðra bók á árinu og að eftirleiðis komi út tvær bækur á ári undir merkjum Sýnisbókar íslenskrar alþýðumenningar.

Eins og í fyrri bókum ritraðarinnar er textinn hér gefinn út með þeim hætti að sem minnst er hróflað við frumtextanum. Þó eru ákveðnar undantekningar þar á. Pennaglöp eru lagfærð án athugasemda, ávallt er hafður stór stafur á eftir punkti sem og í eiginnöfnum og á stöku stað er greinarmerkjasetningu hnikað til. Þá er greinaskilum bætt við á nokkrum stöðum. Allt er þetta gert með það að markmiði að auðvelda lesendum lesturinn. Misræmi í stafsetningu bréfitara er hins vegar látið halda sér að öðru leyti,

enda er um heimildatexta að ræða. Lesandinn á að fá að kynnst textanum í því formi sem upprunalegast er, eftir því sem útgáfa af þessu tagi leyfir.

Við útgáfu bókarinnar höfum við notið margháttáðrar aðstoðar. Landsbanki Íslands hefur frá fyrstu tíð stutt dyggilega við bakið á ritröðinni og heldur því áfram. Án hans stuðnings hefði ritröðin aldrei orðið að veruleika og ljóst er að margir hefðu þá farið á mis við þann mikla fjársjóð sem handritadeild Landsbókasafns geymir og við höfum fengið tækifæri til að draga fram í dagsljósið.

Bjarni Magnússon las yfir vélritaðan texta bréfanna og bar saman við handritin. Einnig viljum við þakka Viktori Jens Vigfússyni, eiginmanni Ernu, fyrir liðveisluna á lokasprettinum við gerð þessarar bókar. Vinir okkar, Sverrir Sveinsson prentari og Alda Lóa Leifsdóttir hönnuður, stóðu sína plikt að vanda. Sverrir braut bókina um og Alda Lóa hannaði bókarkápu. Þau hafa bæði unnið við allar fyrri útgáfur ritraðarinnar og skilað frábæru verki. Sömu sögu er að segja um Jörund Guðmundsson og starfsmenn Háskólaútgáfunnar, þeir hafa leyst sitt verk af hendi óaðfinnanlega.

Þá viljum við þakka Ernu Sverrisdóttur fyrir sérlega ánægjulegt samstarf. Erna hefur unnið að bókinni af miklu kappi og beinlínis lifað sig inn í hugarheim skáldanna, á líkan hátt og menn gætu ímyndað sér að Ólöf Sigurðardóttir hefði gert. Við erum sannfærðir um að sá kraftur mun skila sér til lesenda bókarinnar.

Samstarfið við feðginin Helgu Guðrúnu og Jónas Elíasson hefur verið einkar gott, en þau hafa varðveitt bréfin og áttu upphaflega hugmyndina að gerð bókarinnar, eins og fyrr sagði. Við vonum að útgáfan verði til þess að gagnrýnin og frjó umræða skapist um skáldin tvö, Þorstein Erlingsson og Ólöfu Sigurðardóttur á Hlöðum. Þá er tilganginum náð.

Helga Guðrún og Jónas hafa ákveðið að afhenda handritadeild Landsbókasafns Íslands bréf Þorsteins Erlingssonar til Ólafar Sigurðardóttur á Hlöðum. Bréfin eru afhent til minningar um Ásthildi Ernu Erlingsdóttur.

Reykjavík í marsmánuði 2000

Kári Bjarnason og Sigurður Gyfi Magnússon

Athugasemd

Nokkrum dögum fyrir útgáfu þessarar bókar fengum við þær fregnir frá Þórönnu Tómasdóttur Gröndal að hún hefði tekið þann kostinn að gefa sjálf út bréf Ólafar og Þorsteins og að bókin hefði komið út deginum fyrir, 29. mars 2000.

Yfirlýsing Jónasar Elíassonar prófessors

Til að forðast allan misskilning vil ég undirritaður Jónas Elíasson prófessor við verkfræðiskor Háskóla Íslands taka eftirfarandi fram: Árið 1966 eignaðist Ásthildur heitin Erlingsdóttir eiginkona mín bréf þau sem Þorsteinn Erlingsson afi hennar ritaði Ólöfu Sigurðardóttur á Hlöðum á árunum 1884-1913 og var gefandinn Steindór Steindórsson frá Hlöðum. Eftir lát eiginkonu minnar eignaðist ég og börn mín bréfin og hafa þau því verið í eigu okkar samfellt í 34 ár. Til þess að heiðra minningu konu minnar var ákveðið að stuðla að því að gefa bréfin út og afhenda þau síðan Landsbókasafni Íslands-Háskólabókasafni til varðveislu. Að því tilefni leitaði ég til ritstjóra Sýnisbókar íslenskrar alþýðumenningar fyrir um ári síðan og fór þess á leit við þá að þeir gæfu bréfin út í ritröðinni. Ég tjáði þeim jafnframt að enginn hefði haft aðgang að bréfunum utan okkar og því fór ég fram á að þeir hefðu hljótt um hina væntanlegu útgáfu. Frumkvæðið að þessari bók er því algjörlega komið frá mér og börnum mínum, eigendum bréfanna.

Jónas Elíasson prófessor

I. Inngangur

Og margs konar sýnir seiddi í hug
þetta sendibréf
og vakti spurnir og spár.
Hver upphafsstafur var dreginn djarft,
en dult hið smágjörva pár.
Hvort voru þessir blettir veðraspor,
eða voru það máské tár?

— —

Með innsiglið brotið, brotna vörn,
þetta bréf sér kýs
í trúnaði mínum töf.
Hví skyldi eg eigi virða vel
og vernda þess dýru gjöf?
Þau helgiskrín, er því hæfa ein,
eru hjarta mitt og gröf.¹

Gömul sendibréf

Ljóðlínur þessar hafa fylgt mér við lestur bréfa þeirra Ólafar Sigurðardóttur á Hlöðum og Þorsteins Erlingssonar. Þær túlka svo vel það bréfasamband sem var á milli Ólafar og Þorsteins og sérstaklega þá merkingu sem Ólöf lagði í það. Bréfin voru Ólöfu tæki til að njóta heims þar sem hún ein ríkti og leið til að miðla af hugarástandi sínu sem á stundum var óskiljanlegt öðru fólki. Hvaða rétt hef ég á að ryðjast inn í veröld sem erfitt er að skilja og setja hana í samhengi þar sem merkingar eru dæmdar til að tapast?

1 Erindin eru úr ljóði Guðfinnu Jónsdóttur frá Hömrum sem heitir „Gamalt sendibréf“ og er í ljóðabók hennar, *Ný ljóð* (Reykjavík, 1945), bls. 15-17.

Eitt sendibréf er persónuleg heimild um tilfinningar og hugsanir manneskju. Hugsunin á bak við orðin eru spor sem bréfitari skilur eftir sig. Sporin eru heimild um þá sjálfsmynd sem bréfitari vill gefa af sjálfum sér. Þetta verða heimildirnar um ævi, tilfinningar og skoðanir einstaklinga; sagan sjálf.

Í bók sinni *Menntun, ást og sorg* bendir Sigurður Gylfi Magnússon sagnfræðingur á að það sem fram komi í bréfum sé ekki aðeins byggt á hagkvæmnisástæðum heldur einnig siðferðilegum. Tíðarandinn og þjóðfélagið setji bréfitara skorður í sambandi við tjáningu og athafnir. Bréfin sem hér fara á eftir eru áhugaverð, meðal annars vegna þess að þau eru á stundum hafin yfir tíma sinn og rúm sem Sigurður Gylfi segir að setji bréfitara ákveðin takmörk.¹ Það er einmitt tímasviðið sem gerir þau að makalausri heimild um persónulegt líf bréfitaranna, hugsanir, tilfinningar og langanir. Sigrún Sigurðardóttir sagnfræðingur hefur einmitt bent á í grein sinni „Tveir vinir“ sem birtist í bókinni *Einsagan – ólíkar leiðir*, að tengsl bréfitara ráði öllu um efni bréfanna, þau móti það svigrúm sem bréfitarar hafa. Þar skiptir ekki aðeins máli þjóðfélagsleg staða þeirra og vinátta heldur einnig landfræðilegar tjarlægðir og tíðni samfunda. Það sem meira er, þetta rúm sem bréfin skapa hefur áhrif á samband bréfitaranna við annað fólk.² Öll þessi atriði eiga eftir að koma fram í bréfum Ólafar og Þorsteins og staða þeirra í tíma og rúmi skapar ástand sem gerir bréfaskiptin sérlega áhugaverð.

Bréf Ólafar Sigurðardóttur á Hlöðum til Þorsteins Erlingssonar hafa varðveist í bréfasafni hans sem nú er geymt í handritadeild Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Bréf Þorsteins til Ólafar voru í vörslu Steindórs Steindórssonar frá Hlöðum til ársins 1966 er hann afhenti þau barnabarni Þorsteins, Ásthildi Erlingsdóttur. Í dag eru þau í eigu fjölskyldu Ásthildar, en hún lést langt fyrir aldur fram, árið 1993. Ólöf treysti Steindóri fyrir bréfunum og innihaldi þeirra og bað hann að gæta þeirra þannig að þau kæmust ekki í ómildra hendur. Varðveislusaga bréfanna segir svo ótal margt um mikilvægi þeirra fyrir bréfitara og snertir einnig líf þeirra sem á eftir koma. Bréf Þorsteins til Ólafar hafa aldrei áður komið í heild sinni fyrir augu almennings. Bréf Ólafar til Þorsteins hafa á hinn bóginn

1 Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg. Einsögurannsókn á íslensku sveitasamfélagi 19. og 20. aldar*. Sagnfræðirannsóknir 13 (Reykjavík, 1997), bls. 52-55.

2 Sigrún Sigurðardóttir, „Tveir vinir. Tjáning og tilfinningar á nítjándu öld.“ *Einsagan – ólíkar leiðir. Átta ritgerðir og eitt myndlistarverk* (Reykjavík, 1998), bls. 149. Sigrún fjallar einnig um eðli bréfaskrifta í bók sinni, *Elskuleg móðir mín, systir, bróðir, faðir og sonur. Fjölskyldubréf frá 19. öld*. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 3 (Reykjavík, 1999).

verið aðgengileg í bréfasafni Þorsteins í handritadeild Landsbókasafns um þó nokkurn tíma og hafa farið um fárra hendur, enda í einkaeigu.¹

Bréfin sem hér fara á eftir segja brot af sögu tveggja skálda, Ólafar Sigurðardóttur og Þorsteins Erlingssonar. Bréfin eru miklu meira en brot í þúsli ævinnar, þau eru texti og tungumál manns og konu sem áttu í bréfasambandi með hléum frá 1883 til 1914. Þau skrifuðust á næstum því óslitið frá 1883 til 1888. Síðan liðu sjö ár þangað til Ólöf sendir Þorsteini aftur bréf, ekkert svarbréf hefur varðveist og ekki er vitað hvort hann svaraði því. Hún sendir honum línur og ljóð árið 1902 en svo virðist sem ekkert svarbréf hafi borist frá Þorsteini. Ólöf sendir honum aftur kveðju sex árum síðar, árið 1906. Uppfrá því eiga þau í nærri óslitnu bréfasambandi til ársins 1914, sem er dánarár Þorsteins. Ólöf hafði ávallt frumkvæði að endurlífgun bréfasambandsins. Hún hafði upphaflega tekið af skarið haustið 1883 og hefur skriftirnar að nýju eftir þau hlé sem verða. Bréfasöfnin eru ekki heil, þau bréf sem vantar hafa orðið eldi að bráð, týnst eða verið látin hverfa. Mörg bréfa Ólafar til Þorsteins frá þessu tímabili virðast glötuð, til að mynda er ekkert bréf hennar frá 1884-1885 og 1887 lengur varðveitt í safni Þorsteins. En það sem gerir rannsóknir á bréfum svo spennandi er meðal annars fjarvera bréfa sem vitað er að hafa verið skrifuð.

Ólöf og Þorsteinn voru bæði komin af fátæku bændafólki en hlutu ekki sambærilegt atlæti í bernsku. Þeim var báðum hjálpað til mennta þó á ólíkan hátt væri. Menntun þeirra, ljóðin og þeirra lífsins saga tók alla tíð mið af stöðu kynferðis þeirra í samfélaginu, líka eftir dauðann. Textinn sem bréfin færa er margræður, en tjáning hans er rígbundin í andstæðurnar: maður og kona.

Bréfritararnir hittust aðeins tvisvar meðan á sambandinu stóð, árið 1910 og 1914. Með komu símans jukust samskipti þeirra og það er hægt að ímynda sér að hann hafi á einhvern hátt tekið toll af bréfunum.

1 Árið 1958 birti Steindór Steindórsson örlitinn hluta þeirra í *Heima er best* (október 1958), bls. 333-335. Eins fékk Þórána Tómasdóttir Gröndal bréf Þorsteins til Ólafar að láni hjá ættingjum hans til þess að nota þau í B.A.-ritgerð sína í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands. Í ritgerðinni er stuðst við bréf frá 1883-1888 og nefnist hún: „Trú, von og kærleikur. Bréfaskipti Ólafar frá Hlöðum og Þorsteins Erlingssonar.“ Ritgerðin er án ártals.

1. Af bréfiturum

Ólöf Sigurðardóttir

Ólöf fæðist að vori, hinn níunda apríl árið 1857, að Sauðadalsá á Vatnsnesi í Húnavatnssýslu, norðanstúlka í stórum barnahópi. Ólöf er smá og fíngerð með sverdökkt hrokkid hár og óvenjulega gráblá og fögur augu. Þegar hún verður eldri eiga augu hennar eftir að verða sálin hennar úthverf. Sumum á eftir að þykja óþægilegt að horfast í augu við hana, í þeim er sérkennilegur glampi.¹

Ólöf er næstýngst af sextán börnum móður sinnar sem var tvígift. Aðeins tíu börn náðu fullorðinsaldri. Mamman heitir Magdalena, fædd 1817 og dáin á Hlöðum 1903. Fyrst er hún sögð Tómasdóttir, síðar Sigurðardóttir Ólafssonar í Katadal á Vatnsnesi. Sé það rétt þá var Magdalena hálf systir Friðriks sem kom svo mjög við sögu þeirra Agnesar og Natans Ketilssonar. Lítilli stúlku hefur vafalítið þótt mikið til skyldleikans koma, stór örlög hrífa hana. Pabbi Ólafar er Sigurður Sigurðarson, hann er fæddur árið 1820 og deyr 1882.

Ólöf elst upp í stórum barnahópi þar sem vinnan er í fyrirrúmi í baráttunni við að koma barnahópnum til lífs, fremur en mennta. Á æskuheimili Ólafar er hvergi staður fyrir drauma og þrár. Það er erfitt fyrir litla stúlku sem finnur strax þegar vitið fer að gera vart við sig að það er til annar og betri heimur en sveitin heima. Hún er sennilega rétt farin að missa tennur þegar hún veit að hún á ekki samastað með sínu fólki, hún er öðruvísi, á skjön við allt og alla.² Henni á alltaf eftir að líða svona. Berjast við óyndi, öfga í sálinni, sveiflast á milli mikillar ástar og jafnvel haturs. Seint á ævinni átti hún eftir að gefast upp fyrir ofsanum í sjálfri sér og yfirfæra sál sína og skaphöfn á spíritismann og huggun trúarinnar.

Kornabarn flyst hún að Þorgrímsstöðum og elst þar upp til níu ára aldurs. Fátæktin er mikil, að minnsta kosti á meðan börnin eru ung, en síðar rætist

1 Augu Ólafar ber oft á góma í heimildum, til dæmis í inngangi Jóns Auðuns að ritsafni hennar, *Ólöf frá Hlöðum. Ritsafn* (Reykjavík, 1945), bls. 24-25. Einnig í grein eftir Steindór Steindórs-son frá Hlöðum, „Frá Ólöfu á Hlöðum. Endurminningar.“ *Heima er best* (desember 1987) og (janúar 1988), bls. 383. Í B.A.-ritgerð Hrafnhildar Elínar Karlsdóttur segir Steindór Steindórs-son í viðtali við hana að konu hans hafi þótt óþægilegt að horfast í augu við Ólöfu. „Ólöf Sigurðardóttir skáldkona á Hlöðum.“ Lokaritgerð í sagnfræði frá Háskóla Íslands, 1992. Bls. 54.

2 Sjá sjálfsævisögubrot Ólafar, „Bernskuheimilið mitt.“ Prentað í *Ritsafninu* (Reykjavík, 1945), bls. 250-281. Ritgerðin birtist upphaflega í *Eimreiðinni* árið 1906. Hér er hún notuð sem aðalheimild um bernsku Ólafar nema annað sé tekið fram. Greinin vakti gríðarlega athygli þegar

aðeins úr. Öll læra systkinin að lesa, þau eldri kenna hinum yngri. Einn af bræðrunum fær tilsögn hjá prestinum í reikningi og skrift og hin öfunda hann. Þau deyja ekki ráðalaus heldur læra flest að skrifa án tilsagnar með fjadurpenna og stálpenna, þeirra blek er kálfsblóð eða sót eins og títt var hjá börnum alþýðufólks. Ólöf grætur oft í hljóði, hún þráir svo margt sem aldrei fæst. Hana langar að læra og líkjast prestsdætrunum. Heima á bæn-um er lærdómur talinn aumasti hégómi og krakkarnir fá skömm í hattinn þegar þau masa um ljóð yfir vinnunni. Á Þorgrímsstöðum er ekkert hirt um húsakynnin, hreinlæti og góður aðbúnaður er aukaatriði. Þegar Ólöf horfir upp á heimilishundinn sleikja askana heitir hún því með sjálfri sér að hún skuli alltaf hafa hreint og bjart hjá sér þegar hún segir skilið við heimahag-ana og ræður sér sjálf. Þegar hún er orðin húsfreyja í timburhúsinu sínu á Hlöðum munu gestir verða feimnir við allt hreinlætið og reglusemina sem þar ríkir.¹

Á bernskuheimilinu skiptir búskapurinn höfuðmáli. Þar er borðað í flýti og maturinn er jafnan fábreyttur og vondur. Stundum eru góðir dagar, eins og sumardagurinn fyrsti, þá fá þau gott í magann, brauð, sem er það besta sem Ólöf litla getur hugsað sér.

Ólöf er ekki vinsæl heima. Hún er aumingi og heimótt og alltaf að skæla. Fötin meiða hana, þau eru þung, þröng og hörð. Hún á aldrei eftir að gleyma hvíta léreftskjólnum sem hún fær að láni hjá systur sinni. Hann er mjúkur og fellur hvergi að líkamanum og henni finnst hún falleg og langar að spegla sig í aðdáun karlmanna í kirkjunni. Það er sérstaklega einn sem hún hefur augastað á, samt er hún bara sjö ára stelpugrey. Sá kann að yrkja og fara með ljóð. Það finnst henni mest um vert af öllu í heiminum. Hún á alltaf eftir að hrífast mest af skáldum og fræðimönnum, líta upp til þeirra, leita ráða hjá þeim og gera sig til við þá. Hana langar líka að vera jafningi þeirra, hún þrífst á hólí og skjalli skáldanna, vill vera þeirra poesi.² Ólöf á oft eftir að lenda í ástarsorg, fyrst sjö ára í sveitinni á Vatnsnesi og fram eftir öllum aldri. Sem fulltíða kona á hún eftir að játa fyrir fermingardreng fyrir norðan að hún elski föður hans, skólameistarann, og kasta sér með ekka í nýslegið heyið. Löngu síðar lýsti drengurinn, Valtýr Stefánsson

1 Ólöf var ætíð mjög upptekin af hreinlæti og snyrtimennsku, hvort sem um hýbýli eða mann-
eskjur var að ræða. Sjá sérstaklega um þetta tiltekna atvik í grein Steindórs Steindórssonar,
„Frá Ólöfu á Hlöðum“, bls. 378.

2 Sjá inngang Helgu Kress að bókinni, *Stúlka. Ljóð eftir íslenskar konur*. Helga Kress valdi
efnið og bjó til prentunar (Reykjavík, 1997), bls. 50-51. Í þessu sambandi má einnig benda á
bréf Ólafar til Þorsteins Erlingssonar frá 10. maí 1888. Þar lýsir Ólöf heimsókn sinni til Stein-
gríms Thorsteinssonar. *Lbs* 4165 4to.

ritstjóri, atburðinum á eftirfarandi hátt: „Hún lét mig setjast hjá sér, tók utan um axlirnar á mér, horfði á mig döprum augum og sagði hægt og með þunga: „Ég elska föður þinn, Valtýr litli, og hef gert það í mörg ár.“ Henni var svo mikið niðri fyrir eftir þessa játningu, að hún kastaði sér niður í lyngbreiðu og grét þungum ekka. Ég var um fermingu, þegar þetta gerðist, og skildi fullvel, hvað hún var að fara. En viðbrögð mín voru þau ein, að ég kenndi í brjósti um þessa vanyrktu konu, sem hafði farið á mis við ástina og hamingjuna.“¹ Tilfinningarnar bera hana oft ofurlíði og hún á erfitt með að hafa hemil á þeim. Skáldkonan Ólöf gefur tilfinningunum mál í ljóðum sem túlka reynslu hennar og skoðanir bæði sem konu og skáldi. Ólöf er fyrsta yfirlýsta kvenréttindakonan í íslenskri ljóðagerð.²

Þegar Ólöf er níu ára flytur fjölskyldan að Flatnefsstöðum í sömu sveit. Núi bærinn er miklu betra hús en sá gamli. Við umskiptin er eins og krökkunum vaxi máttur, þeir gera uppreisn gegn óprifnaðinum, heimta umbætur eins og sannir byltingamenn: „leið þá ekki á löngu, áður en við krakkar gjörðum uppreist móti heimilisstjórninni, brutum venjur ýmsar á bak aftur og innleiddum nýja siði.“³ Ólöf fagnar þegar sá siður kemst á að baðstofan er hreinsuð reglulega.

Þó að hún sé lítil og draumlynd getur Ólöf samt verið ákveðin og óvæg-in og hún er dæmalaust sjálfstæð í sér. Hún er stundum með uppsteyt heima, neitar að láta ferma sig nema hún sjálf vilji og er vantrúuð á tilvist himnaföðurins. Hún hótar jafnvel að ganga á fund biskups og fá svör við efasemdum sínum.⁴ Sem fullorðin kona fer Ólöf sjaldan í kirkju, nema hún sé að fylgja til grafar. Hún á lengi eftir að efast um þann Guð sem íslenskir prestar leggja út af, þangað til ellin og ósigrar gera hana meyra.

Nítján vetra yfirgefur hún bernskuheimili sitt og veganestið er löngunin eftir einhverju stærra og betra. Þrá sem á eftir að búa í henni og sitja um hana alla tíð. Prestssetrið Tjörn á Vatnsnesi er hennar næsti náttstaður. Ólöf er heppin, prestsfrúin Ingibjörg Eggertsdóttir verður vinkona hennar og leiðbeinandi, hún skilur Ólöfu og veit að hún er ekki gerð fyrir sveitalífið. Fyrir tilstilli Ingibjargar fer Ólöf til Reykjavíkur haustið 1881 og þar leggur hún stund á ljósmóðurfræði hjá dr. Jónassen landlækni. Ólöf á aldrei eftir að líta til baka, eða heimsækja bernskustöðvarnar. Hún þarf ekki á

1 Valtýr Stefánsson, *Með Valtý Stefánssyni* (Reykjavík, 1962), bls. 40. Faðir Valtýs var Stefán Stefánsson, þá skólameistari á Möðruvöllum.

2 Á þetta hefur Helga Kress bent í bókinni *Stúlka*, bls. 51.

3 Ólöf Sigurðardóttir, „Bernskuheimilið mitt“, bls. 280.

4 Ólöf Sigurðardóttir, „Bernskuheimilið mitt“, bls. 276.

ættingjum eða fjölskyldu að halda, hún kýs að velja sér förunauta sjálf. Þegar frá líður á það eftir að vekja furðu fólks að hún talar aldrei um systkini sín eða foreldra. Að vísu á hún eftir að fá bréf frá systur í Vesturheimi og í næstu sveit við Hlaðir er bróðir hennar bóndi.¹ Hann kemur stundum í heimsókn en aðallega til að hitta eiginmann Ólafar, hún sýnir bróður sínum fálæti.² Ólöf tekur samt móður sína til sín þegar Magdalena er orðin gömul og slitin og hjá henni deyr hún.

Á Vatnsnesi kynnist hún Halldóri Guðmundssyni, smiði úr Hörgárdal. Hann er sjö árum eldri en hún, fæddur 9. nóvember 1850. Halldór er sagður traustur maður og yfirvegaður, líka greindur og ritfær. Seinna birtast smásögur í tímaritum eftir hann. Ólöfu líkar vel að hann er skáldlega sinnaður og hann er heldur ekki bóndi. Með þeim kviknar eitthvað meira en vinátta, þó þau séu æði ólík. Það er bundið fastmælum að skrifast á þegar Ólöf heldur suður.³

Ólöf er komin langt frá Vatnsnesi. Lífið getur ekki verið betra, hún er stöð í Reykjavík á leiðinni í nám og vin fyrir norðan. Ekkert stöðvar hana og fyrir milligöngu dr. Jónassen siglir hún utan til Kaupmannahafnar í framhaldsnám, alveg eins og ungur og efnilegur piltur. Veturinn 1882-1883 er Ólöf í Höfn og um vorið 1883 lýkur hún prófi frá Fæðingarstofnuninni með fyrstu einkunn. Lífið virðist fullkomið, hún kynnist íslenskum stúdentum í Höfn og finnst mikið til koma. Hún fær meðal annars tækifæri til að spjalla um skáldskap og fræði. Skáldskapur og ljóðagerð er lífæð Ólafar.⁴ Núna kann hún líka erlent tungumál, hún getur lesið bókmenntir á Norðurlandamálum og upp á sitt einsdæmi er hún að bögglast við þýskuna. Vatnsnesið og sveitalífið er í órafjarlægð.

Ólöf kemur heim og starfar sem ljósmóðir í Reykjavík. Henni ferst starfið afar vel úr hendi, hún þykir lagin og nærfærin. Síðar, þegar hún er flutt norður á Hlaðir, á hún eftir að taka á móti nokkrum börnum, þó hún sé hætt

1 Í handritadeild Landsbókasafns eru varðveitt bréf frá systur Ólafar sem bjó í Vesturheimi. Hún hét Kristín Sigurðardóttir. Bréfin eru geymd í safni Ólafar. Í þeim kemur meðal annars fram þakklæti systurinnar í garð Ólafar sem hefur tekið aldráða móður þeirra að sér.

2 Steindór Steindórsson, „Frá Ólöfu á Hlöðum“, bls. 380-881.

3 Um Halldór Guðmundsson má lesa í grein Steindórs Steindórssonar, „Ólöf Sigurðardóttir á Hlöðum. 1857 – 9. apríl – 1957.“ *Eimreiðin* 1957, bls. 87-88. Þar er meðal annars sagt frá skáldskapariðkun Halldórs og persónueinkennum. Samkvæmt Steindóri birtust tvær sögur eftir Halldór í *Eimreiðinni*. Auk þess liggja eftir hann fleiri sögur og ein skáldsaga í handriti, varðveitt í safni Ólafar í handritadeild Landsbókasafns.

4 Hér er ég að vísa í efni ljóða hennar og innihald bréfanna sem hér fara á eftir. Ljóð Ólafar eru mörg hver mjög persónuleg. Þar má oft sjá að hún þráði einkum tvennt í lífinu, að yrkja og elska.

að starfa sem ljósmóðir. Hún á líka eftir að hjúkra sjúkum, binda um sár og gera að brotum. Hendur hennar eru smáar, óvenju mjúkar og mildar, og sjúkum finnst gott að finna hendur Ólafar.¹

Í Reykjavík býr hún í húsi Árna Gíslasonar leturgrafara og þar er einnig til húsa Þorsteinn Erlingsson skáld og stúdent við Lærða skólann. Með þeim takast góð kynni sem eiga eftir að vara ævina á enda. Þegar Þorsteinn siglir til Hafnar í framhaldsnám viðhalda þau vináttunni í gegnum bréfa-skriftir. Þorsteinn á alltaf stað í hjarta hennar.²

Ólöf er ör og óvenju opinská og sækist einkum eftir félagsskap við karla, helst skáld og fræðimenn; hún er örlítið snobbuð. Á Reykjavíkurárunum kynnist hún Steingrími Thorsteinssyni skáldi, og hann dái hún alla tíð. Ólöf leitar til hans með ljóðin sín, daðrar pínulítið og gerir sig litla og hjálparvana fyrir augliti skáldsins.³ Ólöf á eftir að líta upp til fleiri karlskálða, kynnast þeim persónulega og skrifast á við þá. Í þeim hópi eru Matthías Jochumsson og Stephan G. Stephansson. Stundum á hún erfitt með að greina á milli ómengaðrar vináttu og ástar, það er alltaf óreiða í sálinni, miklar sveiflur.

Halldór kemur suður vorið 1886 í leit að vinnu en hverfur skjótt aftur því ekkert er að fá. Hann snýr til baka ári síðar og nú staðráðinn í að þau Ólöf gifti sig. Ef Ólöf giftist Halldóri þarf hún að „yfirgefa borgina og yfirsetukonunafnið, verða aftur lítil stúlka, verða kona Halldórs og lifa hjá honum í ógnlitlu hreysi, við fátækt einhversstaðar á útskæli, gleymd öllum nema honum“.⁴ Í bréfum sínum til Þorsteins segist hún elska Halldór annan daginn en hinn efast hún.

Um tíma er bréfasamband þeirra Ólafar og Þorsteins svo leynilegt að Halldór fær fyrst ekkert að vita. Ólöf sníður og saumar náttskyrtu handa Þorsteini, þrjónar sokka og bætir fötin hans.⁵ Á tímabili eru bréfin það mikið launungarmál að vinur Þorsteins þarf að hafa milligöngu um þau. Reykvíkingar mega ekki vita af bréfasambandinu, þau eru bæði lofuð öðr-

1 Steindór Steindórsson, „Frá Ólöfu á Hlöðum“, bls. 379. Eins má benda á ljóð hennar sem hún sendi Þorsteini Erlingssyni er hann lá veikur, árið 1902. Síðustu tvær ljóðlínurnar vísa til lækningahefileika hennar: „Litlar, mjúkar læknishendur / leggji von á brjóstið sjúka!“ Ljóðið er birt í heild sinni í fjórða kafla þessarar bókar.

2 Lbs 4165 4to – Sjá meðal annars bréf frá Ólöfu til Þorsteins frá 24. október 1895 og 8. ágúst 1910.

3 Lbs 4165 4to – Bréf Ólafar Sigurðardóttur til Þorsteins Erlingssonar, ritað 10. maí 1888.

4 Lbs 4165 4to – Bréf Ólafar Sigurðardóttur til Þorsteins Erlingssonar, ritað 3. júlí 1886.

5 Ólöf sendir Þorsteini bæði föt og mat. Hann leitar líka til hennar um viðgerðir á fötum. Eins biður Ólöf Þorstein um að kaupa eitt og annað fyrir sig í Höfn sem ekki fæst hér heima eða er erfitt að fá. Þetta kemur víða fram í bréfum beggja.

um.¹ Ólöfu finnst spennandi að skrifast á í leyni um ástina og skáldskapinn. Henni þykir fátt meira æsandi en að sviðsetja sjálfa sig á dramatískan hátt.

Ólöf og Halldór ganga í hjónaband í Dómkirkjunni að kvöldi 6. ágúst 1887. Að ósk Ólafar á brúðkaupið að vera látlaust og fara hljóðlega. Svo hljótt er um það að sjálfur presturinn gleymir að mæta. Það verður að sækja prestinn sem að lokum gefur þau saman í myrkri. Mörgum bæjarbúum þykir þetta kúnstugt.²

Ólöf er fangi í hjónabandinu, hún er í heljargreipum, helst hefði hún viljað aflýsa hjónavígslunni. Einu sinni hafði hún elskað Halldór brennheitt en núna á annar maður hug hennar. Kannski var hún alltaf að vona innst inni að sá sem hún elskaði í leyni myndi banna henni að giftast Halldóri.

Kvíðinn og hræðslan hafa eitthvað lokkandi við sig. Hana langar að finna og upplifa sársaukann í sambúðinni við karlmann. Brúðkaupsnóttin er víti og líka næstu dagar, hún er farin að hugsa um skilnað þegar hún veikist alvarlega af berklum í baki. Halldór er hlýr og kærleiksríkur, hjúkrar henni eins vel og hann getur. Ólöf er litla barnið hans, nægjusöm og þakklát. Hún er hætt að hafa andúð á hjónabandinu og Halldóri, sem hún kallar eftir veikindin „fóstra“. Hjónabandinu er borgið, en í stað innilegs sambands karls og konu myndast tengsl sem minna fremur á samband föður og dóttur.³ Þannig á það alltaf eftir að vera. Halldór er ánægður með nýju Ólöfu, litla lambið sitt, sem hann nefnir svo. Honum þótti gamla Ólöf stíf

1 Lbs 4157 4to – Bréf Daníels Símonarsonar til Þorsteins Erlingssonar. Í bréfum hans, og reyndar einnig í bréfum Ólafar og Þorsteins, kemur fram að Daníel er milligöngumaður nokkurra bréfa og annarra sendinga. Í bréfi frá Daníel til Þorsteins Erlingssonar rituðu 24. nóvember 1884 segir: „[.,.] jomfrú Ólöf Sigurðardóttir beiddi mig að senda þjer kassa fra sjer með dálitlu af kjæfu í ekkert veit jeg fyrir víst hvað í hönum er“.

2 Um sýn Halldórs á hjónabandið, undanfara þess og sjálfa hjónavígsluna, má lesa í bréfum sem hann skrifaði vini sínum Guðmundi Davíðssyni frá Hofi í Hörgárdal, síðar Hraunum í Fljótum. Einnig grein Finns Sigmundssonar, „Þegar Ólöf á Hlöðum gifti sig. Finnur Sigmundsson landsbókavörður tók saman“, *Morgunblaðið* (24. desember, 1958), bls. 52-53. Í bréfi Þorsteins til Ólafar frá 11. nóvember 1887 segir hann frá því að nokkrir kunningjar hafi skrifað sér og sagt honum frá brúðkaupinu. Í bréfinu vitnar hann í einn nafnlausan heimildamann sem þótti tilstandið kúnstugt: „Mjer var skrifað af fleirrum mönnum að þú værir gift, og einn þeirra sagði mjer mjög greinilega frá því, og svo endaði hann með þessum orðum: „Og hvurninn þeir hafa sjeð til að þússa þau þar saman í myrkrinu, er mjer óskiljanlegt“. Jeg brosti og tók það sem gaman eins og það var talað, enn jeg sá á brjefinu að öllum hefur komið það á óvart. Jeg þori ekki fyrir mitt líf að segja þjer hvor maðurinn er, því jeg vil ekki spilla á milli manna, enn jeg veit að þú verður bálvond við hann, enn þetta var gaman, og hann veit að mjer er vel við þig.“

3 Hér byggir ég frásögnina á ýmsum bréfum Ólafar og Þorsteins. Bréf Ólafar frá 1887 hafa ekki varðveist, en af bréfum Þorsteins til hennar má dæma að Ólöfu hafi ekki liðið vel um tíma í hjónabandinu. Seinna á hún eftir að segja frá líðan sinni í yngri bréfum sínum til hans, til að

og einhver heimslegur blær yfir henni, núna er hún róleg og blíð, eins og saklaust barn sem hann vill annast.¹ Þannig er ástin hans. Ólöf elskar af vináttu og kærleik, ekki af ástríðu. Þegar þau flytja á Hlaðir deila þau ekki herbergi.

Snemma vors 1888 gengur Ólöf á fund Steingríms Thorsteinssonar og leggur í dóm hans ljóðin sín, sem hún sjálf kallar dótið sitt, „hvort það þoli að prentast“. Sama ár kemur út fyrri ljóðabókin hennar, *Nokkur smákvæði*, fjórða ljóðabókin sem kemur út eftir konu á Íslandi. Það er hugur í Ólöfu. Hins vegar finnst ritdómara Lýðs ljóðin vera snotur og smá og Ólöf öðrum háð í skáldskap sínum.²

Um sumarið 1888 flyst hún alfarin norður með Halldóri. Hann byggir þeim lítið en snoturt timburhús sunnan við bæinn á Hlöðum í Hörgárdal. Halldór er góður smiður og nýtur vinsælda og virðingar í sveitinni. Á Hlöðum búa þau næstu þrjátíu árin með aðskilinn fjárhag. Ólöf vinnur fyrir fæði og húsnæði með heimilisstörfum og heyjar sjálf fyrir sínar skepnur.³

Móti suðri hefur hún komið sér upp vin, litlum skrúðgarði, þar sem hún ræktar fjölærar og einærar plöntur.⁴ Hún er barn náttúrunnar, þess smáa í henni. Hún safnar grösom, fylgist með lífi skordýranna og þykir gott að láta sólina sleikja sig. Ólöf trúir á lækningamátt sólarinnar, hún læknar sjálfa sig með sólþöðum þegar berklarnir taka sig upp að nýju.⁵ Hún nær

mynda í bréfi skrifuðu á Hlöðum 24. október 1895, sem er að hluta sjálfsævisögubrot. Þá er óhætt að setja jafnaðarmerki á milli Ólafar og söguhetjunnar sem birtist í smásögunni *Hjálpin* eftir hana sjálfa. Sjá nánar um þessa tengingu hér á eftir, í umfjöllun um bréfin.

- 1 Þessa lýsingu á Ólöfu er að finna í bréfi frá Halldóri til hennar: „Nokkuð er það, að þú ert í mínum augum svo mörgum öðrum yndislegri og jafnvel háleitari en meðan þú varst heilbrigð. Þá varstu stíff og einhver heimslegur blær hvíldi yfir þjer, – nú ertu róleg og blíð, eins og saklaust og blessað barn. Það er eins og þú hafir verið heimsins barn, en sjert nú umvafin elsku „föðurins“. Þetta bréf er frá 14. desember en ártal vantar; líklega þó frá 1887 eða 1888. Í öðru bréfi dagsettu 13. desember 1888 segir hann: „[,] þá er jeg á standi til að leggja svarta kollinn undir vanga minn og strjúka litla vangan. Það verður gaman! Hlakkar þú ekki til þess litla lambið mitt?“ Bréfin eru varðveitt í safni Ólafar í handritadeild Landsbókasafns.
- 2 Sjá inngang Helgu Kress að *Stúlku*, bls. 49-50. Þar fjallar Helga um viðtökur bókarinnar og eina ritdóminn sem birtist í *Lýði* 19. september 1888.
- 3 Steindór Steindórsson, „Frá Ólöfu á Hlöðum“, bls. 379.
- 4 Þess má geta að Ólöf og Ólafur Davíðsson náttúrufræðingur bundust traustum vináttuböndum. Áttu þau mörg hugðarefni sameiginleg, til dæmis grasafraedi og skáldskap. Sbr. Steindór Steindórsson, „Frá Ólöfu á Hlöðum“, bls. 380. Um Ólaf hefur nokkuð verið rætt og ágæti hans sem var ótvírátt að flestra manna álit. Finnur Sigmundsson bjó dagbók Ólafs til prentunar og gaf hana út um miðja tuttugustu öldina. Sjá Ólafur Davíðsson, *Ég læt allt jjúka. Sendibref og dagbókarbrot frá skólaárunum*. Finnur Sigmundsson bjó til prentunar (Reykjavík, 1955). Þá má einnig benda á að Sigurður Gylfi Magnússon notar dagbók Ólafs til að varpa ljósi á tilfinningalíf ungs fólks á níttjándu öld í bók sinni *Menntun, ást og sorg*, bls. 252-264.
- 5 Steindór Steindórsson, „Frá Ólöfu á Hlöðum“, bls. 377 og 379.

bata en eftir situr stór hnútur á bakinu og Ólöf gengur mjög bogin upp frá því. Hún veit að nýja vaxtarlagið á ekki eftir að vekja aðdáun hins kynsins. Ólöf er alla tíð meðvituð um sjálfa sig sem kona og kynvera.¹

Inni í hlýju og björtu stofunni á Hlöðum sinnir Ólöf tóvinnu. Hún spinnur og þrjónar listavel fingravettlinga í ýmsum litbrigðum. Þeir eru eftirsóttir af fólki. Fyrir handavinnu sína hlýtur hún verðlaun á iðnsýningum, bæði á Akureyri og í Reykjavík.²

Ólöf er sílesandi þegar tími gefst til. Við vinnuna hefur hún alltaf hjá sér bók að grípa í milli verka. Helst les hún skáldskap af ýmsu tagi á íslensku og Norður-landamálunum. Þegar hún verður eldri eiga bækur um dulræn fræði hug hennar allan. Stundum þegar næði gefst sest hún við skrifborðið sitt og skrifar. Ólöf fylgist vel með stjórnmálum, hún hefur ákveðnar skoðanir og er kvenréttindakona.

Ólöf hefur ekki áhuga á að kynnast sveitungum sínum, hún er ekki allra og sumir líta hana hornauga. Hún lítur stórt á sig og vill bara umgangast fólk sem hefur sömu hugðarefni og hún sjálf. Ólöf er samt trú og trygg þeim sem henni líkar vel við. Hún bindst skólameistarafjölskyldunni á Möðruvöllum miklum vináttuböndum. Sérstaklega á það við um skólameistarann sjálfan Stefán Stefánsson og dóttur hans Huldu. Ólöf er ljósa hennar. Eins á strákur frá Hlöðum, Steindór Steindórsson væntumþykju hennar og hlýju. Hún segir börnunum sögur og ævintýri og þegar þau verða unglingar leita þau til hennar með sín hjartansmál. Það skilur enginn ástina jafn vel og Ólöf.³ Hún á samt eftir að koma sveitungum sínum á óvart. Síðustu árin sín á Hlöðum fer hún á milli bæja með plötuspilara sem hún hafði eignast og gefur sveitungum sínum kost á að hlýða á klassíska tónlist.⁴ Allt sem er fallett í heiminum á greiða leið að Ólöfu.

Hana langar að gefa út ljóðin sín og enn á ný leitar hún til karlskálds. Fornvinur hennar Þorsteinn Erlingsson tekur að sér að koma ljóðunum til útgáfu. En það tefst um mörg ár. Sár og leið gefst hún upp á biðinni og gef-

1 Í bréfum sínum til Þorsteins vikur Ólöf stundum að útliti sínu, einkum seinni árin. Hún lýsir sjálfri sér neikvætt og oft óhugnanlega. Í greininni: „...Farið vel, fimmtú árin! – Felið sárin“. Um afmæli kvenna og uppsprettu ljóða.“ *Kynlegir kvistir. Tíndir til heiðurs Dagnýju Kristjánsdóttur fimmtugri* (Reykjavík, 1999), bls. 11-13, ræðir Helga Kress um þælingar Ólafar um eigið kynferði eftir að aldurinn færist yfir. Helga styðst meðal annars við bréf Ólafar og Þorsteins.

2 Steindór Steindórsson, „Frá Ólöfu á Hlöðum“, bls. 379.

3 Samtalsbók Matthíasar Johannessen, samtal við Huldu Stefánsdóttur. „Af Ólöfu á Hlöðum“, *M. Samtöl V* (Reykjavík, 1985), bls. 160.

4 Til gamans má benda á ljóð eftir Steinunni Sigurðardóttur, „Skáldkonan Ólöf frá Hlöðum með list um landið.“ Sjá til dæmis *Stúlka*, bls. 393.

ur þau sjálf út. Seinni ljóðabókin ber sama nafn og sú fyrri og kemur út 1913.¹ Ólöf skrifar líka smásögur og ævintýri sem birtast í blöðum og tímaritum. Fyrir smásöguna „Móðir snillingsins“ vinnur hún til verðlauna. Sumum þykir sagan hneykslanleg.

Sumarið 1914 fer Ólöf til Reykjavíkur, hún er spennt og gleðst yfir tilbreytingunni. Það er óralangt síðan hún var í Reykjavík. Henni er vel fagnað, og hún kann að meta athyglina. Reykvískar konur halda henni samsæti og henni eru flutt frumort ljóð. Hún er í endalausum heimboðum hjá vinum sínum, meðal annars heimsækir hún Guðrúnu og Þorstein Erlingsson. Á heimleiðinni er hún hrókur alls fagnaðar og skemmtir öðrum farþegum með sögum.²

Skömmu eftir Reykjavíkurferðina ákveður Alþingi að veita henni skáldalaun og þeim heldur hún til æviloka.

Sumarið 1920 deyr Halldór úr lungnabólgu. Eftir dauða hans treystir Ólöf sér ekki lengur að búa ein á Hlöðum, hún hræðist einsemdina og tómíð. Það er afráðið að hún flytji til Akureyrar í boði Stefáns skólameistara sem stýrir Gagnfræðaskóla Akureyrar. Ólöf fær lítið herbergi til umráða á háalofti skólahússins. Tveimur árum síðar þarf hún að flytja úr skólanum og býr á tveimur stöðum eftir það.

Á Akureyri tekur hún virkan þátt í félagsskap spíritista, heldur og sækir miðilsfundi af fullum krafti og bæjarbúar þískra um Ólöfu á Hlöðum. Henni líður ekki sem best, einsemdin þrúgar hana og haustið 1924 flytur hún til Reykjavíkur. Sjón hennar var og tekin að daprast. Vonast hún eftir að fá einhverja bót meina sinna í Reykjavík.

Í bænum býr hún að minnsta kosti á tveimur stöðum, hún á töluvert af vinum en hún er þeim stundum erfið í umgengni. Skapsveiflurnar hafa ekkert minnkað þó ellin sæki að. Hún er stundum hvöss og bitur, en hún kann enn að segja skemmtilega frá og af innblæstri. Gamli glampinn í hálfblindum augunum kemur oft í ljós þegar hún reynir að sannfæra samferðafólk sitt um framhaldslífið og andaheiminn.³

Síðustu árin dvelur hún á Elliheimilinu Grund. Þar deyr hún, blind og farin að heilsu, 23. mars 1933.

1 Þessi saga er rakin í bréfum frá 1906-1913. Helga Kress gerir þetta meðal annars að umtalsefni í grein sinni „...Farið vel, fimmtíu árin! – Felið sárin“. Um afmæli kvenna og uppsprettu ljóða“, bls. 9-12.

2 Hulda Á. Stefánsdóttir, *Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur. 2. bindi. Æska* (Reykjavík, 1986), bls. 190-191.

3 Jón Auðuns, *Ólöf frá Hlöðum. Ritsafn* (Reykjavík, 1945), bls. 21.

Flest ljóða Ólafar eru samofin ævi hennar. Þau eru oft persónuleg og segja tilfinningasögu hennar. Skáldskapur var Ólöfu ástríða og drifkraftur, þar sem ástin og sjálfstæðisþráin kyntu undir:¹

Ég hef enga vissu

Ég sit hérna hissa og hugsu um það
í horninu mínu og skrifa,
því mér í upphafi þeytt var af stað,
og því ég tók að mér að lifa.

Hvað, tók ég það að mér? Nei, alls ekki það,
ég ósjálfráð byrjaði að lifa.
Án sammings og heitmála hljóp ég af stað
og helst kaus að elska og skrifa.

Það tvennt var mér meðfætt, og því greip ég það,
og þótti nú gaman að lifa.
Ég mændi upp í ljósið og lofsöng því kvað.
Mitt líf var að elska og skrifa.

Í ljóðinu segir frá kröftunum tveimur sem stjórnðu persónu Ólafar, ástin og skriftirnar. Hún þráði að líf sitt snerist um þetta tvennt, en raunin var oftast önnur. Ólöf átti sín alsælu augnablik, en vonbrigðin voru ávallt skammt undan. Hún var full af mótsögnum eða eins og hún segir sjálf: „ég geng hér í myrkrinu tvískipt og hálf“.² Ólöf var heldur aldrei sáttt við líf sitt. Hvorki sem skáldkona í leit að samastað í heimi karlskálða, né sem eiginkona og kynvera. Hún þráði sem skáld að standa jafnfætis viðurkenndum karlskáldum. Í kvæðinu „Óðulin mín“ lýsir hún skáldskapargáfu sinni sem skipi sem brotnar því það á hvergi heimahöfn og enginn er heldur til að lóðsa það. Hana skortir hefðina og viðurkenningu.³ Og í ljóðinu „Preyta“ segir hún: „Allt var mér ónóg, sem eignast ég hef“.⁴ Ólöf var eigi að síður mjög sjálfstæð kona og sjónarmið kvenréttinda birtust oft í ljóðum hennar. Hún reyndi að hafa stjórn á lífi sínu og gera það sem í brjósti henn-

1 Jón Auðuns, *Ólæf frá Hlöðum. Ritsafn*, bls. 59.

2 Jón Auðuns, *Ólæf frá Hlöðum. Ritsafn*, bls. 126. Ljóðlínan er úr ljóðinu „Brot“.

3 Jón Auðuns, *Ólæf frá Hlöðum. Ritsafn*, bls. 107.

4 Jón Auðuns, *Ólæf frá Hlöðum. Ritsafn*, bls. 161.

ar bjó, en hún rak sig oft á. Ljóðin hennar lýsa oft vonbrigðum, reiði og sársauka sem voru samofin lífi hennar alla tíð.¹

Þorsteinn Erlingsson

Að Stórumörk undir Eyjafjöllum eru búsett hjónin Þuríður Jónsdóttir og Erlingur Pálsson. Hinn 27. september 1858 fæðast þeim tvíburar. Þuríður kemur illa niður að börnunum. Fyrst kemur stúlka, en erfiðlega gengur að koma piltinum í heiminn. Hann er dreginn inn í veröldina með tóngum og vart hugað líf. Það tekst að lífga hann, handleggsbrotinn og smáan. Honum er gefið nafn fósturafa síns, Þorsteins Einarssonar en hann er seinni maður föðurömmu Þorsteins, Helgu Erlingsdóttur. Tvíburasystirin fær nafn ömmunnar.²

Þorsteinn Erlingsson er aðeins mánaðargamall þegar hann er reiddur yfir Markarfljót að væntanlegu æskuheimili sínu, Hlíðarendakoti. Í reifum fer hann frá móður sinni og föður, hann á aldrei eftir að búa undir þeirra þaki. Foreldra Þorsteins eignast þrettán börn en aðeins sjö þeirra ná fullorðinsaldri. Framan af voru hjónin fátæk en síðar vænkaðist hagar þeirra.

Í Hlíðarendakoti eru amma Helga og afi Þorsteinn. Þau eru ekki rík en bjargálma, bæði á sjötugsaldri. Þorsteini litla er tekið af ástúð og hlýju og hann býr við gott atlæti alla sína bernsku. Þegar hann verður fulltíða og flytur á brott á hann alltaf eftir að hugsa hlýtt heim til fólksins og Fljótshlíðarinnar, eins og lesa má í kvæðum hans. Fullorðinn sér Þorsteinn bernsku sína ávallt í ljóma þess sem glæst er.³

Fljótshlíðin og nágrenni hennar er fallett. Það er hægt að gleyma sér úti

1 Helga Kress Íjallar um ljóðagerð Ólafar í inngangi sínum að *Stúlku*, bls. 49-52. Sjá einnig kafla Silju Aðalsteinsdóttur um Ólöfu og ljóðagerð hennar, *Íslensk bókmenntasaga*. 3 (Reykjavík, 1996), bls. 689-700.

2 Það er freistandi að kasta fram þeirri hugmynd að tvíburasystir Þorsteins sé ein af systur Shakespeare, eins og Virginia Woolf lýsir í bók sinni *Sérherbergi*. Þar veltir Woolf fyrir sér, eins og frægt er orðið, hugmyndinni um systur Shakespeare. Hún gefur sér að hann hafi átt systur sem hefði hlotið í vöggugjöf sömu skáldskapargáfu og hann og verið búð umhverfi til að skapa og yrkja, sem væri hún karlmaður. Síðan veltir Woolf fyrir sér hvað hefði orðið um hana í veröldinni. *Sérherbergi* [A room of one's own] (Reykjavík, 1983), bls. 68-81. Í því samhengi er hægt að velta fyrir sér hvað hefði orðið um Helgu Erlingsdóttur hefði hún fengið sömu tækifæri og Þorsteinn. Helga Kress bendir meðal annars á sams konar tengsl í túlkun sinni og greiningu á „Grasaferð“ Jónasar Hallgrímssonar, í grein sem nefnist, „Sáúð þið hana systur mína? Grasaferð Jónasar Hallgrímssonar og upphaf íslenskrar sagnagerðar.“ *Skírnir* (haust, 1989), bls. 261-292.

3 Í elstu bréfum Þorsteins til Ólafar leitar hugurinn oft á tíðum heim og hann minnst sveitarinnar með hlýju.

í náttúrunni löngum stundum, bara horfa og láta sig dreyma. Hugsu um kappa Íslendingasagnanna á söguslóðum *Njálu*. Áhuginn á fornsögnum fylgir Þorsteini alla tíð. Eftir á að hyggja hefði hann frekar kosið nám í norrænum fræðum en lögfræði á Hafnarárunum. Í Fljótshlíðinni lærir Þorsteinn að meta og bera virðingu fyrir náttúrunni. Hann á eftir að tala máli hennar í ljóðum, til dæmis þegar til stendur að virkja íslenska fossa.¹

Þorsteinn er fríður drengur, glaður og glettinn, en um leið þýður og viðkvæmur. Hann er hvers manns hugljúfi og fer snemma að setja saman vísur. Honum þykir amma Helga best af öllum, hún er ósköp natin og hlý við snáðann sinn. Svo kann hún líka að yrkja, það liggur í ættinni. Amma hvetur drenginn til dáða. Það er gott að mæta skilningi þegar hugurinn er ekki alltaf við vinnuna.²

Hlíðarendakot er tvíbýli og þar morar allt í krökkum. Þorsteinn er vinsæll í þeirra hópi, kann að kasta fram stöku og á gott með að blanda geði við menn og dýr.

Hann er unglingur þegar hann verður fyrir sárum missi, afi og amma deyja með aðeins mánaðar millibili, veturinn 1872. Þorsteinn dvelur samt áfram í Hlíðarendakoti, nú undir verndarvæng Ólafs föðurbróður síns.

Þegar Þorsteinn er átta ára flytur Jón Jónsson söðlasmiður að Hlíðarendakoti. Þeir taka ástfóstri hvor við annan. Jón er alþýðufræðimaður og kann frá mörgu að segja. Hann á mikið af spennandi bókum, þjóðsögum og Íslendingasögum, sem Þorsteinn fær að róta í. Jón á aðdám og væntumþykju Þorsteins ævilangt og kynnin af söðlasmiðnum eiga eftir að valda straumhvörfum í lífi hans. Jóni þykir Þorsteinn efnilegur piltur og talar um hann við skáldin Matthías Jochumsson og Steingrím Thorsteinsson, en Jón er í vinfengi við þá báða. Sumarið 1876 koma þeir í Fljótshlíðina og „finna pilt“.³ Fyrir þeirra tilstilli kemst Þorsteinn til mennta því fjölskylda hans var ekki aflögufær. Veturinn eftir búa Steingrímur og Benedikt Gröndal hann undir Lærða skólann en Matthías veitir húsaskjól og útvegar peninga hjá fjársterkum mönnum til að styrkja Þorstein til náms. Það er talsverður heiður fyrir sveitastrák að austan að vera borinn á höndum stórskáldanna þriggja og líka mikil hvatning. Þetta frumkvæði skáldanna mótar efallast

1 Hér er vísað í ljóðið „Við fossinn“. Um hugmyndir Þorsteins gegn stóriðju á Íslandi sjá, Bjarni Benediktsson frá Hofteigi, *Þorsteinn Erlingsson* (Reykjavík, 1958), bls. 207-208.

2 Hér er dregin upp „ömmumynd“. Ömmur koma oft við sögu og þroska íslenskra skálda eins og margir hafa bent á, sbr. amma Halldórs Laxness.

3 Í sjálfsævisögu sinni lýsir Matthías Jochumsson þessum atburði á eftirfarandi hátt: „Þá vil ég geta þess, að við Steingrímur Thorsteinsson fundum pilt austur í Fljótshlíð, er okkur þótti gott mannsefni. Það var *Þorsteinn Erlingsson*“. Matthías Jochumsson, *Sögukaflar af sjálfum mér* (Reykjavík, 1959), bls. 275.

viðhorf Þorsteins til lífsins og gefur honum sjálfstraust sem manni og skáldi.¹

Þorsteinn kynnist ástinni í fyrsta sinn í Fljótshlíðinni. Stúlkan er Guðrún Jónsdóttir frá Eyvindarmúla í sömu sveit, fædd 1853, og þau lofast hvort öðru. Þegar hann heldur til náms í Reykjavík 1876, saumar hún á unnustann ný föt og þjónustar hann eins og hún getur úr fjarlægð. Nokkru síðar slítur Þorsteinn ástarböndin. Sagan segir að þeim hafi verið meinað að eigast. Seinna flytur Guðrún til Bandaríkjanna og deyr þar árið 1951 í hárra elli, ógift og barnlaus.

Nítján ára sest Þorsteinn í Lærða skólann. Honum sækist námið þokkalega. Þorsteini finnst reyndar skemmtilegra að yrkja og taka þátt í kappæðum en að sitja yfir skólabókum. Í skólanum eignast Þorsteinn marga vini og við suma þeirra stofnar hann til ævilangrar vináttu. Á skólaárunum í Reykjavík býr Þorsteinn hjá Þorláki Ó. Johnson kaupmanni, síðan skamma hríð undir þaki Magnúsar Stephensen, þá yfirdómara og síðast hjá Árna Gíslasyni leturgrafara.

Hjá Árna leturgrafara liggja leiðir hans og Ólafar Sigurðardóttur fyrst saman. Þar leigja þau bæði herbergi. Þau verða fljótt vinir og vináttan endist þeim út ævina. Aðdáun Ólafar á Þorsteini sem skáldi og manni kitlar hann.²

Á skólaárunum í Reykjavík sést til Þorsteins hendast upp í Lærða skóla í stórri grárra úlpu, um hálsinn hefur hann vafið risavöxnum mórauðum trefli og kjálkar hans eru jafnan skeggi vaxnir.³ Hann er mjög grannholda og heldur þeim vexti alla tíð. Hárið er mikið og frekar ljóst, augun falleg og andlitíð er góðlegt. Mörgum stúlkum þykir hann myndarlegur.

Á námsárunum trúlofast Þorsteinn Jarþrúði Jónsdóttur (f. 1851) Péturssonar dómstjóra í landsyfirdómi. Hún er af mörgum talin álitlegur kvenkostur, vel ættuð og af stétt betri borgara. Jarþrúður nýtur allrar menntunar sem konum bjóðast á þessum tíma. Hún er listhneigð, malar, saumar og yrkir. Nokkur ljóða hennar birtast í blöðum og tímaritum. Jarþrúður er líka kvenréttindakona og tekur meðal annars þátt í stofnun Hins íslenska kvenfélags og er fyrst kvenna til að kenna bóklegar greinar í Kvennaskólanum.

1 Það er engu líkara en Þorsteini hafi verið ætlað að vera arfberi hinna þriggja. Í það minnsta minnir atvikið óneitanlega á undirbúning fyrir manndómsvígslu.

2 Þetta er mjög áberandi í bréfum Þorsteins á fyrstu árum bréfasambandsins.

3 Lýsingin er fengin úr bréfi Sturlu Jónssonar, bróður Jarþrúðar Jónsdóttur, til Þorsteins. „[...] þú ert víst hættur að velfa þig inn í mórauða treflinum stóra, og hamingjan má vita hvað er orðið af gráu úlpunni stóru [...] þú ert víst búinn að raka kjálkaskeggjð og búinn að fá þjer knepilsbarta, já, og kanski svarta.“ *Lbs* 4168 4to – Bréf Sturlu Jónssonar til Þorsteins Erlingssonar.

Þorsteinn og Jarþrúður eru heitbundin, að talið er í níu ár, þangað til Jarþrúður vitjar Þorsteins í Kaupmannahöfn og hann slítur trúlofun þeirra. Sumir vilja meina að stéttabilið milli hennar og Þorsteins eigi þátt í því að sambandið slitnar. Hún giftist síðar Hannesi Þorsteinssyni ritstjóra *Þjóðólfs*, síðar alþingismanni og þjóðskjalaverði.¹

Það er haustið 1883 og Þorsteinn er stiginn á skipsfjöl og leiðin liggur til Kaupmannahafnar. Hann vill út að sjá heiminn. Þorsteinn á ekki eftir að sjá Ísland í tólf ár. Hann hefur gengið manna á milli í leit að styrk til fararinnar og framhaldsnáms, en staða hans er rýr. Hann lætur það ekki stöðva sig. Þegar til Kaupmannahafnar er komið er töluvert liðið á námstímamann og útséð um Garðvist og námsstyrk eins og íslenskir stúdentar eiga rétt á. En eins og svo oft áður koma góðir menn við sögu Þorsteins og bjarga málunum. Prófessor við lagadeildina fer á stúfana og áður en varir er Þorsteinn innritaður í þá deild, með vist og styrk. Námsvalið kemur mönnum, sem þekkja til Þorsteins, á óvart. Þorsteinn á eftir að sitja í lagadeildinni á fimmta ár en lýkur aldrei prófi. Hugur hans er alltaf hallur undir tungumál, fornbókmenntir og norræn fræði.

Þorsteinn missir Garðstyrkinn, samkvæmt reglu, eftir fjögur ár. Þá þarf hann sjálfur að standa straum af öllum útgjöldum. Hann kennir meðal annars íslensku í frístundum og vinnur að eftirritun fornra skinnbóka. Oft er þröngt í búí og hann er einatt svangur og það fer ekki vel með skrokkinn. Þorsteinn á iðulega við langvarandi veikindi að stríða, maginn er að angra hann og það sem verra er, hann á í sífelldu stríði við berkla. Hann er stöðugt hóstandi og oft frá vinnu, stundum er hann með blóðspýju. Afleiðingar berklanna eiga eftir að hrjá hann alla ævi. En Þorsteinn á líka góða að og fær oft matar- og fatasendingar að heiman, bæði að austan og svo á hann hauk í horni í vinkonu sinni, Ólöfu Sigurðardóttur. Einni slíkri sendingu lýsir Þorsteinn þannig í bréfi til Ólafar:

Það skuluð þjer vera viss um að ekki hefðuð þjer orðið minna hissa að sjá til mín þegar jeg var að rífa upp úr kassanum en jeg hefði orðið að sjá yður frammi fyrir St. Th. Það gekk svo fram að mjer að jeg vissi ekki hvernig jeg átti að láta og svo kom hákarlinn þá kastaði alveg tólfunum og svo sviðin og súrmetið, þessi ómetanlegrar dýrðar eilífa þýngd sem jeg hefi alla mína æfi kviðið mest fyrir að skilja við á jarðriki, hángnaketið og kæfan, jeg geymdi þetta alt og átti þó mjög ílt með það, þangað til á gamlárskvöld, þá hafði jeg með mjer 2 kunníngja mína til þess að gera hissa með hákarlinum og svo keyfti jeg brennivín, því það heyrir til, þeir urðu steinilostnir

1 Björg Einarsdóttir, *Úr ævi og starfi íslenskra kvenna II* (Reykjavík, 1986), bls. 38-61.

sem von var, og trúðu ekki augunum því slíkt er óvani hjer að sjá það. Jeg var reyndar búinn að bíta í hákarlinn. Þetta fór fram kl. 10 hjá mjer því þá vissi jeg að þjer mynduð búast við mjer jetandi, því þá var hún einmitt 8 hjá yður. Jeg er eins og þjer vitið einlægt 2 tímum á undan í tíðinni, svo átum við og gerðum oss glaða og jeg sendi yður í huganum svo gott þakklæti sem jeg átti til heim yfir hafið, en vindur og öldur voru á móti svo það er við búið að það hafi orðið úti en þjer fáið ræfilinn af því nú meira er það ekki, því þá var jeg heill og kátur en nú er mjer svo bölfanlega ílt í maganum og má ekki hugsa til þeirra Sæludaga.¹

Þorsteinn tekur þátt í félagsskap íslenskra stúdenta og endurnýjar kynnin við gamla skólabræður úr Lærða skólanum. Það er oft róstursamt í félögum Íslendinga í Kaupmannahöfn, eldheitar umræður skapast gjarnan um stjórn málin heima, stöðu Íslands gagnvart Danmörku og ekki síst um kveðskap. Stúdentar raða sér í fylkingar og það er hiti í mönnum. Þorsteinn lætur ekki sitt eftir liggja. Í samsæti Íslendingafélagsins, í tilefni 100 ára afmælis Rasks eru sungin tvö frumort kvæði í minningu hans. Annað er eftir Finn Jónsson og hitt eftir Þorstein. Í kvæði Þorsteins er farið hörðum orðum um stjórn Dana á Íslandi fyrr og síðar. Í ljóðinu segir: „Svo tókst þeim að meiða hana meðan hún svaf / og mjög vel að hnupla og dylja; / og greiðlega rit vor þeir ginnu um haf – / það geingur alt lakar að skilja.“² Það eru margir samlandar Þorsteins hneykslaðir og í framhaldi af því er mergjaðasti hluti kvæðisins sendur dönsku blöðunum. Viðbrögðin láta ekki á sér standa. Í Danmörku og á Íslandi eru margir reiðir og menn tala um Rask-hneykslið. Fólk er líka uppnumið og nokkrir vilja styðja við bakið á Þorsteini sem fær munnlega ofanígjöf frá danska háskólaráðinu. Nafnlaus hópur Íslendinga heima og í Kaupmannahöfn sendir honum pennastöng úr fílabeini og gulli til minja um kvæðið og atburðinn. Þorsteini þykir vænt um þennan heiður og skrifar Ólöfu í maí 1888: „Gjöfin var hin fegursta, og mjer mjög kærkomin.“³

Þorsteinn fylgist vel með heimsmálunum, hann les mikið en helst ekki skólabækur. Hann drekkur í sig nýja strauma og er fljótur að finna sér farveg með þeim sem heimta meira réttlæti og jafnari hag manna. Síðar á hann eftir að reynast frumkvöðlum verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi þróttmikill leiðbeinandi.

Þorsteinn á alltaf eftir að finna til með þeim sem eru minni máttar, mönn-

1 Bréf Þorsteins Erlingssonar til Ólafar Sigurðardóttur, ritað 12. janúar 1885. Í einkaeigu.

2 „Rask. Á hundrað ára afmæli hans 1887.“ *Pyrnar*. 4. prentun aukin (Reykjavík, 1943), bls. 4.

um og málleysingjum, og standa vörð um auðlindir náttúrunnar. Hann er alla tíð gagnrýninn á kirkjuna og útlekkingar hennar. Þorsteinn hefur heldur ekki trú á blessun kirkjunnar, hann býr í óvígðri sambúð með seinni konu sinni og lætur ekki skíra börnin sín tvö. Undir merkjum gagnrýninnar hugsunar skapar hann sér á lífsleiðinni óvild margra. Sem skáld og blaðamaður á hann eftir að finna tilfinningum sínum og skoðunum farveg í ljóðum og blaðagreinum. Reynslan af tólf ára búsetu erlendis nýtist honum alla tíð og gefur honum sjónarhorn sem margir Íslendingar fóru á mis við, ekki síst konur.

Á Danmerkurárunum þykir Þorsteini sárt að komast aldrei heim á sumrin eins og svo margir aðrir íslenskir stúdentar. Í staðinn syndir hann í sjónum, fer í lautarferðir og sprangar um í Tívoli.¹ Hann er líka duglegur að sendast fyrir fólkið heima. Þorsteinn er að snúast fyrir ýmsa. Hann kaupir saumavélaborð og dúkku fyrir tilvonandi mágkonu sína, Þóru Jónsdóttur, og sýslar einnig ýmislegt fyrir mág sinn, Sturlu Jónsson.² Ólöf Sigurðardóttir á líka inni hjá honum greiða sem hann innir góðfúslega af hendi. Hann kaupir fyrir hana ýmsar vörur, svo sem bast til að flétta í stóla og efni í ljósmóðurdúka. Frá þessu segir hann meðal annars í bréfi frá 4. september 1886:

Útrjettingarnar hef jeg reynt að leysa svo af hendi sem jeg hafði þekkingu til. Þú sagðir reyndar að dúkurinn ætti að vera ofaná rúm hjá sjúklíngum, enn jeg tók það svo sem það ætti að vera undir sjúklínga og eftir því hagamdi jeg kaupunum. Jeg tók það sem mjer leist best á þó það væri dýrt. Alinin kostar 200 og þettað því 2,25. Enn jeg vona það saki ekki því jeg get þá keyft ódýrar næst fyrir þig og þá óvandaðra. Þessi póstur tekur ekki pakka og því sendi jeg þettað til Daníels.³

Þorsteinn hverfur frá námi eftir tæp fimm ár við Hafnarháskóla, en heim til Íslands fer hann ekki í bráð. Kannski hefur hann að engu að hverfa, hann hefur slitið trúlofun þeirra Jarþrúðar og hann er próflaus. Þorsteinn heldur áfram að vinna fyrir sér með kennslu og öðrum tilfallandi verkefnum og drekkur í sig strauma og stefnur líðandi stundar. Hann á oft á brattann að sækja, veikindi og peningaleysi á víxl. Hann kynnist danskri konu og þau giftast. Hún heitir Vallborg Helleman og er ekkja. Mörgum þykir hún fríð sýnum en fáir kynnast henni. Sumir halda að Þorsteinn elski ekki Vall-

1 Sjálf frásögn hans í bréfum til Ólafar frá sumrunum 1884-1886 er birt hér aftar í bókinni.

2 Sjá *Lbs* 4169 4to – Bréf Þóru Jónsdóttur til Þorsteins Erlingssonar; *Lbs* 4168 4to – Bréf Sturlu Jónssonar til Þorsteins Erlingssonar.

3 Bréf Þorsteins Erlingssonar til Ólafar Sigurðardóttur, ritað 4. september 1886. Í einkaeigu.

borgu. Hún veitir honum líkn í veikindum og húsaskjól. Þegar Þorsteinn flyst loksins heim til Íslands 1896 verður hún eftir í Höfn. Þau sameinast aftur ári síðar á Seyðisfirði þar sem Þorsteinn er búsettur og orðinn ritstjóri landsmálablaðsins *Bjarka*. Vallborg dvelur ekki lengi á Íslandi og kannski ekki furða. Hún er útlendingur og einangruð kona í litlu plássi úti á landi. Hún snýr aldrei aftur til Íslands.

Vorið 1895 siglir Þorsteinn heim til Íslands á vegum Valtýs Guðmundssonar prófessors. Valtýr hefur fengið hann í lið með sér til þess að skoða og rannsaka rústir norræna manna í Massachusetts-fylki í Bandaríkjunum. Þarlend kona hafði áður leitað til Valtýs um aðstoð við að halda áfram rannsóknum föður hennar á þessu efni, en hún kostaði verkefnið. Þorsteinn notar sumarið hér heima til undirbúnings fyrir vesturförina og heimsækir sveitir landsins sem geyma fornar rústir. Hann teiknar, grefur og mælir. Nokkrum árum síðar koma niðurstöður hans út á bók, *The Ruins of the Saga Time*.¹ Valtýr og Þorsteinn fara síðan til Ameríku sumarið 1896 en rústirnar reynast tálsýnir einar.

Í undirbúningsferðinni er Þorsteinn eitt sinn staddur að Tungufelli í Hrunamannahreppi. Á bænum dvelur þá kornung stúlka Guðrún Jónsdóttir sem þekkir Þorstein af ljóðum hans og þau eiga hjarta hennar. Fljótlega á skáldið sjálft það líka. Guðrún er fædd 1876 og ólst upp hjá foreldrum sínum sem voru bændur í Hrunamannahreppi. Árið sem hún varð sautján ára deyr faðir hennar. Sama ár fer hún í vist að Tungufelli. Í ljóði til Guðrúnar nokkru seinna segir Þorsteinn um eftirmála funda þeirra: „en það var mér heitast að horfa eftir þér / og hugsa, að nú geymdist þú öðrum en mér / og ástin í augunum þínum.“² Þorsteinn var þá ekki frír og frjáls, hann var enn í sambandi við Vallborgu.

Haustið 1900 flytur Þorsteinn frá Seyðisfirði og dvelur í Reykjavík um veturinn. Þar hittir hann á ný Guðrúnu Jónsdóttur og uppfrá því verða þau elskendur og samferðamenn lífið á enda. Saman eignast þau pilt og stúlku, Svanhildi og Erling. Fyrir á Guðrún soninn Brynjólf sem fær nafn Þorsteins.

Guðrún er afar ástfangin af manni sínum, vill allt fyrir hann gera og greiðir götu hans í lífi og starfi sem best hún getur. Eftir dauða hans býr hún áfram í húsinu þeirra og hreyfir við engu, líkt og Þorsteinn sé rétt

1 Þorsteinn Erlingsson, *The Ruins of the Saga Time* (London, 1899).

2 Ljóðlínurnar eru úr kvæðinu „Til Guðrúnar“. Þorsteinn Erlingsson, *Rit II. Ljóðmæli*. Síðara bindi (Reykjavík, 1958), bls. 29-30. Sjá einnig *Íslenska bókmenntasögu* 3 (Reykjavík, 1996), bls. 682.




*Húsið að Þinghóltsstræti 33 sem Þorsteinn og Guðrún byggðu.
Húsið var í eigu fjölskyldunnar fram til ársins 1958. – Mynd Þorsteinn Sæmundsson.*



*Skrifstofa Þorsteins eins og hún leit út árið 1958. Fjölskyldan hélt henni óbreyttri
fram á síðari hluta tuttugustu aldar. – Mynd Þorsteinn Sæmundsson.*



Guðrún Erlings, kona Þorsteins, var 20 árum yngri en hann. Þau áttu tvö börn saman, Svanhildi og Erling, en fyrir átti Guðrún soninn Brynjólf. Guðrún lifði fram til 1960. – Mynd í eigu Ejdöminjascfnis Íslands.



Þorsteinn Erlingsson skáld.



Ejónin Ólcf Sigurðardóttir á Hlödum og Halldór Guðmundsson smiður. Myndin er sennilega tekin 1887 þegar þau gftu sig. – Mynd í eigu Kvennasöguscfnis Íslands.

ókominn heim. Samband þeirra er innilegt og Þorsteinn yrkir til hennar mörg innblásin ljóð. Heima er Þorsteinn hlýr og þolinmóður við börnin. Gott fjölskyldulíf er honum mikilvægt og allir leggjast á eitt að gefa skáldinu svigrúm.¹

Guðrún og Þorsteinn halda vestur á Bíldudal árið 1901. Þorsteinn er orðinn ritstjóri *Arnfirðings*. Á Bíldudal dveljast þau aðeins í eitt ár og flytja svo aftur suður. En *Arnfirðingur* kemur út í Reykjavík fram í janúar 1903. Fjölskyldan býr víðsvegar í bænum næstu árin en flytur loks í sitt eigið hús í Þingholtsstræti. Húsið reisa þau sjálf og búa þar alla ævi. Bæði eru þau heimakær en ferðast mörg sumur saman austur fyrir fjall að finna frændfólk Guðrúnar. Eitt sumarið fara þau alla leið norður í Mývatnssveit og koma við á Hlöðum, hjá Ólöfu og Halldóri.²

Þau hjálpast að með björg í bú, bæði sinna þau kennslustörfum. Hann kennir á bókinu og hún til handa. Það er oft þröngt í bú og Þorsteini er illa við skuldir og víxla. Hann vill hafa hreinan skjöld. Á tímabili fær hann skáldastyrk frá Alþingi. Ekki eru allir þingmenn á eitt sáttir um þá tilhögun. Mönnum finnst hann ekki nógu afkastamikið skáld og enn aðrir eru á móti skoðunum hans og vilja láta hann gjalda þess.

Í september 1914 er Þorsteinn orðinn sárlasinn og deyr skömmu síðar úr lungnabólgu, daginn eftir fimmtugasta og sjötta afmælisdaginn sinn, 28. september. Örlögin höguðu því þannig að hann dó á afmælisdegi Jarþrúðar Jónsdóttur, fyrrum unnustu sinnar.

Fyrsta ljóðabók Þorsteins heitir *Pyrnar* og kom út árið 1897. *Pyrnar* voru fyrsta bindi í flokki Bókasafns Alþýðu. Bókin hefur verið endurútgefin nokkrum sinnum með viðaukum. Áður höfðu ljóð hans birst í blöðum og tímaritum, meðal annars í *Ejóðófi*, *Sunnanfara* og *Eimreiðinni*. Á námsár-unum í Reykjavík birtust kvæði eftir Þorstein í *Söngum og kvæðum* frá 1881 og *Söngkennslubók* frá 1883. Þorsteinn samdi einnig sögur og ævintýri sem komu út eftir dauða hans, *Málleysingjarnir* árið 1928 og *Litli dýra-vinurinn* 1950. Einnig birtust sögur hans í tímaritum og blöðum. Þá fékkst Þorsteinn þónokkuð við þýðingar. Ljóð Þorsteins eru margvísleg. Hann orti mörg ættjarðar- og ádeilukvæði þar sem hann gagnrýndi kúgun kirkjunnar og ok ríkra gagnvart alþýðunni. Ljóð hans bera helst vott um mannúð og hlýju gagnvart mönnum og dýrum, sem hann yrkir oft í orðastað. Mörg kvæða hans tjá einnig ást hans og virðingu fyrir náttúrunni. Þorsteinn orti

1 Sjá frásögn Guðrúnar sjálftrar, „Skáldið og heimilsfaðirinn Þorsteinn Erlingsson.“ *Lesbók Morgunblaðsins* 1939, bls. 400-403.

2 Þorsteinn og Ólöf lýsa bæði þessum endurfundum í bréfum sínum milli. Bréf Ólafar er dagsett 8. ágúst 1910 og Þorsteins 25. ágúst sama ár.

líka mörg innblásin og tilfinningarík ástarljóð. Frægast þeirra er ef til vill „Nótt“ úr kvæðaflokknum *Eiðinum* sem segir harmsögu Ragnheiðar biskupsdóttur og Daða Halldórssonar.¹

Samantekt

Ævi Þorsteins Erlingssonar minnir oft á persónu í sögu eftir Dickens. Þegar mikið liggur við og allt sýnist vonlaust koma bjargvættir til sögunnar. Sagan af Þjóðskáldunum þremur sem bókstaflega kippa honum út úr veruleikanum í Fljótshlíðinni og kynna honum nýjan heim í Reykjavík er ævintýri líkust. Það er freistandi að líta á þá þremmenninga, Matthías, Steingrím og Benedikt í líki skyttanna þriggja, bjargvætta Þorsteins. Kannski sáu þeir í honum arftaka sinn á vettvangi skáldskaparins. Jafnvel má hugsa sér að í ákafanum að koma honum til mennta hafi speglast þeirra eigin hégómi, að tryggja stöðu sína innan hefðarinnar. Að minnsta kosti er tiltækið orðið að mýtu í bókmenntasögunni.

Í Kaupmannahöfn um 1890 virðist allt stefna á versta veg fyrir Þorstein, heilsan léleg, fjárhagurinn bágborinn, og ekkert embættispróf í vasanum. Þá kemur til sögunnar danska ekkjan Vallborg og bjargar lífi hans, heilsu og fjárhag. Það er vísast ekki tilviljun, en stuttu eftir þessa björgun fór Þorsteinn aftur að yrkja eitthvað að ráði. Þótt Þorsteinn hafi stundum átt í stælum við karlmenn vegna skoðana sinna, er alveg makalaust hvað margar konur voru á lífsleið hans tilbúnar að hugsa um hann og greiða götu hans. Fyrst auðvitað amma Helga, síðan Guðrún Jónsdóttir úr Fljótshlíðinni, og svo Ólöf Sigurðardóttir. Þær tvær síðarnefndu hugsa um velferð hans úr fjarlægð, með matar- og fatasendingum sem þær kosta sjálfar, á meðan hann er í námi. Fyrir tíma kynna þeirra Ólafar hitti Þorsteinn Jarþrúði Jónsdóttur og er trúlofaður henni í níu ár. Allan þann tíma situr hún í festum og bíður, þar til hann slítur trúlofuninni. Kvennamál Þorsteins fá farsæl lok, því hann endar í faðmi konunnar sem hann elskar, konu sem er tuttugu árum yngri en hann sjálfur. Af heimildum má ráða að Guðrún sjái um að hann skorti aldrei neitt og hún virðist hafa veitt honum það svigrúm sem skáld þurfa, hlíft honum við ýmsu heima og veitt honum næði til að skrifa.

Ævi þeirra Þorsteins og Ólafar er jafn ólík og persónur þeirra. Að einhverju leyti liggur munurinn í þeirri staðreynd að þau voru maður og kona sem voru uppi fyrir rúmum 100 árum og líf þeirra tók mið af stöðu kyns

1 Silja Aðalsteinsdóttir, *Íslensk bókmenntasaga* 3, bls. 674-688.

þeirra í samfélaginu. Í upphafi var samanburðurinn ójafn. Hann hlaut ást, hlýju og skilning á því sem í honum bjó, strax sem ungur drengur, en hún átti erfitt uppdráttar á bernskuheimili sínu. Þar var ekki rými fyrir drauma um menntun eða skáldskap. Að vísu er þeim báðum hjálpað til mennta, þó menntunin sé ekki sambærileg né tækifærin. Þorsteinn hafði frelsi til athafna sem Ólöf þráði. Tólf ára útleið hans staðfesti það frelsi, frelsi sem felur í sér víðsýni og sjálfstæði sem var henni svo mikilvægt. Ekki má gleyma að Þorsteini var í upphafi hampað af þjóðskáldunum þremur og átti oftast skjól í faðmi „bókmenntastofnunarinnar“. Þegar Ólöf giftist missir hún tókin á því litla sjálfstæði sem hún hafði og nauðug flytur hún norður í land. Í Hörgárdal er hún næstum því komin á byrjunarreit, frá því hún yfirgaf Vatnsnesið. Hún er alla ævina á eftir að reyna að setta sig við hlutskipti sitt og samræma líf sitt við skáldskapinn um leið og hún reynir að feta sig í heimi íslenskra bókmennta þar sem karlar ráða yfir hefðinni og umræðunni. Vonbrigðin eru tvöföld, hún fær heldur ekki manninn sem hún elskar, kannski vissi hún innst inni að hann vildi hana ekki auk þess sem stétt hennar og staða leyfðu ekki betri ráðahag. Það má ekki gleymast að þegar Þorsteinn og hún eru að skrifast á frá 1883 til 1888 er hann trúlofaður Jarþrúði sem tilheyrir allt öðrum heimi en Ólöf og hefur vegna stéttar sinnar ýmis sjálfsögd forréttindi fram yfir hana.

Öll þau atriði sem hér hafa verið dregin fram sýna hversu ólíku var saman að jafna, manninum sem var valinn til að erfa landið og konunni sem vildi ráða sér sjálf, elska og umfram allt yrkja, en var oftast nauðug upp á aðra komin.

2. Bréfin sem hér fara á eftir

Bréfaskipti geta leitt til misskilnings

Ólöf Sigurðardóttir kunnir glettilega vel þá list að skrifa bréf og sjálf notaði hún sendibréfaformið í skáldskap sínum. Hún hafði á orði að þetta form skáldlegrar túlkunar væri sérlegt tjáningarform kvenna.¹ Bréfin sem hér fara á eftir sýna að hún var úrvals bréfritari og lagði sál sína í bréfin. Bréf Þorsteins voru henni afar kær og hún varðveitti þau eins og um dýrgripa væri að ræða. Í gegnum bréfin gat hún endurvakið gamlar tilfinningar sem skiptu hana miklu máli, sérstaklega fyrir sjálfsmyndina, eins og hún leit á sjálfa sig og vildi að aðrir sæju sig. Þau voru hennar andlega fóður, súrefni sem hún þurfti til að lifa af.

1 Steindór Steindórsson, „Frá Ólöfu á Hlöðum“, bls. 14.

Það er líkt og bréfaskriftirnar við Þorstein hafi tilheyrt öðrum heimi sem var Ólöfu framandi, þegar fram í sótti, en engu að síður lífsnauðsynlegur. Hún þurfti að komast í burtu úr heimi daglegs lífs, þess hversdagslega, og á vit allt annars. Á Hlöðum var hún langt frá þéttbýlinu og hringiðu skálda og fræða.

Ólöf sóttist einungis eftir félagsskap við þá sem höfðu sömu hugðarefni og hún en sýndi öðrum fálæti. Skáldskapurinn var henni allt, eins og glögglega kemur fram í bréfunum hér á eftir, og angistin og fögnuðurinn í sambandi við hann mótuðu skaplyndi hennar og lífsviðhorf. Ólöf ræktaði heldur ekki fjölskyldutengslin, hún hafði aldrei, hvorki sem barn né fullorðin kona, fundið samleið með sínu fólki. Óræktarsemina má kannski tengja draumi hennar um betri heim, eða öllu heldur þráhyggju hennar um eigið sjálfstæði sem hún reyndi að finna farveg í skáldskapnum og lýsti sér einnig í fyrirkomulagi þeirra hjóna um aðskilinn fjárhag.

Í bréfum hennar má greina eftirsjá og vonbrigði að hafa þurft að flytjast norður til Halldórs og yfirgefa Reykjavík. Hún segir í bréfi til Þorsteins frá 24. október 1895:

[...] samþykkti svo að fara með honum norður. Hann fór *feginn* seint um veturinn, eg nauðug um vorið.

Þegar eg var búin að láta prenta kvæðin mín, og kvaddi nú alt það sem mjer var orðið kært, og eg hjelt ómissandi fyrir vellíðan mína, eg vissi ekki annað enn gleðin og vonin mín yrðu eptir, og kvaddi þær, en þær komu þá með mjer, og eltu mig hingað norður að bæ þeim sem Hlaðir – eða Hlöd – heitir, og þar settust við allar að hjá manni mínum – .¹

Í þessari frásögn, sem er upprifjun Ólafar sjálfrar á liðnum tíma, kemur skýrt fram að hún hafi ekki viljað flytjast norður, en síðan dregur hún í land. Lesandinn á oft bágt með trúa henni því hún er ávallt full af mótsögnum í bréfunum. Tvísöglin í bréfum hennar þjónar á hinn bóginn alltaf ákveðnum tilgangi, að setta sig við orðinn hlut, að breiða yfir vonbrigði, að sýnast eða gera sjálfa sig spennandi. Í öðru bréfi, tólf árum seinna, segir Ólöf:

Því kveið jeg mest, þegar jeg varð að fara frá Reykjavík, að hafa engan að umgangast sem jeg græddi á, og vera lokuð úti frá andlega lífinu. Alltaf langar mig þangað, að því leiti, en yndi þó ekki hjeðan af, innanum fólkið, jeg er oflengi búin að vera útúr til þess. Haf og Möðruvellir eru svo nærri, að jeg náði þangað, en nú eru þeir staðir auðir, dauðir.²

1 *Lbs* 4165 4to – Bréf Ólafar Sigurðardóttur til Þorsteins Erlingssonar, ritað 24. október 1895.

2 *Lbs* 4165 4to – Bréf Ólafar Sigurðardóttur til Þorsteins Erlingssonar, ritað 7. apríl 1907.

Bréfaskriftirnar við Þorstein gáfu Ólöfu færi á að ferðast til baka inn í heiminn sem hún kvaddi, heim merkilegra atburða. Við flutningana norður er eins og ýmislegt standi í stað fyrir Ólöfu. Sem barn og unglingur var það þráhyggja að komast í burtu úr sveitinni, hún kemst í kynni við prestsfrúna á Tjörn á Vatnsnesi sem hjálpar henni með lærdóminn, sem síðan leiðir til þess að hún fer suður í ljósmóðurnám. Ekki nóg með það heldur kemst Ólöf alla leið til Kaupmannahafnar og er eftir það sjálfs ráðandi í Reykjavík; yrkir, fer á fyrirlestra og skrifast á við Þorstein. Hún leitar eftir vináttu við fólk sem hefur sömu áhugamál og sækist meðal annars eftir félagsskap Steingríms Thorsteinssonar skálds. Ætla má að hámarkinu sé náð þegar hún gefur út fyrri ljóðabók sína árið 1888, sama ár og hún flyst norður. Fyrir unga konu undir lok nítjándu aldar er það hvorki hversdagslegur atburður né sjálfgefið að koma hugverki sínu á prent. Þó var ljóðabók Ólafar ekki fagnað með lúðrablaestri af „bókmenntastofnuninni“. Á þessum tímapunkti í lífi hennar slitnar einhver strengur og upp frá því á hún í mesta basli með að finna réttan hljóm.

Fyrir Þorstein er engu líkara en að bréfasambandið við Ólöfu hafi í fyrstu verið honum spennandi dægradvöl sem lögnaðist síðan útaf, meðal annars vegna þess að hann missir áhugann. Bréfasambandið var honum aldrei sama nauðsyn og henni. Þorsteinn þarf ekki að leita í annan heim, hann er staddur í miðjum þeim heimi sem hann vill vera þátttakandi í. Þorsteinn hefur sem karlmaður aðgang að skáldaþingi, hann dvelur í meira en áratug erlendis við nám og störf, verður viðurkennt skáld og síðar ritstjóri og framámaður í Reykjavík. Hann er ekki bundinn í viðjar kynferðis eins og Ólöf. Í elstu bréfunum, skrifuðum á árunum 1883 til 1888, birtist Þorsteinn lesandanum sem mjög sjálfstæður og öruggur. Tilfinningar hans og skoðanir eru vel skorðaðar og hann veit hvað hann vill. En þrátt fyrir sjálfsöryggið og hina karlmannlegu yfirvegun leynir sér ekki forvitnin og þráin eftir hinu óþekktu. Hann spyr Ólöfu um hugsanir kvenna og langanir, eins og hann vilji ná tókum á þeim, fanga þær og njóta.

Í bréfunum sem hann skrifar Ólöfu síðar á ævinni, frá 1907 til 1914, birtist hann lesandanum á nýjan hátt. Það er miðaldra Þorsteinn sem heldur á þenna, þolinmóður maður án biturleika og eftirsjár. Hann virðist vera hamingjusamur fjölskylduafaðir, sem á að vísu endrum og sinnum erfitt með að láta enda ná saman fjárhagslega. Rödd hans er ekki lengur full af æskumóði eða hrokafullri vissu þeirra sem ungir eru. Þorsteinn virðist umfram allt sáttur við lífið sem hann lifir, líf sem hann kaus sér sjálfur. Og það er einmitt í þessu sem skilur á milli Þorsteins og Ólafar. Hann er fullkomlega sáttur við hlutskipti sitt en óyndið heldur henni enn sem fyrr fanginni.

Árið 1895 hefur Ólöf bréfaskiptin að nýju eftir sjö ára hlé. Hún skrifar Þorsteini eftirfarandi frá Hlöðum:

Nú skal eg strax gjöra grein fyrir ferðalægi mínu og erindi. Eg sat ein í hreiðri mínu í gærkveld – eins og optar – eg gat ekki fundið frið fyrir ólátum í íslensku illviðri. Þá fjekk eg alt í einu andann yfir mig, hjálpræðis andann, tók upp gamlann brjefaböggul frá Þorsteini Erlingssyni, sem ekkert auga hefir í lesið í 7 ár, og settist við að lesa, og las upp mestalla súpuna og sat við það langt framm á nótt, og svo hugfangin get eg enn orðið – bráðum fertug – að eg varð einkis óveðurs vör meðan á því stóð. Blessaður sjertu fyrir alla gleðina og gagnið, sem eg hef haft af þjer Þorsteinn! [...] Eg geimi ennþá öll brjefin þín, sum með þinni og sum með minni hendi, og eingin veit eg til að hafi sjeð innaní þau nema þú og eg. Hvorin er það? Má eg halda áfram að eiga þau? og hvorin fer þá ef eg dei skindilega? Þá sjer fóstri þau, og honum er að vísu trúandi fyrir öllu, en þú segist engum hafa sagt sumt sem þar er, enda ekki mörgum ætlandi sumt af því. Eg tími ílla að missa þau.¹

Í þessu bréfi kemur meðal annars fram hversu vel hún hefur varðveitt gömlu bréfin og hvað þau hafi gefið henni mikið, beinlínis haldið í henni lífinu. Ef til vill er hún bara að ögra eða stríða. Hún spyr Þorstein hvað hún eigi að gera við þau og hvað myndi gerast ef hún dæi frá þeim. Þau vita bæði að það er margt í þeim sem ekki er ætlað öðrum. Hún vill fá leyfi til að eiga þau áfram, og það er engu líkara en hún sé að spyrja Þorstein hvort hann vilji bregða á leik á ný.

Ólöf óttadist mjög um örlög bréfanna eftir sinn dag og fól vini sínum, sem hún treysti, Steindóri Steindórssyni frá Hlöðum varðveislu þeirra með þeim skilyrðum að þau myndu aldrei komast í ómildra hendur.² Sá leyndardómur sem hefur skapast um bréfin og tilvist þeirra vekur ýmsar spurningar: Hverjar eru hinar ómildu hendur? Eru það hendur okkar sem að útgáfunni stöndum, þeirra sem lesa bréfin eða eru það hendur þeirra sem vilja slúðra um innihald bréfanna? Var það í raun vilji Ólafar að bréfin kæmu aldrei fyrir almenningssjónir? Ég held ekki og kemur þar tvennt til: Í fyrsta lagi var hugur Ólafar afar mótsagnakenndur, hún sagði eitt en vildi annað og hún gerði mikið af því að sviðsetja sjálfa sig inn í dramatískar aðstæður. Það hefði því verið henni að skapi að um persónu hennar og Þorsteins myndaðist mýta um elskendur sem ekki máttu njótask. Á sama hátt

1 *Lbs* 4165 4to – Bréf Ólafar Sigurðardóttur til Þorsteins Erlingssonar, ritað 24. október 1895.

2 Sjá umsögn Steindórs sjálfs sem hann ritaði er hann afhenti bréf Þorsteins sonardóttur hans Ásthildi Erlingsdóttur. Umsögnin er birt fyrir framan fimmta kafla þessarar bókar.

má ætla að hún hafi viljað að hulunni væri svipt af sambandinu, í það minnsta fargaði hún ekki bréfunum. Í öðru lagi liggur eilífðarþráin hér að baki, óttinn við gleymsku og dauða. Á seinni hluta æviskeiðs síns hneigðist Ólöf að andatrú og spíritisma, hún þurfti að finna ástríðum sínum farveg og leitaði í því skyni til annars heims. Þessi umskipti komu ekki til af góðu. Þegar aldurinn færðist yfir sá hún sig ekki lengur sem kynveru, ekki lengur hættulega veraldlegum karlmönnum, en þrá hennar eftir ást og aðdán var alltaf til staðar allt tímabilið sem bréfasambandið stóð yfir. Af þessum sökum má öruggt telja að hún hafi viljað varðveita bréfin, þannig að síðari tíma menn gætu virt hana fyrir sér og dáðst að henni.

Í bréfunum eru þau bæði mjög upptekin af leyndinni sem bréfaskriftunum fylgir. Fyrsta bréfið er ritað með hendi Ólafar og er frá haustinu 1883, en það haust sigldi Þorsteinn til Kaupmannahafnar til náms. Það er mjög athyglisvert hvernig Ólöf leggur grunninn að bréfasambandinu. Hún beinlínis stingur uppá að þau hefji bréfaskipti með eftirfarandi orðum: „Ef þjer hefðuð sama Intresse fyrir mjer sem eg fyrir yður sem skáldi og fræðimanni og væri eg karl en ekki kona,¹ væri óskandi skemtun að skrifast á við yður. Eg veit og treisti – að þjer eruð svo skinsamur, að þjer ekki haldið mig svo skemtilega vitlausu, að vera forelskaða í yður, þó eg skrifi svona.“² Hún lítur á sig sem jafningja hans, en kynferðið vefst fyrir henni. Þegar líður á lestur bréfanna kemur í ljós að meira liggur að baki en að skiptast á skoðunum um skáldskap og lífsskoðanir. Á stundum er eins og leyndin sem hvílir yfir bréfaskiptunum sé drifkraftur þeirra, orðin eru leikföng manns og konu sem bæði eru skáld og hvorugt tilbúið að feta troðnar slóðir. Leyndin verður að kynferðislegri spennu á milli þeirra, auðvitað allt undir rós en samt svo ótrúlega náð og hreinskiptið sem helst í hendur við þann trúnað sem þau sýna hvort öðru.

Leyndin felst í því að maður og kona eru að skrifast á og þau eru bæði lofuð, Ólöf að vísu í fyrstu ekki nema til hálfis en Þorsteinn er lofaður Jarþrúði Jónsdóttur. Ólöf skrifar frá litlu Reykjavík og Þorsteinn frá stóra útlandinu, Kaupmannahöfn. Bréfin eru háð skipaferðum, veðri og vindum og þau fara um margra hendur þar til þau komast á leiðarenda, til viðtakenda. Bréfasafnið er ekki heilt. Það stafar af því að Þorsteinn brenndi mörg bréfa Ólafar, að beiðni hennar. Um örlög annarra bréfa sem eru glötuð er ekki hægt að segja nákvæmlega til um, hvort þau hafi lent í glatkistunni eða verið látin hverfa af bréfriturunum eða öðrum. Það verður því hlutverk les-

1 Í handritinu eru orðin: „væri eg karl en ekki kona“ yfirstrikuð.

2 *Lbs* 4165 4to – Bréf Ólafar Sigurðardóttur til Þorsteins Erlingssonar, ritað 22. október 1883.

andans að velta fyrir sér hvað stóð í týndu bréfunum og lesa í þögnina. Það má því segja að sú dulúð sem hvílt hefur yfir sambandi þeirra Ólafar og Þorsteins muni lifa áfram og verða áhugafólki og fræðimönnum uppspretta óþrjótandi hugmynda.

Í bréfunum, sérstaklega þeim elstu, eru Ólöf og Þorsteinn mjög upptekin af því hvort fólk viti um bréfaskiptin, hvort einhver muni komast í bréfin, um þeirra daga eða síðar. Bæði biðja þau um að bréfin verði brennd, en leyfilegt sé að skrifa upp það sem viðtakandi vill geyma og eiga, nafnlaust með sinni eigin rithendi. Bréf Ólafar til Þorsteins frá 1883 til 1886 eru glötuð. Eins og fram kemur í bréfum hans til hennar hefur hann brennt þau að hennar ósk. Hann hefur beðið hana að gera slíkt hið sama en hún hikar og hættir við. Í raun er freistandi að halda því fram að Ólöf hafi alls ekki viljað að Þorsteinn brenndi bréfin heldur hafi hér verið á ferðinni hluti af tungumáli leyndarinnar og sú tilhneiging að gera sig að spennandi og hættulegri persónu sem var hluti af sjálfsmyndinni út á við. Í bréfi til Ólafar frá 24. ágúst 1884 segir Þorsteinn:

Jeg hef líka gert yður þann greiða, að skrifa upp, það sem jeg vildi muna úr brjefum yðar og brennt svo eiginhandritinu, svo hönd yðar er ekki að finna í mínum vörzlum og það er alt nafnlaust geymt, svo þjer þurfið ekki að bera kvíðboga fyrir því á banasænginni, að hjá mjer sje geymdur neinn óheiðarlegur minnisvarði yfir yður; en af því jeg hefi nú gert þetta, þá vona jeg að þjer gerið hið sama, fyrir mín orð, ef þjer komist einhvern tíma á lappirnar, og sama bið jeg yður að gera við þetta blað.

En jeg hef ekki gert þetta af því, að jeg hafi álitid neitt af því svo ósæmilegt sem í brjefum okkar hefir staðið, því fyrir mitt leyti stæði mjer á sama þótt allir sæju mín brjef ef þeir hefðu það til samanburðar hvað jeg er að svara, svo það yrði ekki alt saman tóm vitleysa, því það vil jeg ekki. Jeg vona að þjer gerið þetta fyrir mig og ef þjer viljið virða eitthvað af bulli mínu þess að skrifa það upp, þá er yður það heimilt, en nafnlaust verður það að vera, því svo hefi jeg gert við yðar.¹

Með öðrum orðum, Þorsteinn hefur tekið beiðni hennar bókstaflega og brennt bréfin. Í vissum skilningi má segja að hann hafi misskilið táknmál ástarinnar, ekki náð þeirri merkingu sem Ólöf lagði í sambandið. Ef til vill las hann táknmálið betur en Ólöf og ákvað að ögra henni með því að brenna bréfin. Þannig náði hann enn frekar yfirhendinni í sambandinu. Kannski er réttara að álykta að Þorsteinn hafi einfaldlega verið hræddur við hana. Í það minnsta er greinilegt að hún hefur kosið að geyma sín bréf,

1 Bréf Þorsteins Erlingssonar til Ólafar Sigurðardóttur, ritað 24. ágúst 1884. Í einkaeigu.

enda greinilegt að þau hafa meiri þýðingu fyrir hana en bréf hennar voru fyrir Þorstein. Tónn hans er kæruleysislegur, orð sín kallar hann bull, en samt er hann örlítið hræddur um mannorð sitt. Hann leikur á strengi tilfinninganna.

Stundum er líkt og dulúðin yfir bréfaskiptunum sé eins konar forleikur í fjarlægð. Þorsteinn og Ólöf eru aðskilin í rúmi, líkamar þeirra, augu og látbragð eru fjarverandi, en orðin eru þeirra vopn. Til dæmis notar Ólöf tungumálið til stríðni. Þegar vel liggur á henni er tónn hennar fullur af ærslum og gáska. Í bréfi frá 25. júní 1886 skrifar hún:

Mikið logandi er hlítt og bjart umhverfis mig núna, en það hefði þó byrt betur hefðir ekki tilfinningar-flónið mitt farið að asnast til að beygja höfuðið fyrir skinseminni þinni! – En alvarlega sagt trúi eg nú hreint ekki framar nokkru orði sem þú segir ástinni til hnjóðs og ósóma. Það er hreint makalaust hvað þú getur verið óvitur í lögum hennar. Ef þú verður ekki betur lærður í hegningarlögum hórdómsbrota, kvíði eg ekki fyrir *íjetti* hegningardóma þinna.

Halldór er hjer. Hann kom með vorið og sólskinið í andansheiminn minn sem eg hef leitað árangurslaust að alla æfi en trúað á að væri til, þanga til þú tókst frá mjer trúna, og nú skaltu gjalda þess svoleiðis, að fá hreint ekkert að vita, svo þú lifir í óvissu og óviturleik um hvað bíður þín hjá *Henni* þegar þú kemur heim, annars gæti eg sagt þjer mikið og margt, en nú skaltu engja þig yfir að fá ekkert að vita, og svo stendur þú eins og af hinnum fallinn þegar þú loksins kemst inní rjetta ástandið.¹

Það liggur vel á Ólöfu, stíllinn er fullur af galsa og sumt er undir rós. Það er eins og hún sé að reyna á samband sitt við Þorstein, gera hann afbrýðisaman á kostnað Halldórs unnusta síns. Um leið leitar hún eftir viðbrögðum frá Þorsteini. Það er líkt og orðin og ómurinn af þeim verði líkaminn og látbragðið. Einnig er athyglisvert að sjá hvernig hún skilgreinir sig sem fulltrúa ástarinnar en Þorstein sem málsvara laganna. Í sumum elstu bréfunum er Þorsteinn að fara þess á leit við Ólöfu að hún færi honum fréttir af unnustu sinni, Jarþrúði Jónsdóttur. Hún er yfirleitt nefnd með persónufornafni til þess að undirstrika leikinn og leyndina. Þó Þorsteinn sé oftast kæruleysislegur í sínum bréfum og þykist hafa áttað sig á öllu og ráði við aðstæður, þá á hann erfitt með að dylja erótískar langanir og forvitni um kynferðismál. Hann á það líka til að daðra í glettni og undir rós, líkt og hún. Síðla hausts 1885 skrifar Þorsteinn:

1 Lbs 4165 4to – Bréf Ólafar Sigurðardóttur til Þorsteins Erlingssonar, ritað 25. júní 1886.

Jeg hugsa hvorki um kvennfólk nje annað fyrir önnum og lestri, jeg hef ekki tíma til að leika mjer við þær, jeg má ekki eyða til þess svo miklu sem fimm mínútum. Jeg geymi það þángað til jeg kem heim til ykkar íslensku stúlkanna. Jeg sje nú ekki annað enn að þjer neyðist til að brenna þettað brjef og þó þarf þess ekki mín vegna. Annars vona jeg að þjer hafið hemil á rithættinu og segið mjer ef jeg kitla yður mjög svæsið því það vil jeg ekki gera, enn stúdentslífið gerir mann svo ósvífinn, svo það verður einhvurn staðar niður að koma. Annars er það eingin hættu milli okkar talað, því sjái einginn það annar gætum við skrifað hvurn þremilinn sem vera skal. Og það væri ef til vill í rauninni rjettast að við settum ekki nöfn okkar undir og hefðum ekki neitt það í brjefunum sem fest yrði hönd á hvaðan væri og þá gæti jeg sagt yður ýmislegt ef þjer vilduð, og við erum komin lángt upp úr því að genera okkur hvort fyrir öðru, við erum alt of mentuð til þess bæði og vitum of margt um lífið og fólkíð.

Einkum hefði jeg ákaflega gaman af að vita, hvort þið talið um eins mart saman og við kallmennirnir, því við tölum bókstaflega um alt sem tönn verður á fest okkar á milli, og segjum hvur öðrum frá leyndustu hugsunum og þó ekki hvur frá um annan nema með leyfi hins. Við höfum margir þá gullvægu reglu að sega ekki nema einum, svo við getum altaf vitað hvort hann er trúr.¹

Enn á ný veltir Þorsteinn fyrir sér eiginleikum kvenna almennt eins og hann vilji skilja þær og nota þann skilning til þess að leika sér við Ólöfu. Hann hefur augljóslega áhuga á efninu!

Í bréfi frá 3. júlí 1886 skrifar Ólöf Þorsteini nýjustu fréttirnar af sér og segist hafa sagt Halldóri frá bréfasambandinu:

Eg sagði Halldóri að eg hefði lengi lifað á að skrifa þjer, og hvað þú hefðir gjört fyrir mig í gamla daga, og eg fann að honum varð vel til þín, mjer fjell það svo vel, að eg fann að mjer var óhætt að segja honum alt sem eg sjálf veit af í mjer, hann skildi mig, og eg gat látið hann þekkja mig *eins og eg er*.²

Lesandinn hefur það á tilfinningunni að hún sé hálf í hvoru að ögra Þorsteini og þegar Þorsteinn fær bréfið hleypur í hann kergja:

Það er mjög þreytandi bæði fyrir þann sem brjef skrifar og ekki síður fyrir þann sem við tekur, að þurfa að skrifa hvurt orð í því fyrir augum annars mans og það vinar. Það eru bönd sem manni finnast óþörf og heimskuleg

1 Bréf Þorsteins Erlingssonar til Ólafar Sigurðardóttur, ritað 7. nóvember 1885. Í einkaeigu.

2 *Lbs* 4165 4to – Bréf Ólafar Sigurðardóttur til Þorsteins Erlingssonar, ritað 3. júlí 1886.

af því maður sjálfur á í hlut, og þettað getur eitt með öðru leitt til þess að maður vilji heldur vera einn, og láta hinn ekki hafa af því að segja sem honum *auðvitað* kemur ekkert við þegar honum að eingu leiti er gert rángt til.

Enn þá er fjandinn kominn í spilið og þessi grunur einmitt kominn sem lífsnauðsyn er að varast. Annars ræður þú sjálf því sem þú vilt í því efni, frá minni síðu er ekki neitt í vegi, enn vel gæti jeg átt þá konu eða unnustu sem jeg kærði mig ekki um að hefði brjefskifti sem ættu að fara bak við mig, það er að segja ef jeg ynni henni af alhug, og sama get jeg hugsað um aðra. Bein brjef og blátt áfram geta aldrei orðið til skaða á þann hátt; enn hitt er lítið betra sem jeg gat um við þig.¹

Þetta augnablik veldur straumhvörfum í lífi þeirra beggja, bréfið ber þess merki. Þorsteinn missir einfaldlega áhugann á að halda bréfasambandinu áfram. Leyndin er ekki lengur til staðar og hann er því ekki öruggur um skrif sín og skoðanir. Frá og með þessum tíma er Ólöf ekki spennandi viðfang. Hún er annars manns kona, þótt hún sjálf hafi ekki alltaf verið viss um það. Nú er Þorsteinn ekki lengur einn um hana og heldur ekki sá eini í huga hennar. Það er hægt að hugsa sér að þetta hafi verið viðbrögðin sem Ólöf óskaði sér.

Samfélag Íslendinga bæði í Kaupmannahöfn og Reykjavík er smátt í sniðum. Fólk má alls ekki vita af bréfaskiptum þeirra. Frá tímabili elstu bréfanna eru sum þeirra lögð með öðrum bréfum til vinar Þorsteins, Daníels Símonarsonar. Hann ber þau út og tekur við þeim, eins konar vit-orðsmaður.² Slúðrið er í senn spennandi og eyðandi, bréfaskiptin minna stundum óneitanlega á framhjáald.

Þannig haldast í hendur æviárin og innihald bréfanna. Þau elstu bera með sér æskuþrótt, þó að Þorsteinn og Ólöf séu ekki beinlínis unglingar þegar þau hefja bréfasambandið, hún tuttugu og sex, hann árinu yngri. Þau eru ógift og barnlaus, hann ennþá námsmaður en hún ein og sjálfstæð við ljósmóðurstörf in í Reykjavík. Bréfin bera vott um náð samband, hreinskilni og trúnaðartraust. Ólöf og Þorsteinn eru bæði sveiflukenndari í skaphöfn í eldri bréfunum, þau eru upptekin af sér og líðan sinni í veröldinni. Aðalurnæðuefni þeirra er ástin í ýmsum myndum, kveðskapur og hjónabandið. Þau skiptast á að senda frumort ljóð, þó er Ólöf duglegri við að yrkja og leita

1 Bréf Þorsteins Erlingssonar til Ólafar Sigurðardóttur, ritað 30. júlí 1886. Í einkaeigu.

2 Þetta kemur fram í bréfum þeirra beggja. Sjá til dæmis bréf frá Þorsteini, rituðu 28. febrúar 1886: „Þú skalt ekki taka því ókunnulega þó Daníel skili einhvarju til þín, það bað ég hann að gera svo síður sé grunað að þú fáir bréf.“ Sjá einnig bréf *Lbs* 4157 4to – Bréf Daníels Símonarsonar til Þorsteins Erlingssonar.

eftir áliti Þorsteins. Þau eru bæði ör og hafa miklar skoðanir, hann þó jarðbundnari og vissari um sig og sína stöðu, oftast raunsær brandesískur Hafnarstúdent. Hún meira á flugi og mótsagnakenndari. Fyrstu þrjú ár bréfaskiptanna þérast þau.

Þegar bréfasambandið hefst að nýju eru þau bæði gift og líf þeirra hefur tekið nýja stefnu. Ólöf er ekki lengur sjálfstæð, ógift, kappsfull ung stúlka, heldur er hún bóndakona, langt norður í landi, barnlaus í vináttusambandi við mann sinn. Hún er ekki sátt við hlutskipti sitt og sársauki er oft undirtónn í bréfum hennar og hún er iðulega í mótsögn við sjálfa sig. Ólöf er enn upptekin af ástinni og ástríðum en Þorsteinn er hættur að dufla við hana. Bréfin hans verða föðurlæg og yfirveguð. Hún er „Ólöf hans gamla og góða“. Hann hefur ekki lengur sömu þörfina fyrir að ræða um kynferðismál og ástina og að baða sig í aðdáun Ólafar sem kynvera. Smám saman gefur Þorsteinn minna af sjálfum sér og stundum hefur lesandinn það á tilfinningunni að hann standi í bréfaskiptunum af samviskusemi og greiðasemi.

Á því tímasteiði bréfasambandsins sem hefst 1906 er Ólöfu tamt að líta til baka og rifja upp gamlar kenndir og liðna tíð. Hún er upptekin af líðan sinni í veröldinni og hvernig þeim semji, heiminum og henni. Sem fyrr togast á í Ólöfu miklar andstæður, blíða og ofsi, og það örlar á uppgerðar sátt við Guð og menn sem jaðrar stundum við helgislepju. Í allra yngstu bréfunum minnst hún oft á spíritismann og guðspeki og reynir að vekja áhuga Þorsteins á þessum hugðarefnum sínum, en án árangurs að því er virðist.

Bréfasambandinu lýkur sama ár og Þorsteinn deyr, 1914. Að vísu er Ólöf aðeins fyrr farin að skrifast á við Guðrúnu konu Þorsteins. Þær halda áfram að skrifast á eftir dauða hans. Þorsteinn og spíritisminn tengir þær saman. Í vissum skilningi má segja að Ólöf haldi áfram að skrifa Þorsteini eftir lát hans, svo mjög ber hann á góma í bréfum þeirra kvennanna. Þorsteinn var hennar stóra ást og það skipti litlu máli hvoru megin grafar hann lá.

Skáldskapurinn

Ljóðin og skáldskapurinn er eitt meginefni bréfanna. Í hinum elstu, frá 1883 til 1888, er Ólöf mjög iðin við að senda Þorsteini ljóðin sín, en hann er ekki jafn fljótur til og oft segist hann „ekki yrkja baun“. Ólöf leitar eftir umsögnum hans enda er aðdáun hennar á Þorsteini meðal annars fólgin í þeirri staðreynd að hann er viðurkennt skáld og hefur strax sem ungur maður hlotið náð fyrir augum eldri skálda. Í bréfunum frá 1883 til 1888 er Þorsteinn oft duglegur við að hrósa Ólöfu fyrir kvæðin hennar. Mesta hólíð

sem hún fær er þegar hann segist vel geta hugsað sér að hafa sjálfur ort ljóðið.¹

Sem skáld er Þorsteinn lykillinn að allri heimsins dýrð fyrir Ólöfu. Hún trúir á að hann geti opnað fyrir henni dyr að skáldaheiminum sem Þorsteinn hrærast í. Hún veit sem er að hann getur kennt henni að fóta sig í þessum karlaheimi skáldanna. Ólöf er fljót að læra reglurnar, því hún áttar sig strax á að með því að láta lítið fara fyrir sér, sitja úti í horni og dást að körlunum í gervi lítillar varnarlausrar stúlku, þá ætti hún upp á pallborðið.² Þannig fengi hún inngöngu í hópinn. Þorsteinn var leiðin að settu marki. Þannig virðist sem hún hafi beðið Þorstein að koma sér í kynni við Steingrím Thorsteinsson skáld og leiða sig á skáldaþing. Í bréfi frá haustinu 1884 skrifar Þorsteinn Ólöfu:

Það er ekki ofsögum sagt af ykkur Steingr., þið eruð bæði þær mestu kynjakindur sem jeg hefi þekt, það er synd að koma ykkur ekki saman, en jeg get það ekki enn þá, því jeg á í dálitlu stríði við hann nú sem stendur, en í næsta brjefi er því lokið og þá skal jeg minnast yðar loksins. Hann er bók-staflega feiminn við yður og jeg er dauðhræddur um að hann þori ekki að eiga neitt við yður fyrir henni Guddu, og kannske fyrir sjálfum sjer, mjer líst hreint ekki á aðfarir hans við yður, en jeg fæ nú að vita það alt ef jeg hefi uppburði til að spyrja hann hreint og beint um það en þá verð jeg að fá leyfi til að sýna honum það sem mjer þykir best af kvæðum yðar, því þar er þó helst höggstaður á honum, og hann veikastur fyrir, því kvæði eru hans yndi, og hann er einmitt hneigðari í yðar stefnu en jeg, og líkari yður að hugsun.³

Því miður er bréf Ólafar sem Þorsteinn er að svara glatað, hennar frásögn vantar. Hún virðist hafa gefið í skyn að gagnkvæm aðdáun ríkti milli hennar og Steingríms en hún hefur jafnframt mikinn áhuga á að kynnast honum sem jafningja. Fjórum árum seinna á hún eftir að lýsa fyrir Þorsteini öðrum fundi hennar og Steingríms:

Eg var að heyra hvað hann hefði að segja mjer um dótið mitt. Eg geri svo vel og safna því sem eg hjelt helst að mennirnir gætu melt af kvæðadóti mínu. Skrifu það upp í hrúgu, vef síðan upp í dindil, og sendi St. Th. og bið hann nú að sjá aumur á mjer og dóti mínu, og segja mjer álit sitt um hvört það þoli að prentast og koma fyrir augu almennings. Eg skrifaði honum

1 Í bréfi Þorsteins til Ólafar rituðu 8. nóvember 1884 segir hann um eina vísu sem hún hefur sent honum: „Jeg gæti með mestu ánægju sjéð hana standa í ljóðbók eftir mig.“

2 Sjá sér í lagi bréf Ólafar til Þorsteins 10. maí 1888, *Lbs* 4165 4to. Bréfið segir sögu Ólafar af fundi sem hún á með Steingrími Thorsteinssyni.

3 Bréf Þorsteins Erlingssonar til Ólafar Sigurðardóttur, ritað 8. nóvember 1884. Í einkaeigu.

Þessa bæn og sagðist ekki hafa dug til að tala um það við hann munnlega, en ef hann hefði ekki tíð eða tækifæri, það eg hann gjöra svo vel og endursenda það, annars kvaðst eg herða upp hugann og koma einhverntíma að heyra hvað hann hefði að segja mjer.¹

Myndin sem Ólöf dregur upp er afar athyglisverð: ljóðin hennar eru „dót“, skrifuð upp í „hrúgu“ og pökkuð inn í „dindil“. Þau eru eins og hvert annað rusl sem kannski enginn kærir sig um. Orðin spegla enn á ný hvernig hún sér sjálfa sig innan hefðarinnar, smáa og upp á karlskáldin komin. Steingrímur tók að sér að fara yfir kvæðahandrit hennar og sennilega er það handritið sem notað var við útgáfu fyrri ljóðabókar Ólafar, *Nokkur smákvæði*, frá 1888.

Átján árum síðar leitar hún til Þorsteins með sömu bón:

Jeg ætla í vetur að fara að tína úr ljóðum mínum það helsta og búa það undir prentun, en þekking mín og mannvit er nú ekki meira en það, að jeg er ekki einfær um þetta, þarf glöggskygnan og velviljadan ljóðavin til að leiðbeina mjer með hvað takandi sje og hvað laga þurfi.²

Ólöf er ennþá lítil og máttvana og þarfnast hjálpar. Þorsteinn fellst á beiðnina og tekur að sér að ritstýra bókinni og velja ljóð úr handritinu sem Ólöf sendir honum suður til Reykjavíkur. Umsagnir hans um ljóð Ólafar eru mjög athyglisverðar.³ Þegar líður á tekur hann einnig að sér að finna útgefanda og prentara. Saga ljóðahandritsins er harmsaga sem varð að framhaldssögu í bréfum þeirra um sjö ára skeið. Af bréfum sínum að dæma virðist Þorsteinn hafa lagt töluvert á sig við að koma ljóðunum út, en þrátt fyrir góðan ásetning mistekst honum það og endalok þeirrar sögu verða neyðarleg fyrir hann. Árið 1913 gefst Ólöf upp á Þorsteini og allri biðinni og tekur málin í sínar hendur. Hún skrifar:

Ekki skaltu reyna að ná í þessa örku sem þjer er glötuð, eða gera þjer meiri áhyggur nje fyrirhöfn enn orðið er útaf þessu dóti mínu. Þú ert búinn að hafa altöf mikla skapraun, og þið Guðrún bæði, fyrir þetta ólukku dót mitt. jeg á víst uppkast af því flestu sem til þín fór, enda nærri sanna, því nú legg jeg alveg inn árarar og þykir næstum best að ekkert varð úr útkomu kvæðanna. Finn að jeg hafði ekkert nýtt eða nytsamt að segja meðmönnum, og því enginn skaði nje missir að. Frægð, eða ófrægð hef jeg ekkert að gera

1 Lbs 4165 4to – Bréf Ólafar Sigurðardóttur til Þorsteins Erlingssonar, ritað 10. maí 1888.

2 Lbs 4165 4to – Bréf Ólafar Sigurðardóttur til Þorsteins Erlingssonar, ritað 28. október 1906.

3 Hér má benda sérstaklega á bréf Þorsteins til Ólafar frá 17. mars 1907.

með hjeðan af, enn einungis góðvild og frið til að hvíla mig við, eptir árangurslítinn daginn.¹

Ólöf er sár og bitur, Þorsteinn hefur týnt hluta ljóðahandritsins. Hún er full uppgjafar og vill frið. Stuttu seinna, sama ár, ræðst hún sjálf í útgáfu ljóðabókarinnar með hjálp Odds Björnssonar bókaútgefanda á Akureyri. Ljóðabókin bar sama heiti og hin fyrri, *Nokkur smákvæði*, sem gefur til kynna, kannski írónískt, viðhorf hennar til eigin verka. En einnig má vera að með titlinum sé Ólöf að sneiða að „bókmenntastofnuninni“.

Á tímabilinu 1906 til 1914 eru ljóðasendingarnar aðeins á annan veginn, fyrir utan eitt ljóð sem Þorsteinn sendir Ólöfu sumarið 1910.

Ólöf og Þorsteinn lifðu bæði fyrir kveðskapinn. Hann var þeirra líf og yndi, en á ólíka vegu. Endalausar vangaveltur um vísuorð og heilu kvæðin, svo ekki sé minnst á önnur skáld og kveðskap þeirra, gera þessi bréf og safnið allt að óþrjótandi uppsprettu hugmynda um afmarkaðan heim skálda þar sem fáum konum var boðið til sætis.

„*En þú hefir aldrei kysst Ólöfu og ég aldrei Þorstein*“²

Ekkert veit jeg hvað veldur því að mjer hefir altaf verið manna best við þig síðan við vorum saman hjá gamla Árna, og ekkert og enginn annar hefir útrímt þjer, svo að eitthvað af betri endanum hlýtur það að vera, því annars rekur hver annan út, eins og að við þekkjum. Og ekkert væri mjer óskiljanlegt við varanlegleik þann, ef að það hefði aldrei nema lítilræði verið, en jeg man altaf hvað heimurinn varð allur auður og tómur þegar gamla Imba kom mäsandi inn til mín snemma dags, og sagði, að Þorsteinn Erlingsson hefði farið með skipinu í morgun til Hafnar. Þá varð jeg snöggvast máttvana og fjekk grun um, innan skamms, að nú hefði hent mig lán mikið. Áður vissi jeg til þess að jeg var allra manna hræddust við þig, og vakti á verði, en hafði ekki vit á að voðinn allur kemur að innan. Og ekki hef jeg annað en eintómt gagnið haft af heimskunni minn allri þeirri, og margur eldsneystinn hefir úr henni hrokkið, þegar lítið var um ljós og líf og hleypt ímyndunarríkinu öllu í loga. Og svo er sagan sú á enda.³

Þetta er brot úr bréfi sem Ólöf skrifaði Þorsteini eftir endurfund þeirra í ágúst 1910. Þá höfðu þau ekki sést síðan haustið 1883 þegar Þorsteinn sigldi til Hafnar. Um samband þeirra Ólafar og Þorsteins hefur alla tíð ver-

1 *Lbs* 4165 4to – Bréf Ólafar Sigurðardóttur til Þorsteins Erlingssonar, ritað 9. apríl 1913.

2 *Lbs* 4165 4to – Bréf Ólafar Sigurðardóttur til Þorsteins Erlingssonar, ritað 24. október 1895.

3 *Lbs* 4165 4to – Bréf Ólafar Sigurðardóttur til Þorsteins Erlingssonar, ritað 8. ágúst 1910.

ið pískrað og skrafað, hvort þau hafi verið elskendur eða bara vinir, eða hvort tveggja. Bréfin segja okkur að þau voru í senn vinir og platónskir elskendur sem nutust aldrei líkamlega. Þó er ljóst að á einhverjum tíma- punkti í upphafi sambands þeirra hafa þau þráð hvort annað. Það sem orðin segja ekki segir þó allt. Orðin þeirra voru á stundum orðaeldur, hvort sem hann var sprottinn af einlægri ást eða tilfallandi ástríðum manns og konu.

Árið 1927 birtist í tímaritinu *Dropum* smásaga eftir Ólöfu sem heitir *Hjálpin*. Sagan er þó álitin eldri. Það er mjög freistandi að líta til þessarar smásögu þegar velt er fyrir sér eðli sambands Ólafar og Þorsteins. Margt sem í sögunni stendur má finna beint og óbeint í bréfum hennar til Þorsteins; svo sem atburðarásina í lífi hennar sjálfrar, tilfinningar, hugsanir og vonbrigði sem snúast um ástina og hjónabandið. *Hjálpin* segir frá konu sem í fyrstu er ekki viss um hvort hún geti gifst unnusta sínum vegna þess að hún er óörugg með tilfinningar sínar til hans, hún veit engan veginn hvort hún elskar hann eins og fyrrum. Hún giftist honum samt sem áður, þrátt fyrir að annar maður eigi hug hennar. Sagan lýsir svo hvernig hún sættir sig við hjónabandið, lærir að elska mann sinn með þakklæti eftir að hann hefur annast hana í veikindum. Síðan segir:

[...] en verst, að nú fann hún, að þetta var gagnólíkur maður honum, sem hún sofnaði með í sálarfaðminum á kvöldin og gaf allt sitt dálæti. Það hlaut líka að vera eitthvað bogið við þetta allt hjá henni. Hún hafði kunnað svo fjarska illa við bréfin hans í seinni tíð, leið alltaf verr í hvert sinn, einkanlega þegar hún var búin að lesa þau, enda hafði hún hlakkað svo vitlaust til þeirra og hlaupið svo fagnandi heim með þau af pósthúsinu í hvert sinn, er þau komu með boð frá huganum hans og kannski full – nei, þau voru aldrei full af neinu því, sem fullnægði þrá hennar. En það var ekkert að marka, hann var víst svo ólíkur henni, langtum, langtum dýpri, stærri allur og fullkomnari en hún, sem var svo lítil og óburðug, líktist engu nema sandlóunni. Hún var svo brennandi áköf og fram úr öllu lagi óskynsöm. Hvernig átti hann að þrá hana eins og hún hann? Hann, sem var sjálfum sér nógur og þurfti hennar auðvitað ekki.

Maðurinn, sem hún þráði, var langt, langt í burtu ennþá, og hún hélt áfram að unna honum og öllum elskulegum eiginleikum hans. En hann, þessi sem gekk heim við hliðina á henni og hún átti að fara að háttá hjá? Það var ókunnur maður og mjög ólíkur hinum, og ekkert náíð samband á millum. Það var hræðilegt allt saman, en óumflýjanlegt víst þó. Og ekki einu sinni hægt að tárast yfir því, til þess var henni of kalt, og svo var þetta líka brúðkaupskvöld hennar, heiðursdagurinn, sem kallaður var í gamla daga.¹

1 Jón Auðuns, *Ólcf frá Hlöðum. Ritsafn* (Reykjavík, 1945), bls. 166-168.




*Ólaf Sigurðardóttir á Hlöðum.
– Myndin er trúlega tekin í upphafi
tuttugustu aldar.*



*Fingravettlingar þjónaðir af Ólafi. Minnstu vettlingana átti Valtýr Stefánsson ritstjóri Morgunbladsins.
Þá hlaut hann í samfé frá Ólafi og eru þeir í eigu Guðrúnar Jónsdóttur arkitekts. – Mynd Helgi Braga.*



*Skrifborð Ólafar, sem Halldór mað-
ur hennar smíðaði. Borðið er varðveitt
á Minjasafni
Akureyrar.
– Mynd Gunnar
Sverrisson.*



*Málverk Kristínar Jónsdóttur af Hlöðum í Hörgárdal.
Óláf og Halldór bjuggu í timburhúsinu. – Málverkið er í eigu Ólafar P. Hraunfjörð.*

Ýmislegt sem í bréfunum stendur styður þá kenningu að söguhetjan sé Ólöf og maðurinn sem hún þráir sé Þorsteinn. Í bréfum Þorsteins frá árunum 1884 til 1885 kemur í ljós að Ólöf hefur ekki verið viss um að hún elskaði Halldór. Hún trúir Þorsteini fyrir áhyggjum sínum og efasemdum um hjónabandið. Þorsteinn segist vera „hreint grallaralaus“ yfir Halldóri og henni.¹ Í bréfum Ólafar frá 1886 er kominn allt annar tónn. Hún á ekki orð til að lýsa hamingju sinni yfir ástinni og Halldóri og bréfin eru, eins og áður hefur verið bent á, full af galsa og glettni. Sumarið 1887 giftist Ólöf Halldóri og í bréfum Þorsteins frá sama ári má skilja að hún hefur farið að efast á nýjan leik. Því miður eru bréfin hennar frá 1887 glötuð. Í bréfi Þorsteins frá júlí 1887, rétt fyrir brúðkaup Ólafar, skrifar hann:

[...] með þínu viti og þinni þekkingu skil jeg ekki annað enn að þú getir skapað þjer vel viðunanlegt samlíf ef þú lætur viljann ekki bresta. Jeg skil því ekki að þú þurfir að bera neinn kvíðboga fyrir því ókomna og allra síst „að sofna frá iðrunartárum“ nú strax. Það er besta regla að iðrast aldrei, og eins og þú manst þá er það fyrsta grein minnar trúarjárnningar „að draumarnir hverfi, og lífið taki við“. [...]

Það var satt Ólöf mín góð, jeg hafði ekki skrifað þjer nokkurn tíma, og það var með vilja að jeg gerði það ekki, það var þó ekki vegna mannsins þíns heldur af því jeg hjelt að þú hefðir svo margt að hugsa, að jeg meir ónáðaði þig með brjefi enn skemti þjer. Jeg hafði og hugsað mjer, að við gætum byrjað aftur ef þjer svo litist, þegar þú værir búin að átta þig og orðin róleg.²

Og í öðru bréfi sama ár, eftir brúðkaupið, segir Þorsteinn: „Jeg vona að það sje svona bara fyrst í stað að þú átt erviðara með að átta þig í þessum nýja heimi.“³ Ólöf á sjálf eftir að ræða þetta í bréfi til Þorsteins árið 1895 og minna orð hennar óneitanlega á örlög söguhetjunnar í *Hjálpinni*. Ólöf skrifar:

Eg giptist eins og þú vissir – 87 og átti bágnt um það leiti – bágast sem eg hef átt á æfinni – og alt leit illa út fyrir okkur hjónum hvað félagsskap okkar snerti, og svo náði hann eingum föstum fótum í Rvík með atvinnu og undi þar ið versta. Eg átti – sem sagt – bágnt og hann átti bágnt, og svo veiktist eg, og lá lengi um veturinn, og þá fór blessuð sólin að skína gegnum myrkrið í mjer, því hann fór að hjúkra mjer eins og mömmurnar hjúkra litlu börnunum sínum, og eg fór að elska hann aptur svo komst eg á fætur en var

1 Bréf Þorsteins Erlingssonar til Ólafar Sigurðardóttur, ritað 24. júlí 1885. Í einkaeigu.

2 Bréf Þorsteins Erlingssonar til Ólafar Sigurðardóttur, ritað 16. júlí 1887. Í einkaeigu.

3 Bréf Þorsteins Erlingssonar til Ólafar Sigurðardóttur, ritað 11. nóvember 1887. Í einkaeigu.

þó veik, og sá að eg gat ekki haldið áfram að stunda starf mitt sem yfirsetu-
kona, og samþykki svo að fara með honum norður.¹

Það bendir allt til þess að Ólöf hafi elskað Þorstein í hjarta sínu, en hann aldrei elskað hana. Þorsteinn hafði örlítinn áhuga á henni, allra fyrst, til þess eins að styrkja sína eigin sjálfsmynd og fá útrás fyrir kynferðislegar langanir. Sem ungur maður er hann oft á tíðum að leita eftir skoðunum hennar og vitneskju um ástarlíf fólks heima á Íslandi um leið og hann flytur henni frásögur af nánnum kynnum íslenskra stúdenta í Höfn. Einsamall ungur maður í útlöndum á aðdáun og ást ungrar ögrandi konu sem í þokkabót er örlítið menntuð og hefur áhuga á skáldskap. Það er ekki að undra þó Þorsteinn baði sig í hrifningu Ólafar, og stundum leitar hann að tilfinningalegri svölun í bréfunum. Hann skrifar Ólöfu eldfimt bréf í upphafi ársins 1886 á nærklæðunum einum saman:

[...] það er svo óviðkunnlegt og hreint ekki til siðs að þjerast svona á nærklæðunum: þar við bætist að skyrtan er hreinasta hialín, svo þú sjerð alt í gegnum hana frá upphafi til enda, ja guð hjálpi okkur ef ekki væri jafn langt á milli; við skulum nú ekki fara úti þá sálma í kvöld.

Nú er kyrt og rólegt í kríngum mig, kl. er 8 og jeg sit aleinn í herberginu mínu, logn og kyrð úti, nema hvað einn og einn maður geingur eftir stjettinni, og inni þýtur í ofninum, því brennið logar ákaft og er ekki sparað því kalt er úti. [...]

Fyrst ætla jeg nú að þakka þjer fyrir skyrtuna sem jeg er í, jeg fór í hana á gamlárskvöld eins og þú beiddir mig og hugsaði margt þegar jeg dró hana niður yfir mjaðmirmar, þettað er svo náttúrulegt að þú mátt hreint ekki bregðast illa við, því að vera að fara í skyrtu og minnast kvennmanns, úngann og laglegan um leið, það getur þú sjeð að muni leiða snúningsliðugann huga út í ýmislegt, ja það veit sá sem alt veit; annars var skyrtugreyið uppá það þægilegsta og fjell að mjer eins og konufaðmur að elskulegum manni. Svo kom hún úr þvotti í gær og jeg varð þá að fara í hana til þess að skrifa þjer í henni, því það varð að fylgja með. Svona er sagan, og ekki margt að henni.²

Sviðsetningin hjá Þorsteini er mjög erótísk, það er kalt úti en heitt inni, eldur logar og hann situr og skrifar bréf til Ólafar í gagnsærri skyrtu sem hún hefur saumað og sent honum að gjöf. Fata- og matarsendingar Ólafar eru enn eitt táknið um ást hennar. Hún keppist við að útbúa mat, sauma og þrjóna á hann fötin, sem hún hefur eflaust borið nokkurn kostnað af. Bréf-

1 Lbs 4165 4to – Bréf Ólafar Sigurðardóttur til Þorsteins Erlingssonar, ritað 24. október 1895.

2 Bréf Þorsteins Erlingssonar til Ólafar Sigurðardóttur, ritað 13. janúar 1886. Í einkaeigu.

ið er líka vendipunktur í bréfasambandinu því Þorsteinn ákveður að þau skuli hætta að þérast. Hann skrifar: „Jeg get ekki verið að þjera þig á sama augnablikinu og jeg er að fara hreint inn á þig bera, og auk þess sjálfur auðvitað á tómri *skyrtnni*.“¹ Ekki má gleyma því að þau eru bæði lofuð öðrum á þessum tíma. Í júlí 1885 skrifar Þorsteinn:

Ekki er svo að skilja sem jeg sje ekki hvarri skepnu þakklátari fyrir þrjóna-skirtuna eða þrjónanærbuxurnar, það veit sá sem alt veit að jeg er, enn mjer þykir leitt að láta yður vera að fata mig, og þó enn verra þegar jeg á að fara að segja kærustunni það á síðan, sem jeg ætla að segja alt, því hún getur þá hugsað að fleirra hafi milli okkar farið enn jeg hef að segja, og er í rauninni vorkun, því það er víst sjaldan að dúnmjúkar nærbuxur sjeu ólaunaðar, þegar þær eru gefnar af góðum hug, og það rúmlega tvítugum manni, ekki satt? Þó verðum við að hætta á þettað, ef það er yður ekki alt of dýrt, því það ætti ekki að verða skóggángssök einsamalt, því ekki býst jeg við að geta gert nokkra slíka uppgötvun um hnjáskjólín hennar þó jeg næði í þaug, og þaug verður hún auðvitað að ættleiða, ef jeg á að gera það við nærbuxurnar.²

Ástarmálunum tengist meðvitund Ólafar um kynferði sitt. Hún hugsaði mikið um sig sem kynveru, gömul jafnt sem ung. Ástin var frumkrafturinn í tilveru hennar og hélst í hendur við aðrar ástríður hennar, skriftirnar og skáldskapinn.

Í sumum bréfanna kemst hún á flug þegar hún er að lýsa sjálfri sér í samskiptum sínum við hitt kynið. Áhrifin sem slíkir fundir hafa á hana minna á líkamlega áreynslu. Við endurfundi hennar og Halldórs finnur hún fyrir máttleysi, hnígur máttvana niður og með einu andvarpi streyma kvalir úr brjósti hennar. Þegar hún hittir Steingrím Thorsteinsson slær púlsinn ekki nema rúm 10 slög á mínútnni! Enda segist hún vera „orðin enþá samviskunæmari, eða hjartveikari síðan hún varð kona“.³ Í bréfi sem hún skrifar Þorsteini á fimmtugs afmæli sínu ræðir hún um aldur sinn í tengslum við hana sjálfa sem kynveru.⁴ Hún vill meina að hún sé ekki lengur hættuleg karlmönnum. Nokkru seinna á Ólöf eftir að skipta aðeins um skoðun og segja frá því í bréfi til Þorsteins að elli og kynlíf geti alveg farið saman.⁵

1 Bréf Þorsteins Erlingssonar til Ólafar Sigurðardóttur, ritað 13. janúar 1886. Í einkaeigu.

2 Bréf Þorsteins Erlingssonar til Ólafar Sigurðardóttur, ritað 24. júlí 1885. Í einkaeigu.

3 *Lbs* 4165 4to – Bréf Ólafar Sigurðardóttur til Þorsteins Erlingssonar, ritað 10. maí 1888. Hún er að öllum líkindum að meina að hún sé ekki lengur jómfúru, hún er gift kona.

4 *Lbs* 4165 4to – Bréf Ólafar Sigurðardóttur til Þorsteins Erlingssonar, ritað 7. apríl 1907. Sjá einnig grein Helgu Kress, „Farið vel, fimmtú árin! – Felíð sárin“, bls. 9-22.

5 *Lbs* 4165 4to – Bréf Ólafar Sigurðardóttur til Þorsteins Erlingssonar, ritað 15. mars 1908.

Sem kona er hún upptekin af útliti sínu. Ólöf var alltaf grönn og fíngerð og augun voru hennar mesta prýði. Eftir að hún veiktist af berklum á besta aldri, breyttist vaxtarlag hennar og skiljanlega olli það henni hugarangri. Hún fékk hnút á bakið og gekk eftirleiðis hokin. Í tveimur bréfum til Þorsteins lýsir hún sjálfri sér á afar óhuggulegan og gróteskan hátt. Í kjölfar veikindanna sem herjuðu á hana 1887 skrifar hún eftirfarandi lýsingu á sjálfri sér:

[...] það hve vanta í mig blóð, og svo er eg svo skínandi horuð að það þyk-
ir öllum eg ljót nema H. mínum, honum þykjir svo ósköp fallett að sjá
svona lægið á hverju beini í kroppnum gegnum skinnið. Eg er heppinn með
fegurðarsmekkinn hans.¹

Og í bréfi til Þorsteins mörgum árum seinna gælir hún við þá tilhugsun að þau hefðu „siglt sjóinn saman“, en hún er samt fljót að draga í land því líkaminn hennar hefði orðið til fyrirstöðu í sambandi þeirra. Eða eins og hún orðar það sjálf: „hnúturinn á hriggnum rekist á, og orðið til fyrirstöðu“. Það er sársauki í orðum Ólafar. Og í sama bréfi lýsir hún sjálfri sér á eftirfarandi hátt:

Hriggurinn hnútti á sig stóran hnút, mjöðmin sem var skökk og vitlaus varð
að liði aptur og líkaminn allur tórnaði við, og nú er eg ekki ver á mig kom-
inn enn margur annar – nema hvað enginn maður getur fengið ást á vaxtar-
priði minni framar.²

Ást Ólafar á Þorsteini náði út yfir gröf og dauða. Eftir andlát hans er hún sjálf komin á fulla siglingu með spíritismann og er í samböndum við ýmsa miðla sem koma heim á Hlaðir þar sem haldnir eru miðilsfundir. Þessum fundum lýsir Ólöf í bréfum sínum til ekkjunnar Guðrúnar.³ Þorsteinn, sem og raunar fleiri skáld, kemur þar fram og í bréfunum eru ýtarlegar lýsingar á orðaskiptum Ólafar og Þorsteins. Hún meira að segja lýsir því í einu bréfi til Guðrúnar þegar Jónas Hallgrímsson kom í gegnum miðilinn og hóf frásögn af því hvernig Ólöf og Þorsteinn kvöddust í Reykjavík eftir dvöl hennar þar sumarið 1914. Hinn framliðni Jónas segir að hún hafi kysst hann í borðstofunni en sjálf vill hún ekkert við það kannast. Það er athyglisvert að hún er enn að gera sjálfa sig og samband sitt við Þorstein spenn-

1 *Lbs* 4165 4to – Bréf Ólafar Sigurðardóttur til Þorsteins Erlingssonar, ritað 10. maí 1888.

2 *Lbs* 4165 4to – Bréf Ólafar Sigurðardóttur til Þorsteins Erlingssonar, ritað 24. október 1895.

3 Guðrún og Ólöf voru byrjaðar að skrifast á áður en Þorsteinn dó. Bréf þeirra eru varðveitt í handritadeild Landsbókasafnsins.

4 *Lbs óskráð* – Bréf Ólafar Sigurðardóttur til Guðrúnar J. Erlings, ritað 16. mars 1915.

andi og leyndardómsfullt.⁴ Guðrún og Ólöf skrifast á um nokkurn tíma og Þorsteinn er jafnan aðalefni bréfanna. Ólöf getur flutt henni fréttir af mannum hennar framliðnum og ber kveðjur og skilaboð þeirra á milli. Einnhvers konar ástarþríhyrningur myndast sem kallast á við eldri bréfin, þegar Ólöf færði Þorsteini fréttir af annarri konu í lífi hans frá öðrum tíma, „bláu augunum“, sem einnig gekk undir nafninu Hún, eða Jarþrúði Jónsdóttur unnustu Þorsteins til margra ára.

Bréfunum er skipt niður í sex kafla sem eru hafðir í réttri tímaröð. Bréf Ólafar og Þorsteins eru birt á víxl, eins og kostur er á. Einnig eru hér birt bréfaskeipti Ólafar og Guðrúnar J. Erlings, ekkju Þorsteins. Bréfaskeipti þeirra koma í beinu framhaldi af fyrri bréfum og fjalla, eins og áður sagði, mest um sama efni, samband Þorsteins og Ólafar.

II. 1883-1885 – Fyrstu skrefin

Þau bréf frá 1883-1885 sem hér eru birt eru öll frá Þorsteini utan það fyrsta; það er jafnframt eina bréf Ólafar sem finnanlegt er í handritadeild Landsbókasafns frá tímabilinu og markar upphafið að bréfasambandi þeirra. Ólöf hefur leikinn frá Reykjavík eftir að Þorsteinn yfirgefur Ísland og siglir til Kaupmannahafnar í nám, án þess að kveðja hana.

Ástæðan fyrir því að bréf Ólafar frá þessum tíma hafa ekki varðveist er sú að hún bað Þorstein að brenna þau. Það gerði hann eftir að hafa skrifað upp úr þeim það sem hann vildi eiga. Þær heimildir eru að öllum líkindum glataðar. Þorsteinn fór fram á hið sama við Ólöfu, en sem betur fer hefur hún ákveðið að geyma þau. Frá árinu 1884 hafa einungis þrjú bréf frá Þorsteini varðveist en við lestur þeirra má sjá að þau hafa upphaflega verið fleiri. Frá árinu 1885 hafa fimm bréf Þorsteins varðveist. Bréfaskiptin virðast því hafa verið frekar regluleg í upphafinu, en tekið mið af skipaferðum og árferði.

Á þessu tímabili bréfasambandsins þera þau hvort annað þrátt fyrir að vera trúnaðar- og skáldavinir. Þorsteinn og Ólöf skiptast á skoðunum um samband karls og konu, ástin er þeim hugleikin og hugmyndir manna um hana. Þau slúðra um Íslendinga heima og í Kaupmannahöfn og skiptast á ljóðum. Þorsteinn er iðinn við að greina frá kostum og göllum í ljóðum Ólafar, og ráðleggja henni hvernig best sé að takast á við lífið og tilveruna.

Reykjavík 22/10 83.

Hr. Student Þorsteinn Erlíngson.

Þjer eruð skríttinn skiptavinur. Þjer rjúkið af landi burt svo enginn veit, og kveðjið hvorki „Kóng nje jarl“. Eg kalla það svo að kveðja mig ekki. Hvaða gaman getur yður verið að gjöra mjer þessa fyrirhöfn, að lofa mjer ekki borga yður stólana áður enn þjer fóruð, og minna að láta mig vita hvað þeir kosta? Eg sendi 12 kr. Eg veit það er ekki nóg, svo þjer getið fengið meira ef þjer viljið síðar. Þó yður sje illa við að fá brjef, sínist mjer að þjer hafið unnið til þess, og vona því og óska fyrirgefningar. Ef þjer hefðuð sama Interesse fyrir mjer sem eg fyrir yður sem

skáldi og fræðimanni¹ væri óskandi skemtun að skrifast á við yður. Eg veit og treisti – að þjer eruð svo skinsamur, að þjer ekki haldið mig svo skemtilega vitlausa, að vera forelskaða í yður, þó eg skrifi svona. Síðan í firra skoðaði eg yður sem dreinglindan vin sem eg treisti til ins besta, og vildi gjarnan vera skoðuð af yður viðlíka í því tiliti. Ef ég gæti gjört nokkuð fyrir yður einhverntíma, vil eg gjarnan fá að vita það.

Njótið als ins fagra, og svalið og fullkomnið yðar stóru sál. Lif vel! Og þakk fyrir það sem þjer hafið gjört fyrir mig.

Með vyrðingu.

Ólöf.

E.S.

Eingin skil hef eg fengið með blaðadótið mitt, þó vonaði eg eptir því daglega. Eg skil það ekki.

Eg sendi nærföt yðar til P. Ó. Jónhsens einu sinni í forsigluðum pakka, eg vissi ekki hvar þjer bjugguð og veit ekki hvort þjer fenguð þaug.

Þjer hafið got af að koma til Sigríðar Helgadóttur á Fridrikshospital, hún er mikið merkileg stúlka, og til hennar koma margir landar. Fyrirgefið.

17. Apríl 1884.

Góða Ólöf.

Bestu þakkir fyrir síðasta brjefið. Mjer þótti mjög leitt hve þrælslega fjandinn hann Sigurður í Bráðræði hefur svikist um að bera brjef mín, því þau sem jeg sendi með honum hafa öll á sömu forlögum að sæta og yðar, að hafa komið í ótíma. Jeg veit hvei leitt það er að líða lengi eftir brjefum, sem mann lángr til að fá. En þegar maður þarf að senda um 20 brjef heim, þá freistast maður til að láta þau í böggla, svo það verði ekki alt of dýrt. Jeg hef pantað Gratiellu frá Þýskalandi, en hún er ekki komin enn þá en með næstu ferð fáíð þjer hana áreiðanlega. Þjer meg-ið ómögulega senda mjer penínga fyrir hana, því þá hætti jeg hreint að hafa gaman af að senda yður þó jeg sæi eitthvert kver, sem þjer gætuð haft gaman af. Jeg segi yður satt að þýskar smásögur eru fjarska ódýrar á þýskunni, þó þær sjeu dýrar í þýðingum.

Gaman hef jeg að vita hvernig það gengur með þýskuna og bláu augun, jeg væri orðinn dauðhræddur um kjaftinn á mjer ef jeg tryði yður ekki eins vel og sjálfum mjer, óhætt er að reyna, einkum ef meðmæli gæti fengist, en jeg veit engin ráð til þess, jeg er svo ókunnur öllum forholdunum.

Ekkert er að frjetta; hjer er alt eins og vant er og óvenjulega rifrildis lítið milli landa. Þau „skáldin“ og þeirra fylgismenn biðu mjög mikinn ósigur fyrir okkur, mótflokki sínum í Bókmenntafjelagsmálinu og una ið versta sínum hag. Nýa trú-

1 Hér á eftir hefur verið strikað yfir í handriti: „eg væri karl enn ekki kona“.

lofun get jeg sagt yður aldrei þessu vanur, það er trúlofun þeirra Páls Briem og Kristínar Guðmundsdóttur frá Auðnum. Sá „þjetti leir“ er ekki alstaðar til óhamingju í heiminum. Annars skil jeg varla hvernig það fer, hún rær í spiki og er jöfn á alla vegi, en hann hángir mjög erviðliga saman. Það kom hjer mjög flatt uppá alla og afgerðist víst á mjög stuttum tíma. Það fer náttúrlega alt vel; en hitt er víst að ólíkari persónur að ytra álitu hafa aldrei tekið höndum saman síðan guð bauð Adam og Evu að aukast og margfaldast og uppfylla jörðina.

Mjer líður vel; maginn er að lagast og annað hef jeg ekki útá lífið í heimi þessum að setja en álagið sem stundum er að koma á hann. Þá á jeg eftir að þakka yður fyrir þá ánægju sem þjer gerið mjer með því að senda mjer öðru hverju vísu og vísu. Það er hreint ekki af verri endanum sem þjer sendið mjer með þessu brjefi, þó ber síðasta vísan lángt af hinum nefnil. Þessi „Þá æfinnar haustkvöld“ etc., um kvæðið alt er gott og eitthvað nýtt í því, því það er sjaldan að menn láti ástmey vera mjög eldri eða yngri en elskhuga, það væri gott ef það gæti ætíð farið eins vel og í kvæðinu yðar. Vísan til Haldórs er góð og fyrri parturinn ágætur, jeg hefði heldur óskað að seinni parturinn hefði ekki fylgt, því það er ef til vill áhrifa meira fyrir lesandann, að fá að lesa hann á milli línanna á þeim fyrri, og þá á hver maður með fullum skilníngei að geta. Þó er hann ekki nærri því eins óþarfur og margar samskonar skýringar hjá Steingr. Um Matta og Gröndal tala jeg ekki, ja Gröndal mun ekki hafa svo mikið af þeim. Því er verr og miður góða Ólóf að jeg get ekki sent yður nein kvæði því jeg yrki ekki neitt og fá af eldri kvæðum svo löguð að jeg nenni að skrifa þau upp. Mjer detta reyndar í hug í þessu augnabliki vísur sem jeg gerði einu sinni heima í Fljótshlíð á mínum draumárum til sólarinnar.

Um kvöld

Enn þá má ég eina stund
Áður dagur líður
Renna augum upp frá grund
Á þig röðull blíður,
Meðan kyrrir kríng um mig
Kvöldsins geislar brenna,
Til að geta tignað þig
Til að sjá þig renna.

Láttu nú við svalan sjá¹
Síðstu geisla þína
Vestur-heiði vefja frá
Vonarstjörnu mína

1 Strikað er yfir orðin *frá svölum* og sett við svalan ofanmáls.

1

Sem að breiðir björt og há
Bláa fram við strauma
Geisla sína alein á
Alla mína drauma.

Ó hve fagur ertu þá,
Ó hve mig þú gleður,
Er þú stígur ægi frá,
Er þú löndin kveður.
Ó hve gott á geislinn þinn,
Geislinn sem þú stráir
Á það sem að andi minn
Alla daga þráir.

Þessar vísur gerði jeg líka um daginn í miðju brjefi sem jeg sendi frændkonu minni heima á bænum þar sem jeg er alinn upp.

Fyrir var oft í koti kátt,
Krakkar ljeku saman;
Þar var löngum hlegið hátt,
Hent að mörgu gaman;
Úti' um stjettar urðu þar
Einatt skrítnar sögur
Þegar saman safnast var
Sumarkvöldin fögur.

Eins við brugðum okkur þá
Oft á milli bæja,
Til að kánkast eitthvað á
Eða til að hlæja;
Margt eitt kvöld og margan dag
Máttum við í næði
Æfa saman eitthvert lag
Eða sýngja kvæði.

Bænum mínum heima hjá
Hlíðarbrekkum undir
Er svo margt að minnst á
Margar skrítnar stundir.

1 Strikað er yfir vísuorðið *sem að blið og h.*

Pví vill hvarfla hugurinn,
Heilla vinir góðir
Heim í gamla hópinn minn
Heim á fornar slóðir.

Fyrirgefið Ólöf nú nenni jeg ekki að skrifa meira og kveð yður svo og óska yður als góðs og er yðar einl. Þorsteinn.

Garði 24. ágúst 84.

Heiðraða Ólöf!

Mjer þykir mjög leitt að heyra á brjefi yðar, að þjer skulið vera svo veik og enn verra, að þjer búist við að það muni vara lengi, og þessa verst að þjer vitið ekkert hvað það er. En jeg legg nú á og mæli um að þetta brjéf hitti yður nú heilbrigða eða minnsta kosti á bezta batavegi ef þjer aðeins verðið lifandi. Jeg skal gjarnan gera það yður til þægðar, að hætta þeim brjefa stíl sem við höfum átt saman í vetur í þessari blessaðri hjónabands þrætu. Jeg hefi líka gert yður þann greiða, að skrifa upp, það sem jeg vildi muna úr brjefum yðar og brent svo eiginhandarritinu, svo hönd yðar er ekki að finna í mínum vörzlum og það er alt nafnlaust geymt, svo þjer þurfið ekki að bera kvíðboga fyrir því á banasænginni, að hjá mjer sje geymdur neinn óheiðarlegur minnisvarði yfir yður; en af því jeg hefi nú gert þetta, þá vona jeg að þjer gerið hið sama, fyrir mín orð, ef þjer komist einhvern tíma á lappirnar, og sama bið jeg yður að gera við þetta blað.

En jeg hefi ekki gert þetta af því, að jeg hafi álitid neitt af því svo ósæmilegt sem í brjefum okkar hefir staðið, því fyrir mitt leyti stæði mjer á sama þótt allir sæju mín brjef ef þeir hefðu það til samanburðar hvað jeg er að svara, svo það yrði ekki alt saman tóm vitleysa, því það vil jeg ekki. Jeg vona að þjer gerið þetta fyrir mig og ef þjer viljið virða eitthvað af bulli mínu þess að skrifa það upp, þá er yður það heimilt, en nafnlaust verður það að vera, því svo hefi jeg gert við yðar.

Annars vona jeg að ið síðasta brjef mitt hafi bætt úr inu fyrra en jeg vona að þjer gerið mjer þá ánægju að segja mjer álit yðar um það, það þarf ekki að vera langt og ennsíður nákvæmlega farið inn á efnið því það held jeg sje full rætt. En þegar þjer eruð búin að vera gift Haldóri eða einhverjum öðrum í 6-8 ár, þá er ekkert á móti, ef fundum okkar bæri saman, að minnast á fornar deilur, einkum ef jeg þá væri búinn að reyna lítið eitt á hjónabandið líka.

Frjettir eru fáar, mjer líður vel, jeg er að lesa lögfræði, til þess að komast í stöðu og geta farið að gifta mig.

Gísli stúdent Guðmundsson tók uppá því hjer um daginn að vilja ekki lifa, svo hann stakk sjer fyrir borð á gufuskipi á leið frá Jótlandi, en enginn veit neinar orsakir til þess verks.

Steingrími þori jeg ekki að skrifa um þýsku námið fyrri en jeg fæ brjef frá yður og veit að þjer að minnsta kosti lifið.

Þjer skulið fá rækilegra brjef frá mjer síðar, þegar jeg veit hvernig yður líður og þangað til er jeg yðar Þorst. Erlíngsson.

Garði 8. nóv. 84.

Góða vinkona.

Það var von að þjer dæmduð mig hart fyrir svikin og hirðuleysið, í síðasta brjefi yðar, en það hefðuð þjer þó ekki gert, ef þjer hefðuð vitað tilverknaðinn eins og hann í raun og veru var. Jeg hafði nefnilega skrifað yður mjög rækilegt brjef, en það komst ekki nema til Skotlands og svo fjekk jeg það aftur eftir viku, því jeg setti nafn mitt á bakhliðina til vonar og vara. Það hafði nefnilega ekki náð í skipið og sama var með 2 önnur brjef sem jeg og annar maður átti; póststjórnin hjer hafði nefnilega svikist um að senda það með kvöldtoginu, og svo var alt of seint. En það brjef eyðilagði jeg í reiði minni, enda er það orðið á eftir tímanum. Látta brjefið yðar þakka jeg hjartanlega og kvæðin einkum og sjerí lagi. Það var langt frá því að jeg væri ið minsta gramur eða fornermaður, svo þjer hefðuð enga afsökun þurft að gera í þá átt. Við höfum bæði skrifað eins og okkur datt í hug í þann svipinn, og að fara að þólera hugsanir sínar þegar kunningjar eiga í hlut, er engin þörf, það sem þjer og jeg hafið skrifað mun standast á, svo hvorugt þarf annað forláts að biðja.

Hvað ást „ykkar kvenna“ snertir þá segið þjer það hverju orði sannara að hún er svo misjöfn sem maðurinn er, og sama má víst segja um ást vora karla. Auk als þessa, er ást hvers mans mjög komin undir því, hvers konar ást hann mætir, það gildir jafnt um karla og konur. En undir engum kríngumstæðum get jeg fallist á ráðleggíngu kalsins yðar, nema því, að eins að þjer eigið hálfíllan og ótrúan mann, og sem þjer þó ætlið að búa saman við áfram, þá getur það verið gott, annars ekki. Ráð við inum næmu áhrifum yðar, get jeg því miður ekki gefið, jeg hefi einu sinni verið ekki als ólíkur í því, en það er langt síðan, og það hefir farið af mjer, við það kritisjera lífið og lesa þær bækur, sem hjálpa mjer til þess að þekkja mannlegt hjarta og hugsanir rjett. Inir frönsku, þýsku og dönsku rómanar voru nærri búnir að gera mig vitlausan í draumum og ofsjónum á lífinu, en svo sá jeg á endanum að í þeim voru lýsingarnar eintóm svik og lýgi, því þeir lýstu mannkyninu eins og það ætti að vera en ekki eins og það er eða er mögulegt að vera, og því eru þeir bara til íls. Þetta hefi jeg fundið smám saman, með því að bera þá saman við heiminn í kríngum mig, lífið er hvervetna sjálfu sjer líkt og hvergi eins og þeir.

Það er ekki ofsögum sagt af ykkur Steingr., þið eruð bæði þær mestu kynjakindur sem jeg hefi þekt, það er synd að koma ykkur ekki saman, en jeg get það ekki enn þá, því jeg á í dálitlu stríði við hann nú sem stendur, en í næsta brjefi er því lokið og þá skal jeg minnast yðar loksins. Hann er bókstaflega feiminn við yður og jeg er dauðhræddur um að hann þori ekki að eiga neitt við yður fyrir henni Guddu, og kannske fyrir sjálfum sjer, mjer líst hreint ekki á aðfarir hans við yður, en jeg fæ nú að vita það alt ef jeg hefi uppburði til að spyrja hann hreint og beint

um það en þá verð jeg að fá leyfi til að sýna honum það sem mjer þykir best af kvæðum yðar, því þar er þó helst höggstaður á honum, og hann veikastur fyrir, því kvæði eru hans yndi, og hann er einmitt hneigðari í yðar stefnu en jeg, og líkari yður að hugsun. Og auk als þessa mætti það vera dauður maður, sem ekki finndi neitt í kvæðinu „Í bæ þeim“.

Ráðleggíng mín til yðar að giftast ekki, var nú kannske ekki blá alvara, yfir höfuð að tala, en eins og þjer máluðuð hjónabandið, frá þess betri hlið og ef þjer endilega væntust eftir svoleiðis hjónabandi, þá var það heilræði, sem þjer ættuð helst að hlýða; en jeg vona þegar þjer hugsuð yður betur um, að þjer gerið ekki absolút slíka kröfu til hjónabandsins, og að kaupa jafn dýrt móður-yndið eins og aðrar konur, er alveg rjett hugsað, en það má líka vel heimta af glöggsæi yðar að þjer gáangið ekki alveg jafn-blint og dreymandi að hjónabandinu, eins og margar stúlkur gera, og skapa sjer með því æfilángt böi að óþörfu. Gáangi maður í hjónabandið með þeirri meðvitund, að *maður* eigi að lifa með *manni*, og vonist ekki eftir neinum táknum og stórmerkjum ástar og yndis, sem væri jafn heitt alla æfi, þá skal jeg ábyrgjast hjónabandið, ef mennirnir eru ekki neinar sjerlegar undantekningar, eða stakir gallagripir, því við þeim getur enginn sjéð. Það er satt, það er lífsspursmál að eiga vin, sem maður getur trúað, en heimti maður *cf mikið* af honum, þá getur hann orðið manni til böis og harma, og það því fremur, sem hann er betri og tryggari, því þá grær það þeim mun seinna ef hann er særður.

Ráðið góða er það, að borga yður í sömu mynt. Það sýnist reyndar hvorki vera fallett ráð nje vingjarnlegt, en svo framarlega sem þið hirðið baun hvort um annað, þá mun það leiða til þess, að það gáangi ekki í neinu þegjandi þófi sem er það versta, heldur munið þið tala saman, þó þið rífist gerir ekki baun, það mun leiða annaðhvort til sátta eða fullkomins skilnaðar, og er hvort tveggja hátíð hjá þegjandi ósamlyndi og launbralli, sjeuð þið bæði saklaus, er öllu óhætt, og um yður er jeg satt að segja óhræddur. Ekki þurfið þjer að óttast fyrir, að jeg fari að hvísla að honum neinu um „ókosti yðar“ því bæði eru mjer þeir lítt kunnir og svo þarf sjaldnast að benda mönnum á þá, í hjónabandinu munu menn oftast finna þá sjálfir. Nú skal ég minnst á kvæðin.

Fyrsta kvæðið „Óráð“ er laglegt og alveg rjett ort, það er alkunn hugmynd, nefnil. yfirlit deyjandi mans yfir horfið og brugðið ástarlíf, og er fremur vel útfært, og síðasta vísan góð. „Og heltu eitri“ o.s.frv. er ágætt.

Gísli B. er gott kvæði og líka mjög vel kveðið, en það kemur mjög óheppilega niður, því hann hefir alla æfi verið mjög skilningslaus á alt nema smjaður-polítík og þegar tekið er undan kvæðið þettað „Hvert ertu farin in fagra og blíða“ þá eru öll hans ástarkvæði óeðlileg og ákaflega barneruð og óskáldleg að mjer finst, og eftir því sem nýtilegt er í kvæðagrúa hans að dæma, þá er maðurinn ónátúrliga innantómur.

Þriðja kvæðið: „Huld tilfinning“ etc. er of lítið útfært í hugsuninni og verður því nokkuð óljóst. Jeg er ekki vissum að menn alment skilji það sem band, sem er milli fyrri og síðari helmíngsins í seinni vísunni. Ef við finnumst einhverntíma

skal jeg tala betur um þetta og næsta kvæði. Jeg skal þó geta þess um „Sumarnótt“ að mjer finst dálítið ónáttúrulegt, að fyrsti faðmlagafundurinn sje svo ógnandi, með böli og harmi framtíðarinnar, að hann geri elskendurna óróa og vansæla, það er valla nema ástin sje eitthvað í meinum, og þá þarf það að sjást á kvæðinu. „Til Dalsins“ er það sem Danir kalla „lyrisk Udbrud“, það er ljómandi vísa og svo ljett og elskuleg, að maður eins og þekkir hana, líkt og gamlan kunníngja, þó maður hafi aldrei heyrð hana fyr. Hún er hrein perla. Jeg gæti með mestu ánægju sjéð hana standa í ljóðbók eftir mig. Sama og alt eins er að segja um næsta kvæði „Til söngsins“, það er ljómandi kvæði að formi og efni og ekki blettur á því nje hrukka, nema jeg kann ver við „fíólíns-gullstrengir“, en ef þar stæði eitthvert annað lýsingarorð, en það er sem ekki neitt, kvæðið er ljómandi, og miklu betra en „Til söngsins“ sem St. Th. hefir þýtt í Jónasar heftum. Síðasta kvæðið er „ofar mínu lofi.“ Það er eitt af inum bestu kvæðum sem jeg hefi sjéð og jeg vildi gefa til að hafa ort það. Jeg hefði máské orðað það lítið eitt öðru vísi, en það hefir ekkert að segja. Jeg skal að endíngu þakka yður sem best jeg get fyrir það yndi sem jeg hefi haft af að lesa in 3 síðustu kvæði. Jeg myndi feginn gera yður sama greiða ef jeg gæti, en jeg hefi því miður fá kvæði, sem jeg gæti borgað þessa skemtun með, ef jeg lifi lengi þá skal jeg reyna það síðar.

Par næst set jeg hjer ágætar þakkir fyrir brjefið með Láru. Gaman mikið að frjetta af fjelagi þeirra Odds og V. Það hefði farið fyrir ofan höfuð og neðan fætur ef þjer hefðuð ekki sagt mjer það. Getið þjer látið mig heyra vísur Klemensar um Bertel og Einar? Jeg hefði gaman af því ef þær eru góðar. Steingrími skrifa jeg sem sagt næst, því nú eins og stendur er það bara til íls. Jeg vona að Ásgeiri líði vel í hjónabandinu, minsta kosti fær konan engan viðvaning og það er strax kostur ekki satt? Það er miklu nær að færa hana á listann en að eyðileggja hann!! Það er leiðinlegt ef Haldór er orðinn þjáður af afbrýði strax, þjer megið ekki segja honum of mikið fyrri en þjer getið talað við hann orði til orðs það getur verið hættulegt. Það er munur þegar maður getur talað rólega saman og komið í veg fyrir allan miskilníng, sem hæglega getur orsakast af óljósum brjefaskriftum. Þá reglu vildi jeg geta haft sjálfur.

Um „Over Skær og Brænding“ skal jeg skrifa yður síðar, jeg hefi ekki lesið bókina, en á C. Andersen hef jeg ekki mikla trú.

Setjið þjer bara saman sögu og þó þjer viljið margar, þjer getið sent mjer afskrift jafn ótt, það kostar ekki mikið að senda það, sem krossband yfir England. Jeg skal leiðbeina yður ef jeg get með málið.

Nú fer jeg að hætta þessu góða Ólóf og enda með þeirri ósk, að yður líði betur nú en þegar þjer skrifuðuð síðasta brjef yðar. Það þarf að vera ofurlítið bjartara, svo andinn geti notið sín. Jeg á enga færri myrkar stundir í mínu lífi en hver annar, og það því síður, sem margt hefir oft hjálpast að, að gera mjer lífið svo bólfað, sem audið var, en jeg hefi smám saman lært á því tókin þó sá lærdómur hafi kostað mig alt of mikið. Jeg finn það vel, að jeg græt ekki sömu tárur nú og fyrri og elska

ekki með sömu elsku, alt þetta hefir breyst og sumt til verra, og áhrifin nú miklu minni, því eftir því sem maður eldist, kemur manni færra á óvart.

Reynslan sýnir hvernig lífið er, og maður hættir að trúá á kraftaverk, áhrifin minka og áhrifin fækka, hugurinn kyrrari og skapið rólegra. Svona hefi jeg orðið og er farinn að kunna vel við það. Kvenfólkið er ekki lengur neinar undraverur fyrir mjer, jeg þekki það orðið eins vel og kallmennina og veit, að það hefir líkar tilfinningar og líkar þarfir og eru yfir höfuð að tala menn eins og jeg, og jeg sætti mig við það að fá mjer konu af því tagi. En þetta hugsaði jeg mjer alt á annan veg þegar jeg var yngri. Þegar jeg fór frá Fljótshlíð einu sinni suður þá gerði jeg kvæði sem þetta er í.

Mörg in vænstu vonar-blóm
Voru hjá þjer kvalin
Og við þúngan dauðadóm
djúft í moldu falin.

Glögt jeg líka heyri hljóð
hvíld með dauða höfum
Óma þar mín ástarljóð
upp úr djúpum gröfum.

Svo hætti jeg þessu og bið yður fyrirgefningar á blaðrinu og óska yður als góðs

yðar einlægur vin

P. Erlíngsson.

Regentsen

12. janúar 1885.

Góða Ólöf.

Það er von að yður þyki kynlegt að fá frá mjer brjef skrifað með blýanti og því verð jeg að afsaka það strax. Jeg hefi nefnilega verið lasinn nú um tíma í maganum (átt ílt með að melta) og svo þvínigast af gylliniæða bólgu og á því mjög vont með að sitja við að skrifa, jeg legg mig því upp í sófa til þess að þakka yður fyrir brjef yðar og sendingu með Láru, en það verður alt í ólestri af því jeg er aldrei með sjálfum mér þegar jeg er veikur, en verði mjer lengra lífs auðið skal jeg reyna að borga það betur, jeg er heldur að skána og vona, að jeg þurfi ekki að brúka blýantinn margar ferðir, þó er ekki gott um það að segja því þetta kvað jafnan vera ónotalegt og oft lángvint.

Það skuluð þjer vera viss um að ekki hefðuð þjer orðið minna hissa að sjá til mín þegar jeg var að rífa upp úr kassanum en jeg hefði orðið að sjá yður frammi fyrir St. Th. Það gekk svo fram að mjer að jeg vissi ekki hvernig jeg átti að láta og

svo kom hákarlinn þá kastaði alveg tólfunum og svo sviðin og súrmetið, þessi ómetanlegrar dýrðar eilífa þýngd sem jeg hefi alla mína æfi kviðið mest fyrir að skilja við á jarðríki, hángnaketið og kæfan, jeg geymdi þetta alt og átti þó mjög ílt með það, þangað til á gamlárskvöld, þá hafði jeg með mjer 2 kunníngja mína til þess að gera hissa með hákarlinum og svo keyfti jeg brennivín, því það heyrir til, þeir urðu steinilostnir sem von var, og trúðu ekki augunum því slíkt er óvani hjer að sjá það. Jeg var reyndar búinn að bíta í hákarlinn. Þetta fór fram kl. 10 hjá mjer því þá vissi jeg að þjer mynduð búast við mjer jetandi, því þá var hún einmitt 8 hjá yður. Jeg er eins og þjer vitið einlægt 2 tímum á undan í tíðinni, svo átum við og gerðum oss glaða og jeg sendi yður í huganum svo gott þakklæti sem jeg átti til heim yfir hafið, en vindur og öldur voru á móti svo það er við búiið að það hafi orðið úti en þjer fáiið ræfilinn af því nú meira er það ekki, því þá var jeg heill og kátur en nú er mjer svo bölfanlega ílt í maganum og má ekki hugsa til þeirra Sæludaga.

Jeg vildi bara að það mætti liggja fyrir mjer að gera yður eitthvert yðar Gamlárskvöld dálítið notalegt fyrir hugsunarsemi yðar. Dúkurinn er ágætur, hann var bældur og er nú hjá skraddara og jeg á að fá fót úr honum í næstu viku. Jeg skal segja yður rækilega hvað jeg tek mjer fyrir hendur í honum fyrsta daginn. Það verður víst lítið, því helvítis maginn eyðileggur alt fyrir mjer um þessar mundir. Sokkarnir voru fullboðlegir handa landshöfðingja hvað þá handa simplu sýslumannsefni, jeg tími varla að fara í þá svona eru líka vetlingarnir, eitt afbragðið, mjer hefir altaf verið heitt á höndum síðan, það er eins og mjer geti ekki kólnað, jeg þarf varla annað en hafa þá í vasanum, það var í stuttu máli alt yður samboðið, og sárt að geta ekki fyrir ólund og veikindum sent yður svo mikið sem handaband; það kemur síðar!

Það var gott að þjer hittuð á Daníel, það er einmitt mín önnur hönd heima, góður drengur og mjer trúur. Ja, historían ykkar Steingr., jeg hló mig hreint dauðan að ykkur, hvað þið hafið bæði verið nauða kómísk! Hann hefir náttúrlega haldið að þjer væruð bálskotin í sjer, og viljað verða sem fljótast laus við þann vanda og svo hefir alt farið svona öfugt hjá ykkur báðum. Jeg skil þetta svo undur vel á báðar síður, og var heppilegt að það var um garð gengið áður en þjer skrifuðuð mjer, því nú með þessari ferð ætlaði jeg einmitt að bera yður fram, en nú verður að fresta því til síðari tíma og ekki víst það takist, fyrst hann hefir einusinni afsakað sig, kúnstin hefði verið að geta búiið svo um hnútana að hann hefði ekki getað borið tímaleysi við, það væri ekki úr vegi að reyna þetta síðar, en í vetur er það ekki til neins. Við hvað hann unir er mjer ekki ljóst, það er helst við það sem hann er að lesa og yrkja og það sem við ber daglega og svo við að tala um það við okkur kunníngja sína.

Það sem okkur hefir borið á milli er út úr ýmsu fyrirkomulagi á Íðuni og ýmsu í henni, það er nú alt klappað og klárt. Það af „börnum yðar“ sem jeg lofaði mest fyrir vísdom og vænleik man jeg ekki hvað heitir. Jeg gái mjög sjaldan að nafni á kvæðum en jeg kann það og læt mjer nægja að nefna þessar línur: „En falskt er að treysta sem einlægri ást, þeim eldi sem geðshræring bálar“ og „En sárt er þó engum að trúá“. Svona línur er maður óvanur að sjá í inum nýja kveðskap okkar Íslendínga og það eru þær sem gerðu krakkann svo laglegan í mínum augum. Um

kvæðið „Sumarnótt“ hefi jeg talað, og þykir það ekki neitt sérlega gott, það er minsta kosti ekki eftir mínu höfði, öðrum gæti vel þótt það ágætt, og jeg hef oft heyrt líkum kvæðum hrósað mjög mikið.

Pá er kvæðið sem þjer sendið mjer núna – bestu þakkir fyrir það – það er allra besta kvæði og helvíti hnyttið og vel hitt, en ekki veit jeg hvort okkur muni bera saman um hvað best er í því. Mjer þykir þetta best þegar traustið á töfraheiminum yðar er farið að bila „Jeg beygi mitt höfuð, og hljóðlega græt, minn himinn – hann var þó svo fagur“ og eins þetta „Þú flýgur í blindni, þú flýgur of hátt og svo fellurðu“ í ógæfuhafið“ og „Rengdu mig ekki, jeg examen tók“ o.s.frv. Þetta þrennt þykir mjer best og veit ekki hvert jeg set efst af því, það er máske minst varið í það síðasta, en það er vel hitt. Nú vona jeg að heyra hvað yður þykir sjálfri best, það getur vel verið alt annað, því margt í kvæðinu er ágætt.

Þjer haldið að lífið sjé leiðinlegt hjá þeim sem hvorki lesa né hugsu, jeg er ekki viss um að svo sjé, því meira sem maðurinn les og veit, því meira sem sjónarsviðið stækkar, því meira vaxa lánanirnar, og þeim mun meir fjölga þarfinnar. Það er reyndar ótrúlegt að menn geti á hverjum degi aukið andlega ánægju fyrir sálir sínar úr kokkhús slúðri og bæjarbulli, en það er líka kynlegt að börnin skuli una við glerbrot, leggi og völu.

Emil syrgir sáran og það því fremur sem það er sagt að sú lýgi gáangi heima, að hann hafi svikið hana, því það er ekki satt. Vita menn til að Sjána hafi hug á öðrum?

Annars er hjer fátt að frjetta. Kr. Riis og Kuld voru settir inn og sátu inni öll jólin fyrir það að einn danskur maður klagði þá fyrir að hafa haft ósæmandi orð um kónginn hjer inni á kjallara einum. Riis kom út fyrir viku fríkendur og sagt að Kuld komi út þessa daga.

Alt er í friði með löndum og ekki rifist baun. Við ljekum komidíu á Þorláksmessu og hefi jeg þá ánægju að senda yður prógrammið, það var góð skemmtun og leikið allvel. Þeir komu þar að setja útá E.H. og Bertill og sögðu að Stefán ljeki vel, jeg þolanlega, hitt væri undir „al kritik“ og stykkið líka. Jólin hafa liðið með kyrrð og ró, jeg hefi verið heima lengst af og lesið og kjaftað. Sagt er að Bertill eigi að verða ritstjóri Heimdals framvegis og er víst satt. Smith er dauður. Kólera engin neinstaðar og tíðindalaust um allan heim. Tobba er hjer að skrölta vitlaus og Eggert að safna fje handa henni, sjálfur hálfvitlaus líka.

Í þessum svifum er mjer sagt, að brjef muni eiga erfitt yfir England og þá getur svo farið að þetta verði að bíða eina ferð, jeg gat ekki varað mig á þeim þremli, því allir treystu því, svo ef þjer fáíð ekki þetta brjef þá munu margir verða brjeflitlir heima. Brjefið sem jeg læt innaní bið jeg yður að láta í póstkassann, ef þjer fáíð þetta brjef með þessari ferð, annars gerið þjer svo vel að brenna því. Verði jeg frískur vona jeg að geta skrifað yður næst, en þó það bregðist, bið jeg yður að reidast ekki mjög mikið. Jeg skrifa í þetta sinn ein 5 brjef heim af 16 sem jeg þurfti að skrifa.

Nú fer jeg að hætta þessu og bið yður að fyrirgefa blýantssparkið úr mjer og svo

sendi jeg yður mitt besta þakklæti fyrir allan þann kostnað og fyrirhöfn sem þjer hefið spanderað uppá mig óverðskuldað með öllu.

Lifið þjer nú sæl og líði yður sem best.

Jeg er yðar einl. vin.

Þorst. Erl.

Garði 27/2 85.

Góða vinkona.

Brjefið yðar var hreint ágætt og svo mátulega langt þar á ofan, því það er galli á góðum brjefum ef þau eru oflöng. Jeg hló mig fyrst og fremst dauðan að sögunni um Tobbu og Bóka og Lárus, er hún virkilega sönn? Steingr. Th. skrifar mjer fáein orð enn það er alt svo óljóst að jeg gat ekki hönd á því fest. Svo var historían um Guddu; ógn hefur greyið átt bát, og það gladdi mig að lífsmark er ennþá með St. Th. Þjer segið líka svo lifandi vel frá umtalinu eftir á að það er yndi að lesa það. Það er svo líklegt og í alla staði svo trúlegt að það var mjer hrein nautn, og jeg get ekki þakkað það nógsamlega og því síður launað að verðleikum. Svoleiðis á við kollinn á mjer.

En jeg er einlægt að hugsa um þýskuna og yður, það er oflángt milli okkar Ólöf litla, en gætuð þjer ekki fengið neinn kvenmann svo sem mánaðartíma til að hafa tíma með yður. Jeg veit að hún með bláu augun kann þýsku eins og annað, en það er ekki víst að hún vilji gera það að hafa tíma nema með vinkonum sínum. Þjer gætuð víst ekki fengið neina af vinkonum hennar til að koma yður á framfæri? En í guðanna bænum má hún ekki, og enginn annar vita að jeg hefi bent á hana, en jeg veit að hún bæði kann vel og kennir vel. Ef það tækist, færi þá svo ólíklega, að jeg ætti að greiða atkvæði í því máli, þurfið þjer ekki að kvíða úrslitum, en þess vildi jeg biðja til launa að alt annað en mitt nafn yrði nefnt af yðar munni í þeim tímum, og jeg óttast heldur ekki slíkt. Jeg er svo hræddur um að Steingr. vinur minn verði tregur til að taka yður uppá sína arma, hann er slæmur ef illa liggur á honum.

Þjer viljið heldur ekki að líkindum leita til skólapilta eða stúdenta, þó það sje reyndar óhátt og jeg þekki góða drengi meðal þeirra til dæmis Jón Steingrímsson og fleiri sem gerðu það á augabragði, og gerðu það vel. Jeg sendi yður að gamni mínu smásögu sem er út lögð úr þýsku og ætlast svo til ef einskis yrði annars auðið að þjer læsuð þetta og þýskuna með, sem jeg skal senda yður með næstu ferð ef þjer viljið það. Sagan vona jeg að yður þyki ekki leiðinleg og margar fleirri gæti jeg fengið svoleiðis á þýsku því þær eru eins og sandur á sjávarströnd, en þar er mjög vont að fá dönsku útlekkingarnar og auk þess vondar og dýrar. En ef þjer gætuð haft not af því til að læra af þá má fá fáein stykki. Ef þjer tækjuð tíma, þá ættuð þjer og leggja mesta áherslu á málfræðina, svo þjer yrðuð sjálfbjarga sem fyrst. En lestrabók Steingr. mun nú vera að fæðast og það getur verið að þar megi læra kennaralaust.

Frjettir eru engar, alt í friði meðal landa og annað heyrði þjer alt af blöðunum.

Engin trúlofast svo menn viti og enginn slítur heldur þau bönd svo menn verði varir við.

Mjer er að batna í maganum, en þó er hann hvergi nærri góður, en það vona jeg hann verði bráðum. Friða kynið er svo langt frá mínum sjóndeildarhring að jeg get tæpast um það talað að kyssa stúlku, er valla að tala um hvað þá meira. Jeg yrki ekki baun, það er orðið úr móð hjá mjer, en mjer líkar vel það sem jeg fjekk frá yður, einkum þykir mjer ágætt „Þá æfinnar haustkvöld að höndum þjer ber“ etc. Það er ljómandi vísa. „Sem haf er mannsins hugur“ þykir mjer ekki eins gott og sumt annað, og hef jeg þó fátt útá það að setja.

Þegar jeg las vísuna: Þó æfinnar haustkvöld etc. datt mjer í hug sonnetta sem jeg hef gert fyrir löngu síðan og er svona:

Í kyrrð og friði blóm hjá blómi dvaldi
Á blíðu vori undir þessum steinum;
Þau brostu saman móti himni hreinum,
Og hneigðust fyrir röðuls geislavaldi.

Nú hefur saman svæft þau blærinn kaldi
Og saman liðin um þau fljetta greinum.
Þau lifðu aðeins lífsins föður einum
Og leynast bráðum undir mjallarfalli.

En elsku vina, ó að leyft mjer væri
Að eyða þannig hjá þjer dögum mínum
Og skoða drottins dýrð í vorsins heiði.

Uns kylrát hönd þann dauðadóm mjer bæri
Að deya með þjer, og í faðmi þínum
Og hvíla gleymdur hjá þjer undir leiði.

Þetta er ekki svo ólíkt og auðsjeð að það er af sama toga spunnið. En síðan jeg orti þetta, efa jeg að jeg geti elskað nokkurn mann svo lengi og heitt að jeg vilji eldast og deya með honum, jeg er dauðhræddur um að mig lángi til að vera einlægt úngur, þó jeg sjái að jeg er þegar farinn að eldast.

Annars líður mjer vel, ef veðrið er gott, því í illviðri liggur altaf illa í mjer. Nú fer jeg að hætta og bið yður að fyrirgefa þetta alt og láta mig vita hvort þjer nennið að reyna við þýskuna eftir útpýðingunni, það er eilíf uppspretta sem aldrei þrýtur, blessuð þýskan ef maður kann hana. Jeg gríp æfinlega til hennar þegar verst liggur í mjer.

Verið þjer nú margblessaðar og eilífum befalaðar af yðar einlægum vini
Porst. Erlíngssyni.

Eggert er hjer hálfvitlaus að drasla með Tobbu alvitlausa.

Garði 27/5 85.

Besta Ólöf.

Það er leiðinlegt hvað dæmalaust illa liggur á yður í brjefinu sem jeg fjekk með Láru og það bætist þar á ofan að jeg get ekki einu sinni skrifað yður ærlegt brjef núna, því jeg hef haft svo mikið að gera og er nú kafinn í skriftum og Lára fer á morgun og nú er komið kvöld, og jeg á enn þá óskrifað 6 brjef.

Jeg sendi krukkur yðar tómar og tappalausar til Daníels, en kærasta þakklæti fylgir þeim eins og þjer getið nærri. En viðvíkjandi þrjónaskyrtunum, þá er ekkert á móti þeim, nema það, að þjer gerið yður alt of mikinn kostnað mín vegna góða Ólöf, og jeg held að jeg eigi heilmikið af skyrtum. Hjedan er ekki baun að frjetta af neinu tagi. Páll fer heim með Stínu litlu og er glaður. Jeg sje engin ráð til að hugga yður núna, ef hann Haldór lagast ekki af sjálfum sjer þá get jeg ekkert við hann átt. Væri ólagið hjá yður þá væri kannske mögulegt að eiga eitthvað við það ef við værum saman, en svona langt í burtu er það alt verra.

Annars hef jeg enga trú á að aðrir lappi uppá svo-leiðist forhold. Það er alt undir því komið, að böndin liggi þægilega á manni, en liggi þau óþægilega eða vilji togna á þeim o.s.frv. þá er ekki neitt við það að gera. En hafi Dóra grey gert eitthvað fyrir sjer, þá skal jeg gjarnan *dæma* hann ef þjer viljið segja mjer alla mála- vexti, og segja yður hverja refsingu jeg dæmi maklega. Annars vil jeg hafa alla refsingar sem vægastar, og einkanlega er jeg á þeirra máli, sem vilja heldur afhöfðun en æfilángt fángelsi.

Jæja Ólöf góð. Jeg held það saki ekki baun þó þjer bullið í mig um H. jeg geri náttúrlega mínar athugasemdir, og ekki meira og svo hirðið þjer sem þjer viljið og látið hitt fara veg allrar veraldar. Það er ekki minsta baun í frjettum. Alt í friði og ró meðal landa þjer. Jeg yrki ekki neitt, en er að safna í sarpinn til ókomna tímans. Mig lángrar heim, en verð að láta það bíða fyrst um sinn. Það fer fjöldi heim t.d. Bogi, Valtýr, Páll og fl. Sumir fara síðar norður um land. Ósköp er þetta ónýtt brjef, jeg er sjálfur hissa á því. En þjer verðið að fyrirgefa það, og jeg lofa uppá æru og trú að skrifa betra síðar.

Mjer líður vel og eins óska jeg að heyra næst af yður, og að þau ský sem nú skyggja á verði þá farin og himinninn verði heiður og blár.

Lifið þjer ávalt sæl.

Yðar einl. Þorsteinn.

Garði 24. Júlí 1885.

Góða Ólöf.

Jeg er hreint ekki upplagður til að skrifa brjef – það er af skyldugu þakklæti, vilja og vana að jeg geri það, því það væri mínkun að slíkum manni sem jeg er, að láta jafn vingjarnleg og góð brjef als ólaunuð, eins og þaug sem jeg fæ frá yður.

Auðvitað gæti jeg þegið að í þeim væri dálítið meira smávegis um blessaðan náúngann, enn það er ekki svo gott við að gera, þegar hann gerir ekkert af sjer skömmin sú arna. Því ílt er að heimta meira af yður enn að þjer segið hvað hann gerir, að láta hann gera yrði ekki gott og ekki vinsælt.

Yfir ukkur Haldóri er jeg hreint grallaralaus, jeg get um það hvorki sagt gott nje ílt, og sje ekkert heppilegra enn það sem Sigurður Breiðfjörð segir einhvernstaðar um hjónabandið: „Hvort þú giftist eða eigi, iðrun taka kantu þess“. Jeg veit valla hvað jeg gerði í yðar sporum, jeg líklega sneri aftur, og getur þó vel verið, að jeg tæki það upp sem ver gengdi. Svo mikið er víst, að jeg þarf að þekkja alt miklu betur en jeg geri til þess að geta sagt baun um ykkur H. enn vel líst mjer ekki á það. Enn það er synd ef þjer þá aldrei getið átt neinn annan eða haft gaman af neinum öðrum karlmanni, því þá missið þjer alt of mikið af þessa heims lystisemdum. Því það skal jeg segja yður, að það er gaman að vera hjá okkur ef alt fer vel og við erum góðir, jeg get ekki hugsað mjer meira yndi fyrir stúlku, enn að leika sjer í faðmi á elskulegum unnusta, og láta vel að honum, það hef jeg að minsta kosti sjeð stúlku sælasta, og þeirrar sælu vil jeg endilega að allar stúlkur fái að njóta, og það þó mjer væri ekki jafn vel við þær og mjer er við yður. Enn auðvitað verður manni að þykja vænt um leikbróðurinn, því annars eru öll faðmlög og alt þess háttar, eins og að ganga berfættur á ís. Helst er jeg að hugsa um að fá mjer eitthvert þess háttar gaman ef jeg kemst einhvurn tíma heim að fróni, og læt það ekki baun í vegi standa, þó þær sje lítið eitt gildvaxnar, ef þær vilja slá til í brallið. Jeg sje enga ástæðu til að synja mjer og þeim um svo lítið. Svo ætla jeg að vita hvort þær una sjer ekki nógu vel, og segja yður svo síðar hvernig fer. Jeg er nú reyndar búinn að gleyma sumum hvurnig þær litu út, enn sumar held jeg kannist við ef vel liggur á mjer, þjer megið nærri geta að jeg verð einhvurnstaðar að ná mjer niður eftir alt múnkalífið í Kaupmannahöfn!! –

Ekki er svo að skilja sem jeg sje ekki hvurri skepnu þakklátari fyrir þrjónaskirtuna eða þrjónanærbuxurnar, það veit sá sem alt veit að jeg er, enn mjer þykir leitt að láta yður vera að fata mig, og þó enn verra þegar jeg á að fara að segja kærustunni það á síðan, sem jeg ætla að segja alt, því hún getur þá hugsað að fleirra hafi milli okkar farið enn jeg hef að segja, og er í rauninni vorkun, því það er víst sjaldan að dúnmjúkar nærbuxur sjeu ólaunaðar, þegar þær eru gefnar af góðum hug, og það rúmlega tvítugum manni, ekki satt? Þó verðum við að hætta á þettað, ef það er yður ekki alt of dýrt, því það ætti ekki að verða skóggángssök einsamalt, því ekki býst jeg við að geta gert nokkra slíka uppgötvun um hnjáskjólín hennar þó jeg næði í þaug, og þaug verður hún auðvitað að ættleiða, ef jeg á að gera það við nærbuxurnar.

Kvæðin yðar þykir mjer ekki eins góð og þaug fyrri, þó eru vísurnar til kalsins undantekning því þær eru mikið góðar, nema hvað mjer er farið að hálfleiddast „hugarland“ af því Símon Dala. og fleirri hafa riðið því svo mikið og eru búnir að margblómga það, þó ber minna á því hjá yður, af því samlíkíngin er svo góð og ljós.

Jeg yrki ekki baun og get því ekki sent yður neitt, þettað eru eingar undanfærslur eða viðbárur, því það er svo heilagur sannleiki eins og alt annað sem jeg segi.

Mjer líður mæta vel, jeg geri ekki neitt hvorki gott nje ílt, geing út þegar jeg nenni, fer í sjó og syndi á morgnana, og læt svo vera. Hjer er mjög friðsamt á Garði. Danskurinn er út á landi með húð og hári, og er þar að kyssa kærusturnar, svo hjer eru aðeins Íslendíngar, og þá ekki allir heima altaf, þeir verða að bregða sjer út, þegar fjörið verður of mikið fyrir þreyngslin á knæpunum hjer heima (við nefnum herbergi okkar knæpur). Hvað þeir þá hafast að skal jeg ekki segja, það fær einginn að vita fyrri enn á dómsdegi nema þegar þeir segja frá því sjálfir og það gera þeir nú reyndar oftast nær, þó það sje miður fínt ef dömur heyrðu. Skyldi kvennfólk segja hvað öðru jafn mikið innbyrðis og við segjum hvor öðrum? Það hefur mig oft lángað til að vita – .

Nú hafið þjer þá ánægju að hlýða á þá miklu viskunnar lúðurhljóma sem gella við í þingsölunum daglega, það er ævinlega gaman að heyra til þíngmanna einkum á Íslandi, þar sem önnur hvur ræða er einúngis axarsköft og persónulegar skammir. Jeg hlakka til að verða þíngmaður.

Enn nú verð jeg að hætta þessu í þettað sinn því, bæði er efni ekki mikið og tíminn þvertekinn fyrir mér. Yðar einlægur vinur Þorsteinn.

Garði 26/9 85.

Ja, nú veit jeg ekki hvurnig jeg á að fara með kunningjana, því nú hef jeg augnann tíma til að skrifa þeim og vonast þó hreint ekki eftir betri tíma seinna, og það undarlega er, að þeim mun nær sem alt geingur óskum fyrir mér, því minni tíma hef jeg, því nú á að lesa. Enn í miðlertíð, þakka jeg yður fyrir gott brjef, það er eins og vant er hjá únglíngunum að skuggarnir eru svartari og sólskinið bjartara enn hjá oss roska og reynda fólkinu, og þetta er þeim mun ljósara í brjefi yðar, sem þjer í rauninni segið alt *betur* enn aðrar skepnur hvað yður er í hug. Það er auðsjeð, að þjer hafið tekið einlægann og mjög ákafann þátt í dauðastríði Jóns Ól. á Þínginu. Jeg er líka mjög samhuga ykkur í því máli, enn náttúrlega er það alt hægara og stiltara hjá mjer enn yður, því blóðið er kaldara og taugarnar reyndari.

Einar Hjörli. er giftur og kominn til Ameríku með konuna, það var heldur lagleg kona rjóð og feit og þrekin. Og sömu trúar og hann. Jón Þorkelsson bróðir þeirra Eyjólfis og Páls er lofaður stúlku að norðan sem Carolína heitir. Misjafnt orð fer af henni og fáir öfunda hann af að kyssa hana. Klemens Jónson er líka lofaður, það er dóttir Stefáns í Gerðiskoti sem hann hefur nappað í, ekki ólagleg stúlka. Enn hvaða umbrot haldið þjer sje í bláu augunum. Jeg verð náttúrlega bráðforvitinn eins og þjer getið skilið þegar þjer sögðuð mjer það? Það er nú reyndar ekki von að þjer getið sagt mjer hvað það er, enn hitt getið þjer sagt mjer í hvorju ytri kennimerki þessara umbrota er fólgið. Það fæ jeg næst.

Hjer er friður og kyrð yfir öllu. Einginn talar aukatekið orð til annars af löndum, og allir eins og blóðteingdir bræður, og því get jeg ekkert sagt í frjettum.

Hvurnig líður Guddu? hvurnig Steingr? Ólafur Guðm. og Mánga Ólsen komu hínagað með skipinu og fjöldi Ísl. sem guð einn man hvurjir væru. Tobba tanta er orðin skolli brött að orðin æðsta ráð og samsetti hjá Eggert Gunn. sem er hjer og lifir á því að sögn að pránga með Jóh. á laun. Hún hvað verða orðin nær því óvitlaus þó ekki laus við alt enn þó þjer hafið náttúrlega öll ósköp að gera, eruð þið fleirri enn tvær, þjer og gamla skepnan í Holti frændkona mín?

Nú eru allir hættir að yrkja, það er eins og menn sjeu geingnir í bindindi með það um tíma. Steingr. er mesta stritla, og hefur nú staðið gjaldmjólka árum saman og guð veit hvað leingi. Gröndal hefur nú hreint látið keflíngunni og guð veit hvort hann getur kjeflst. Matti er svo smjerlaus og valla nema undanrenna sem úr honum kemur. Indriði er blyndur á öllum spenum og einskis þaðan að vænta – Hannes og Bertel eru kvígur og ekki nema að fyrsta kálfi svo þó þær sjeu efnilegar, þá er ekki von á eins miklu frá þeim eins og úr fullornu kúnum. Sjálfur stend jeg geldur, því jeg fæ ekkert að jeta nema hrakníng og, ef annars nokkur keflíng er í mjer, þá getur það ekki verið nema augun enn þá sem komið er. Annars þegja menn núna svo að sjaldan hefur betur verið.

Enn nú fer jeg að hætta þessu í herrans nafni og fjörtíu og læt þettað fara eins og það er, og lángt frá að jeg þori að lofa betru næst jeg er dauðhræddur um það mótsetta. Þjer segið mjer eitthvað um „hana“ og þá er jeg þakklátur.

Svo skil jeg við garðana í Gröf og bið yður vel að lifa, og er yðar einl. vinur.

Þorsteinn Erlíngsson.

Garði 7. Nóvember 1885.

Góða vinkona.

Það er svo sem auðvitað að jeg þakka heldur enn ekki fyrir brjefið og alt sem í því stóð og þó minna hefði nú verið; jeg tek nú ekki mark á því þó þjer segið að jeg sje að skrifa yður til þess að fá frjettir af *henni* því jeg veit að þjer meinið það hreint ekki, eins og við vitum bæði hvað gott er á milli okkar; haldið þjer kannske ekki að það sje upplífandi fyrir piltana að skrifa stúlkunum eins og fyrir þær að skrifa þeim? Enn jeg þori nú ekki að fara út í neitt að marki, því þá fáíð þjer hjartslátt eins og við í fyrra, og svo komum við okkur saman um að fara að brenna alt saman.

Enn alt um það þótti mjer mjög mikið gaman að heyra frá henni, einkum þar sem hún hefur svo margt fyrir stafni, jeg er strax farinn að hlakka til að fá svo duglega konu, og svo get jeg auðvitað sent hana fyrir mig til pólitíkusa og annara preláta, því ekki þurfið þjer að hugsa, að jeg kvíði því að hún komi ekki jafn góð úr þeirra höndum. Mjer fanst þjer hálfvegis ympra á þann veginn með Einar í Nesi, enn þjer hræðið mig nú ekki með smámunum. Jæja, það var ágætt altsaman, og jeg er innilega þakklátur.

Enn það þóttu mér alt meiri tíðindi sem þjer sögðuð mér um Gísli Árnason, það eru reyndar hreinustu vandræði að fá svona liðlega stelpu eins og Sigga er inn til sín á hverjum morgni í rúmið. Jeg segi það satt að það hefði alt farið illa fyrir okkur hefði jeg ekki haft svo vakandi auga á öllu slíku, því hún kom oft til mín þegar jeg bjó þarna fyrir ofan Árna á morgnana bæði að færa mér föt og kaffi og er í rauninni sakleysið sjálft, sem synd er að níðast á, og ofætlan að vænta mótstöðu af, því stúlka er einlægst stúlka og maður maður. Einkum óttast jeg fyrir að Gísli hafi kannske ekki farið sem best að öllu og ef til vill gefið henni undir fótinn að eiga hana (ef út af bæri), það er auðvitað versta agnið. Enn nú er jeg því miður hræddur við að vel geti farið svo að út af því beri, þar sem allt annað er í hundunum. Enn aumingja Axel! hvað hann hugsar, sem hjelt í rauninni svo mikið uppá hana. Svei því öllu saman.

Fátt að frjetta. Það var skotið á æðsta ráðgjafann hjerna um daginn enn byssan var bráðónýt og gerði ekki annað enn slíta einn hnapp af ráðgjafa kápunni og koma mannskarninu í tughúsið. Valdimar konungsson brá sjer til Parísar, og Franskurinn var þar svo vænn við hann að gefa honum prinsessuna af Orleans til að leika sje við, únga stúlku laglega og vellríka, það þótti laglega gefið. Finnur Jónsson er að gifta sig, konuefni hans er systir konu Márisar Haldórssonar; ekki fríð og dálítið efnuð. Klemens bað mig að búa til brúðkaupskvæði og það gerði jeg í gær með mestu umtölum; jeg læt það fylgja með. Margrét Ólsen og Ólafía eru í mestu vinfengi við Sigríði vinkonu yðar Helgadóttur, svo ef þið sendist á brjefum, þá fáið þjer að vita alla þá dýrð sem þar er.

Jeg hugsa hvorki um kvennfólk nje annað fyrir önnum og lestri, jeg hef ekki tíma til að leika mér við þær, jeg má ekki eyða til þess svo miklu sem fimm mínútum. Jeg geymi það þángað til jeg kem heim til ykkar íslensku stúlkanna. Jeg sje nú ekki annað enn að þjer neyðist til að brenna þettað brjef og þó þarf þess ekki mín vegna. Annars vona jeg að þjer hafið hemil á rithættinu og segið mér ef jeg kitla yður mjög svæsið því það vil jeg ekki gera, enn stúdentslífið gerir mann svo ósvífinn, svo það verður einhvern staðar niður að koma. Annars er það eingin hætta milli okkar talað, því sjái einginn það annar gætum við skrifað hvurn þremilinn sem vera skal. Og það væri ef til vill í rauninni rjettast að við settum ekki nöfn okkar undir og hefðum ekki neitt það í brjefunum sem fest yrði hönd á hvaðan væri og þá gæti jeg sagt yður ýmislegt ef þjer vilduð, og við erum komin langt upp úr því að genera okkur hvort fyrir öðru, við erum alt of mentuð til þess bæði og vitum of margt um lífið og fólkíð.

Einkum hefði jeg ákaflega gaman af að vita, hvort þið talið um eins mart saman og við kallmennirnir, því við tölum bókstaflega um alt sem tönn verður á fest okkar á milli, og segjum hvor öðrum frá leyndustu hugsunum og þó ekki hvor frá um annan nema með leyfi hins. Við höfum margir þá gullvægu reglu að sega ekki nema einum, svo við getum altaf vitað hvort hann er trúr.

Ólafur Guðmundsson drakk eins og svín og gerði alt sem menn eiga kost á hjer í þeim efnun, enn nú er hann farinn í bindindi hvað leingi sem það stendur. Stefán

er hjer með Steinunni og yfir höfuð allir með kærustur nema jeg. Jeg hef aunga. Jeg get hreint ekki farið að segja yður í frjettum af pólitíkinni, því þjer sjáið það alt í blöðunum. Heyrt hef jeg að kærasta Björns Jenssonar eigi að fara að fara heim, hvort það verður með þessu skipi veit jeg ekki. Mjer líður nú allvel, jeg yrki 'ekki neitt, og aldrei er rjettgóður maginn, og margsinnis gerir það lífið mjer leitt, að lesa' og skrifa' allann daginn, og smádjefli það sem að amar mjer að er ekki svo lítið til samans, þó hyrfi það, ætti jeg einverustað, og eitthvað á kvöldin til gamans. Jeg má ekki hugsa um hamíngju þá, að hætta við dagsvinnu lánga, og hverfa til svanna með hýrlega brá, og hallast að kafrjóðum vánga. Þær brosmýndir laungum mig bera á haf með bárunum farinna strauma, þá hamast jeg alveg og hendist á kaf í hríngiður botnlausra drauma. Þettað geingur ekki leingur klukkan er 12.

Yðar einl.

Þorsteinn Erlíngsson.

Brúðkaupskvæði til Fins

Hamingjan, vinur, veit
Væri' okkar heima' í sveit
Brúðhjónaskálin þín borin,
Gætirðu heyrt vor hljóð
Hefja þaug undra-ljóð
sem við þar sýngjum á vorin.

Við þettað Hafnarhaust
Hnyggjar svo dæmalaust
Ágætisóskunum mínum
þó rek jeg þær af stað
þegar menn raðast að
Brúðhjónabollanum þínum.

Orð eru eingin næg
Yfir þann bæna sæg
lángra og dýrðlegra daga,
þaug til að þylja öll
þyrfti svo skálda-tröll
stærra en Störkuð og Braga.

Horfi á ykkur hjón
Hamíngjan vinarsjón
Verði' ykkur ekkert til ama;
þess vil jeg biðja þig
þegar jeg gifti mig
Vinur, að segja það sama.

Þorsteinn Erlíngsson.

III. 1886-1888 – Í mátulegri fjarlægð – sögur af ástinni

Hér er Ólöf ekki lengur fjarverandi. Mestur hluti bréfa þeirra beggja frá þessu tímabili hefur varðveist. Sögusviðið er sem fyrr Reykjavík og Kaupmannahöfn og innra líf bréfitaranna er í aðalhlutverki. Nú hefst einnig líflegasta tímaskeiðið í bréfasambandinu, bréfaskiptin verða örari og þeim vinunum liggur jafnframt mikið á hjarta.

Í ársbyrjun 1886 verða kaflaskipti í sambandi þeirra, en þá stingur Þorsteinn upp á því að þau hætti að þera hvort annað. Í kjölfarið verða bréfin innilegri og trúnaðurinn meiri, sem helst í hendur við galsa og litskrúðuga notkun á tungumálinu. Þau skiptast á skoðunum um kynferðismál, ástina og hjónabandið. Sögur af ástamálum annarra fá einnig sitt rúm. Eins halda þau áfram að skiptast á ljóðum og skoðunum um þau.

Bréfasambandið breytist jafnframt þannig að áhugi Þorsteins virðist minnka. Ólöf verður ekki jafn spennandi viðfangsefni í augum hans og áður. Ólöf reynir að ögra Þorsteini með því að blanda Halldóri unnusta sínum inn í þeirra mál; hún er heldur ekki viss um hvort hún eigi að giftast Halldóri. Það er engu líkara en að hún vilji fá Þorstein til að segja sér að hætta við ráðahaginn. En Þorsteinn heldur ró sinni og lætur á engu bera þó greinilega megi ráða af orðum hans að hann vill hafa hana út af fyrir sig.

Bréfaskiptin virðast lognast út af vorið 1888 er Ólöf flytur búferlum norður á Hlaðir á fund eiginmannsins. Það er ekki fyrr en sjö árum síðar sem Ólöf tekur upp þráðinn á nýjan leik.

Garði 13. Janúar 1886.

Nú ætla jeg að láta mjer áminningarnar að kenníngu verða og byrja ekki með vinkonu eða neinu þess háttar, „vina“ er mjer svo illa við að jeg get ekki brúkað það; um unnustu gæti jeg reyndar haft það, enn þá myndi jeg annað hvort hafa „unnusta“ eða þá nafnið, helst styttra nafnið, svo að ef hún t.d. hjeti Jarðþrúður, þá myndi jeg sega „elskaða Þrúða“, eða þar á við.

Enn annað verð jeg að gera samkvæmt gamalli uppástúngu, og það er að þakka þjer fyrir brjefið með Láru, og allar upplýsingarnar. Jeg get ekki verið að þjera þig á sama augnablikinu og jeg er að fara hreint inn á þig bera, og auk þess sjálfur auðvitað á tómrri *skyrturnni*, það er svo óviðkunnanlegt og hreint ekki til siðs að þjerast svona á nærklæðunum; þar við bætist að skyrtan er hreinasta hífalín, svo þú sjerð alt í gegnum hana frá upphafi til enda, ja guð hjálpi okkur ef ekki væri jafn langt á milli; við skulum nú ekkert fara úti þá sálma í kvöld.

Nú er kyrt og rólegt í kríngum mig, kl. er 8 og jeg sit aleinn í herbergi mínu, logn og kyrd úti, nema hvað einn og einn maður geingur eftir stjettinni, og inni þýtur í ofninum, því brennið logar ákaft og er ekki sparað því það er kalt úti. Jeg las áðan yfir brjef þitt til þess að glöggva mig á umtalsefninu, og svo er jeg nú byrjaður eins og þú sjerð mót á.

Fyrst ætla jeg nú að þakka þjer fyrir skyrtauna sem jeg er í, jeg fór í hana á gamlárskvöld eins og þú beiddir mig og hugsaði margt þegar jeg dróg hana niður yfir mjaðmirnar, þettað er svo náttúrulegt að þú mátt hreint ekki bregðast illa við, því að vera að fara í skyrta og minnast kvennmanns, úngann og laglegan um leið, það getur þú sjeð að muni leiða snúningsliðugann huga út í ýmislegt, já það veit sá sem alt veit; annars var skyrtaugreyið uppá það þægilegsta og fjell að mjer eins og kontufaðmur að elskulegum manni. Svo kom hún úr þvotti í gær og jeg varð þá að fara í hana til þess að skrifa þjer í henni, því það varð að fylgja með. Svona er sagan, og ekki margt að henni.

Það er víst satt sem þú segir mjer af trúnaðarmálum ykkar kvennfólksins, það ber mjög vel heim við það sem jeg hef áður feingið að vita um það efni, enn þó gæti jeg sagt þjer ýmislegt meira, enn það yrði þá helst um samræður og trúnaðarmál giftu kvennþjóðarinnar, auðvitað heima, því hjer veit jeg ekki neitt. Þó hef jeg eina sögu af giftri konu, sem jeg var sjálfur viðriðinn, auðvitað söguna enn ekki konuna, enn vil hreint ekki skrifa ekki sakir ljótleika, heldur af loforði og vilja og meðfram vegna sjálfs mín, enn ef þú minnir mig á hana í góðu tómi þá skal jeg segja þjer hana, því hún er þess verð, og víst, að þú hefur aldrei heyrð jafn ein-kennilegt milli mans og konu.

Auk þess hefur kona hvíslað að mjer í brúðkaupsveislu heima, þegar við vorum að tala um brúðhjónin, og hún var að hnýta í brúðurina að það væri þó eina líknin, sagði hún, að hún feingi hann þó ekki alveg hreinann svein, og þó vissi hún að það gat eingin vitað nema hún sjálf og eingin önnur verið enn hún sem þar var um að tala og þó trúir hún mjer fyrir þessu; reyndar var konan ör af vni og getur vel verið að það væri lýgi, enn jeg sje ekki að hún hefði fremur dulið það þó það hefði verið satt. Mjer þótti þetta tíðindi, því jeg hefði sjálfsagt á þeim dögum svarið fyrir þaug bæði í þeim efnum, og jafn vel enn þá öruggari fyrir hana; og sama hefðu víst allir aðrir gert og gera enn. Enn þá hugsaði jeg þó með sjálfum mjer, að jeg skyldi ekki sverja í þeim málum að öllu óreyndu.

Annars fara konur auðvitað varlegra með alt þesskonar enn kallar, því bæði eiga þær sem oftast meira í húfi ógiftar enn þeir og auk þess er hættan fyrir þær giftar,

að mennirnir þori ekki að skoða börnin sem sín börn, og svo auðvitað leiða hugann bæði frá konu börnum og heimili; sama er ástandið hjá piltum og stúlku, við vitum hve mikill hánki það er á ráði stúlku, ef hún eignast barn, og eins ef hún verður ber að því, að hafa mök við menn að marki, þar sem kallmanni er mjög lítið lagt til lasts þó hann noti hvurt færi að ná sjer kvennmanni ef hann gerir það ekki á svínslegann eða ódreingilegann hátt og þó er jafnvel dæmi til, að hvorugt af því er látið í vegi standa.

Ekki veit jeg til að það stæði Jóni Jenssýni fyrir þrifum, þó hann væri alræmdur kvennabósi hjeðan frá Höfn, og jeg vil sjá að þær Víkurdömunar slægi hendinni móti þeim Þórhalli og Ólsen og þarf þó ekki að lýsa þeim, og þær meira að segja vita það sjálfar eins vel og jeg og þú og betur sumar. Þettað er það sem gerir mestan muninn á orðum og athæfi kvenna og kalla í þessum efnum, því auðvitað er ekkert annað sem gerir hann. Auðvitað er þörfín súa sama og ánægjan hjá báðum og eingin ástæða hjá kvennmanninum meiri en kallmanninum fyrir bindindissemi sjálfra þeirra vegna nema minni sje, og þó er víst ekki svo lítill munur á ráðlaginu yfir höfuð; heima ætti það nú reyndar að vera líkt, því ekki er gott að vera kvennamaður nema að einhver kvennamaður einn eða fleirri sjeu með í spilinu og ekki nema örfáar að tiltölu sem við marga sjeu.

Enn trúnaðarmálin eru víst ólíkari heima; til dæmis í skóla, þá hikuðu menn sjer ekki baun við að segja, að þeir hefði komist yfir fleirri eða færri, bara ef þeir voru kunníngjar, það er alveg eins og þú segir. Enn örskjaldan sögðu menn hvorjar það væru, nema þá við besta vin og þó ekki nema að hann segði slíkt ið sama á móti eða ynni eið að þögninni ella. Aftur á móti segjum við tæplega vinum okkar þó við verðum skotnir ef það er í alvöru og hreint ekki nema þeim sem við vitum og höfum reynt að trúnaði, og hreint ekki nema það sjeu gamlir vinir, tæplega á fyrsta ári, þó skal jeg ekki fullyrða slíkt, enn hitt veit jeg, að hvorki jeg nje þeir hafa sagt frá slíku, sem við höfum trúað hvur öðrum fyrir.

Alveg sama reglan er hjer, nema hvað hjer er talað miklu opinberlegar um alt lausaskrólt, það eru fleirri enn eitt dæmi til að menn hafa beðið hvur annan að lána sjer 2 kr. og sagt að þeir ætluðu til stelpna, þó eru þaug dæmi ekki mörg, og sjálfur hef jeg beðið eftir manni kunníngja mínum, meðan hann brá sjer inn á fliðrukastala í þeim erindum, og svo sagði hann mjer alt athæfið þegar hann kom. Auðvitað, meðfram til að ginna mig, þá var jeg nýkominn, og þurfti að fræðast. Þettað kemur af því, að hvur veit um annann að hinn hefur gert þettað aftur eða skjaldnar og því dugir eingum að dylja slíkt, minsta kosti er það árángurslaust. Þó eru það sumar sem þegja yfir slíku um sig, enn þeir hafa eingu betra álit enn hinir, aftur á móti eru það sumar, sem einginn segir slíkt um og sem allir vita að hafa átt mjög lítið við alt þess háttar, og tala þó um alt eins og aðrir, og hafa jafnt gaman að og hinir; heldur skoða menn það sem kost, enn þó má það hvorki koma af hræðslu nje nísku, því þá er það ekki talið til gyldis, heldur þvert á móti.

Aldreí hef jeg heyrð einn mann brígsla öðrum um kvennafar síðan jeg kom hjer, enn geri menn mikið að því, eða verði veikir, þá glósa menn um það á bak við

hann, það hef jeg heldur heyrt. Annars gæta menn sín við slíku eins og kostur er á. Þó munu þeir Þórður og Ásgeir hafa feingið nóg af því góða að menn segja hjer.

Nú ert þú víst búin að fá nóg af þessu, og svo góðu, enn jeg hef heldur kosið að segja þjer í þettað sinn svona undir og ofan af enn að segja þjer einstakar sögur. Enn af þeim er nóg til bæði af stúdentum og öðrum; svo þætti þjer víst nokkuð kynlegt, að heyra um hjónabandslífið hér í Höfn, það hef jeg komist dálítið inní af hendíngu í fyrra sumar. Eins hef jeg ransakað allann þann opinbera ólifnað, mest með eigin augum og eyrum, og aldrei legið eins nærri að gráta yfir nokkru eins og því öllu saman, og sje nokkur orsök til bindindis míns hjer í Höfn, (sem er hrein alvara) þá er það sú ransókn.

Jeg vona að við sjeum ekki hætt að skrifast á og þá get jeg síðar getið um eitt-hvað, auðvitað undir sama og þú áskilur, nefnilega eilífa þögn, og ekki einu sinni má segjast tilvonandi unnustu eða unnusta, nema því aðeins að það beri hvort upp á annað, sem nefna má til að sigla fyrir öll sker. Sagt er að Ólafur Haldórsson forseti Bókmafj. og Sjana Zöega sjeu eitthvað að dubla saman enn líklega er það lýgi. J. Þorkelsson er giftur, það varð fyrir jólin, annað ekki títt. Vertu nú sæl og gleðilegt nýár og líði þjer ætíð sem allra best. Þinn einl. vin Þ. Erl.

Sjálf sagt tel jeg vinstúlka góð, að losa mætti hnútana á bindindinu ef liprar hendur ættu um að fjetla núna, hjerna inni í hitanum og kyrrðinni kl. að gánga 11 eftir svo lángrar þjáníngar, eins og lángrt og strángrt bindindi bakar veikum kröftum, enn út færi jeg því að eins, að eilífðin stæði galopin annars vegar. Vertu nú sæl, nú fer jeg að háttu, hvursu sem sofnast.

Kaupmannahöfn 28. Febr. 1886.

Góða Ólöf.

Jeg skal nú í þettað sinn spara mjer að tala um lífið í Höfn, þó jeg hefði gjarnan viljað halda dálítið áfram og bera það lítið eitt saman við draum- og hugsanalíf saklausra sveitarstúlkna á Íslandi og sýna fram á afleiðingar þess als saman, þegar út í lífið kemur, og hvurnig helst mætti ráða bót á því. Enn sem sagt skal hjer nú staðar numið, því jeg hef litla von um hvort sem er, að þettað verði lagað allra síst meðan menn geta geingið að því vísu að alt standi þeim opið þegar þeir koma heim, hvurnig sem þeir láta hjer á meðan svo geingur, er auðvitað eingin ástæða fyrir þá, að synja sjer „ánægjunnar“.

Enn meðan stúlkurnar annað hvort hirða ekki um að vita það, eða ekki um lífið sjálft þó þær viti það, þá sje jeg ekki ómaksins vert, að rugga við þeirra sakleysis, unaðs- og ástardraumum. Þær geta vitað um hvurnig þeim líður meðan þær er að dreyma. Jeg skal segja þeim hvurnig það geingur þegar þær vakna. Auðvitað er þettað ekki verra nú enn það hefur verið í hundrað ár, enn jeg vildi einúngis koma

í veg fyrir að konur þessara manna væru mjög öfundaðar; annars kemst maður víst best hjá óvinsæld og minsta kosti best hjá „viðbjóði“ manna, með því að láta þetta að fara sem auðið verður, og líkast að maður hverfi að því ráði.

Annars er jeg ekki hraustur núna og því verð jeg að biðja þig að afsaka brjefið. Það skyldi maður halda að væri nýnæmi hjer í Höfn að smakka hval, enn það er þó ekki svo núna sem stendur, því hjer hafa 3 stúdentar haft hval að heiman, og er rjett svo að þeir hafa komið honum út. Jeg er ekki mikið fyrir hval, og því vil jeg biðja þig að sleppa því að senda hann. Jeg hef nóg af mat sem stendur og fram undir vorið. Skyrtuna þakka jeg fyrir við tækifæri, enn ekki liggur á henni, því jeg fjekk 2 að heiman með fyrri ferðinni.

Kvæðin þín hef jeg lesið með ánægju eins og vant er, þaug eru góð frá því sjónarsviði sem það er þar tekið, einkum „trú von og kærleikur“, reyndar mætti mart um það segja ef hentisemi leyfði enn jeg get ekki eins og nú stendur á farið leingra út í það, enn jeg skal setja hjerna vísur, sem mjer dattu í hug, þegar jeg las „Trúna þína, vonina og kærleikann“.

Hvurnig svo sem ást þín er
Í 'ana' er synd þú hnjóðir.
Hún á alt að þakka þjer,
Þú ert henni móðir.

Hvurt það orð sem henni frá
Hvarflar þjer að eyra,
Nam hún þínu hjarta hjá,
Hún veit ekkert meira.

Fíflskan er hún fyrr og nú
Fjekk þig til að vona,
Það er alt frá þinni trú –
Það var ráðið svona

Láangi þær að ana út
Og í vilta glauminn,
Settu á þær hestahnút,
Haltu sjálf í tauminn.

Trú og von og ást jeg á
Eins og dæmin sýna
Mjer er vel við þessa þrjá
Þríflembínga mína.

Ástin mín er ljúf í lund,
ljett og fús á gaman
Við höfum margoft marga stund
Mikið ríslað saman.

Hvað við annars höfumst að
Hæfir ekki' að rita
Jeg má til að þegja' um það
Það má einginn vita.

Vonin mín á valtan knör
Veður gæftir бага,
Sú hefur marga fyluför
Farið um sína daga.

Enn þó hún í hroða-bil
Hrekist oft í bárum
Hefur 'ún bjargast hínagað til
Á hundasundi' og árum.

Samt við erum sátta og kát
Svíður aldrei skaðinn;
Og við nýan byggjum bát
Betri' enn hinn í staðinn.

Og jeg held það hjeðan af
Heppnist okkur báðum:
Þegar 'ún seinast hjelt á haf
Hafði 'ún mig í ráðum.

Trúna áður eitthvurt sinn
Úngur hef jeg þegið
Það er mikið meinlaust skinn,
Mjer er vel við greyið.

Þettað valin vilja-kynd
Var á fyrri dögum
Hún varð seinna hölt og blynd
Hún er frá með lögum.

Núna 'ún skjögrar út og inn,
Enn ef hár mín grána
Er hún að vona aumínginn
Að sjer kunni að skána.

Með vinsemd þinn
Þorsteinn Erl.

Þú skalt ekki taka því ókunnulega þó Daníel skili einhverju til þín, það það ég hann að gera svo síður sé grunað að þú fái bréf.

Reykjavík 20/3 86.

Þorsteinn minn!

Eg fann svo glögg að þjer hefir ekki liðið vel þegar þú skrifaðir litla brjefið mitt, en eg fjekk ekki að vita hvað að þjer gengur – sem ekki var að búast við – en mjer fannst þjer mundi ekki líða vel, hvorki andlega eða líkamlega og þó reindir þú að taka á þig ljettúðargerfi, í trúnni þinni, voninni og kærleikanum. Eg veit að þú ert fremur melankolískur þó þú látir stundum eins og fifl þegar þú skrifar, en nú er eg hrædd um þú sjert sjúkur eða sjáir ekki frammúr einhverjum vandræðum, því ástsjúkur get eg þó verið viss um, að þú verður aldrei framar.

Mig langar dálítið til að þú getir sagt mjer ef þú átt eitthvað bágt, því þó eg gjöri ekkert þjer til gagns, þá get eg þó skilið þig og fundið það sem þú finnur, og það er það sem suma langar eftir og vantar. Eg veit raunar ekki hvört þú ert einn af þeim, en eg veit að mjer er óhætt að láta í ljósi velvilja og hluttekningu við þig, það getur aldrei verið óvelkomið andansbörnum. Eg veit að kvennaðurinn er meira þurfandi fyrir hluttakan en maðurinn yfir höfuð, en Poesi og Musikk umskapa tilfinningalíf mannsins svo öll Geni hafa kvenneðli, ekki satt? Svoleiðis hugsa eg mjer alla listamenn, eg hef víst rjett. –

Eg var búin að búa út handa þjer nærfötin, svo eg gat ekki verið að hætta við að senda þjer þau, þjer getur aldrei orðið það mikið mótlæti, en eg var líka búin að búa út hval og svið, og þesskonar sull, en nú hætti eg við það alt saman, eg veit það er engin nautn fyrir veikann maga, en veikur ætlar þinn að verða öll þín lærdómsár. En svo koma sýslumannsárin, og hann verður hraustur karlinn! hraustur í maganum, og hreint ekki hugsjúkur heldur. Það verður hann sem á hamingu þá: „að hætta við dagsvinnu langa“ og sv.fr.v. Eg sje *Hana* stöku sinnum. Hún er altaf jafn elskuleg. Hún er alveg makalaus sýnist mjer, og indæl þykir hún fleyrum en mjer og þjer, en sem betur fer, er það samt kvennaður sem var nýlega svo heppin að verða ástfangin í yndi hennar. Það var Ranveig vinkona mín. Þú veitst um hana dálítið minnir mig, hún er ein af andansbörnum. Eg skal segja þjer í stuttu máli sögu þeirra fyrst eg hef ekki annað að skrifa nauðsynlegra. Eg er sem sje að

snakka við frú, dálitla stund okkur til skemtunar því við erum hvorugt í humöri sem stendur. Þær R. og Litla – hún heitir það í mínum heimi – voru saman á fyrirlestri hjer um kv. – eg var ekki – þær höfðu aldrei talast við, en eg hef dáðst að L. við R. Þær sátu nálægt hvor annari, en þegar hvíld varð kemur Litla til R. og fer að tala við hana um bóklegt, heldst skáldskap, og Muttan – það er R. – varð svo hrifin að hún kom strax til mín næsta dag að láta mig vita þennan viðburð – henni leitst ekkert mikið á hana áður – nú gat hún ekki um annað talað en um hafdjúpa augað hennar og hreina yndið. Hún var öldungis hugfangin og fylgdi henni heim með sonum sínum, því Litla var alein, hún þurfti ekki láta stiðja sig. Hún gat komist hjálparlaust af herrum það sem hún vildi og ætlaði. Nú hef eg skemt þjer vel, ekki satt? Þú átt það líka meir en skilið – .

Eg hef hreint ekkert markvert að segja þjer af mjer, eg er svona við þetta, opt hálfðimm og þó líður mjer svo mikið vel, langtum betur en eg gat vonast eptir þegar eg var ung, því eg var held eg ekki fædd undir neinni hamingustjörnu, eða svoleiðis leit það út sem eg festi fyrst auga á eptir því sem mig minnir. Eg vildi að eg væri orðin 60 og ætti nafnfrægann og veluppalin son sem þækti vænt um mig. Annað gengur nú ekkert að mjer, en að hann er: engin.

Eg veit ekki annað en Halldór komi suður hingað í vor, en hamingan veit hvað á eptir fer, eg veit það ekki. Það verður líklega alt afgjört næsta haust, og þá segi eg þjer línuna sem lögð er fyrir framan mig, nefnil. hvert hún liggur.

Alt hjer heima er við þetta gamla. Eg held hver einasta vatnskerling lifi, hvað þá að annað standi í stað. Eg stend líka í stað, þó guðsorð segi það ómögulegt. Eg ætti þó að vita það einsvel.

Fyrirgefðu þetta alt saman góði Þorsteinn! og það væri gott ef fánlegt væri, að þjer liði betur þegar eg heyri frá þjer næst. – Þín einlæg.

Ólöf.

Eg vil að þú sendir mjer óborguð brjef ef þú sendir nokkur, fyrst þú hættir að láta þau með öðrum. Eg hef ekkert orðið vör við það bull síðan, og svo kemur annað bull þegar Halldór kemur.

Ef þú vilt sjá verulega andstyggilegt, þá getur þú beðið Pjetur Hjaltsted um að sjá prentað blað sem honum er sent að heiman núna. Það sýnist vera í ætt við „Klauf-halabálk“.

Eg bið ekki Daníel fyrir þenna pakka af því þú sendir honum ekki brjefið til mín.

Garði 17. Apríl 86.

Jæja Ólöf litla, það er þó eitthvað mannlegra að þakka þjer fyrir brjefið og sendínguna með Láru, enn meira enn þakklæti verður það ekki, því þessi miði verður bæði blóðlaus og beinlaus, og eingin borgun fyrir brjef þitt, sem var í alla staði gott og innilegt. Nú er mjer að mestu batnað það sem að mjer gekk um daginn, svo jeg get bæði lesið skrifað og látið öllum illum látum.

Um trú, von og ást, hugsa jeg mjög lítið, þær eru spakar greyin, og meiga vera hjá mjer eftir vild, koma ef þær vilja og fara ef þær vilja, jeg spyr aldrei eftir þeim, og held aldrei í þær ef þær vilja fara. Vísurnar seinast voru bara svar uppá kvæðið þitt sem þú sendir mjer, eins og jeg veit að þú hefur sjeð, það hleypur ævinlega strákurinn í mig þegar hnýtt er í ástina, vonina eða trúna af því jeg finn hve fjarstæðar skrípamyndir skáldin eru búin að búa til úr þeim og svo taka það hvor upp eftir öðrum.

Ástin er gerð að gyðju eða eingli, sem hvísli að sálunum alskonar yndis- og ódáins töfraþulum, laði og lokki þángað til alt annaðhvort stendur fast, ef maðurinn veitir móttöðu, eða fer í hundana, ef hann lætur töfrast. Vonin og trúin eru gerðar að hafgýgjum sem sitji úti í hafsauga og seiði til sín farmennina hvaðanæfa, og smali þeim svo ofan í hríngiðuna. „Ef einginn hefði ástartrú, þá yrðu fleirri sælir“. Enn í staðinn fyrir þettað tilberamerki, eru trúin, vonin og ástin í rauninni ekki annað enn rjettar og sljettar báru á hafdjúpi mannlegrar sálar, sem lyftast og hníga eftir því sem flöturinn bærast, og gánga eftir föstum og óbifanlegum lögum í þær áttir sem stormarnir í loftinu eða straumarnir í djúpinu benda þeim, og breytast og hreifast alt eftir þeim, og eru kyrrar, ljettar og ofsalausar þegar sólin skín glatt og veðrið er gott enn byrgja sig og kúra þegar hafís eða lagís þekur flötinn.

Auðvitað er ekki gott að vita þar um allar breytingar á vindum og veðri heldur enn vant er í lífinu, enn það er galdur að láta sjer skiljast að það sje alt náttúrlegt eingu síður enn í daglega lífinu og ef menn skilja það, því á maður þá ekki að segja það? Auðvitað get jeg verið illa undir bylinn búinn og farist í honum, enn hvurs sök er það nema sjálfs mín? Bölfunin er að menn hafa einga hugmynd um hvað þeir vilja, ef menn gerðu sjer ljósa hugmynd um af hvorju þettað saman stendur sem þeir kalla sælu, er það auður? er það maður, eða kona? og hvurnig eiga þaug að vera? Á hann að vera stiltur, rólegur, duglegur, vel að sjer, fríður, og hvurnig fríður? Á hann að vera ástríkur? Hvað á hann að elska hjá mjer? Þegar jeg hef spurt svona, þá hefur svarið oftast verið einhver vitleysa t.d. „hann á að elska mig af því jeg elska hann“, og annað þaðan af verra og vitlausara, þeir halda nefnilega að það sje hægt að taka viðmót, umhyggju, trúfesti, umgeingni, gáfur, (það er að skilja andlega atgerfi til þess að stjórna og stýra líkamlegum hlutum eða andlegum auði) geðslag, stillileik, þrúðmennsku og alt annað, þettað halda þeir að megi skilja við ástina og svo megi dæma hana sjer á parti, og gæta ekki að því, að hún er eins og manngæðin og illmennskan, að hún kemur einmitt fram í þessum hlutum öllum og er ekki til fyrir utan þá.

Ástin verður að koma í ljós til þess jeg sjái hana; hvurnig get jeg vitað að sá maður elski mig, sem altaf er síbölfugur og öflugur? Þar kemur viðmótið. Svo ef menn hafa skilið að ástin er ekkert ósýnilegt eða óskiljanlegt, þá er að velja sjer þá persónu sem maður veit að hefur þá kosti sem ástin getur átt heima í og jeg get haft ást á. Geri jeg ekki þettað, þá má jeg kenna sjálfum mjer. Svona skil jeg ástina, og sama má segja um vonina og trúna nema hvað þær búa á alt öðrum jörðum, þó þær fari oft allar þrjár sömu lángrferðina og farist oft í sama óveðrinu minnsta kosti 2 þær fyrstu.

Jeg er illur og gramur yfir öllum þeim helvítis leyrburði sem búíð er dýngja ofan á ástina, og mjer er þeim mun verr við haugana sem betri menn og vitrari hafa akað þeim saman. Það er þeim að kenna að megnið að öllum mínum æsku hugsunum er mjer blynt, ónýtt og til bölfunar. Í stað þess að sýngja, eftir eigin hjarta og sál á þær nótur sem heilbrigð skynsemi gat kent mjer, þaug lög sem dagleg reynsla og mannlegt líf bæði mitt og annara kendi mjer, í stað þessa hef jeg lært með móðurmálinu að sýngja þessi ómögulegu og rammsviknu lög þeirra, á þessar rammfölsku nótur sem þeir og einginn annar getur nokkurntíma botnað í, og sem hefur spilt og eyðilagt allann þann ótölulega grúa úngra sálna sem á þær bækur hafa lært og gert þær sjúkar og gefið þeim rammkakka hugmynd um mannlegt líf og mann. tilfinningar, og kent þeim að skoða það sem guðdómlegt og yfirmáttúrlagt, sem er í rauninni ekki annað enn óumflýjanlegar og eðlilegar fylgjur líkama þess sem við höfum og hugsanaheims þess sem við lifum í.

Mjer líður aldrei illa, mjer getur ekki liðið illa. Jeg get orðið vondur og reiður við mig sjálfan og heimsku mína, og annað böi mætir mjer tæplega. Peníngakröggur eru reyndar óþægilegar og gera mjer oft lífið súrt, enn það er tæplega það sem þú skilur við að líða illa í brjefi þínu. Enn það er nú spursmálslaust mitt mesta böi, þar næst vildi jeg gjarnan vera hraustari og þolnari að lesa, og ef jeg hefði þettað hvorttveggja þá hefði jeg þá sælu sem þessi heimur getur veitt mjer forelöbig. Jeg er óánægður með lífið yfir höfuð að tala, jeg er óánægður yfir því hvað vitlausar hugmyndir menn hafa um margt, og jeg er jafn óánægður yfir því á hina síðuna hvað nauðalitra sælu að þekkingin hefur í för með sjer.

Mjer er hálf illa við alla þekkingu og allann lærdóm, enn vill þó ekki vera án hans. Mjer er nauða illa við húmbúgið og hálfkákíð í manneskjunum í kríng um mig, enn sje eingin ráð til að ráða bót á því. Sjálfur á jeg í sjálfum mjer ekkert böi til að berjast við, jeg er fyrir laungu búinn að róta þar til í hvarjum krók og kyma, og veit hvað jeg get feingið og veit hvurs jeg verð að vera án og sætti mig við hvort tveggja. Jeg veit að þar er alt undir sjálfum mjer komið, og því er ekki annað að gera enn passa gáinginn og ná því sem hægt er. Um guð og gæfu hugsa jeg ekki því þaug duga hvorugt ef jeg bila. Jeg elska þaug og faðma þegar jeg er ánægður með sjálfan mig, því þá faðma jeg alt og elska, enn þegar jeg geri axarsköft þá á jeg hvurgi hæli og þá líður mjer illa þángað til jeg er búinn að bæta úr því, og geti jeg ekki bætt úr því, þá verð jeg sár, ekki af iðrun, því jeg iðrast aldrei, enn jeg skoða mig bara sem minni mann, og treysti mjer ver næst.

Nú er jeg búinn að segja þjer leyndarmál mín, meira enn jeg hef sagt nokkrum öðrum manni. Jeg á ekkert leynt bøl til, það er mínu eðli svo fjarstætt sem mest má verða, jeg er laus við það sem menn kalla þunglyndi, það hef jeg ekki þekt í 8 ár, það var jeg aftur þegar jeg var úngur. Það sem alment er kallað ástalíf á heldur ekki heima hjá mjer, jeg þekki ástina og elska hana, enn alla þá sælu sem hún hefur að bjóða þykist jeg vera búinn að reikna út fyrir laungu og hún geymir því ekki neina grafna fjársjóði fyrir mig, jeg veit hún getur gert bæði mig og aðra sæla, meira enn nokkuð annað, enn þeirra sælu þarf meiri þekkingu og meira vit og meiri hæfilelegt til að ná og njóta enn nokkurrar annarar, og því fá hana svo fáir. Enn auðvitað getur hún komið sjálfkrafa og fyrirhafnarlaust eins og öll önnur gæði, enn reynslan sýnir hvað fáir hljóta hana úr þeirri átt.

Jeg hirði ekki neitt um að fá þann sem *skilji* mig, það skilja mig allir ef jeg skil mig sjálfur og get útlistað það þolanlega, enn jeg vil að sá sem jeg laðast að elski það sem jeg elska og hati það sem jeg hata, ekki af því jeg hata það og elska, því það er bara að margfalda mig með tveimur, enn hann á að finna sjálfur að það sje hatursvert sem jeg hata og elskuvert sem jeg elska, og jeg á að geta sagt honum skýrt og greinilega hvað það er. Samkvæmt þessari kenningu ætla jeg að hafa mitt hjónalíf. Það er nú reyndar dálítið oflángt mál að fara að útlista það alt, enn jeg skal þó drepa á það að svo miklu leiti sem þessi okavisti leyfir. Við skulum þá setja að jeg sje að gifta mig í dag, og hafi nú farið að eins og flestir aðrir, að giftast hálfþekktum kvennmanni, eftir einhverjum hvötum líkama eða sálar eða hvorstveggja. Þá er það fyrsta að gera mjer grein fyrir hvað þettað er sem hefur laðað mig að sjer hjá konukyndinni, og uni jeg við það og það reynist að vera rjett, þá er þó dálítið feingið, enn falli það og jeg geti ekki feingið neitt í staðinn, þá fer eins og vant er þegar illa geingur sem oftast er. En falli nú þettað vel, og hafi jeg sjeð rjett þá er jeg ánægður við sjálfan mig. Nú koma fleirri kostir og um þá þarf ekki að tala, enn svo mæti jeg nú ókostum stórum og mörgum, þá vandast málið, því hjer er vont að vakna það sem menn kalla ósamlyndi. Hjer er það fyrsta, að gera sjer ljósa grein fyrir ókostunum, af hvorju þeir eru sprotnir og að hvorju þeir leiða í sambúðinni, hvurnig áhrif þeir hafa á heimilislífið, börnin o.s.frv.

Hjer verð jeg að gera það sem jeg get þegjandi, enn segja henni hreint og beint hvað að sje og ráðin til að bæta úr, og hjálpa henni til þess sem jeg get mögulega. Þettað þarf að gerast strax sem þeir koma fram og áður enn heimilisergjurnar gera það óvinnandi. Sje þettað ávanabrestir tekst að bæta þá ef hún vill, og metur orð mín, enn sjeu það skapbrestir verð jeg að haga mjer eftir því og fólkshaldi mínu. Það má auðvitað einginn vita þettað nema hún, og jeg má halda því leyndu fyrir vinum öllum og einkum fyrir börnum okkar ef nokkur eru.

Á þessu lærir hún að gera mjer sömu skil, svo ef eitthvað er að mjer sem ergir hana, og sem jeg tek ekki eftir, þá lærir hún að gera sjer grein fyrir því og bendir mjer á það, og jeg get þá launað henni með því að bæta úr því. Hjónabandsbrot er auðvitað slæmt, enn sje það ekki táknið eða afleiðingar af ósamlyndi þá er það ekki ólæknandi ef hreinskilnislega er að farið. Þettað innra samband og viðkynning

skilst mjer að geti orðið til þægilegrar sambúðar og minsta kosti þarf marga æsku og tilhugalífs ástardrauma til þess að geta gert betra eða meira. Frjettir og fl. þessháttar kemur næst.

Með vinsemd.

Pinn Þorsteinn Erl.

Í einlægni að segja er jeg hálf sokkalíttill því jeg hef ekki feingið 2 sokka að austan sem jeg átti von á.

Magnús Stephensen var gerður að landshöfðinga um daginn og Theodor Jónassen að amtmanni.

Garði 12. Júní 1886.

Hvur þremillinn er nú í þjer Ólöf litla? Hafirðu ekki tíma, eða stygði brjef mitt síðasta þig nokkuð? Mig minnir að það væri allra meinlausasta brjef blaðgreið. Jeg get líka hugsað að það hafi verið sokkavælið í mér, og þú hafir ekki getað átt við það í það sinn og svo ekki feingið af þjer að skrifa mjer sokkalaus, það þykir mjer vest ef svo hefur verið, því jeg fjekk einmitt sokka með ferðinni svo mjer hefði öldúngis þótt eins vænt að fá brjef frá þjer þó það væri sokkalaus. Enn ef svo er að þú sjert að hugsa um að hætta brjefaskriftum við mig, þá hef jeg það til marks að þú svarar ekki þessu brjefi og þá er alt klappað og klárt, og við jafn góðir kunníngjar fyrir því.

Í frjettum er ekki baun að segja, það gerir einginn neitt af sjer hvorki ílt nje gott. Hannes Hafstein er að gánga upp og geingur ekki vel. Bertel fótbrotnaði í vetur og lá æði leingi á Friðriksspítala enn er nú jafn góður. Steingr. Stefánsson geingur ekki upp í vor og guð veit hvort það verður nokkur sinni. Annars er ekki neitt af neinum að segja það jeg veit.

Sjálfum líður mjer all vel. Maginn að lagast, og lesturinn í allgóðu lagi. Líðanin og skapið óbreytt að öllu síðan seinast. Lúsinda gifti sig um daginn hjer í Frúarkyrkju. Maður hennar er kaupmaður, ekki ólaglegur enn heldur lítill fyrir mann að sjá.

Skógartúra og Tívoli eru einustu skemtánir mannanna eins og vant er. Ekkert nýtt og ekkert breytt frá því sem var. Úti í heiminum alt kyrrt og aðgjörðalaust, ekkert stríð og kólera ekki komin nærri okkur enn þá. Hún ólmast við Miðjarðarhafið, mest á Ítalíu og þar í kríng.

Það er altalað hjer að Þórhallur ætli að taka Þóru bysk. og þykja tíðindi mikil. Annað kjaftæði hef jeg ekki heyrnt að heiman sem mark sje að. Árni gamli okkar orðinn goodtemplari nú á elliárum og Gísli fastur og stöðugur í því góða áformi. Hvað líður með þá barneign þeirra Siggu litlu og hans? Ætla þaug að taka saman eða hvað? Veit það einginn? Fæðast eingin lausaleiksbörn núna í Víkinni? Þettað

þykir mér gaman að vita um ef þú skrifar mér; enn ekki þarft þú að skrifa mér bara til að svara mér uppá það eins og þú skilur.

Útí mannfræði og lífssófi get jeg ekki farið að fara núna. Jeg er að lesa um hegningu fyrir hórdóm og mein, nauðganir og þess háttar og er mjög ólífssófiskur.

Jeg yrki ekki baun, og er í straungu bindindi með alt þvílíkt, og ekki skáldlegt augnablik í síðustu mánuðum af æfi minni nú í vetur að finna. Lítið var enn lokið er.

Þú verður nú að fyrirgefa þettað besta Ólöf, og virða viljann meir en máttinn, því hann er nú næsta lítill.

Vertu nú sæl og líði þjer vel og þakka þjer fyrir alt gamalt og gott.

Þinn einlægur vinur Þorsteinn Erlíngsson.

Reykjavík 25/6 86.

Ónei, Þorsteinn litli! Það lá hreint ekki nærri að eg væri búin að ætla mér að loka hliðinu strax, en eg hef hafst nokkuð að, um undanfarna tíð sem gjörir mig alveg óhulta fyrir þjer og þínu líði. Nú mana eg þig til að brjótast yfir vyrkið sem eg hef umhverfis mig, þó það sje gjört af glóðvolgum mannabeinum en ekki af grjóti eða stáli. Nú máttu sleppa öllu lausu, eg er viðbúin, og viðbúin að rífa að nýu 7 arkir úr ástarbókinni minni og senda þjer, kærleikanum til forsvars. Það vildi eg að skinsemis skráttinn þinn hefði aldrei komist inní mig með myrkrið og kuldann, svo eg hefði fengið að sveima í draumaheiminum mínum, og líða svo eins og loftandi niður í djúp elskunnar og drukna þar í ómínninu.

Mikið logandi er hlítt og bjart umhverfis mig núna, en það hefði þó byrt betur hefðir ekki tilfinningar-flónið mitt farið að asnast til að beygja höfuðið fyrir skinseminni þinni! – En alvarlega sagt trúi eg nú hreint ekki framar nokkru orði sem þú segir ástinni til hnjóðs og ósóma. Það er hreint makalaust hvað þú getur verið óvitur í lögun hennar. Ef þú verður ekki betur lærður í hegningarlögum hórdómsbrota, kvíði eg ekki fyrir *í jetti* hegningardóma þinna.

Halldór er hjer. Hann kom með vorið og sólskinið í andansheiminn minn sem eg hef leitað árangurslaust að alla æfi en trúað á að væri til, þanga til þú tókst frá mér trúna, og nú skaltu gjalda þess svoleiðis, að fá hreint ekkert að vita, svo þú lifir í óvissu og óviturleik um hvað bíður þín hjá *Henni* þegar þú kemur heim, annars gæti eg sagt þjer mikið og margt, en nú skaltu engja þig yfir að fá ekkert að vita, og svo stendur þú eins og af himnum fallinn þegar þú loksins kemst inní rjetta ástandið.

– 28/6 Mikill satan kom nú í spilið! Eg uppgöfgaði alt í einu að skipið á að fara í nótt sem eg stóð í fastri meiningu um að ætlaði ekki fyrr en 1. júlí. Það er einhver ógæfa að leika sjer í höfðinu mínu, og svæfa vitið sjálfsagt. Kerlingaboran í Holti fann líka upp á því að deya einmitt nú, þegar verst stóð á fyrir mér svo eg er hálftryllt í annríki. Eg hef náttúrulega ósköpin öll að segja þjer, en blessaður reindu að hafa ofurlitla þolinmæði, því hliðið er vyrkilega opið enþá, og verður í ómunatíð-

ir, og eg verð ekki með fullu ráði ef eg skrifa þjer ekki með næstu ferð um lausa-leiksbornin og það allra nauðsynlegsta sem eg má þó hreint ekki vera að gjöra grein fyrir núna, þó eg viti hvað bráð nauðsyn er fyrir þig að fá að vita dálítið um ástandið hjá okkur heima.

Manstu eptir Ingu í Loptsbæ? stelpufálunni með fálkaaugun! Richard Torfason dundar við hana í pukri, – bráðum augljóst – þú manst víst líka eptir Mariju Ísaksdóttur – Tótu gömlu sem bar vatnið – stelpuanganum sem þú kendir dönsku í Árna-húsi sem ekki vildi lofa þjer að koma ofnærri með kinnina, – hún var líka ófermd – og líka manstu eptir hlikkjóttu óláninu honum Þórði Ólafsyni frá Hlíðarhúsum, hann gefur líkur til í pukri að gjöra hana *sína*. Litla Gudda Hjaltsted sú allra ánægð-asta skepna undir sólunni, veit að Þorvaldur Kerulf elskar hana af öllum mætti; og bindur hana að sjer í sumar. Leinilegt ennþá. Flestir stúdentar og ógnmargar fallegar stúlkur ástfangið og trúlofað. Það er skaði að þú veitst svo óljóst, og hyggur svo rangt um ástandið, annars gæti þjer verið ofurlítið gaman að hugsjón þinni, að sjá í anda yfirborðið af borginni okkar hjerna glampa í sólskini elskunnar, og vita af því sprikli í stóru og smáu sem lifir og hrærist í leini þar inni.

Eg má ómögulega meira. Halldór biður þig hafa óþökk fyrir að skrifa stúlkunni sinni það sem hann fær ekki að sjá eða vita, en það er óhætt að halda því áframm samt. Vertu blessaður! og umframm alt þolinmóður.

Reykjavík 3/7 86.

Hana nú! Hvað hefir nú komið í þig, að skrifa mjer ekki? Eg sem skrifaði þjer með síðasta pósti – Halldór fór sjálfur með það á pósthúsið, og var mikið fús á það – og lofaði að skrifa með næstu ferð ef lífið tyldi í mjer svo lengi. Þú hefir náttúrlega sjeð að nú dugðu þínar kenningar ekkert lengur, þar sem eg bigði nú á bjargi mína vissu, á bjargi reinslunnar. Mikið lifandi varð eg fegin að losast við þenna djöful sem þú varst búinn að fylla höfðuðið mitt með. Eg trúði á endanum að engin elska væri til í nokkrum manni, og efaðist á verstu augnablikunum um að hún væri til í sjálfri mjer. Það var ljóta ástandið, einhver sú versta trúarvilla fyrir þessar loftkendu verur sem þurfa að lifa og hrærast í elskunni. En eg fyrirgef þjer nú það altsaman þú vissir ekki betur, en þú verður einhverntíma vísari. Það rennur nýtt trúarljós upp fyrir þjer eins og mjer og Mormonum, og þá trúum við aptur á tilveru kærleikans í annari líkingu en þú sýndir mjer hann.

Já, en hvað sem því öllu líður þá bjóst eg við þjefi, og þurfti þess með alveg eins og vant var, því eg er aptur *ein*, í vissum skilningi. Halldór fór frá mjer aptur, og eg sit ein í litla jómfurubúrinu mínu. Á eg annars ekki að segja þjer sögu mína í trúnaði? Þú vilt það sjálfsagt því nú áttu frí, og ert ekki að rugla í lagafækjum. Eitt kv. leit eg út um gluggann minn og sá andlitið sem eg hafði hugsað um í 6. ár en ekki sjeð. Eg varð svo máttlaus að eg gat ekki staðið og hnje niður á stólinn minn. Eg vissi að hann ætlaði að koma og vildi vera hjer í sumar, og akkudera við mig

um sameining okkar. Eg var búin að útvega honum verustað og lofun á vinnu. Já hann kom og eg var í því ástandi sem enginn getur gefið öðrum hugmynd um.

Eg læt mjer nægja með að segja þjer að eg var sannfærð um, að öll von um að líða vel nokkurt augnablik framar, var horfin. Mjer fannst eg alveg vera búin að eiðilegga alla mína framtíð, að vera búin að gefa mig á vald manni sem eg gæti ekki liðið, ekki komið nálægt, og einungis óttaðist svo að eg gæti ekki sagt honum eitt orð af því sem eg fann. Það var undarlegur andskoti hvernin það greip mig fyrst þegar eg sá hann eptir 6. ár, hann sem var þó óumbreittur að mestu leiti frá því eg sá hann fyrst, og fann með logandi afli, að þar var maður sem eg var sköpuð handa. Já en nú til sögunnar.

Eg lá vakandi alla nóttina í því ástandi sem mjer er ómögulegt að mála, og vissi ekkert áður hvernin var. Mjer leið óseganlega illa, en mjer kom ekki til hugar að snúa aptur. Eg hræddist mannsefnið eins og fjandann, en ætlaði að eiga hann samt ef hann vildi. Einusinni gat eg beðið: Guð, gjörðu mjer það mögulegt eða láttu það ekki verða! Þá fjekk eg ofurlitla ró og sofnaði allra snöggvast og dreimdi ljómandi vel og vaknaði með ofurliftilli von um að hann kannske gjörði annað inntrykk á mig þegar eg sæji hann aptur. Eg sá hann bara snöggvast um kv. og fann ekki sama manninn í honum sem eg átti geimdann í huganum og hjelt að eg sjálf væri orðin svo umbreitt að mjer geðaðist nú hreint ekki sá sem eg hefði orðið hrifin af ung. Þegar eg var að sverma og leita. Eg fór með kaffið til hans um morgunin.

Hann bjó í herbergi uppá lofti í sama húsi og eg. Eg var svo máttlaus þegar eg gekk upp stigann að eg ætlaði næstum að hníga niður. „Eg skal leina hann hvað eg líð“ hugsaði eg á leiðinni. „Hann skal ekki hafa orsök til að ásaka mig fyrir að hafa narrað sig með ósönnum kærleika“. Eg lauk hægt upp. Hann svaf. Já! „sá tekur það með ró“ hugsaði eg, og hnje máttvana niður á stól og hörðði svo fast og gegnumborandi á hann eins og eg vildi lesa forlög mín og framtíð í sofandi svipnum hans. Hann svaf, en eg vaknaði. Eg þekti eðla, hreina andlitið mitt. Aldrei hef eg orðið fegnari. Unan og fryður streimdi gegnum mig, og með einu einasta andvarpi streimdu allar kvalir næturinnar út úr brjósti mínu. Eg nefndi nafnið hans, og hann lauk upp augunum, og eg sá hvað þægileg sjón honum var að sjá mig standa hjá sjer. Eg gleimi aldrei geislanum sem hló í auganu hans þegar hann leit á mig. Eg talaði lítið við hann, og hann gutlaði þeiandi í kaffinu sínu þangað til eg sá það var orðið ofkalt. Þá sagði eg brosandí: – eg hafði lengi ekki brosað, eg var ólukku- leg í vetur og vor. – „Nú er þjer best að drekka kaffið þitt, það er víst orðið kalt,“ og svo skrapp eg inní jómfriðbúrið mitt og lofaði haminguna, alvarlegar en nokkur- urntíma áður. Eg var svikin um atvinnuna sem eg var búin að útvega honum, og við fundum engan veg til að koma honum að neinu hjer í sumar.

Hann langaði helst til að komast að einhverri atvinnu við skript, en það voru ótal fyrir einn að keppast eptir því einkum um sumartímann, og yfir höfuð einstök vandræði að fá nokkuð að gjöra hjerna núna. Það kannske sje nú vant að vera svona þó eg viti það ekki því eg hef aldrei veitt því eptirtekt eða hugsað um það fyrir en nú. Eg vildi bara að þú værir orðinn Assessor eða Bæjarfógeti hjerna, þú

værir þá vís til að lofa manningnum mínum að skrifa, svo eg þurfi ekki að fara burtu hjeðan til hans norður, og þá gæti eg gjört þjer þann greiða í staðinn; að hjálpa krökkunum þínum til að komast í heiminn.

Halldór var hjer einn mánuð svo fór hann norður aptur og verður þar þetta ár ef eg get ekki útvegað honum neitt í haust að gjöra hjerna sem ekki lýtur út fyrir, eg á líka svo bággt með það að hafa engann mjer til hjálpar í því, sem eg get treyst að vili og geti gjört nokkuð fyrir okkur. Við skildum með þeirri ætlan að hann kæmi hingað suður aptur að vori ef hann ætti víst að komast að einhverri fastri stöðu við skrift eða í búð þó hún væri launalág, en ef það fengist ekki ætla eg að yfirgefa borgina og yfirsetukonunafnið og verða aptur dálítill stúlka og fara norður til hans og verða kona Halldórs og lifa hjá honum í ógnlitlu hreisi, við fátækt einhverstaðar á útskæli þar sem engin man að eg var, eða er til, nema hann sem eg tek frammi yfir allt annað.

Eg kvíði engu, því eg elska hann ánægð. Hann geðast mjer, og eg reiði mig hiklaust á hann sem merkilegann mann, en kjörin verða í fyrstu óálýtleger ef eg verð að fara hjeðan, því við eigum svo að segja ekkert til, og ílt árferði á Norðurlandi. Eg finn að eg dygði ekki lengi til að vera í stöðu minni þó eg giftist ekki, því eg er farin að líða strax á heilsunni af að hafa vökur og alla þessa óreglu á lifnaðarháttum. Eg er svo veikbigð, og svo er engin mynd á kjörunum, það er ekki til að lifa af að hafa í alt ekki 300. um árið. Eg sakna þess ekki þó það væri mikið betra en það er. Mjer væri engin vellíðan möguleg frammi án þess að vera nálæg Halldóri, og vera hans.

Svona er nú saga mín, hvernig lýst þjer á? Þú heldur víst að eg sje gengin af göflunum ef eg fer norður í litla hreisið til hans úr borginni, en þú getur haldið áframmi að skrifa mjer þessvegna að vitið fer dagvaxandi, því svona vitur hef eg aldrei verið fyrri, að ætla að lifa af „Kildevand og Kærlighed“.

Eg sagði Halldóri að eg hefði lengi lifað á að skrifa þjer, og hvað þú hefðir gjört fyrir mig í gamla daga, og eg fann að honum varð vel til þín, mjer fjell það svo vel, að eg fann að mjer var óhætt að segja honum alt sem eg sjálf veit af í mjer, hann skildi mig, og eg gat látið hann þekkja mig *eins og eg er*. Eg hef þá loksins fundið hann sem eg þarf einkis að dylja og sem elskar mig eins og eg er, og vill umbera ókostina. Við erum hreinskilin og sönn bæði, eg hef góða trú á því, já, en heyrðu Þorsteinn! Það vyta ekki þetta tilstand nema örfáir, og þú ert einn af þeim fáu, eg var nærri búinn að gleima að vara þig við að tala ekki um það við fjöldann.

Þá er önnur saga. Á annann í páskum í vor kom eg inntil gamla Brinjúlfs bókbindara. Þar var St. Th. Eg drakk kaffi með honum. Hann var svo kátur og skritinn að það var indæl stund, og svo sat hann í 2. tíma og fór ekki fyrir en um miðdagstíð. Það var brilljant, en þó var betra það sem skrattinn kvíslaði að mjer að gjöra. Hvað heldur þú það hafi verið? ekki annað en um kvöldið þegar eg kom heim langaði mig svo logandi til að spila komediu, setst niður og tek ósköp fínann rósadann pappír, skrifa á hann kvæðið „Í bæ þeim sem eittsinn þú byggðir við fjörð“, og svo fr.v. og legg í umslag, skrifa ógn stórhreinlega utaná til St.Th. og læt leggja

inná borð til hans næsta dag, þá hittist svo heppilega á að póstskipið kom. Eg skrifaði engann undir en mánaðardaginn annann í páskum, það bar svo vel í veiði, því kvæðið hans: „Sjái eg stjarnanna sæg“ var sungið, og dáðst að því hjá Brinúlf. Nú beið eg hálf óttaslegin yfir útfallinu, en kærði mig samt kollótta því eg ætlaði engin börn með honum að eiga. Einn góðan veðurdag rek eg mig nærri á hann á götu. Hann keyrir hattinn af mikið meira en vant er, með auðsjáanlegri viðhöfn, og svoleiðis er það hvar sem hann mætir mjer en ekki eitt orð eða tillit. Mjer þókti ofur lítið gaman að þessu æfintýri.

Menn segja að Gudda sje að gildna aptur, sumir halda að hann eigi hana í sumar, eg held það nú ekki. Annars skeður hjer enginn skandali það eg veit. Flestalt fína fólkið giftist og trúlofast í sumar. Það gengur næst því fyrir Nóaflóð. Þær eru flestallar farnar nema *Hún*. Hún bíður eptir því sem Hún ætlar sjer. Halldór Jónsson giftur Kristfönu Guðjónssen. Kristinn Daníelsson – Ítu Friðrikssen. Björn Jenson Lovísu Sveinssen. Jóhann Þorsteinsson – Biskupsskrifari – trúlofaður Elínu Þorleifsdóttir frá Háeyri. Jón Steingrímsson Siggú í skálanum og hamingan veit eg man það ekki alt saman, en eg myndi ef nokkuð væri sögulegt með lausa-leiksbornin, en það er ekki því að fagna.

Pá er nokkuð! Eg sendi þjer loksins sokkana. Það er ekkert um það, en eg stakk inní þá 2 kr. sem eg ætla að biðja þig, heilla kallinn minn! að kaupa Vaxdúk fyrir, sterkann og hæfilegann til að leggja á rúm hjá veikum. Í öllum bænum veldu vel, og sendu sem fyrst, án þess að borga undir hann ef peninga vantar. Eg þarf 1 alin og „ – „, Vertu æfinlega sæll góði Þorsteinn! og eg vona eptir að kunningsskapur okkar sje ekki á enda. Þín Ólöf.

Vaxdúkurinn á að vera gulur, eða hvítleitur, og þola þvott og illa meðferð. Þú mátt til að segja mjer ef hann er dýrari en peningarnir duga. Fyrirgefðu bænina!

Í vinlausum geimi, er vonlaust og svart.
Í velvildar heimi, alt skínandi bjart!
Ef hluttekning vantar, þá vantar mig alt.
Þar vex eingin planta, sem dimmt er og kalt.
Á vináttu lundinn, vorar í hug,
og vængaði andinn, sjer liptir á flug.
Við umhyggju blíða, og ástúðleg hót
í elskunni líður hann himninum mót!

Ólöf.

Garði 30. Júlí 86.

Góða Ólöf.

Þú hefur nú svo dreingilega tekið af mjer ómakið í seinasta brjef þínu hvað laung brjef snertir og lærdómsrík, að jeg þarf við hvorugt að strekkjast í þettað

sinn því jeg segi eins og Eiríkur Bøgh: „Men Sicca dog du hører ej. Det blir din egen Skade. Tror du for døve Ærer jeg, vil syngte Serenade“ og þegar þú ætlar einu orði að trúá þá er jeg svo löglega afsakaður sem mest má verða, að eins er jeg glaður yfir því að vera búinn að segja það sem jeg ætlaði mjer.

Hvort það er rjett eða rángt skal jeg ekki þrefa um í kvöld, tíðin segir upp dóm-inn án allrar málafærslu og allra vitna, og jeg vildi bæði fyrir mína hönd og þína, að sá dómur fjelli þjer í vil, enn því miður hef jeg ekki sterka trú á því nema allrar athygli sje gætt og sálirnar vel vakandi. Auðvitað er ástin þín núna ekki í neinni þraung, þar sem búid er að safna í kornhlöðurnar í mörg ár. Enn undir eingum kringumstæðum þarf jeg að hafa vonða samvisku fyrir þjer eða Haldóri af því sem jeg hef skrifað þjer.

Hafi brjef mín haft nokkur áhrif eða hafi þauð síðar, þá eru þaug sú, að þú heimtar kann ske einu grammi minna af tárur og stórmerkjum ástarinnar þegar nokkur ár eru liðin, og það getur ekki orðið þjer til íls, og enn síður ætti Haldóri að mislíka það, enn hafi jeg eingin áhrif haft, þá er yfir eingu að reiðast. Enn það er mjer heldur ekki neitt stórkostlega móti skapi þó þú trúir mjer ekki núna sem stendur, heldur gleður það mig hjartanlega að sjá á brjefinu að þjer líður innilega vel; jeg elska alla elskendur, og þeim mun heitar sem þeir elskast meira. Jeg finn sjálfur ánægju í því að vita af ykkur saman sælum og rólegum, það hef jeg sjálfur reynt og veit að það er gott.

Jeg efa ekki að það sje satt sem þú segir, að þú vitir margt sem mig lángi til að vita, og sem jeg nú verði að fara á mis við fyrir alla lýgina. Þettað er nú harður dómur Ólöf góð, og spursmál hvort það stendur langt að baki því sem þú kallar rjettlæti minna dóma, enn lukkan er að jeg ber slíkt kallmannlega, jeg er ekki alveg ókunnugur kvennfólkinu og ef maður þekkir nokkrar vel, þá er maður ekki als ókunnur hinum, og mjer finst jeg geti getið mjer að nokkru til um hagi þína, að minsta kosti svo að óvissan verði mjer ekki stór „kvöl“ um „hana“, verð jeg þá að leita frjetta á annann hátt ef þú ert frá, og treysta því að mjer verði eitthvað til liðs enn sem fyrri.

Það er líka hugboð mitt, að við gerum hyggilegra í því að skifta ekki brjefum framvegis allra síst svo að nokkuð sje talað á huldu í þeim um mína hagi eða þína, því það er ekki nóg að við förum ekki á bak við vini, því það treysti jeg okkur vel til að gera ekki, enn þeir meiga als eingan grun fá um að svo sje, því grunur er oft sárari enn vissa og getur leitt til stór skaða.

Enn það er mjög þreytandi bæði fyrir þann sem brjef skrifar og ekki síður fyrir þann sem við tekur, að þurfa að skrifa hvurt orð í því fyrir augum annars mans og það vinar. Það eru bönd sem manni finnast óþörf og heimskuleg af því maður sjálfur á í hlut, og þettað getur eitt með öðru leitt til þess að maður vilji heldur vera einn, og láta hinn ekki hafa af því að segja sem honum *auðvitað* kemur ekkert við þegar honum að eingu leiti er gert rángt til.

Enn þá er fjandinn kominn í spilið og þessi grunur einmitt kominn sem lífs-nauðsyn er að varast. Annars ræður þú sjálf því sem þú vilt í því efni, frá minni

síðu er ekki neitt í vegi, enn vel gæti jeg átt þá konu eða unnustu sem jeg kærði mig ekki um að hefði brjefskifti sem ættu að fara bak við mig, það er að segja ef jeg ynni henni af alhug, og sama get jeg hugsað um aðra. Bein brjef og blátt áfram geta aldrei orðið til skaða á þann hátt; enn hitt er lítið betra sem jeg gat um við þig.

Enn vel getur verið að þettað sje nú alt saman lýgi líka og þá er ráð að leingja það ekki meira, jeg ætlast heldur ekki til að þú farir að gánga á bak orða þinna og farir að trúa því, enn þettað er sagt fyrir mig enn ekki þig, það eru einúngis ástæður sem jeg hef fyrir því sagt til vara ef svo kynni að fara að þjer leingdi eftir brjefi frá mjer síðar meir.

Einu einasta orði máttu þó til að trúa, sem er að jeg hef ekki neitt í frjettum og að hjer beri ekki neitt til tíðinda sem í frásögur sje færandi. Allir lifa í friði við sjálfa sig og aðra, og heimurinn allur heldur að sjer höndum og horfir á ekki neitt, blessaður kallinn. Þið hafið þarna þíngið og allann þann gauragáng sem þar er og því margt í frjettum að segja og Reykjavík öll auk þess á hjólum og innbúarnir allir í faðmlögum og iða allir af rafurmagni spriklandi og eldheitrar ástar.

Nú hætti jeg og sendi seðilinn heim í alla dýrðina, sjálfur kem jeg ekki fyrri enn síðar.

Þinn einl. Þorsteinn Erlíngsson.

Lárus Sveinbjörnsson orðinn 1. yfirdómari og Kr. Jónsson annar og Haldór Daníelsson fógæti.

Reykjavík 20/8 86.

Góði Þorsteinn!

Eg var einmтт núna að lesa brjefið þitt, mjer fjell það dálítið illa, og því tek eg pennann minn og tala um það við þig strax þó kominn sje háttatími. Mjer finst ofur lítil alvarleg þykkja í þjer við mig, út af því að eg sagðist engu orði framar trúa sem þú sagðir. Það var líka fullkomin orsök til, fyrst þú tókst það alvarlega, en þess hefði ekki þurft, því eg meinti það ekki. Eg var glöð, og talaði í galsa í brjefinu, óathugað, eins og mjer var lagið, en hugsaði síst um að fága orð, því —¹

Garði 4. Seftember 1886.

Góða Ólöf.

Jeg þakka náttúrlega sem best jeg get fyrir alt sem jeg fjekk frá þjer með ferðinni. Sokkarnir voru ágætir, og brjefið mesta gersemi. Enn hitt er verra hvað þú snýrð út úr mjer með ástina, því einginn maður mun fúsari að játa að hún geti gert

1 Þetta bréf varð ekki lengra, en á sama bréfsefni ritar Ólöf nýtt bréf dagsett 20/09 1886 sem er hér á næstu blaðsíðu.

menn sæla enn jeg, og því hef jeg aldrei neitað, þó þú lesir öll mín brjef; jeg hef aðeins sagt að sú sæla sje vanalega stutt og styttri enn menn ætla alment og að alls þurfi við að gæta að menn verði ekki skúffaðir þegar fyrsta víman er liðin af. Þettað er mín kennning og frá henni snýr þín saga mjer ekki.

Saga þín er góð og falleg, það játa jeg, enn hún er eingin sönnun fyrir því að jeg hafi rángt, og jeg hef lifað alt of lík augnablik til þess að geta ekki skilið það og glaðst með þjer, því jeg veit það er gott. Jeg skrifaði þjer þettað einu sinni að mig minnir: „Þjer finst það sælt að sofa rótt og dreyma“ og því svara jeg enn, því það eru eingann veginn ávextirnir af forboðna trjenu sem jeg meina þar, þó það eigi best við um þá.

Útrjettingarnar hef jeg reynt að leysa svo af hendi sem jeg hafði þekkingu til. Þú sagðir reyndar að dúkurinn ætti að vera *cfaná* rúm hjá sjúklíngum, enn jeg tók það svo sem það ætti að vera *undir* sjúklínga og eftir því hagaði jeg kaupunum. Jeg tók það sem mjer leist best á þó það væri dýrt. Alinin kostar 200 og þettað því 2,25. Enn jeg vona það saki ekki því jeg get þá keyft ódýrar næst fyrir þig og þá óvandaðra. Þessi póstur tekur ekki pakka og því sendi jeg þettað til Daníels.

Í frjettum er ekki hót að segja. Mjer líður svona líkt og vant er, enn ekki hefði jeg neitt á móti því, að vera komin heim á Frón snöggvast og fá að lifa dálitla stund líku lífi og þú áttir dagana áður enn þú skrifaðir mjer; mig lángr til að sjá Haldór og þú ættir að senda mjer mynd af honum til að láta taka hjerna eftir svo jeg gæti sjeð hann. Annars gerir það minst til hvurninn menn líta út, því alt slíkt hverfur óðar enn við er litíð.

Sú kona er ekki leingi fögur sem ekki hefur annað enn snoppuna til að laða manninn að sjer með og sá maður ljótur sem konan sættir sig ekki við, ef hann er góður dreingur og dálítið í hann varið, enn því vil jeg ráða öllum frá að ætla sjer að lifa af blávatni og blíðulátum, það getur geingið ef menn eru barnlausir, og getur þó orðið uppspretta til óánægju og annara óþæginda, enn meiri og minni fjölskylda setur þar öllum mönnum stólinn fyrir dyrnar. Því þó auður sje einginn ábyrgðarsjóður fyrir vellíðan, þá er fátækt það ekki heldur. Þið þurfið að reyna að fá eitthvað viðunanlegt og fast starf handa Haldóri, það fæst kann ske ekki strax, enn þú þyrftir að eiga einhvum mann að sem gæti passað upp á hvurt tækifæri sem til fjelli. Annars er jeg oflángt í burtu til þess að bollaleggja um það málefni.

Jeg er vongóður eins og þú að þettað fari alt vel, þar sem svo vel er byrjað.

Pinn einl. vinur Þorsteinn.

Reykjavík 20/9 86.¹

Ójá, mig dagaði uppi með brjefið mitt sem þú áttir að fá með August skipinu. Eg var nefnilega logandi hrædd um að þú værir alvarlega reiður við mig, og ætl-

1 Þetta bréf er að finna á sama bréfsefni og bréf ritað 20/08 1886.

aðir ekki aptur að sýna mjer þá vinsemd að skrifa mjer, en því fór nú betur að eg misti þig ekki – vinsemi þína – fyrir svo lítið. Mjer hefði fallið það ílla, en náttúrlega ekki kvartað yfir því fyrir öðrum en Halldóri. Nú fjekk eg kærkomið brjef og sendingu frá þjer, sem sýndi að þú ert ekki búinn að sleppa alveg af mjer hendinni, og skaltu hafa allra bestu þakkir fyrir það altsaman. Dúkurinn var ágætur og ekkert athugavert við hann annað en eg skammast mín að hafa ekki sent þjer nóga peninga, en þori nú ekki að senda það sem til vantar, svo eg styggi þig ekki frá mjer, og missi þig svo fyrir fáa aura. Þú verður að láta ókomna tímann jafna það.

Þú kvartar yfir að eg vindi út úr þjer með ástina. Eg vind ekkert út úr þjer eða henni. Við vitum bæði – mikið rjett – að hún á augnabliks-sælu, og frá henni hefir mjer aldrei komið til hugar að greina þjer, en að það var komið að því, að eg væri búin að missa trúna á öllum mönnum – og jafnvel sjálfri mjer líka – að nokkur sönn elska ætti sjer stað, eða með öðrum orðum: nokkur önnur tilfinning millum karla og kvenna en þessi alkunni logi sem við vitum bæði á hvaða efni nærast, og fyrir þá kenningu – því það varst þú sem komst mjer á þá skoðun – sagði eg að þú skyldir hafa óþökk, því nú trúi eg í það minnsta á fullkomnari elsku. Halldór hefir samt ekki talað mig á aðra skoðun, því það var merkilegt hvað hann sagði alveg það sama og þú. Það er ekki ykkar orðum um að kenna þá eg verði eins og aðrar að sjá „Borgirnar hrundar og löndin auð“ því þið – svei því – lyptið ekki undir mig uppí loptkastalana mína, en eg byggi þá þrátt fyrir ykkar þakk.

En alvarlega talað geng eg í engri leiðslu eða vonardraumum. Eg horfi með opnum augum á það sem sjáanlegt er í framtíðinni, og eg veit að mjer því að eins verður lífið þægilegt hjá manni mínum að efnahagur, og aðrar kringumstæður sjeu ekki mjög óþægilegar, og eg sje vel að það er ekki álflegt fyrir mig að fara norður til hans eins og ástæðurnar eru, og að meiri von væri til að við kæmumst með tímanum að betri kjörum hjer, þó hann ætti ílt með að komast áfram ókunnugur í fyrstu, en eg vil heldur þvinga mig en hann, og því fer eg, ef honum líst betur á það.

Eg reiði mig á hann með miklu trausti, svo eg á sjálfsagt skolli bágst snöggvast ef hann verðskuldar það ekki, en nú á eg það ekki, því eg finn engan efa. Það er svo gott að reiða sig á annann með fullu trausti, veistu hvað það er gott? Ertu ekki búinn að missa það eins og eg var? Mjer þykir líkast til að þú hafir aldrei átt það síðan þú varst barn, kannske líka að þjer sje það ekki eins mikils vyrði og mjer, um að þú óskir fremur að aðrir geti reitt sig á þig. Eg ætlast ekki til að þú takir „traustið“ í þeim skilningi, að eg treysti nokkrum til að *geta* alt, en að hann vilji vel og sje merkur og vandaður. Halldór er ekki lítalaus heldur en aðrir menn. Það er eins gott að þú vitir strax líti hans, því þú sjerð það svo hvort eð er þegar hann er orðinn skrifari hjá þjer sem embættismanni í Reykjavík. Það er – rauðt – *á honum hçfuðið*. Það er slæmt, mikið slæmt, en er eitt af því sem verður að umberast. Mjer hefir þókt það ógurlegt, nú finnst mjer það elskulegt, nefnilega: rautt höfuð! Eg sendi þjer mynd af kallinum mínum, svo þú fáir hugmynd um útlitið, meira verður það ekki, því mjer finnst ekki myndin segja mjer það sama og andlitið á maninum. Ef við látum taka mynd af okkur saman einhverntíma, færðu eflaust eina senda. Mjer

þykir dálftið lakara ef þjer geðjast nú ekki að rauða kallinum mínum, af því mjer geðjast svo ljómandi vel höfuðið *Hennar*.

Þú talar um í fyrra brjefinu að ráðlegast muni fyrir okkur að hætta brjefaskiptum vegna Halldórs. Þú talar rjett og náttúrlega um það eins og vænta mátti, en vegna *hanns* er óhætt að halda áfram. Hann sagði að sjer væri als ekki ami að því, þó við skrifuðums, og eg er svo glöggsæ, að eg er viss um að honum er það ekkert óþægilegt, því hann skilur mig, og byrjar ekki á því að loka fuglinn sinn í búri, en ef þú vilt, þykkist eg ekki af því, þó þú skrifir mjer ekki lengur, því eg veit að það veldur því ekki annað en velvilji, og eg er og verð þjer æfinlega þakklát fyrir allar ánægjustundirnar sem þú hefir gefið mjer, og alt sem þú hefir gjört fyrir mig meðan eg var *alein*. Eg hef haft bæði gagn og gaman af viðureign okkar og aldrei annað og eg vonast eptir að meiga frammvegis skoða þig sem góðkunningja eða öllu heldur vin, eins og þú hefir gefið mjer tilefni til undanfarin ár.

Mjer þækti dálftið snubótt að fá aldrei neitt um þig að vita framar þangað til einn góðann veðurdag að mjer bæríst sú fregn, að Þorsteinn Erlíngsson væri með eimskipi aptur kominn, eptir langa útivist. Nei, Þorsteinn minn! Þú lofar mjer þó að sjá fáein orð frá þjer svosem einusinni á hálfu ári, svo þú komir mjer ekki alveg á óvart upp sem strangur dómari, og svo má eg álíka opt greina þjer frá hvort máttarstöðirnar undir kastalanum mínum hallast nokkuð. Við Halldór gjörðum það að skilmálum, að við mættum skrifa alt hvað við vildum án þess að þurfa sýna hvort öðru, eða gjöra grein fyrir, og það var það merkilega, að hann gjörði uppástunguna, og eg samþykki gjörðina, svo hún verður ónýt ef við brúkum hana ekki. Eg fyrir mitt leiti hugsa til að nota leifið hvenær sem eg hef list, en misbrúka það ekki, og svoleiðis hygk eg hann muni hugsa líka.

Eg hef engann skapaðann hlut að segja þjer í frjettum, eg man ekkert sem mjer finnst þess vert, nema ef vera skildi að hún G. hjá St.Th. lofar að ytra álitu, að hún skuli innann skamms bæta einum við arfa hanns, og svo segir sagan að Bæjarfógetinn nýi ætli að þröngva honum til eins af þremur: No. 1 eiga hana. No. 2 þinglýsa börnunum. No. 3 skilja sig við Guddu. Eg gæti best trúað þeim gamla til að láta ekki þröngva sjer til neins.

Eg nenni skollann ekkert að segj þjer frá giptingum og trúlofunum, þú veitst það víst alt.

Ef þú skildir senda mjer línu einhverntíma sem eg skal ekki öðru trúa en þú gjörir – vonast eg eptir að þú segir mjer hiklaust álit þitt á rauða höfðinu mínu, það verður óhætt. Mikið ansi tek eg nærri mjer að gefa þjer myndina mína, því eg fæ ekki aðra fyrir en eg get beðið Halldór um hana, og hana verð eg að eiga meðan hann er langt frá mjer.

Þó syngum vjer ólgu í anda og blóð
svo aflvöðvar líkamans skjálfa
en elskunnar flytjum vjer lofsöngva ljóð,
vjer lýsum þó aldrei því hálfu.

Vertu blessaður æfinlega góði Þorsteinn! og líði þjer svo vel sem unt er. Eg hlakka til að fá að vita, eða ímynda mjer, vellíðan þína, þegar „hamingan faðmar ykkur bæði“ saman, þegar við loksins heimtum þig heim úr helju, frá Höfn.

Þín vina. Ólöf.

Varaðu þig! Brendu þig ekki á Myndinni. Eg hef – kyst – hana.

7. Nóvember 86.

Góða Ólöf.

Vísan var ágæt. Jeg efa mjög mikið að það sje mögulegt að segja það betur, sem hún vill segja, í fjórum línnum enn þar er gert. Rímið er ljett og spilandi og trúin örugg á sæluna og sigurinn. Það er alveg mátulega langt og fleiri orð gætu eingu við það bætt; þó vildi jeg að þú segðir mjer ef vísurnar væri fleirri og sendir mjer þær þá. Þó jeg yrki ekki, þá hef jeg gaman af öllu sem jeg finn að er talað frá hjarta (nóta bene, ekki kindarhjarta) og sem vel er sagt. Jeg hef einmitt oft fundið það sama, og margsinnis reynt að lýsa því, þó það hafi mjög misjafnl. tekist.

Enn það er ekki svo að skilja að jeg sje orðinn annar skoðunar með tilhugalífs ástina enn jeg hef verið þó mjer þyki þettað gott. Reynslan hefur sýnt mjer að hún er skjaldan öllu lánglífari enn tilhugalífið sjálft þó undantekningar sje til frá því sem öðru. Við höldum nú áfram að skrifast á fyrir það fyrsta, og þá gefur tíðin að sjá hvort þjer komið til að fylgja reglunni eða undantekningunni.

Mynd Haldórs finst mjer ekki rjett vel tekin. Trekkinn eru dálítið óglögg og því víst dálítið annar blær yfir myndinni enn originalnum. Annars er ílt að dæma mann af mynd og allra helst vondri mynd. Enn eftir myndinni að sjá þá er það í mínum augum hjer um bil á þessa leið: Fríðleiki í meðalagi. Það er einginn galli á andlitinu sem geri það ófrítt, heldur ekki neitt sem menn skilja við fegurð meira enn fólk er flest. Svipurinn er stillilegur, fastlegur og augun kyrleg og hrein. Andlitið er vingjarnlegt og gjörsamlega tállaust, áreiðanlegt og sólíð. Hugurinn er eins og meira hneigður inn á við enn út á við, og flagraháttur og fleðuskapur skal jeg heinga mig uppá að þar er ekki til. Þettað er aðal inntrykkið eins og mjer finst það, og mjer er nær að segja að það sje eitt af þeim andlitum sem batnar við viðkyrningu og það að mun. Að hárið er rautt hefur ekkert að segja og er einginn galli nema fyrir lausu álitu og augnabliks viðkinníngu sem hverfur strax. Mjer þykir það líka ljótara á kvennfólki enn kallmönnnum. Enn það getur nú vel verið að þettað sje alt vitlaust hjá mjer og að það breytist þegar jeg sje hann og þá tek jeg alt aftur.

Jeg get vel sent þjer myndina aftur ef þú vilt, því jeg þarf hennar ekki leingur, og er ánægður þegar jeg er búinn að sjá hann, og það er einmitt andlit sem ekki er neitt hætt við að maður gleymi, það er ólíkt fjöldanum, og hreint ekkert í því sem Sunnlendingar kalla norðlendingslíkt í ekki góðri merkíngu. Mjer list vel á manninn og er sannfærður um að við getum orðið góðir vinir ef við værum saman. Þettað er það sem jeg hef að segja. Eingu hlíft, og alt svo satt sem jeg veit best.

Mjer líður eins og vant er, og aldrei eiginlega illa og ekki heldur vel. Það verður svo hjer í Höfn. Frjettir eingar, alt í kyrð með löndum. Páll Briem fer heim og fjekk ekki Gullbríngusýslu, hana fjekk Franz. Jóhannes Ólafsson fjekk Borgarfjarðarsýslu og Páll Dala. Mörgum þykir röf trúlofun Þórhals, og óska Valgerði til lukku og blessunar, eins og á að vera.

Eitt má jeg til að segja þjer. Jeg fór út af Garði um daginn og bý nú í Gammeltoftsgade 8, 3 sal. Þángað getur þú skrifað utan á til mín fyrst um sinn ef þú skrifar mjer. Þú mátt til að fyrirgefa að þettað brjef er í tvennu lagi, því jeg gáði ekki að því að jeg var búinn að rista örkina í sundur sem jeg byrjaði á.

Nú slæ jeg botninn í alt saman og kveð þig með óskum als ins besta og er þinn einl. vin.

Þorsteinn Erlíngsson.

Reykjavík 19/11 86.

Vertu blessaður fyrir brjefið núna, góði Þorsteinn! Þú hefir aldrei gláðt mig meir með neinu frá þinni hendi en því. Eg veit ekki hvort þú getur hugsað þjer hvað velkomið mjer var að finna, að útlit Hanns sem eg reiði mig á kom þjer svo vel fyrir, að þjer geðjast það, tiltalar þjer, með sama loforði og mjer. Eg leik nú við hvorn minn fingur – því aðra hef eg ekki að leika mjer við – af bara gleði yfir því að þjer geðjast myndin Hanns, því þá veit eg að þjer geðjast Hann. Og hvað gef eg svo um alla aðra, þegar þú ert á mínu máli! Skítt með fjöldans ályt! – Eg er altaf heldur á því, að við getur orðið „undantekning“ ef við fyrirförumst ekki í örbyrð, og það gjörum við ekki með ásetningi. En þú! Hvernin er það með þig? Þú ert kominn burt af Garði. Skildir þú engann styrk hafa lengur. Eg veit ekkert inni það, en veit bara að þú munir líða vandræði af fjeleisi. Það er ergilegt að geta ekkert gjört fyrir þig, en það er betra að þeya en bara fást um það.

St. Th. í besta skapi. Gudda fæddi honum dóttur. 15/11, sem hann skoðaði í krók og í kring, með gleðibragði. Honum þykir auðsjáanlega vænt um stelpu sína. Blessaður karlinn! Hverjum skyldi hann nú gefa dóttur sína, þegar hann er búin að búa til Fröken úr litla peðinu? Hvað verður þú þá gamall? látum okkur sjá! Þegar hún er 16 ára, verður þú þá 45 orðin dálítið gráhærður af bara hugsun, en sál og líkami ungur, alt fyrir það. Ætli að þú getir ekki haft svo langvinna þolinmæði? Vonin um hjónabandssæluna lokkar þig þó ekki en eg óttast að öll tilhneiging verði þá alveg útdaud, og svoleiðis oflengi beðið.

26/11.

Engann markverðann „skandala“ man eg. Þú veitst það líka alt, og það á undann mjer. Af mjer er heldur ekkert að segja ennþá. Verður eflaust seinna. Eg á bara heilmikið af krökkum á sama hátt og eg á að mjer, sem þú getur skilið, öðruvísi ekki, en það er fátt ofvel athugað, og það hefir þú eflaust haft í huga, þegar þú

skrifaðir utaná til mín síðast. Fyrst tók eg ekki eptir því, svo varð eg fjúkandi reið þegar eg kom auga á hvað þú ert ósvífinn. Á eg að segja þjer nokkuð í trúnaði? H. er sveinn 37 ára. Já, það hljóðar ótrúlega fyrir vantrúuðum, en nú hef eg fengið trúna aptur, það er hlægilegur sannleiki. Hvað margir ætli að þyrðu að ganga fyrir töfraspjgilinn í „Þúsund og einni nótt“? Það er gaman skal eg segja þjer, að sjá mannsefnið sitt þora að ganga framm fyrir hann, og roðna ekki, meir gaman en sjá hann bera heiðursmerki utan á brjóstinu. Og fyrir að fá það, gæfi eg honum – nefnil. mínum – 4ar vísur, en strangt tekið [] mátt þú ekki fá þær líka, því þá er munurinn ekki annar en sá að; eiga, og eiga ekki. En eg er ekki ströng við sjálfa mig, og trúi þjer svo ljómandi vel æfinlega, og svo skrifa eg þær:

Eg man okkar síðustu samverunótt,
hve sæl eg þjer hvíldi á armi. (Alklædd, notab.)
Eg taldi hvað hjarta þitt hreifði sjer ótt,
og hjelt þjer að logheitum barmi.

3. Eg vil ekki missa þá minningar nótt,
– eg miss’ana aldrei úr geði, –
Eg vafði¹ þig fast, en svo orðlaust og ótt,
því orðlaus er fullkomin gleði. (Ekki satt?)
2. Þú fylltir mitt hjarta með fryði þá nótt.
Þú fylltir mig trausti og gleði,
því starði’ eg á skilnaðar stundina rótt,
eg sterk var þá hvað sem að skeði.
4. Eg elska og vyrði’, því er mjer svo rótt,
– og indælar vonir mjer skapa –
Þú gafst mjer með einasta orði þá nótt
þann auð, sem eg mun ekki tapa.

Já, hreint er það makalaust, hvað eg segi þjer alla hluti Þorsteinn! Eg hef aldrei talað við nokkurn kvennmann, eins og þig, og þó er eg næstum alveg fortrolig með „Mutter“ minni (Ranveigu) en svo vidt gengur það við engann annann en þig. Eg dauðskammast mín fyrir – ekki þjer, sjálfri mjer þá.

Eg man ekkert hvaða vísu eg sendi þjer síðast, sem þú dáist að vinur minn! Eg hugsu mjer helst að það sje: „Í vinlausum geimi“ og þær sendi eg á blaði hjer með, því þú ert eina viðhald mitt í þeim sálmum, það er grátlegt að eiga enga von á „Simphatie“ í því sem mig varðar svo miklu, hjá H. sem þó er „Sjení“ uppá sinn máta. Eg fann ekki gagnstæðu í skoðunum okkar, í neinu öðru. En svo hef eg þig

1 Í stað vafði er „þrísti“ skrifað fyrir ofan línu í handritinu.

mjer til upplýtingar, og hann á poetískan vin, sem upplífgar, og tilbiður hann. – Til allrar hamingju er það maður. Eg fjekk náttúrlega brjef frá H. núna. Eg held útfallið verði það, að við reinum að verða saman hjerna, en ekkert á eg víst handa honum ennþá. Það er ljótt að verða að eiða sínum stutta tíma í áhyggjur fyrir viðhaldi lífsins, og þó væri lífið tómt og unaðar án, þar fyrir utan.

Eg sje *Hana* stöku sinnum á götu. Hún er jafn elskuleg eins og fyrir 3ur árum, með rjóðu kinnina og hyldjúpu augun. Mjer líður ljómandi vel stundum, hálf-dimmt með köflum, bara svo sólskinið að sýnist bjartara. Eg hlakka til vorsins.

Vertu blessaður æfinlega góði Þorsteinn! Eg gladdist innilega af að vita þjer líða vel. Hamingjan gefi þjer hvíld í góðu heimili, þegar þú losast úr lærdóms þrældómnum. Elskunnar fryður faðmi þig svo fast, sem þá hann vafði mig.

Ólöf.

Í vinlausum geimi, er vonlaust og svart.
Í velvildar heimi, alt skínandi bjart!
Ef hluttekning vantar, þá vantar mig alt.
Þar vex engin planta, sem dimmt er og kaldt.
Í vináttu landinu, vorar í hug',
og vængjaði andinn, sjer lyptir á flug.
Við umhyggju blíða, og ástúðleg hót,
í elskunni líður hann, himninum mót'.¹

Hvað hjálpar?

1. Hvað hjálpar á mótlætis myrkviðra stund,
í myrkrinu andlega svarta,
þá hugur er særður svo und er við und,
en enginn sjer blæðandi hjarta?
Vonin ein, von morgunbjarta!
2. Hvað hjálpar oss vita að vonin er til,
sem veg átti mannanna lýsa,
þá ljósvana sitjum í svartnættis bil,
og sjáum ei bústaðinn dýsar?
Trúin á vonina vísar!
3. Hvað lætur oss finna þá lifandi trú,
sem leiði' oss svo aldrei vjer föllum,

1 Ólöf hefur sent Þorsteini kvæðið áður, sjá bréf hennar dags. 3/7 1886. Lítil munur er á uppskriftunum, en breytt hefur hún þó fimmta vísuorði.

að hún vilji taka í hjartanu bú,
og heyra ef til hennar köllum?
Elskan, hún býr í oss öllum!

4.

Já, elskan á bústað í barnanna sál
því brosir öll tilveran unga,
með aldri hún dafnar og missir alt mál.
Hvað megn 'ana vekja af drunga?
Tónanna' og ljóðanna tunga!

5.

Ef elskum vjer söngsins og ljóðanna list
hún ljós okkar tilveru gefur,
svo finnum þá Eden sem aldrei¹ var mist.
Hún andann frá myrkrinu hefur,
og Guð oss í gleðinni vefur!

Til H.

23/10 86.

Minn hjartkæri elskhugi, heyrðu!
þín heitmei þjer sendir
með vindinum vinhlýja kveðju
á vetrardag fyrsta!
Eg anda' að þjer elskunnar vori
svo andi þinn lifi
í kærleikans sóhlýa suðri
þó sjertu í norðri.

Eg get ekki hlúð þjer með höndum,
í huga *eg gjöri*,
og vef þig með andlegum örmum,
að elskandi hjarta!
Að hjarta, sem elskar þig einann
með umhyggju blíðri.
Þú færð það að vyta ef vorar
þá veturinn endar.

1 Hér fyrir ofan stendur *áður* innan sviga í handritinu.

Mjer líður svo vel sem á vori
við vetrarins komu,
því elskunnar iljandi geislar
mitt innra líf verma.
Eg kvíði' ekki komandi vetri,
ei kulda nje myrkri.
Mín vellíðan blíð er sem vorsins,
eg veit: þú mig elskar!

Að veru mjer skyldri eg leitað hef lengi
svo leitar víst margur, og finnur ei sitt.
Eg leitaði' í þúsundum, ó þar var enginn,
sem átti það hjarta, eg fann vera mitt.

Ólöf.

Kaupmannhöfn.
Gammeltoftsgade 8 ³ 14. Janúar 87.

Jeg man nú hreint ekki hvað jeg skrifaði utan á brjefið til þín Ólöf litla síðast, enn það hefur sjálfsagt verið eitthvað ljótt fyrst þú varðst fokreið út af því, því ekki hefur þú þó stokkið uppá nef þjer af öllu við mig ef jeg man rjett. Enn jeg verð nú að reyna að reikna það betur út núna þó það verði auðvitað slumpareikningur. Það er satt, jeg er farinn út af Garði, það gerði jeg til að hafa betra næði og skaði er það einginn því jeg fæ húsaleigustyrk, og utanáskrift mín er sú sem jeg set hjer uppi yfir.

Ekkert af kvæðunum sem þú sendir mjer var það sem jeg bað um, þaug voru öll vel þegin aungvu að síður; enn jeg spurði víst um hvort þettað væri leingra sem þú skrifaðir mjer næst áður „Þó sýngjum vjer ólgu í anda og blóð“ og ef það skyldi vera leingra þá hefði mjer þótt gaman að sjá það. Hin þekkti jeg flest. Kvæðið sem jeg sendi þjer *má einginn maður sjá*. Enn hvað á jeg svo að segja þjer meira? Mjer finst jeg ekkert hafa sem tilvinnadi sje að eyða pappír undir og enn síður hefur þú gaman af þó jeg fari að týna upp það rugl sem mjer þá kynni að detta í hug t.d. leiðinleg Jól, innisetur og andlausan lestur á lögum og ólögum, snjó og rigningar og gorið og gallið og alt það sem verst er. Þettað yrði ekki glæsileg þula ef henni væri haldið laglega áfram út brjefið og jeg svo skrifaði eins smátt og þú gerir stundum.

Það er annars ekki spor í tíðindum, alt í friði og ró hjer milli okkar Landa svo ekkert ber til titla nje tíðinda nema logið sje. Það var haldið gildi á Þorláksmessu, þar orti jeg og fl. góðir menn, það kvæði get jeg líka látið fylgja með. Svo hjelt jeg fyrirlestur um Bjarna Thorarensen um daginn á 100 ára afmæli hans.

Annað man jeg ekki og þakka þjer svo fyrir brjefið þitt og bið fyrirgefningar á þessu. Pinn einl. vinur Þorsteinn Erlíngsson.

(Skógarvísa til N.N.)

Nú vildi jeg kæra það væri sú stund
Að vinur þinn mætti þig leiða
Um brautir sem liðast hjer leyndar um grund
Í laufsölum þessara meiða.

Því hjer eiga skógarnir hákrónuð völd
Og hjerðan er Sælundur fagur;
Og mætti jeg eiga þig alt þettað kvöld
Þá endaði vel þessi dagur.

Hjer gætum við ekki frá götunni sjest,
Hjer gætum við verið í næði
Að tala um ástir og alt sem er best,
Og yrkja um skógana kvæði.

Við gætum á smáfuglahljómana hlýtt,
Og horft svo úr bjarkanna leynum
Á blessaða veðrið svo vinlegt og blítt,
Og vorið sem brosir frá greinum.

Á dagin er hjer ekki hitinn til meins,
Þá hressir alt ilmurinn góði;
Og nóttin sem kemur á eftir er eins,
Hún andar hjer blítt og í hljóði.

Hún kemur hjer einlagt svo vinleg og vær,
Á vegina skuggarnir breiðast,
Og þá aðeins hliðunum þokar hún nær
Á þeim sem um skógana leiðast.

Enn kunní' hún að verða' okkur köld eða laung,
Við kveykjum á mánanum hálfum,
Og drífum svo fuglana' úr draumi í saung.
Og dönsuð með hindum og álfum.

Gammeltoftsgade 8 ³.
Kaupmannahöfn 28. Febr. 87.

Hvurnin er að tarna Ólöf litla, fjekktu brjefið mitt ofseint? varstu veik? hafð-
irðu ekki tíma? hefur brjef þitt til mín týnst? Jeg skrifa þjer samt svo þú sjáir að

jeg lifi og svo skal jeg geta þess að mjer líður líkt og vant er og ekki ver. Jeg vil hreint ekki hætta að eiga við þig fyrst um sinn, því svo stendur á að allir sokkarnir þínir sem þú hefur gefið mjer, eru orðnir of litlir mjer í skóinn, svo hælarnir eru komnir undir iljarnar og jeg svo búinn að gatganga heila galaríðið, og því vildi jeg spyrja þig hvort það væri mögulegt fyrir þig að ráða bót á því. Það getur verið að þú eigir vont með að fá samlitt band, þar sem þú ert svona einstæðingur, og þá get jeg sent þá heim til frændkonu minnar austur frá, enn jeg vil ekki gera það fyr en jeg fæ brjef frá þjer, því jeg vil síður láta menn vita þar, að jeg haldi við margar. Það getur skaðað mig; enn þó er það ekki svo að skilja að jeg gæti ekki gert það gott með einu orði við þær þar eystra, svo þú skalt ekki taka baun nærri þjer, það er hreinn óþarfi.

Tíðindi eru eingin. Gísli gamli Brynjólfsson er kominn á Bestrúp og er hreint frá og algjörlega truflaður af geðveiki og öllu álagi. Læknar segja að það sje gamall sjúkdómur sprottinn af æskusyndum (syphilis) sem geingur nú óþægilega aftur í heilanum á kallinum.

Nú er jeg búinn að sjá þá sælu Fæðingarstofnun, og hef oft komið þangað til Stefáns Gíslasonar. Stúlkurnar eru mikið fjörugar þó jeg hafi reyndar lítið af því að segja. Þar er ein úr Rvík, Sesselja úr Vaktarabænum. Við hana hef jeg talað. Það er viðkunnanleg kona, tilvonandi konkurrent, ekki satt?

Það lítur úr fyrir að jeg hafi tæmt mig svo seinast í brjefsneplinn þinn að jeg hafi ekki meira til, því mjer finst að jeg sje svo innantómur. Þú verður að skrifa mjer gott brjef, og gefa mjer anda næst. Það borga jeg einlægt vel, það ber öllum saman um, sje mjer gefinn svolítill snefill af anda. Þú átt nóg af honum; jeg held þú tæmist aldrei. Þú getur líka hlaupið í bláu augun þegar ekki er annað; þú veist sem er, að þaug eru mjer einlægt kærkomin. Það sögðu allir hjer þegar þeir heyrdðu trúlofun þeirra Franz og Tótu, eins og Gísli Magnússon sagði, „Guð hjálpi þeim sem eiga að kenna börnunum þeirra“. Það þætti mjer leiðinlegt, ef mjög margir segðu það sama, þegar jeg gifti mig. Það liggur ári vel á St. Th. í brjefum til mín. Það er eins og hann sje glaður í Guddu. Hann er minsta kosti ekki vanur að skrifa glaðlegri brjef – .

Þú sjerð hvað jeg er dauðans innantómur núna vina mín góð, svei mjer ef jeg hef samvisku til að mæða þig á þessu leingur og kveð þig því með bestu óskum.

Pinn einl. vinur.

Þorsteinn Erlíngsson.

Höfn 16. Júlí 87.

Það væri illa að verið af góðum vini og gömlum ef jeg sendi þjer ekki kveðju og hamíngjuósk Ólóf litla þar sem það er giftíngardagurinn þinn í dag, og það því fremur sem jeg hefði víst fyrir góð orð feingið að vera í veislunni þinni ef þú annars hefur hana nokkra; það er og innileg ósk mín og von, að þessi dagur verði þjer góður dagur, og betri enn hann í rauninni er flestum.

„Kætir mig að kólnar ei kóngablóðið Sabínínga“ datt mjer í hug þegar jeg las vísuna í brjefinu þínu, því hún þótti mjer verulega góð. Það gerir ekki svo mikið til þó maður yrki ekki svo mikið þegar maður yrkir svona gott. Jeg veit eingan hafa orðið ódauðlegan fyrir mörg kvæði ef þau hafa ekki verið góð.

Enn jeg er eins og börnin að jeg brýt það sem mjer þykir vænst um, og eins hef jeg gert við vísuna þína, því jeg fór svona með hana í annað sinn sem jeg las hana:

„Jeg mæni’ eftir geislum frá sígandi sól, og sofna frá iðrunartárum“ –. Það er samt ekki meiníng mín að frelsissólin sje að síga hjá þjer þó jeg segi það, og enn síður trúi jeg því að það sje myrkur.

Jeg held að hjónabandið sje hvarjum eins og hann brúkar það, og hefur smíðað sjer það í huganum. Það bregst þeim einum í trúnaði sem hafa vænt sjer ofmikils af því og öðrum ekki; þú sjerð að jeg sit enn þá við minn gamla keip. Það munu og bæði þú og jeg sanna, og jeg hef sagt það eitt um það sem satt var. Og með þínu viti og þinni þekkingu skil jeg ekki annað enn að þú getir skapað þjer vel viðun- anlegt samlíf ef þú lætur viljann ekki bresta. Jeg skil því ekki að þú þurfir að bera neinn kvíðboga fyrir því ókomna og allra síst „að sofna frá iðrunartárum“ nú strax. Það er besta regla að iðrast aldrei, og eins og þú manst þá er það fyrsta grein minn- ar trúarjátningar „að draumarnir hverfi, og lífið taki við“. Enn mig hryllir við því að vera að lesa mórál eftir þjer hjer suður í Höfn, þegar jeg hugsa til þess anskot- ans óveðurs af endaleysum og lokleysum sem rigna yfir þig „frá himnahæðum“ heima í Reykjavík núna. Nóg um það.

Það var satt Ólöf mín góð, jeg hafði ekki skrifað þjer nokkurn tíma, og það var með vilja að jeg gerði það ekki, það var þó ekki vegna mannsins þíns heldur af því jeg hjelt að þú hefðir svo margt að hugsa, að jeg meir ónáðaði þig með brjefi enn skemti þjer. Jeg hafði og hugsað mjer, að við gætum byrjað aftur ef þjer svo litist, þegar þú værir búin að átta þig og orðin róleg. Með bestu kveðju og óskum als góðs til þín og mans þíns. Þinn einl. vinur Þorsteinn.

Jeg sendi kossa heim með næstu ferðum og þá nota jeg boðið með sokkana.

Mjer líður vel, og mín rósemi haggast ekki, hún er bygd á bjargi. Þ.

Höfn 11. Nóv. 87.
(Ryesgade 111 23⁴).

Bestu þakkir fyrir brjefið sem jeg fjekk fyr og eins fyrir það sem jeg fjekk núna. Jeg vona að það sje svona bara fyrst í stað að þú átt erviðara með að átta þig í þess- um nýa heimi. Breiðfjörð segir einhvurs staðar „Hvort þú giftist eða ei, iðrun taka kantu þess“, og það getur vel verið satt, enn jeg held samt að hið gagnstæða sje tilfellið fyrir mjer og jeg held eins fyrir þjer. Það gerði ekki neitt þó jeg gerði þig að húsfrú fyr enn það í raun og veru var, því á því ástandi sem þú hefur verið í, nefnilega harðtrúlofuð geri jeg eingan mun og að vera giftur.

Mjer var skrifað af fleirrum mönnum að þú værir gift, og einn þeirra sagði mjer

mjög greinilega frá því, og svo endaði hann með þessum orðum: „Og hvurninn þeir hafa sjeð til að þússa þau þar saman í myrkrinu, er mjer óskiljanlegt“. Jeg brosti og tók það sem gaman eins og það var talað, enn jeg sá á brjefinu að öllum hefur komið það á óvart. Jeg þori ekki fyrir mitt líf að segja þjer hvur maðurinn er, því jeg vil ekki spilla á milli manna, enn jeg veit að þú verður bálvond við hann, enn þetta var gaman, og hann veit að mjer er vel við þig. Jæja Ólöf litla, jeg vona nú að þjer líði vel og að þú farir ekki að missa heilsuna, því ekki er örvænt að neisti verði eftir í kolunum þegar við finnumst og jeg hef gaman að blása að neistum ef jeg sje þá. Annars má mikið breytast til þess að ekki verði nema neisti eftir af þjer ef koma mín dregst ekki alt of leingi. Mjer er vel við Haldór og jeg bið að heilsa honum. Jeg held að þið sjeuð bæði svo skynsöm að þið getið bætt úr því sem milli kann að koma, og eitt skal jeg ráða þjer til og það er, að láta aldrei þegjandi þykkju eiga friðheilagt á heimili þínu. Ef menn tala saman um það sem ábrestur þá fer varla svo að smámunir verði að skaða. Það ætla jeg að brýna fyrir öllum hjónum sem jeg gef saman, því eftir lögunum kem jeg víst til að fá nóg af því starfi, og þá fæ jeg auðvitað veislu með ef jeg er uppi í sveit.

Stráíð sendi jeg þjer. Mjer ægir verðið á því, og númer 2 er alt of gróft, það er ekki hæft í smásetur, það er haft í körfur og bekki og þess konar. Það var mjög ilt að fá það. Jeg varð að fá mann til þess að leita það uppi, því stólamakarar taka 3.00 fyrir pundið og svo vildu þeir ekki selja mjer minna en pund, nema þá enn þá dýrara. Loks fann maðurinn það fyrir mig hjá einum grosseranum og þar var pundið af því smærra 260 og af því stærra 245. Jeg tók því eitt pund af því smærra og 1/2 af því stærra. Það útgerir 383. Sjálfur tek jeg 50 au. og undir pakkann kostar 55 það er als 488, þá er eftir 112 og fyrir þessa einu krónu og tólf aura skal jeg senda þjer hálf pund af strái með fyrstu ferð ef þú vilt eða eitthvað annað jeg veit ekki hvort þjer líkar þetta sem jeg sendi og þá er gott að eiga dálítið eftir í vitum sínum, því jeg vona að þú fljettir ekki meira enn þetta fyrst um sinn.

Mjer líður eins og vant er, þetta sama gamla óumbreytanlega skilur ekki við mig eða mína líðan. Heilsaðu Haldóri þínum og svo kveð jeg þig með óskum als góðs.

Pinn einl. Þorsteinn Erlíngsson.

Höfn 4. Maí 88.

Besta Ólöf.

Það var auðvitað hrínglandi vitlaust alt saman sem jeg sagði um viðskifti okkar. Jeg hafði ruglast í reikningunum, því annar maður sendi mjer 6 kr. og því varð honum mjög hverft við minn reikning þegar hann sá, þar að jeg taldi til krónu skuldar hjá honum og þó fjekk hann ekki nema fyrir sex. Jeg hafði svoleiðis feingið honum 5 krónurnar þínar og þjer 6 krónurnar hans. Það voru því 20 aurar sem þú áttir eftir hjá mjer og svo 1 kr. sem þú sendir með næsta skipi, enn eins og

Þú sjerð á umslaginu sem jeg sendi þjer þá varð jeg að borga 1/5 af þeirri krónu í málkt því hún hafði ekki leyfi til að vera þar án þess að getið væri um það utan á, og því tóku þeir 20 aura. Þú átt því hjá mjer nú rjetta krónu, og fyrir hana skalt þú fá hvað sem þú óskar nær sem þú vilt, og sem mjer er ekki um megn.

Jeg varð of seinn með brjefin mín seinast eins og fleirri, því einginn bjóst við að Lára myndi komast út fyrir ís, enn það varð þó, og því sveik jeg flesta vini mína í það sinn og eins var með þig.

Það verða náttúrlega allar frjettir komnar í blöðunum þegar þú færð þetta brjef, og því mun ekki til neins að fara að telja þær upp. Jeg veit þó ekki hvort menn tala þar um gullpennaskaftið mitt, og því ætla jeg að tala um það. Jeg fjekk nefnilega með seinasta skipi sendíngu að heiman sem bæði mjer og víst öllum öðrum kom mjög á óvart. Það var pennastaung úr tönn búin gulli, og hinn besti gripur. Hún var send mjer frá „nokkrum mönnum í Reykjavík“ sem þó ekki nefna nöfn sín, og því get jeg ekki sagt neitt enn þá. Sendíngin er mjer send sem „vottur um sympati fyrir mjer og mínum málstað í kvæðismálinu“. Gjöfin var hin fegursta, og mjer mjög kærkomin. Annars er ekkert að frjetta í kvæðismálinu síðan seinast, og nú er það að líkindum farið að dotta, hvort sem það vaknar aftur eða ekki.

Mjer líður svona stórslisalaust, og nýúngar af minni leið eru eingar að segja. Það er hjer alt í uppnámi út af sýningu þeirri sem á að verða hjer í sumar. Það eiga að sýnast þar allir merkisgripir sem Danir eiga til í eigu sinni, og margt frá Svíum og Norðmönnum. Híngað er von manna hvaðanæva úr heiminum og viðbúnaður hin mesti. Enn að sjá alla þá dýrð kvað eiga að kosta penínga.

Nú óska jeg þjer gleðilegs sumar og bið kærlega að heilsa manni þínum. Jeg er og sanmfærður um að óskir mínar rætist um gott sumar fyrir ykkur og að efna-hagnum undanskildum, sem að mörgu leiti getur verið óviðráðanlegur, þá veistu að jeg kenni aldrei öðru um enn mönnonum sjálfum ef þeim líður ekki vel. Sama þýtur í þeim skjá – mátt þú segja.

Gott og gleðilegt sumar! og öll sumur góð.

Með bestu kveðju.

Þinn einl.

Þorsteinn Erlíngsson.

Jeg leyfi mjer að bæta 20 aurum við það sem þú átt hjá mjer og biðja þig fyrir inn-lögð bréf. Þú fyrirgefur. Jeg er ekki viss um að adressa Stefáns sje rjett.

Reykjavík 10/5 88.

Þorsteinn minn karlinn!

Hvernig er nú að tarna! Ertu hættur að hyrða um mig? Ekkert brjef núna lengi, lengi. Eg sem skrifaði þjer trúfast með síðasta póstskeipi minnir mig, eða í það minnsta einhvern tíma. Eg þyrfti að vita hvort þú ert farin að hugsa um aðra stúlku, eða hvort það er examens skollinn sem fyllir á þjer heilann. Eg er skinsyg,

en eg veit ekki hvernin eg á að snúa mjer með hana. Ef eg uppgöfga að það er stúlka sem stendur mjer í vegi, verð eg rasandi, en examen á nú tilkall til að fylla á þjer höfuðið, og þá hef eg ekkert að segja, en eg á hreint ekki fyrir því að vera sett til síðu, því mjer þykir þettað alltaf jafn vænt um þig, það haggast enga ögn við það, að eg er alltaf að verða meira og meira hugfangin hjá – eða í – manningum mínum.

Eg get hreint ekki gleimt þjer eða afstaðið þig við aðrar stúlkur, – alveg – það er svo makalaust gott og gaman að eiga við þig – svona í mátulegri fjarlægð, – og eg get bókstaflega ekki án þín verið, því nú er eg þá ekki heldur hrædd við þig lengur. Mjer liggur við að segja að þú skulir nú ekki getað umsnúið á mjer höfðinu hjeðan af innvortis meina eg – . En fyrir Guðs skuld! Þú mátt ekki taka það svo að eg sje að storka þjer, nei, góðir vinir þar fyrir utan, en eg var að sýna þjer bara, hvað eg stend á föstum fótum – eða segja þjer frá því – því mjer er farið að þykja svo ósegjanlega vænt um karlinn minn, að eg vil ekki kaupa aptur heilsuna mína fyrir hann, og fá engin gæði lífsins, þó eg ætti kost á.

Nú er eg búin að missa hann frá mjer – svona bara snöggvast – hvort það er nú þessvegna, eða af því að eðlið er nú svona í mjer, veit eg ekki, en eg gat ekki látið vera að skrifa þjer núna dálítið, þó sjalú sje eg. Eg hef líka nokkuð á samviskunninni núna. Rjett einusinni að hún „skandaleserar“ hugsar þú. Eg veit nú ekki hvort það er reglulegur skandale þú hefir nú betur vit á því en eg. Það var nú ekki annað en það að eg sat meinlaus uppí legubekks horni hjá St. Th. 2 vel tíma á föstudaginn langa, heima hjá honum. Það er það skrítnasta sem eg hef komist í síðan eg giptist, mjer er óhætt að fullyrða það. Hvað heldur þú nú að eg hafi verið að gera þar í horninu hjá honum? Horfa inní skæru, gagnsæju augun hans, og þessháttar? Lítið var nú um það, því eg þorði það ekki almennilega. – Eg er nefnilega orðin enþá samviskunæmari, eða hjartveikari síðan eg varð kona, eiginlega öllu betri kvennmaður.

Já, eg þorði ekki að horfa inní höfuðið á honum nema lítið eitt, en eg sat, sem sagt, makráð hjá honum, fast við hliðina á honum, og eg held ekki að púlsin hafi slegið, nema rúmt 10 á mínútnni. Hann var svo makalaust góður við mig, í sínu besta skapi held eg og þá veistu hvörnig hann er. Það getur verið að það sjeu til í honum einhver smávegis hugulsemi sem eg náði ekki af því enginn nær því nórðið nema Gudda en hann var svo hjartanlega góður, sem eg gat á kosið. Já, það var alveg satt! Eg ætla að skripta fyrir þjer og þá verð eg þó að segja þjer alveg eins og er hvað eg var að gera í horninu hjá honum.

Eg var að heyra hvað hann hefði að segja mjer um dótið mitt. Eg geri svo vel og safna því sem eg hjelt helst að mennirnir gætu melt af kvæðadóti mínu. Skrifa það upp í hrúgu, vef síðan upp í dindil, og sendi St. Th. og bið hann nú að sjá aumur á mjer og dóti mínu, og segja mjer álit sitt um hvört það þoli að prentast og koma fyrir augu almennings. Eg skrifaði honum þessa bæn og sagðist ekki hafa dug til að tala um það við hann munnlega, en ef hann hefði ekki tíð eða tækifæri, bað eg hann gjöra svo vel og endursenda það, annars kvaðst eg herða upp hugann og koma einhverntíma að heyra hvað hann hefði að segja mjer.

Hvernin lýst þjer á? Halldór kom mjer til að fá þettað flug, eg er úr allri sök. Hvað gjöri eg svo á föstudaginn langa annað en labba beina leið niður til hans en þá veit trú mín að eg var óstyrk í fótunum og þungt um andardráttinn þegar eg gekk upp stigann. Eg kom eldhúsmegin, og sendi honum boð inn með vinnukonunni, Gudda var ekki heima, og ljét hana spyrja hann um frá mjer hvort hann hefði tíð til að gera svo vel að lofa mjer að fá hann í tal. Eg heyri hvar hann gegnir inni: „nú, já, eg skal koma fram til hennar,“ kemur síðan með brosandí andlit: „Komið þjer sælar“ í þessum góða tón, og rjetti mjer höndina svo vingjarnlega að eg fór að geta dregið andann og sýndist hann ekki eins ógurlegur eins og búast var við. „Valdimar er inni hjá mjer, það var leiðinlegt, kannske þjer viljið heldur koma síðar ef þjer hafið tíma?“ Já þakk! bara að eg megi koma síðar, stundi eg upp úr mjer, ef þjer gætuð tiltekið hvenær þjer hefðuð tíð. „Eg hef nú tíð þessa helgu daga, nefnið þjer nær þjer getið komið?“ Kannske í eptirmiðdag? „Já, það er gott, eg skal verða heima, gjörið þjer svo vel! Eg er búin að yfirlesa...“. Verið þjer sælir! og niður allann stiga og burt fór eg eins og brend.

Og svo tímanna þangað til Kl. 5! Eg vissi ekki hvað eg átti að gjöra til á meðan, eg var á flugi og ferð úr einum stað í annann sífelt hugsandi um andlitid á honum og viðmótið. Jú, það var augsjáanlega gott, en auðvitað var hann sá maður sem vildi taka mjúkum höndum á mjer, þó hann yrði að kreysta úr mjer lífið. Hann vildi náttúrlega gjöra það svo vægilega sem mögulegt, af því eg var svo lítil og hjálparlaus.

Kl. varð loksins 5. Eg fór aptur uppí eldhús og fann sömu stúlkuna. „Já, nú skal eg segja honum að þjer sjeuð komin“ segir hún að fyrra bragði, og var þá ekki viðstödd í fyrra sinnið, alt svo hefir hann sagt henni að hann ætti von á mjer aptur.

Jú, nú kom hann aptur brosandí og gáði framm og hleypti mjer inn á undan sjer gegnum 3 verelsi inná kontór, þar stansa eg, og er nú furðu hress og bið hann að fyrirgefa að eg hafi sett þettað ógeðfelda verk uppá hann, og bið hann vera vissann um að eg þoli að heyra hann kveða upp dauðadóm yfir því dótinu því eg sje við því búin. „Dauðadóm? eg dæmi ekkert, og þá ekki þettað. Eg hafði gaman af að sjá það, mjer finnst það mikið gott. Eg veit að það muni hafa galla sem þurfa að lagast, eg veit ekkert; hreint ekkert! Þetta er bara náttúru udbrud. Vilið þjer ekki setjast og taka sjalið af yður? Eg fann mjög litla galla á því, eg hef lesið það í gegnum, og fannst það yfir höfuð mikið gott. Eg hef það hjerna.“ Kemur síðan með það og sest hjá mjer: „Mjer sýnist sjálfsagt að gefa það út, ekki spurtsmál.“ Og horfir svo beint inní mig með skæra auganu, og eg glápti beint uppá hann með þessari trú og tilbeiðslu í augunum, og segi bara: Á! haldið þjer það? Eg þoli svo illa harða krítík. „Það verður ekki að óttast sýnist mjer.“ Síðan fór hann að yfirfara þettað alt orð fyrir orð, með svoddan velvilja og vægð, og þá þarf eg ekki að segja þjer hvernin er að eiga við hann. Svo uppúr lestrinum fór hann að tala um ýmis skáld og skáldskap, og var akkurat eins og við værum gamalkunnug, og að hann hefði svoleiðis intressi af að tala við mig eins og eg væri hjerumbil hans líki.

Jú, það lá nú við. Eg þorði lítið að segja, eg vissi svo lítið, og vildi síður verða

mjer til skammar en hlustaði á hann hugfangin – hreint ekki ástfangin, ekki minsta fót – og leið svo óvenju vel. En hvað var gaman að vera þarna hjá honum, og hlusta á [] spottandi um einn og annann, og svo þess í millum tala um eitt og annað í dótinu, og finna þessa lífsins velvild sem hann sýndi því. Hann næstum eins og treindi sjer það fannst mjer, að yfirfara það.

Eg heyrði barið, en því var ekki gegnt, hann hefir víst ætlað að gefa mjer þessa stund, ofurlítið sat eg á eptir. Kl. var nærri sjö! Eg stóð upp og bað hann um að fyrirgefa hvað lengi að eg væri búin að eiða tíma hans.

Hvað hann var líka hiklaus og blátt áframm! Eg varð svo róleg að mig langaði til að vera mikið lengur, en eg var hrædd um að sjenera hann, og vildi ekki vera uppþrengandi. En nú varð eg ráðalaus. Á eg að bjóða honum borgun? Eg get nú ekki annað, eg er honum alveg ókunnug og bið hann um að segja mjer til og eiða tíma, en ef hann fornermast? Eg get samt ekki farið svo að bjóða ekki borgun. Þjer verðið nú að gjöra svo vel og lofa mjer að borga yður fyrirhöfnina, sagði eg ofur spaklega um leið og eg stóð upp.

„Eg vil enga peninga hafa, ekki að tala um“ og andlitið varð svo dimmt að eg varð dauðhrædd. Svo talaði eg ögn um annað, og hann varð betri en ekki eins og áður, alúðin var horfin fannst mjer. Það var leiðinlegt að honum hefur þókt, en hvernin gat eg annað en boðið honum borgun. Síðan rjetti eg höndina og bað hann vera sælan og hafa þökk og spurði um leifi að eg mætti ráðfæra mig við hann aptur ef mjer lægi á.

Jú, eg mátti það en hann tæpti rjett í höndina mína svo eg varð hálfráðalaus. Hann fylgdi mér framm þangað til eg kom þar sem Gudda og barnið var, og fór að tala við þær, þá leit eg til baka og hjelt að hann væri þar, og ætlaði að beyja höfuðið til burtfarar fyrir honum en hann var allur á burt. Hvarf alt í einu.

Hvað segir þú nú til? Er eg kannske ekki tapper? Eg hef svo gaman af að horfa á prikin sem hann gerði innanum mína stafi, og man svo glöggt hvort orð sem hann sagði, um það og það. Eg er hætt að hugsa um hann með ótta, mjer er bara svo vel við hann, og náttúrlega hálf tilbið. Eg kenni næstum í brjósti um gráa, hrukkótta andlitið hans. Augun skæru eru orðin eins og hálf þreitt, og svo ljótir fasar í kringum þaug, sem ellin er farin að lýta hann með.

Hann er orðin svo gróflaga apturfaralegur, ekki eldri maður. Eg hef hitt hann á götu síðan, og veitstu hvað? eg fjekk engann hjartslátt, en, sagði bara heyranlega „góðan dag“ blíflega, þegar hann tók hattinn af. Eg er svona inn við beinið. Mig dauðlangar til að heyra hann tala aptur, en eg þori ekki að koma til hans nema með brínt erindi, eg veit ekki nema að hann fái sjer það til. Eg ætla bara að gjöra mjer eitthvert erindi til hans, áður en eg fer hjeðan, til að getað kvadt hann, og sagt honum hvað útgáfu á dótinu mínu líður. Eg sagði honum að eg ætlaði að bjóða Sigurði Kristánssyni útgáfurjettinn, og gerði það, en hann vildi ekki núna, nema ef það mætti bíða, því hann kvadst hafa svo mikið, svo eg er helst að hugsa um að kosta það sjálf ef eg get einhvern tíma, en sem stendur get eg það ekki og við það situr fyrst um sinn.

Og svo er að segja þjer hvernig eg lifi. Eg hef verið að drepast í allann vetur af gigt, og ýmsum djöfulskap sem eg er víst búinn að hafa uppúr því að vera embættismaður. Það hve vanta í mig blóð, og svo er eg svo skínandi horuð að það þykir öllum eg ljót nema H. mínum, honum þykir svo ósköp fallegt að sjá svona lægið á hverju beini í kroppnum gegnum skinnið. Eg er heppin með fegurðarsmekkinn hans.

Eg lá aptur núna eptir páskana, og hafði þær satans kvalir, að eg hávældi af viðþolsleisi í hriggnum, en nú er eg að tórna við, en þoli svo sem ekkert að brúka mig. Eg sagði jú, að eg ljeki nú á lausu lopti mannlaus sem stendur, hann fór norður með landpósti í mars, varð að yfirgefa litla vesælingin sinn, því hann gat ekkert fengið að gjöra hjerna, því hann er ekki sjómaður, en átti von á að fá vinnu norður í Eijafjarðarsýslu þar sem hann er kunnugur, og svo var ráð fyrir gjört að eg segði af mjer, og kæmi svo norður til hanss alfarin í sumar með skipi, og hætti öllum tókum með þettað embættisvesen, og byrjaði þar nýtt líf sem bóndakona í sveit.

En nú er eg búin að snúa því uppí það að reina að fá frý hjá bæjarstjórninni, og leifi til að fara burt, drottin á vald, helst árslangt til að reina að fá heilsu. Eg veit nú ekki hvort það fæst, en lækarnir hafa lofað að hjálpa mjer til þess. Því sjáðu! eg vildi ekki þurfa að segja strax af mjer svo eg gæti komið aptur ef svo verður sem mig grunar, að þú verðir hjer bæjar-Fógeti innan skamms, því Halldór Daníelsson hve vera búin að fá nóg af því, og þá verður þú nefnilega að taka stýrið í hönd þjer, þegar hann fer, það þarf trúi eg karl í krapinu til að stýra hjerna, segja þeir sem vit hafa á, og þá komum við hjónin, sem sagt aptur, eg til að hjálpa afkvæmunum þínum á rjetta leið þegar þaug leggja upp fyrstu dagleiðina á lífsferðina sína, og karlinn minn til að þjóna þjer, þú færð þar trúann þjenara og þá hafa ekki höfðingjar altíð.

Viltu nú ekki að það sje svona þettað? Eg veit bara að þú ert því samþykkur, og svona vil eg það, og þá sje eg ekki hvað ætti að vera á móti því. – Enn pennaskaptið þitt! Það þókti mjer vænt um, þú hefir hapt nógann ófagnað, og gott að þú hafðir gleði líka. Eg gladdist af því. Eg sje *Hana* opt á götu núna. Hún er altaf elskuleg í mínum augum, en eg skil ekki hví hún borar altaf bláu augunum inní mig, og lítur ekki af mjer fyrir en eg er búin að beyja höfuðið fyrir henni. Eg finn ekki að eg sje skildug til að heilsa henni, sem hef aldrei talað orð við hana, en hún lætur mig altaf gjöra það, og svarar því, og heldur svo sína leið, alein. Stúlka sagði mjer nýlega, að altalað sje nú að þú ætlir þjer hana til konu, þegar þú kemur upp. Eg skil ekki hvaðan það sprettur upp aptur, einmit núna. Frú Thoroddsen – Biskups frökinn – er farin að breita vexti. Eg ekki.

Þú ræður hvort þú sleppir alveg af mjer hendinni. Eg hugga mig við það, að samviskann lætur þig þá ekki óbitinn. Vertu blessaður æfinlega, og þakk fyrir mig!

Ólóf.

Valdimar og Bríet eru brilljant par. Eg vildi að þú sæjir þaug saman.

IV. 1895-1902 – Við bjarma af orðaeldi

Eina óveðursnótt í október 1895 er Ólöf andvaka á Hlöðum og leitar skjóls í gömlum bréfum Þorsteins. Þau hafa hvorki heyrst né sést í sjö ár. Þorsteinn er enn búsettur í Danmörku en hefur dvalið sumarpart þetta ár á Íslandi.

Gömlu bréfin hans og tilfinningarnar sem þau vekja verða kveikjan að því að Ólöf sest niður og skrifar sínum gamla vini. Bréfið er sjálfsævisögu-brot þar sem hún fer yfir líf sitt og líðan síðan leiðir skildu vorið 1888.

Í þessum kafla er einnig að finna bréf frá Ólöfu frá 1902. Það er stílað „til Arnfirðings“ en þá var Þorsteinn einmitt búsettur ásamt Guðrúnu konu sinni á Bíldudal, þar sem hann ritstýrði blaðinu *Arnfirðingi*. Þetta er ekki hefðbundið bréf heldur þáttur eða samræða tveggja aldraðra kvenna. Í æviminningum Huldu Á. Stefánsdóttur segir hún frá gamansögu sem Ólöf sagði henni.¹ Sagan var um spaugilegar samræður Magdalenu, móður Ólafar sem þá var búsett á Hlöðum, og Þóreyjar, móður bóndans á sömu jörð. Sennilega er þetta sama sagan, færð í letur af Ólöfu.

Með bréfinu frá 1902 liggja einnig tvö ljóð eftir Ólöfu. Ekkert svarbréf frá Þorsteini er varðveitt og er eins líklegt að bréfinu hafi aldrei verið svarað.

Hlöðum 24. október 1895.

Góðan daginn Þorsteinn!

Gamli vinur minn, sjá, nú kjem eg fljúgandi' á fundinn aptur þinn. Eg vona að eg þurfi ekki að segja til nafns míns, þú munt kannast við kvinnuna. Dreimdi þig mig ekki í nótt kunningi? Eg var meiri partin af nóttinni hjá þjer, meiri parturinn af mjer. Þakk fyrir síðast! og er eg þjer ekki velkomin, hjartanlega velkomin enn-þá? jú, eg finn að eg er það, þó eg heyri ekki hvað þú hugsar. Þú skilur einungis ekki í kvaða erindum eg er komin til þín eptir svo langa útivist, 7-8 ára fjærveru.

Nú skal eg strax gjöra grein fyrir ferðalægi mínu og erindi. Eg sat ein í hreiðri

1 Hulda Á. Stefánsdóttir, *Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur*. 2. bindi. *Æska* (Reykjavík, 1985-1988), bls. 180.

mínu í gærkveld – eins og optar – eg gat ekki fundið frið fyrir ólátum í íslensku illviðri. Þá fjekk eg alt í einu andann yfir mig, hjálpræðis andann, tók upp gamlann brjefaböggul frá Þorsteini Erlingssyni, sem ekkert auga hefir í lesið í 7 ár, og settist við að lesa, og las upp mestalla súpuna og sat við það langt framm á nótt, og svo hugfangin get eg enn orðið – bráðum fertug – að eg varð einkis óveðurs vör meðan á því stóð. Blessaður sjertu fyrir alla gleðina og gagnið, sem eg hef haft af þjer Þorsteinn! Eg meina: gleði verði þjer að því! –

Marga sólskinsstund hafa ljóðin þín komið með inní hugann minn síðan þú komst í ljósmál aptur. Eg kann þau flest án þess að eg læri þau, eg bara les þau, og svo setjast þau að í huganum sjálfkrafa, og eg sit með þau, þar „hvísla þau bæði dag og nótt, í leini“. Það gjöra einginn önnur börn en börnin þín, mjer finnst líka að eg hafi alla daga átt þau, áður en eg sá þau. Eg leik við þau og hlæ og græt með þeim, og þeirri hilli hafa ekki annara afkvæmi náð hjá mjer en þín. Hlægilegt kannske það sje, en eg grjet yfir snjótitlingnum þínum í Dýravínum. Já, víst grjet eg yfir honum, og þjer lof. Mikið hefðir þú getað gjört mig ófarsæla hefðir þú lagt þig til, hjer fyrri á árum, því þá hefði eg enginn maður verið til að bjarga mjer, og nú gleður það mig eitt meðal annars, að þjer fórst vel við mig og drengilega í alla stadi. Hvað gæfan hefir líka leikið sjer að því, að annast mig á allar lundir! Já, þú bíður eptir erindinu! Börnin þín trubludu mig – nú kemur það: það var nú það, að eg hugsaði að þú værir kannske ekki svo ólíkur mjer í öllu að þjer hvarflaði aldrei í hug málefnið okkar gamla, og að þjer kynni að vera forvitni á að vita hvað af „Ólöfu þinni litlu“ hefði orðið eptir dauðann, og nú er eg komin hjer til þín, til að segja þjer söguna af henni. Hún er sem segir:

Eg giptist eins og þú vissir – 87 og átti bágt um það leiti – bágast sem eg hef átt á æfinni – og alt leit illa út fyrir okkur hjónum hvað félagsskap okkar snerti, og svo náði hann eingum föstum fótum í Rvík með atvinnu og undi þar ið versta. Eg átti – sem sagt – bágt og hann átti bágt, og svo veiktist eg, og lá lengi um veturinn, og þá fór blessuð sólin að skína gegnum myrkið í mjer, því hann fór að hjúkra mjer eins og mömmurnar hjúkra litlu börnunum sínum, og eg fór að elska hann aptur svo komst eg á fætur en var þó veik, og sá að eg gat ekki haldið áfram að stunda starf mitt sem yfirsetukona, og samþykkti svo að fara með honum norður. Hann fór *feginn* seint um veturinn, eg nauðug um vorið.

Þegar eg var búin að láta prenta kvæðin mín, og kvaddi nú alt það sem mjer var orðið vært, og eg hjelt ómissandi fyrir vellíðan mína, eg vissi ekki annað enn gleðin og vonin mín yrðu eptir, og kvaddi þær, en þær komu þá með mjer, og eltu mig hingað norður að bæ þeim sem Hlaðir – eða Hlöd – heitir, og þar settumst við allar að hjá manni mínum – sem er þó ekki bóndi minn, enn fóstri – og þar situm við enn hjá honum.

Fyrstu 3 árin var eg mikið veik, stundum í rúminu, og stundum á fótum og staulaðist út og inn við hækjur eða prik, því eg gat ekki staðið óstudd, hriggurinn var ónýtur, eins og sundurlaus, og eg öll úr rjettum skordum. Læknarnir hristu höfuð sín, og hjeldu auðsjánlega að úti væri um mig, enda var eg ekki væn að útliti

þá, og átti mjer ekki gleði nje heilbrigðis von um tíma, en hvorutveggja kom þó hreint óvænt af öllum. Hriggurinn hnítti á sig stóran hnút, mjöðmin sem var skökk og vitlaus varð að liði aptur og líkaminn allur tórnaði við, og nú er eg ekki ver á mig kominn enn margur annar – nema hvað enginn maður getur fengið ást á vaxtarþríði minni framar. Úti um það. Eg er nú opt allvel frísk, og fjörið, lífsgleðin og kjarkurinn ólmast nú í mjer hvert um annað, og æskan er þar held eg komin líka, sem aldrei gjörði vart við sig í gamla daga, en nú leikur alt þetta fólk sjer í mjer, og gleðin og ánægjan yfir, og við, fjelagann minn, sem hefir annast mig og látið mjer líða sem allra best, er í og með í leiknum.

Aldrei hefir þó blessuð sálin skinið eins heitt og bjart í huga mínum eins og opt þegar eg var sem veikust, því þá varð eg svo að segja öll að ást og þakklæti til fóstura míns. Eg get hreint ekki gjört þjer skiljanlegt hvað eg var þá opt rík og sæl í ástinni minni, ástinni sem eg sagði þjer frá forðum, en þú vildir ekki trúa mjer til að í mjer væri, gæti verið. Eg veit ekkert betra að óska þjer, en að þjer væri hún nú eins kunn og mjer. Eg játa að þú hafðir rjettara en eg fyrir þjer, í ýmsum þrætumálum okkar í gamla daga, og talaðir viturlegar, eins og vænta mátti, en á því hafði eg þó rjetta sjón – þó hálfblind væri af draumórum og ástarþrá og ýmsu þaðan af verri heimsku – að í mjer væri til önnur sort ástar en sú, sem samferða er kynfjölgunarfýsninni.

Ekki þekki eg neitt barnlaust hjónaband eins hlítt og okkar, og ekki þekki eg neina vináttu án ástar eins innilega og okkar fóstura, svo ekki vil eg kærleika okkar vináttu kalla, svo þarna vann eg þó dálítinn sigur á þjer, ekki satt? en aptur ertu búinn að vinna aðra stærri í viðskiptum okkar. Eg hef sett mjer mark eins og þú, en nokkuð minna. Eg sækist eptir að deya með meðvitundinni um að hafa verið það sem kallast „góð kona“: að hafa greitt götu mannsins sem eg fylgist með, og eg held að eg sje enn á rjettum vegi með það. Það er lítið markið, eg játa það, en það er held eg það eina sem eg kynni að hafa hæfilegaleika til að ná. Oflítill hefði eg verið til að „sygla sjóin allann sæl með þjer“ enda hefðir þú aldrei viljað taka mig innan borðs auðvitað. Eg hefði náttúrlega orðið sjóveik og hrædd við ólguna, og svo hnúturinn á hriggnum rekist alstaðar á, og orðið til fyrirstöðu.

Svona er nú ágrip af sögu minni. Eg hjelt að þú kynnir að vilja heyra hana, en eg hugsaði að enginn þinn kunningi kinni hana nema eg, og því er eg nú hingað kominn með hana til þín, og með framm af því að mig langaði til að hitta þig bara einu sinni uppá gamlann kunningskap, og ekki trútt um að eg vonist eptir sögulaunum einungis einum dálitlum miða með sögunni af þjer á sjer, en það er nú máské að ætlast til of mikils og þá lækka eg seglin undir eins.

Ef fósturi minn mætti síðan vita eitthvað smávegis um hag þinn enn eg, af því hann er þjer ókunnur þá verður hann ekki með í því, og þar af hlitist enginn vandi, annars er hann með hjá mjer í öllu sem eg á *ein*. Hann veit eg er að skrifa þjer nú, en eg sagði honum að eg hefði minna gaman af því, ef hann læsi það sem eg skrifa þjer, svo hann ljet það fúslega eptir mjer að vera utanvið í þetta eina skipti, því eg ætla að láta mjer linda að leika mjer hjá þjer í þetta eina sinn, þú ert þaraðauki líka

sjálfsgagt vaxinn frá mjer. Eg er að kveðja þig, og þakka þjer alt gamalt og gott, öll auðæfin sem þú gafst mjer. Eg geimi ennþá öll brjefin þín, sum með þinni og sum með minni hendi, og eingin veit eg til að hafi sjeð innaní þau nema þú og eg. Hvorin er það? Má eg halda áframm að eiga þau? og hvorin fer þá ef eg dei skindilega? Þá sjer fóstri þau, og honum er að vísu trúandi fyrir öllu, en þú segist engum hafa sagt sumt sem þar er, enda ekki mörgum ætlandi sumt af því. Eg tími ílla að missa þau.

Nú á öll ljóðin þig, og eg er í ekki ólíku skapi eins og móðir í brúðkaupi einkasonar síns. Hún átti hann ein, en nú á önnur það sem henni var kærast og nánast, og hún gleðst samt af gleðinni hans, og eg af þinni hjartanlega, því mjer er engin leind á því við þig, hvað mjög mjer er vel til þín fremur öðrum mönnum óskildum sem kallast. En ekki svo það sje sök við fóstura minn mjer vitanlega og þó þú sætir hjer hjá mjer, vildi eg ekki snerta þig. Eg svík ekki fóstura, að öllu sjálffráðu, enda varstu lítið að reina að fá mig í það, en von þú hugsir. Einginn hefir auðvitað setst í sætið þitt í þessi 7 ár. Matthías bauð mjer að skoða sig sem bróður sinn, en það var mjer ómögulegt. Eg vildi hann ekki. Eg hef dálítið gaman haft af bróður Ólafs Davíðssonar Guðmundi, og ögn af Stefáni á Möðruvöllum. Eg hef gaman af hjartans gleðinni hans, og góðmennskunni.

Við fóstri erum kunnug hjá þeim hjónum, heimilin eru nærri hvort öðru. Stefán er hrifinn af þjer og les mjer stundum ljóðin þín, og les vel. Hann las mjer nýlega „Kossinn“ þinn. „Andskoti er þetta smellið“ sagði hann. En best af öllu er þegar hann raular eins og þú raulaðir ljóðin hans St. Th. því hann kann lægið þitt, og eg kann það í huganum líka. Eg hef ekki not af myndinni þinni í „Sunnanfara“ eða „Eimreiðinni“. Eg kannast við lítið annað en ennið, hárið og vangann. Mig vantar mynd af þjer eins og þú varst og ert í huga mínum, en eg veit engin ráð til að fá hana, því þú þorðir ekki að láta mig hafa hana forðum og ekki hefir hættunni farið aptur bíst eg við.

Gaman hefði verið að vera tilheyrandi hjá þjer við ljóðaupplesturinn þinn í sumar, en það er líka gott að sitja í litla hlýja hreiðrinu sínu úti horni afsíðis og hlusta svo á kæra óminn á lengdar. Mig langar til að minnast á stóra málefnið þitt, en það er svo stórt og eg svo lítil, að eg þegi. Eg mundi biðja þig mikið vel samt ef þú værir nú hjá mjer, að áreita ekki eða þá fara vægilega með – trúarmál manna, því mjer virðist þeim líða betur við – og jafnvel flestum vera nauðsyn – að vona og trúá að vild sinni á annað enn þetta sem menn *vita* og *þekkja*. Eg veit að þú hefir meira vit og þekkingu en eg, og hugsar langtum meira, og vilt þaraðauki mönnum og öðrum dýrum líði sem best, en eg gæti þó ekki látið vera með að biðja þig að reina ekki við að gjöra mannkynið að skinsemistruarmönnum, því eg er hrædd um þú vinnir þeim skaða, þó þú gjörðir það af kærleika til þeirra og af heitri sannfæringu. Það var líka satt! Eg ætlaði að þeija, og þó hefði eg mikið meir í huganum sem eg gæti sagt í alla nótt við þig, og eg hefði þig. Þú heyrir það! Eg bara bið þig, hjartans hlýlega, og þó veit eg þú munir ekki getað tekið það til greina hvað eg vil.

Ef þú innir mönnum viljandi skaða, með indælu gáfunni þinni: ljóðasnildinni,

held eg að eg gæti grátið blóði yfir þjer, en eg veit að eg þarf ekki að láta það í þá skuld. Viljandi vinnur þú ekki ógagn. Óviljandi getur það orðið, því þú hefir afar stórt málefni handa milli eins og þú veitst betur en eg.

Eg er ekki fær í þennan sjó, eg ætti að vera í horninu mínu kyr. „Broder, det er sværmeri! Kampen raser paa vor Klade – Hæv os, styrk os, gjör os gode; Ja, kun da er Verden fri, Ak, thi Broder, Tidens Orm, Verdens Möden Verdensskaden, ligger ei i Overfladen, Ei, blot i den ydre Form“.

Eg ætlaði í fyrstunni bara að leika mjer við þig eins og krakki við krakka, og svo fór eg að rugla út í það sem fullornir eru að tala. En vertu nú góður, eg skal vera lítil. Þú ætlar kannske að segja mjer ögn innan úr þjer og vera vingjarnlegur við mig. Eg vildi að eg þekkti konuna þína, svo mjer gæti þókt vænt um hana með þjer. Það lá skrifulega gatan hennar, að fylgja þjer! Vantar þig ekki Íslensku orðin á varirnar hennar? eða ertu búinn að koma þeim þangað? Það vildi eg vita þig eiga þægilega hvíld í faðminum hennar, og helst hluttekningu í huganum hennar líka, því það hlítur að vera þarfur hlutur finnst mjer, öllum mönnum. Eg hef orðið að fara varlega, þegar eg hef verið að reina að grafa upp sporin þín, svo mjer hefir gengið það ílla, einkum þegar þú hvarfst – þá var eg löngum hrædd um að þjer liði ílla. Þá bað eg stundum *minn* Guð, heitt og innilega fyrir þjer. Þjer finnst það nú kannske ekki viturleg aðferð, en hún varð *mjer* að gagni.

Eg var hálf um hálf að hugsa um að senda þjer sýnishorn af nútíðar ljóðum mínum, til samanburðar við fyrri tíð, en eg læt það vera. Eg vil þá halda áfram að sísla eitthvað um það við þig og það getur ekki orðið svo vel fari, og auk þess ertu vaxinn frá mjer, sem sagt. Þú kannske borgir mjer sögulaun, og svo á öll þjóðin þig, og eg minn örlitla hlut, en fóstri minn á einsamall mig, og með honum hverf eg.

Vertu sæll, sem allra sælastur sem hugur okkar getur orðið! Mjer liggur við að kveðja þig með kossi, en þú hefir aldrei kyst Ólöfu og eg aldrei Þorstein.

Má eg vita hvort það var Jarðþrúður: „Mjer finnst það nú vina mín hvíla mig helst, að hugsa um þig eða skrifa.“ „Og vel getur verið í síðasta sinn, eg sofni við faðm þinn í anda.“ – Fegurðar sansinn er orðinn hjá mjer að ástríðu. Hvað eg horfi hugfangin á fögru stúlkurnar. Eg held að eg elski þær, eins og þið mennirnir. Að hafa það sem ljótt er fyrir augum, það er böll.

Þetta er upphaf á seinni tíðar söng mínum:

Hve elska eg þig gleði með geislana þína,
– án gleði' er eg aumlega stödd,
þá sólbros þitt skín inní sálina mína,
þar syngur hver einasta rödd.

Þó allur heimurinn hrópi: vei!
svo heyri' eg ekki mitt eigið „nei“.
Jeg get ei annað enn aðhyllst þig,
og elskað geislann sem vermir mig. (sýnishorn!)

Við fóstri erum 2 ein í húsi sjer stök. Hann smíðar og kennir krökkum eg sauma og sýð mat, svona vinnum við fyrir okkur; og erum hvorki rík njer fátæk.

Nú þykir mjer vænt um flugurnar og ormana, og alt smádótið kringum mig sem eg gaf engan gaum hjer fyrri. Eg elska sólina og fuglasönginn, og vil faðma allann heiminn þegar eg er glöð.

Gaman hef eg haft af því hve vel þjer tókst að sjá fósra minn út, að vondu myndinni sem eg sendi þjer af honum. Þú lýsir honum í brjefi nákvæmlega eins og eg áfít hann nú. Þar skakkar engu. Þá gladdir þú mig, það man eg. Fóstri er velvyrstur og vandaður maður. Greindur og hygginn og svo trúur og merkur sem best má vera. Dálítið er víður í lund. – Heilsuveill, enn vinnusamur og vel að sjer. Hugsar mikið og heldur sig til baka. Skrifar sögur dálítið, auðvitað ekki ágætær en furðanlegar. Fastheldinn og fornlegur, viðkvæmur og dulur og elskar barnið sitt einsamalt, mikið, mikið!

Ólöf er sem sagt, á Hlöðum í Hörgárdal í Eyjafjarðarsýslu.

Til „Arnfirðings“ frá Ólöfu á Hlöðum.

Páska-samræða 1902.

P. (hálf átræð) – „Góðan dag og gleðilega hátíð! Nú er hann þá upprisinn, blessaður!“

M. (hálfniræð) – „Ójá, og ætluðu þeir þó víst að sjá svo um, andstygðirnar, að hann kæmist ekki út. Mjer liggur við að vera reið við þá sem til Emaus gengu – þessi tveir, þú manst! – að þeir skildu ekki þekkja hann.“

P. – „Já, en þeim var vorkun greyunum. Jeg hefði verið sú sama, jeg hefði heldur ekki þekkt hann, hefði jeg ekki vitað það.“

M. – „Nú, hvunær?“

P. – „Þegar hann var upprisinn. Maður skildi varla trúa því að það væri sami maðurinn svo ólíkur var hann sjálfum sjer.“

M. – „Það er rjett! En nær sást þú hann?“

P. – „Jeg hef sjeð mynd af honum fyrir og eptir upprisuna og það var svona: Jeg hefði ekki þekkt hann. Jeg átti einu sinni mynd af móður hans líka.“

Afmælisvísur (frá konunni, til bóndans)

Við viljum að hjá þjer sje kátt í kvöld
svo kátt, að þú gleymir starfa
fyrst lifað þú hefir hálfá öld
og heilmörgum unnið þarfa!

Þó standir þú ekki' að stöðu hár
svo stari' á þig gjörvöll þjóðin
þú lagðir fram athöfn orðafár
í almanna – þarfa – sjóðinn.

Þú fjekkst aldrei mjög um strit nje stríð,
– í störfunum verða menn ríkir –
Við þá hefðum færra' af þurfalýð
ef þjer væru margir líkir.

Þín spor sjást ei stór, en hvert spor er hreint
– þú spark hvergi eptir þig lætur –
þú gekkst svo varkár þinn veg, og beint
að vegna þín enginn grætur.

Því vildum þjer liði vel í kvöld.
Í vinahóp lítinn setstu
og legðu' uppá hilluna hálfra öld
með heiðri og þökkum bestu!

Ó.

Þorsteinn Erlingsson!

Líkni þjer nú Lofn og Freyja,
ljái hlje í neyðar gjósti!
Mjer er sagt þú sjert að deyja,
situr dauðinn þjer í brjósti?

Ílla kann jeg við að vita,
vinur, þig í ekkert breyttan,
þig, með sálar hljómi og hita:
hugann myndasmíði skreyttan!

Mynd af banabeðnum þínum
bý jeg til, – er steini lostin – .
Horfi á, í huga mínum,
holdið visnað, augun brostin.

Skóða mynd sem átti' eg áður:
Ungar, sterkar lífsins rætur.

Svip, með orðtak: engum háður!
Augu: stjörnu-hvelfing nætur.

Svona ertu mjer í minni.
Máttu nú samt til að deyja?
Alt í sálar auðlegð þinni
ónýtt, bara til að fleyja?

Til hvers komstu' úr „kími“ þínu?
Komstu – vartu til þess skaptur
að þoka áfram einni línu
ættlið þínum – Hverfa aptur?

Ólokið með oss þá gröfum
erindið í heiminn manna
við, sem engan hlekkinn höfum
hnýtt, í festi kynslóðanna.

Mjer finnst varið í það orðið:
„alskyns lífi frumögn veldur“.
Gæti' ei líf af engu orðið,
að engu verður líf ei heldur.

Stödd á efans akbraut miðri
okkar – samt það skinjar – vera:
einhverstaðar undir niðri
ákvarðandinn hlýtur vera.

Jeg er ekki fær að flytja
fræðitölu rökum studda;
Um þig sjúkan vildi' eg vitja,
við þig ofboðlítið „nudda“.

Skildi þig nú langa' að lifa!
– lemur hrylling dauða-hiksins? –
langa til að lifa, skrifa
og leita' að glampa augnabliksins?

Ó, kæmist þangað þú, að anda
þar sem anga blómagrundir:
í sumarfangið suðurlanda,
sólurvanga mjúkan undir!

Ekki' af mjer þjer segi' eg sögur
– sit með starfa-listann auðan.
Þökk, fyrir ljóðin þýð og fögur!
Þorsteinn lifðu Dauðann dauðan!

Engill mun þjer enginn sendur
æfi þó nú sjertu' að ljúka.
Litlar, mjúkar læknishendur
leggji von á brjóstið sjúka!
30/12 1902.

Ólöf.

V. 1906-1909 – Skáldkona á miðjum aldri

Fjögur ár hafa liðið frá því Ólöf sendi Þorsteini síðast bréf, svo vitað sé. Allt bendir til þess að þau hafi ekki átt í bréfasambandi frá 1903 til 1905.

Enn á ný er það Ólöf sem á frumkvæðið að bréfasamskiptum og frá október 1906 til ársins 1914 eiga þau í óslitnu sambandi. Með tilkomu símans eiga þau eftir að hringjast á og síðar hittast tvisvar. Árið 1906 er Ólöf enn búsett á Hlöðum en Þorsteinn er orðinn fjölskyldufaðir í Reykjavík. Tíminn og lífið hafa breytt anda bréfanna, Þorsteinn og Ólöf eru ekki lengur ung og óbundin. Aldur verður Ólöfu hugleikinn í bréfunum sem og tilfinningarnar. Þorsteinn er jarðbundnari og meira til baka en fyrr.

Í bréfunum sem hér fara á eftir er meðal annars rakin raunasaga Ólafar, sem skáldkonu í leit að velvilja meðal samferðamanna og skálda. Haustið 1906 biður Ólöf Þorstein um aðstoð við val og útgáfu á ljóðum sínum. Hann fellst á beiðni hennar og tekur að sér að fara yfir ljóðahandritið og velja úr til útgáfu. Árin líða og ekkert gerist, engin ljóðabók lítur dagsins ljós.

Hér er einnig til umræðu guðspeki og andatrú sem var Ólöfu mjög hugleikin á þessum árum.

Hlöðum 28. októbr. 1906.

Heill og sæll Þorsteinn Erlingsson!

Mann vantar mig til að vinna dálítið fyrir mig, því er það að jeg heimsæki þig með erindi mitt, til að vita hvort þú kinnir að vera fús á að liðsinna mjer, ef heilsa þín er svo að þú getir dálítið starfað. Jeg ætla í vetur að fara að tína úr ljóðum mínum það helsta og búa það undir prentun, en þekking mín og mannvit er nú ekki meira en það, að jeg er ekki einfær um þetta, þarf glöggskygnan og velviljaðan ljóðavin til að leiðbeina mjer með hvað takandi sje og hvað laga þurfi. Hentugra væri mjer vitaskuld, að geta átt munnlegt tal við þann sem leiðbeinir mjer, en hjer nærri mjer hef jeg nú engan síðan Ólafur Davíðsson dó, og engan á Akureyri sem jeg vil, síðan Einar Hjörleifsson fór.

Borgun hef jeg að bjóða þeim sem hjálpa mjer í áminnstu.

Gott þætti mjer að fá svar um það sem fyrst hvort þú hefir tök á að aðstoða mig nokkuð, eða nennir við það að eiga.

Hugsað hef jeg mjer að hafa það svo, að skrifa hvert ljóð á blað sjer – hreinskrifa – senda þjer svo alt dótið, sem *jeg* væri að hugsa um að láta fara, þá gætir þú tínt úr það sem *þjer* þækti ónýtt og svo raðað sneplunum á eptir, í þá röð sem þjer sýndist að láta koma í bókinni, hvort sem maður ætti heldur að hafa það í aldurs-röð, eða í flokkum eptir innihaldi, mjer leiðist sú flokkaskipting í öllum ljóðabókum, en hinsvegar er mjer ekki um að raða eptir ártölum, því þá verður kunnuga fólkið altaf að leita eptir því, um hvern og hvað það og það sje, sem mjer getur komið illa og jafnvel öðrum líka, ef jeg læt prenta það nú, meðan jeg er mitt á meðal þeirra sem orsakað hafa og eldana kint.

Þökk fyrir „Pyrna“ þína sem jeg fjekk frá þjer í fyrra haust.

Og svo í Guðsfríði alla tíð!

Ólöf.

Ekki var Ólafur Davíðsson að hnýsast í brjef þín þegar hann fór í óleyfi í koffort þitt á Garði, átti ekkert í nefið, vissi að þú áttir það, ástríðan varð honum of sterk svo hann stal frá þjer ögn af tóbaki en leit ekki nokkurt blað til að lesa: Svo urðuð þið ósáttir svo hann gat ekki fengið af sjer að viðurkenna það sanna, eins og ætlun hans var í fyrstu.

Þetta sagði hann mjer og jeg fann að hann sagði satt. Ólafur sagði mjer satt og fegraði ekki sjálfan sig. Var uppúr því vaxin að verja sig með lýgi og uppgerð.

Sje hann sem sælastur!

Ólöf.

Ætti jeg að hugsa nokkuð um að láta mynd framan við bókina? Er það talsverður kostnaðarauki? Jeg hef hugsað mjer að hafa bók þessa svo sem helmingi stærri en kverið sem jeg ljét prenta 1888.

Ætti jeg heldur að láta handritið liggja eptir mig óprentað þegar jeg er dauð?

Hlöðum 25. 1 1907.

Heill og sæll vinur,
Þorsteinn Erlingsson!

Þarna koma ljóðin mín, og þau óþvegin. Skyldi ekki úfna á þjer kollurinn, meðan þú yfirferð þau? Vildi getað sjeð framan í þig úr leyni.

Vona hinns besta af þjer, að þú segir mjer af allri hreinskilni hvað helst er að, og þá einkum ef þjer finnst að jeg ætti sem fæstum að sýna svona hluti, því of stangur muntu ekki að vandlætingasemi, nje varfærni, við mig.

Um þetta þarf jeg sjerstaklega ráða þinna:

1. Er jeg svo nýtilegur hagrðingur eða skáld, að vert sje að sýna?
2. Er innihaldið svo að tæpast sje prentandi að mjer lifandi?
3. Verð jeg fyrir voða ámæli svo mjer verði naumast stætt í mannheimi?
4. Er ekki hætt við að maður sá er jeg ann, verði uppsnuðraður eptir tilvísun ljóðanna, þó enginn viti annars hver hann er?

Með besta trausti til einlægni þinnar og drengskapar í minn garð, legg jeg svo alt þetta í þínar hendur og vona eptir að fá nú fulla vissu um, hvort nokkur skáldaneisti sje í mjer. Því auk als annars þroskaleysis, er svo sem engin dómgreind til í mjer, og er það mikið mein á ráði mínu. Þú verður ekki ýkja lengi, vona jeg, að yfirfara þessi blöð og kasta úr því ótæka. Jeg er að hugsa um að láta prenta í vetur eða vor, ef annars nokkuð verður af því.

Jeg fann, í huganum, engann annann en þig, sem jeg vildi biðja um aðstoð, fyrst Ólafur er farinn. Finnir þú ekkert í mjer, þá er þar áreiðanlega ekkert.

Kveð þig svo með gömlu trausti og vináttu.

Ólöf Sigurðardóttir.

Þegar þú endursendir blöðin, bið jeg um að fá að vita hvað jeg skulda þjer. Best, að fá þau aptur sem fyrst.

Ólöf.

Reykjavík 17. Mars 1907.

Nú er jeg búinn að lesa öll ljóðin þín, Ólöf mín góð, og þakka þjer kærlega fyrir skemtunina og sama mundi Guðrún kona mín gera ef hún næði til þín. Jeg kalla hana konu mína eins fyrir því, þó við höfum gift okkur sjálf og ekki síður. Svo þakka jeg þjer um leið fyrir alt gamalt líka. Jeg hef stundum verið að hugsa um að skrifa þjer, en letin hefur altaf unnið sigur. Þó var jeg búinn að byrja á brjefi, þegar þú kallaðir á mig í fóninn og þótti mjer vænt um að jeg var slóði þá, því jeg hafði gaman af þessum fáu orðum, sem við tölum saman. Rómur þinn var eins og ofurlítið ókennilegur í fyrstu orðunum, en svo þekti jeg hann glögt.

Þetta var nú inngangurinn. Nú kem jeg að kvæðunum. Í rauninni hefðirðu eingan mann þurft að láta lesa þau til umsagnar. Þau mætti öll sómasamlega prenta, hvert og eitt. Hitt er annað, ef þú hefðir aðeins hugsað þjer að gefa út úrval, þá getur verið vandi að velja. Það mundi fyrir minni tilfinningu sem næst svara til þess, sem jeg hef táknað með mjög gott, ágætt, eða þaðan af betra, og væri arkatal takmarkað, þá mætti hafa þá aðferð, en jeg taldi það stórskada og skemd á kvæðunum, að skilja hitt alt frá, því þar yrði í rauninni höggvið sundur en ekki leyst. Í því besta eru sumstaðar dauf erindi og í hinu, sem jeg hef merkt með gott er ljóm-

andi línur og víða heilar vísur og þar getur eins manns smekk hæglega skeikað, einkum þegar fljótt er lesið.

Jeg ræð þjer því *eindregið* til að prenta alt nema það, sem jeg hef bent þjer á að jeg mundi ekki prenta, og þó er saklaust að prenta það flest, ef eitthvað kynnu að vera uppáhaldsbörn, þó þau sjeu ekki jafn efnileg eða fríð og sum hinna eru. Ástin er svo skritin og á rjett á dutlúngum sínum þar eins og annarsstaðar. Og hjer er jeg kominn að því atriði, sem jeg gerði mig sártregan til að fara að velja úr hjá þjer, því við það tapa jeg og aðrir því, að sjá, hvað þjer var hugleikið að láta koma á gáng eða ofurlítið inn í hug þinn, sem þú ætlaðir ef til vill ekki að láta sjá, þar má stundum ýmislegt á litlu marka, en nú bæðst þú mig svo vel, eins og saklausa einlæga barnið gamla og tiltrúin sjálf.

Jeg hef, eins og jeg get um á blaðinu, kvæðið upp yfir þeim dóminn hverju jafnóðum og jeg las þau. Jeg hef þar aðeins tekið tillit til skáldlegs gildis þeirra og einskis annars. Að þau hneyksli, kemur ekki til greina, fyrir þau sker verður aldrei siglt. Þá yrði að sálga öllum lausaleiksbörnum í móðurlífi og guð hjálpi hörbörnunum. Það sem á erindi í heiminn og á skilið að lifa, má ekki eiga líf sitt undir smásálum samtíðar sinnar og þó þú feingir hnútur fyrst í stað, hvað sakar það? Þær konur eða karlar, sem hnúturnar senda, öfunda þig ef til vill mest af því, að hafa átt dirfskuna til að láta sjá það og kjarkinn til að standa við það og andann og snillina til að hugsa það, en heimskunni, sem ekkert sjer, er synd á móti heilögum anda að fórna einni línu. Það eitt, sem hneykslar frjálslynda smekkmenn, getur verið varhugavert og við það hef jeg eitt miðað bæði þín ljóð og mín og við ekkert annað. Þú getur róleg látið prenta alt fyrir því, að þar er vandalaust að sitja fyrir svörum. Jeg efast líka mjög um að nokkur maður hneykslist; mjer sýnist alt þar svo milt, hógvært og ertnislaust.

Annað er það hvað þú kant að vera óráðin í að láta prenta af persónulegum ástæðum. Þær get jeg ekki lagt dóm á, til þess þekki jeg þína menn alt of lítið. En frá almennu sjónarmiði er það siðferðislega öldúngis rjettmætt að unna öðrum en þeim, sem menn af tilviljun eru efnalega bundnir við. Þar á einginn sök á nema bóndi þinn, allrasíst kvennfólkið, eins og giftíngarniðurlæging þess er nú varið. Þig ætti það síst að saka um það, þó þú játir á þig einmitt þetta, sem bæði þær og við verðum að heimta einum rómi sem rjettindi okkar. Jeg sje ekki að þú gefir neinsstaðar höggstað á þjer sjálfri nema ef vera skyldi, þar sem þú segir í þessu ljómandi fagra kvæði, næst seinasta, að þú hafir ekki verið honum ótrú. Það nægir þjer að vita ein, um það varðar eingan annan mann og þó við spyrðum, væri rjettast að svara okkur ekki. Jeg bendi þjer svona á skilníng eða dóm minn á þessu atriði. Mjer þykir það setja eins og skugga á drottíngaryfirbragðið, vera beygt sig dýpra fyrir náúnganum en rjettmætu og frjálsframbornu málefni sæmir, einkum þegar þú hefur gert svo fallega grein fyrir sambandi þínu við mann þinn sem vin.

Þú spyrð mig hvort menn muni ráða gátuna af kvæðunum, hver vinur þinn sje? Það held jeg áreiðanlega. Af þeim þóttustum við Guðrún ráða þegar á Bíldudal 1902 hver hann væri og það af þessari einu vísu „Alt hans lag“. Hún á varla við

nema einn mann á landinu, svo nákvæmlega er hún hnitmiðuð á hann – þegar horft er á hann ástaraugum. Við hinir bætum við: „Þjer lætur svo vel að látast, að látinn verðurðu grátinn“, og það köllum við meistaramálverk. Okkur Guðrúnu var þessi eina lína nóg: „Alt hans lag, hvernig hann sjer hagar“, en nú bætir [] dálitlu við og ef til vill „Geysir“ líka, jeg hef ekki athugað það, og það má fara, í því er ekki skaði. En þó menn nú geti sjer þess til! hvað sakar það? Þvaðrið í kríngum þig? hefurðu það ekki hvort sem er? Jeg hef að vísu ekkert orð um það heyrt. Dóma manna útfífrá? Þeir verða aungvu fremur til áfellis þó menn gruni hver maðurinn er og alt þetta er þó aðeins stundarkorn að líða hjá. Eftir verða ljóðin og undir gildi þeirra finst mjer alt komið. Auk þess er efinn altaf á næstu grösum þegar vissan er ekki vísari en hjer, mennirnir eru svo gerðir. Og hjer er einginn ókunnur maður svo öruggur að hann þori að leggja hönd á helga bók – nema við Guðrún?

Annars er það hjer með vin þinn, eins og áðan með bónda þinn, að vinur þinn á hjer einn sök á ef út af ber og þú eindæm um það hvert tillit þú þarft eða vilt taka til hans. Mjer finst hann þurfi ekki að kvarta, mjer þykir það miklu fremur of gott handa honum.

Því dæmist rjett að vera: Ekkert vit í að láta þetta liggja eftir þig dauða, betra og mannslegra að standa við það lifandi. Prentaðu alt sem á það skilið vegna skáldlegs gildis, en sem fæst af hinu. Láttu mynd fylgja ef þú hefur hana góða, svo að þjer líki hún. Þá er það hagur, ekki ella. Mynd eins og á Þyrnum kostar eitthvað 12 kr. og að prenta hana ytra eitthvað 6 kr. 1500 upplag og pappír þá ekki talinn.

Og nú hef jeg reynt að gera bón þína eins vel og jeg get og vona jeg að þú sjáir á athugasemdunum allan vilja minn. Þurfir þú að spyrja fleira og tími sje til, þá er það velkomið. Röð kvæðanna finst mjer vera best eftir aldri. Þá eina röð getur þú gert betur en við hinir, allar aðrar raðir getur hver annar gert sjálfur. Það þarf þó ekki að vera nákvæmt. Þessi röð sem nú er er góð. Jeg raðaði Þyrnum eftir aldri. Eingin röð er líka góð. Ekki áhorfsmál að láta prenta þau, í þeim er mikið af góðum ósviknum skáldskap eins og hjá þeim sem bestir eru. Þetta er *áreiðanlegt*, þú færð ef til vill eitthvað marklaust þvaður á bak eða brjóst rjett sem snöggvast og þó efa jeg það. En ef nokkur fer þar fet úr hófi opinberlega, þá verður fleirum að mæta en þjer einni.

Svo bið jeg þig að afsaka, að jeg gat ekki sent þjer þetta með fyrsta póstinum, jeg er nærri „tímalaus“ um þennan hluta árs meðan skólar og kensla erja sem órast á. Jeg hjelt heldur að þú vildir að þetta drægist til næsta pósts og jeg gerði það eins og jeg vildi. Borgunina getur þú tekið undir sjálfri þjer hjá gamalli vinsemd þinni við mig, gamalli og úngri. Svo ættirðu að skrifa mjer dálítið rækilegan miða. Láttu prenta kvæðin dálítið fallega t.a.m. svipað og Þyrna. Hirtu ekki þó bókin verði dálítið stór.

Nú er brjefið á enda.

Jeg efa ekki að Ól. Dav. hafi ekki skrökvæð að þjer að jafnaði, en um tóbakið mitt hefur hann gert það eða munað rángt, því þar er varla orð satt í, nema það, að hann tók frá mjer tóbak. Hann hafði legið í tóbaki mínu lánga tíma og jeg reiddist við hann

að hann skyldi gera þetta, þar sem jeg hafði svo oft gefið honum tóbak og hann vissi uppá hár að hann fjekk það altaf ef honum lá á. Jeg vissi hann myndi þræta ef jeg hefði ekki órækar sannanir, að því hafði jeg reynt hann. Jeg beitti hann svo nokkrum brögðum til að fella hann, en hann sá við þeim, þar til loks að jeg lagði fyrir hann gildru, sem einginn vegur var að sleppa úr, því jeg hafði heit-streingt að reka þetta í hann. Að lesa brjef mín kom hjer ekki til, þau voru í læstri möppu, sem einginn kostur var fyrir hann að opna. Það er satt. Ólafur duldi ekki „syndir“ sínar, hann hafði jafnvel til að drýgja þær ef í það fór, en sumt duldi hann vandlega, eða vjek því við. Að hann ljek mjer þetta var víst af aungvu öðru en því, að hann kom sjer ekki að því svo oft að biðja mig hvað eftir annað, getur og vel verið að jeg hafi haft einhver ummæli, þó jeg sje nú búinn að gleyma því. Jeg sá líka eftir Óla.

Þá er ekki annað eftir en kveðja þig. Líðan mín er svona heldur góð, þetta altaf söm og jöfn; við erum hjer þrír óumbreytanlegir: jeg, guð almáttugur og útsynníngurinn.

Gáangi þjer sem flest að óskum.

Pinn
Þorsteinn Erlíngsson.

Jeg set á handritið blaðsíðutal mjer til hægðar, svo jeg þurfi ekki að skrifa upp upphöf kvæða og vísna. Jeg geri það með blýant, svo strjúka megi það af. Þar sem fleira en eitt, kvæði eða vísur, byrja á sömu blaðsíðunni merki jeg þau hjer með tölum: 1,2, o.s.frv. til að mynda 1.1, er Til vonarinnar, 1.2, er : Svo alheiminn – o.s.frv.

Jeg ætla svo að setja hjer álit mitt og athugasemdir jafn ótt og jeg les.

1.1, gott [það merkir, að mjer þykir kvæðið gott, en ekkert meira, en þó vel hæft í hverri kvæðabók, og jeg mundi prenta það] .

2, Fyri vísan góð og sú síðari líka góð, af guðsorði að vera.

2. 1-3, Væri gott í sálmabók, en nærri hjáleitt í ljóðabók. Jeg kann auk þess aldrei við þessa syndugs manns auðmýkt. Mjer skilst, sem þessum guði ykkar hefði verið innan handar að losa ykkur við þessa sekt, synd og efa, ef hann legði nokkra rækt við nokkurt sitt kvikindi. Annars ætti honum að vera nóg, að þú finnur til þessarar lofgjörðar og þakklætis í hjarta þínu þó hann sjái ekki þakkarávarpið á prenti, og þá færi það best í blöðunum, þar er það vant að vera þóknanlegast.

3.1, Lítils virði nema seinasta vísan. Jeg mundi prenta hana eina og breyta fyrstu línunni t.a.m. svo: Það er ekki mart o.s.frv.

2, (Jeg bið) nógu góð. [Það merkir: að jeg mundi láta hana fljóta með í kvæðum mínum úr því hún væri til, og meint].

3, er góð.

4. 1, Ljelegt [mundi ekki prenta]. 2, gott [en þá koma nú samt hin sálmaskáldin og segjast eingu síður hafa sína sálma frá hjartanu en þú þína, ef þú prentar þá. 3, mjög gott.

5. 1, mjög gott. [vildi sjálfur hafa gert]. 2, gott.

6. 1, má fljóta með. [Gæfan á ykkar gnoð í stafni, gæti við boðum,?]. 2, Má ekkert missa til að vera prentandi. [Jeg prentaði það ekki].

7. 1-2, Ónýtt. 3, [Fámennur–] mikið gott, sjálfsagt að prenta. 4, sömuleiðis. 5, gott.

8. 1, gott. 2, Tvær síðustu vísurnar ágætast, hitt er of líkt því, sem góður prestur (og umburðarlyndur) mundi þrjodika.

9a. 1, (mig lángr) ágætt, alt niður úr. [með *hugsýki mæna*, ætti að vera: með hugsýki? að mæna. Þetta að má ekki vanta, það er nauðgun á málinu og kemur oftast fyrir hjá þjer; það er vandræðalegt og spillir.].

9b. 1, gott. 2, ágætt. 3, dágott. 4, dágott. 5, (Hvað sem) ágætt. 6, gott. [held að þarna vantar *jeg* inn í; slíkt er líka að nauðga málinu og gera ekki góðir menn, nema í vestu rímkroggum og er altaf ljótt].

10. 1, má fljóta með. 2, sömul. 3, sömuleiðis.

11. 1, gott, og seinasta erindið af því ágætt. 2, sömul.

12. 1, gott og svo einkar hlýtt. 2, mjög gott.

13. 1, Tvær síðustu línurnar ágætast; „Þú helst ættir geyma til tíða að hr.“ skil jeg ekki; þar vantar líka *að* (geyma). 2, gott, jeg kann þó ekki við „gleipi“; Jeg teiga glaða gl. 3, mjög gott. 4 sömuleiðis.

14. 1, (Jeg mæni) gott (seinustu tvær línurnar ágætast). 2, gott. 3, ljómandi.

15. 1, Þýðar vísur, góðar. 2, gott líka.

16. 1, Lítið í, en vel tækt. 2, gott.

17. Bæði góð.

17. b 1, gott og fyndið [vantar *að* í seinustu vísuna]. 2, gott, síðustu tvær línurnar ágætast.

18. vísan er góð.

19. 1, gott. „Sem hreint ekki skil“ þar vantar *jeg* og er vond nauðgun. „hreint“ herðir ekki á setningunni, dregur fremur úr, jeg, með áherslunni, er betra. 2, vel tækt, en fjekk nú geðið áreiðanlega þessa ró?

19 b. 1, á takmörkunum að vera prentandi. 2, ditto.

20. 1, lítið í því, en má vel taka. 2, dágott.

21. 1, Mjög gott. [dálítill galli að það vantar *mig* lángi, jeg eða „eg“ verður þar að eiga við bæði *mæni* og *lángi*, svo það verður úr því *þó jeg lángi* gætirðu ekki lagað það?]. 2, gott. 3, líka gott. 4, líka.

22. 1, gott. 2, mjög gott. 3, er perla [„það alt jeg“, þar vantar sem – uppá *dönsku*].

23. 1, lítt nýtilegt og tæpast skiljanlegt nema ef til vill þeim tveimur. 2, skárra.

24. 1, dauft. rjett tækt? 2, gott. vantar *að* (frjetta).

25. 1, ofveikt, kiknar alveg undir þeim þúnga, sem því er ætlað að bera, auk þess nærri vesaldómslegt. Jeg prentaði það ekki; ljeleg hversdags flík úr góðu sparifataefni. 2, góð hugmynd, ekki nógu vel umbúin.

26. gott eða jafnvel meira. Jeg veit ekki hvort seinasta vísan bætir, sú neðsta.

27. Perla. Það allra besta hínagað til og eitt með bestu kvæðum. Gætirðu ekki

gert síðustu tvær vísurnar, á eftir – – dálítið fínni? Þær spilla nærri tignarró kvæðisins eða trufla hana, einkum sú síðari, það sviður ekki undan þeim, þær bíta ekki. „Annars við tölum“ er ljót danska, vantar *sem*.

28. 1, mjög gott. 2, dágóð.

29. 1, ágætt. 2, góð líka. 3, gott. 4, gott, en of líkt Bjarna Th. Ekki er holt að hafa ból.

30. 1, mjög gott. 2, gott, en dregur nærri frá hinu, heldur líkt því. 3, ágætt.

31. 1, mjög gott. 2, ágætt.

32. 1, Vel tækt. 2, (Geysir) Skilst ekki nema tekið sje fram í yfirskrift eða vísunum sjálfum, hvaða skepna þessi Geysir sje, önnur vísan annars góð, illa geingið frá hinum. 3, (stökur) síðari vísan góð.

33. 1, dágott „hlýtur vera“, þar vantar *að*. Þá hlýtur þú að – væri alvörumeira. 2, gott, en kveðandi hnökrótt að óþörfu.

34. 1, mjög gott. 2, gott „jeg þarf læra“ er ótækt. 3, gott.

35. 1, gott. 2, ágætt. gott.

36. 1, mjög gott. 2, sömuleiðis.

37. 1, („Þyrfti einginn mjer lesa“ vantar *að*). gott. 2, mjög gott, jafnvel ágætt.

38. 1, gott. 2, gott, dálítið langt sótt.

39. 1, dágott („úr henni fer“ er ósmekklegt, nærri því sóðalegt). 2, gott, 5. og 6. lína ágæt.

39b. 1, nógu gott. 2, gott.

40. 1, gott. 2, líka gott, seinasta vísan mjög góð.

41. 1, dágott (nema fyrsta erindið er hnoð). 2, gott.

41b. 1, dágott, en ekki meira. 2, gott, betra „Einginn kendi“ sú lína er ágæt.

42. 1, mjög gott. vantar þetta gamla *að*. 2, hreint ágætt.

43. 1, gott. 2, gott líka.

44. 1, mikið gott. 2, ágætt.

45. altsaman gott.

46. 1, mjög gott. 2, valla prentandi (vond þeim er, vantar *sem* er, uppá dönsku).

47. 1, hreint ágætt. 2, líka.

48. 1, stórgott, eitt með okkar bestu ljóðum. 2, gott.

49. 1, mjög gott. 2, sömul.

50. 1, dágott. 2, tvær seinustu línurnar ágætar, hitt dauft. 3, góð.

51. 1, mjög gott. 2, perla. 3, mjög góð líka. 4, dágóð.

52. alt gott, og vel hitt má vel prenta.

53. má prenta, en annars illa umgeingið. Hugmyndin góð.

54. (Til Ó.) gott.

55. mjög gott.

56. 1, ágætt. 2, líka mjög gott.

57. 1, (þó sigurkr.) margsagt áður, varla prentandi. 2, (Þú stóðst) skárra? 3, (stökur) góðar; Hjúpar njóla, er ágæti, „laukbrjótur“, í þriðju, er ótækt, reknagli.

58. 1, mjög gott. 2, hálfónýtt, bestar þær fyrstu tvær, og varla nema sú fyrsta.

59. 1, dágóð. 2, eins. 3, ónýtt. 4, mjög tæp. 5, þær tvær dágóðar. 6, góð.
60. 1, Þrjár efstu ágætar. 2, þráin mín, líka ágæt. 3, góð.
61. 1, gott. 2, gott líka.
62. 1, mjög gott. 2, mjög gott líka. 3, eins.
63. mjög gott. Þyrfti að laga málleysuna.
64. gott.
65. gott. Seinasta vísan er svo góð að hún lyftir öllu kvæðinu hátt. Litla vísan er líka góð.
66. 1, gott. 2, seinni hluti ágætur. skil ekki hitt. Er það ekki hortittur? 3, tæk. 4, tæplega. 5, gott efni, en illa sagt. 6, góð. 7, ágæt.
67. 1, ágætt. 2, vel tækt, en ekki meira.
68. 1, blindónýtt, ekki á setjandi. 2, dágott, prentandi. 3, gott. 4, dágóð vísa.
69. 1, dágott. 2, ágæt. 3, ágætt. 4, mjög gott.
70. 1, lítið í, þó vel tækt. 2, mjög gott, hryssa er dálítið bragðmikið í stað ósiðlát, þann grikk hefur rímið gert þjer.
71. 1, ljómandi. 2, ágætt.
72. mjög gott.
- 73.-74. Fremur lítils virði, jeg prentaði það ekki.
75. Davíð. dágott, vel prentandi.
75. 1, (Bænarv.) ágætt. 2, (altaf) mjög gott. 3, lítið í, má fljóta með á æskusvipnum.
76. 1, mætti kannske fljóta með ef slept væri 2. erindinu. 2, ljómandi fallett.
77. 1, dágott. fyrsta erindið gott. tvær þær síðustu ónýtar. 2, gott.
78. gott.
79. dágott.
80. 1, gott. 2, dágott, sumar línur ágætar.
81. (únga vorið) dágott.
82. 1, ágætt. 2, (St. G.) ágætt líka.
83. (Í afturelding) mjög gott. hann dorginn þekki jeg ekki, aðeins dorgina.
84. „Landið mitt“ er gott alt saman.
85. 1, gott. 2, (þú fínasta pr.) perla. 3, (Steini) gott.
86. ágætt.
87. ljómandi gott til enda.
91. gott. neðsta vísan alveg ljómandi.

Athugasemdir.

Góður maður og glöggur þarf að líta yfir handritið og lesa prófarkir, því stafsetning er víða raung. Mjer datt í hug að gera það, en jeg hvarf frá því, jeg hefði þá sjálfur líka þurft að sjá um eina prófork að minsta kosti. Til þess verður þú að fá mann hvort sem var. Málvillur eða málleysur koma fyrir á einstöku stað og dönskusetur. Jeg hef bent á sumar en ekki allar. Að vísu saka þær ekki kvæðin sem skáldskap agnar ögn, en þær eru til að mynda eins og blettur eða sletta á sparifötunum.

Þar sem málinu er harðhnjaskað, með því að láta vanta *jeg, að, sem* eða þess háttar, hef jeg strykað við víðast eða bent þjer á. Það ætla jeg þjer að laga ef þú hirðir um það. Það sakar ekki efnið eða skáldskapinn, það lýtir aðeins á líkan hátt eins og hrukka með handvegi eða í mittið. Ýmsa staði hljóp jeg nú samt yfir, en á því, sem jeg hef strykað við sjer þú hvað jeg meina. Sjálf ættir þú að lesa eina próförk, því stafir þínir eru sumstaðar hver öðrum svo líkir, að jeg treysti fáum mönnum til að lesa svo rjett að hvergi skeiki. Fleira man jeg ekki af því, sem jeg hafði hugsað mjer að benda þjer á og gæti það þó verið eitthvað fleira.

Suma ágætu seinni partana gætir þú þrjónað betur framan við, ef þú nentir.

Hlöðum 7. apríl 1907.

Vel fórst þjer þetta, Þorsteinn minn, sem og von mín var, en vísa þín! Hafðu hlýja og góða þökk mína, og svo það, að greiða vildi eg geta gjört þjer, þó aldrei verði.

Jeg dríf mig í að láta þig vita að dótið mitt bar gæfu til að bjargast á sundi og bröлта á þurt, úr vatnavöxtunum í póstskrinunni og er heim komið. Annars er jeg nú óhæf til að „skrifa dálítið rækjilega“ því jeg er sem stendur höfuðlaus, svo að segja, því mitt gamla, er óbrúklegt og kann Guðmundur minn Hannesson engin ráð þar til, og þá ekki aðrir. Jeg er, sem sje, svo lasin að jeg get ekkert aðhafst sem athöfn getur heitið hvorki með líkama nje anda og er svo búið að standa um tveggja mánaða tíma, án þess nokkur viti hvað að er og á uppleið er jeg ekki kom-in, svo dauft verður brjef þetta að yfirlitum.

Þrátt fyrir alt þetta, gat jeg þó hlegið í hjarta mínu þegar jeg las brjefið þitt, en það hafði jeg ekki lengi áður getað. Annaðhvort er, að þið Guðrún þín eruð skygn vel, eða þá, að jeg er meiri málari en jeg af veit, því ekki hefði jeg þekkt manninn af orðunum: „Alt hanns lag“ – en gleggri finn jeg að drættirnir eru í hendingunum: „Þjer lætur svo vel.“

Það er eins og eptir óskum, að þjer „finnst ekki að *hann* hafi ástæðu til að klaga, miklu fremur sje honum alt þetta ofgott“ því svo vel vill til, að fólkið heldur að það sjert þú sem jeg, með alt mitt, snýst um. Engum hef jeg sagt að svo væri: engu á þig logið, nje í það, en heldur ekki sagt því sem var. Þótti vel sem varð, því mjer þótti sem þjer mundi að meinalausu, en mínu málefni til stórþæginda, ekki svo þó, að jeg hefði það til að blekkja bónda minn – af því er hann óblekktur – eða á neinn hátt mjer til málsbóta, eða hagsmuna heldur vegna *hanns*, sem mjer er sárara um en sjálfa mig. Launung og lýgi alla er mjer ílla við, en svo hart getur nauðsynin að gengið, að maður verði öllu í hana að flegja og fórna, jafnvel sínu dýrasta. – Ekki veit jeg betur enn að það sjeu almæli hjer, að útúr þjer, sje jeg orðin þetta, sem jeg er.

Það er stundum gaman að meðmönnum. Raunar horfði móeyg kona undrandi

á mig, þegar hún sá hvað æðrulaust jeg bar það, er hún sagði mjer það, að það væri altalað um alla Akureyri, að einhver hefði sjeð þig kyssa Guðrúnu þína á almanna-færi, hjer um árið, þegar þið voruð þar á ferð. Ef mjer hefði fallist um það, og fundið nauðsyn hjá mjer til að hallmæla stúlku þinni, þá hefði jeg innsiglað þenna vísdom. Þvaður hef jeg því ekkert kringum mig, en mín vegna væri mjer það og meinlaust því mín megin varða ekki aðra um það en bónda minn, sem einn (næstum því) veit sannleikann. Hinumegin má ekkert skemmast. Því er jeg ekki fullráð-in í að láta prenta. Langar til þess ef jeg hressist svo, að geta nokkuð.

Ef jeg endist ekki, er vel vísast að jeg gjöri þá ráðstöfun á deyjandi degi, að biðja þig fyrir munaðarlausu börnin mín, ef bóndi minn treystist ekki til, og að láta framfærslu-eyrir fylgja. Mjer þykir vísast að jeg leiti til þín optar, fyrst þú ert svo vænn að bjóða mjer það, þó ekki muni jeg neitt núna.

Þú gjörðir svo greinileg skil á öllu að mjer nægir nú. Mig langar ansi til að kalla í þig aptur í „fóninn“ í vetur, en stelpurnar í miðstöðinni eru sagðar geta stolið því sem maður segir, það er að segja: heyrð það, enda dýrt að leika sjer lengi með karlmönnum í „Kjaptatífunni“ sem Guðm. Hannesson kallar mærina þá. Í húsi Stefáns kennara var jeg þegar jeg talaði við þig, ef jeg skyldi optar við þig tala, þá verð jeg þar, eða í húsi Læknisins, sem jeg þó missi líklega bráðum. Hann vissi að jeg sendi þjer ljóðin og ljét vel yfir, sagði að þú værir einmitt rjetti maðurinn. Þeim hjónum er jeg handgengnust á Akureyri, að undanteknum Möðruvallahjónum og hef mætur á hvorutveggju, þó gagnólfkt sje.

Kot okkar „fóstra“ mínns – nafn það hefir bóndi minn hjá mjer og er orðið alþekt – stendur að vestanverðu út með Eyjafirði, svo sem tveggja tíma reið frá Akureyri. Þar erum við tvö ein í litlu timburhúsi sem við eigum. Heilsa mín, og okkar beggja þá, hefir verið misfellusöm, en hagur okkar og heimilislíf að öðru leiti betri en í meðallagi. Í kvöld er jeg fimmtug. „Fóstri“ og lóan, urðu ein til að gefa því gaum: hann gaf mjer „Huliðsheima“, hún lofaði mjer að heyra skæru röddina sína úti í sumarblíðunni í fyrsta sinn í vor, vissi ekki fyrr að hún var kom-in heim. – Þú ert, held jeg fimmtugur í haust.

Sumu er jeg strax búin að breyta af því sem þú bentir mjer á, sumt á jeg eptir, en alt var mjer það auðskilið sem þú sagðir, eins og í gamla daga, og optast var jeg samþykk álitu þínu um gildi kvæðanna. Einstöku sinnum ekki. Einu helsta kvæðinu hafði jeg gleimt; en það gjörir ekkert. „Litla eyjan, landið mitt!“ það er í eimreið-inni 3. hefti 1906.

„Er þetta ekki hortittur?“ spyr þú: „Jafnt sem hár það lærir lá’r“. Hár og lá’r er alþýðumál það er víst, en að það sje rjett mál er jeg ekki viss um, samanbr: „Hann verður að vera svo hár og lá’r sem hann vill“. Þar er lá’r fyrir lágum opt haft. – „Lóunnar kvæð“. Kvæði, hjelt jeg að væri rjett að nefna kvæð í eintölu, kannske vitlaust mál. Dönsku-slettturnar allar kannast jeg nú við þegar mjer er á þær bent og ræð bót á.

EKKI misþyrmi jeg lifandi-málinu mínu viljandi, mjer er ósjálfrátt vel við það, en mjer hættir til að stássa of mikið uppá bragarhættina, kemst svo stundum í

bobba með innihaldið: að láta fötin fara vel og meiða ekki málið, þó rímið liggja optast ljett og fyrirhafnarlítið til taks í huganum. „Að“in hafa orðið útundan hjá mér af því að jeg kann ekki málið. Þegar jeg hef engan til að bera undir og spyrja, þá finn jeg best hvað stórbagalegt mér er, að hafa engar upplýsingar fengið í neinum almennum vísindagreinum, hef ekkert að styðjast við nema það sem mér var meðfætt og jeg hef náð mér í uppá eigin spýtur.

Því kveið jeg mest, þegar jeg varð að fara frá Reykjavík, að hafa engan að umgangast sem jeg græddi á, og vera lokuð úti frá andlega lífinu. Alltaf langar mig þangað, að því leiti, en yndi þó ekki hjeðan af, innanum fólkið, jeg er oflengi búin að vera útúr til þess. Haf og Möðruvellir eru svo nærri, að jeg náði þangað, en nú eru þeir staðir auðir, dauðir. Guðmundur Hannesson er mér bestur allra óviðkomandi manna, en hann hitti jeg sjaldan. Það er stórum ágætur maður, eins og þú kannske veitst.

Hjá húsinu okkar á jeg lítinn skrudgarð með plöntum í. Þar verður mig að hitta dauða, þar ætla jeg oní, en ef þú heimsækir mig í lifanda lífi, þá er jeg útum haggann á sumrum en í eldhúshorninu mínu á vetrum. Þar eru flest ljóðin mín tilorðin. Þar er hjartara og hlýrra en almennt í eldhúsum.

Vertu ávalt sémilega sæll, þú og þínir! Vegni ykkur sem best í heimaofna hjónabandinu.

Ólöf.

Einhver sagði mér að þú ættir þjer dóttur. Það er gott! Þar áttu þá ljós.

Líons-söngvarnir mínir þóttu findnir af þeim sem til þekktu, en eru sennilega annars ónýtir. Þarí er skop um hús nokkurt á Akureyri og íbúa þess, sem þá voru. Hús það var af öðrum kallað Jerúsalem, en mér þótti Zíon fallelgra. Þar var Konukvæðis háðungin.

10/4. Nú er jeg komin yfir fimmtugt, ætti því að vera orðin mönnum óhættuleg og þjer mér.

Einu sinni fjekk jeg tæringu í hrigginn, síðan er jeg í þumlungi styttri. Þetta er fárra daga gamalt:

Vetrarhjarnið voða hart
vorið snart
Klætt í alt sitt yngis-skart,
ungt og bjart
Brast þá vetrar hjartað hart
hart og svart
unga vorið yndis-bjart
er það snart.
Settist vor að völdum snart

vermdi hart,
syngur, vefur sumarskart
sólar-bjart.
Meiddi vetur voða-hart
viðkvæmt margt,
vefur um alt sitt vona-skart
vorið bjart.

Jeg finn að þú munir segja satt um Ólaf, en gættu þess að þá var hann í „niður-lægingu“ sinni. Heilagur var hann auðvitað aldrei, – þá hefði jeg haft minni mætur á honum en jeg hafði – en hann varð annar eptir að heim kom, alt annar, segja kunnugir, merkilega vænt þótti öllum um manninn sem kyntust honum ungum og gömlum og tyllti hann sjer þó ekki á tá við menn. Honum á jeg gott að launa hitti jeg hann aptur.

10/4. Og svo síðast allra orða: bestu þökk fyrir þetta, og þökk fyrir gamla daga. Á þá ber engan skugga frá þjer. Vona að þjer sje sama þó álitid sje að eldurinn og geislarnir mínir allir stafi frá þjer. Þú lætur þig ekki muna um svo lítið. Vertu sæll!

Ólof.

Hlöðum 5. maí 1907.

Nú ferð þú að yðrast þess, Þorsteinn minn, að þú fórst nokkurntíma að vera mjer vænn, fyrst þú fáir ekki að hafa frið fyrir mjer mánuði lengur. Þú verður að vera mjer sannur og segja til, þegar þú vilt verða af með mig og mitt sýsl. Þangað til kem jeg til þín, til að tjá þjer vandamál mín og leita ásjár.

Nú er svo háttað hag mínum að jeg fór til Odds Björnssonar og bað hann um að prenta fyrir mig í sumar svo bókin kæmist til útsölumanna í haust með síðustu ferðum – var búin að færa það í tal við Odd áður –. Hann er þá í einhverjum ólukku kröggum og segist ómögulega geta tekið neitt til prentunar í ár, og kannske aldrei framar, og ráðleggur hann mjer að eiga engan kaupskap við sig að svo komnu. Af því að mjer var kunnugt um að hann hafði satt að mæla yfirgaf jeg hann, þó ílt þætti mjer að geta ekki fengið prentað hjá honum, sem leysir þá vinnu manna best af hendi og er nálægur mjer.

Um hina prentsmiðjuna á Akureyri getur ekki komið til mála að eiga neitt við. Guðmundur læknir sagði mjer að senda það bara suður í „Gutenberg-prentsmiðjuna“, og annaðhvort er mjer nú, að hætta öllum tókum og leggja niður skottið, eða þá að fá einhvern til að sjá um prentun á því fyrir mig, fyrir sunnan. Það er ekki svo vel að jeg geti komist suður til að eiga tal við menn, hef ekki kringumstæður til þess. Nú er það því þetta sem jeg vildi við þig tala: hvort þú myndir fánlegur

til að semja og sjá um alt saman fyrir mig, frá upphafi til enda, þangað til bókin væri komin sína leið til útsöllumanna?

Það er nokkuð mikið sem jeg fer fram á við þig, og mjer finnst ekki að þú þurfir að verða maður að minni af, þó þú segir nei, og það áttu vægðarlaust að gera heldur enn að vinna það sem þjer vont þykir og átt örðugt með, en að öllu óneyddu áttu helst að hjálpa mjer, því jeg hef engan annan sem vill og getur. Hugsað hef jeg mjer að hafa þetta svo, að kalla á þig í „Kjaptatífuna“ um næstu mánaðarmót, – get ekki tiltekið daginn – og fá þar svar þitt: hvort þú ætlir að reyna að sjá um alt þetta fyrir mig, og hvort jeg þá þyrfti endilega að koma suður til viðtals. Jeg á sjereign 150 kr., skal jeg segja þjer, sem jeg er um mörg ár búin að draga saman til þess arna. Helst vildi jeg komast að þeim kaupum, að þurfa ekki að borga allan kosnað fyrirfram. Þegar Jón Ólafsson var mjer hjálplegur með ljóðakverið mitt 1888, þá fjekk hann prentað hjá Sigfúsi sem svo hafði útsölu og þurpti jeg því ekki að borga nema hálfan kostnað fyrirfram, hann var allur 120, en þetta verður nokkuð stærra líklega. Nú veit jeg ekkert hvernig neinu er háttað hjá ykkur, er útúr mannheimum.

Svona er nú alt þetta Þorsteinn minn! Í „tífuna“ kem jeg að öllu sjálfráðu og fæ þar svar þitt. „Þá koma dagar og þá koma ráð“. –

Kveð jeg þig svo kærlega, og vil þjer og þínum vel.

Ólöf Sigurðardóttir.

Jeg fjell í stafi þegar sú fregn kom að þú sætir nú við að yrkja Konungalof. Mjer fannst sem Þorsteinn Erlingsson mundi biða bana þar við. „Og sje hann dauður þá gengur hann mjer aptur“ hugsaði jeg eins og Guðm. Finn. Við biðum og sjáum hvað setur. Kannske að þú þurfir ekki að drepa Þorstein þann sem var.

Þarna missum við, en þið fáið, Guðm. Hannesson! Bara að þig nú skiljið og umberði ágætismanninn þann.

Helst vildi jeg geta komið því á, á þessu ári, að fá prentað, þá kannske hætti jeg ekki við það ef líkur væri til að það fengist gert síðari part vetrarins næsta. Jeg er ekki alls ósmeik um að jeg tapi peningalega á þessari bókagerð, það er ekki ljóðaskortur í landi þessu, líklegt að fólkíð fái einhver tíma nóg af orðum. Það er furða að menn þeir ekki kafna af ofviti sem fá allt sem ritað er á íslendzka tungu til sín með hverjum pósti.

Vitaskuld verður þú að skrifa mjer nánar um málefnið, þó við hittumst í „fóninum“, ef þú sinnir mjer.

Reykjavík 30. Maí 1907.

Ólög mín góð.

Þú ert ekki komin í tífunu ennþá, en mánaðamótin nálæg og alt að komast í eindaga milli okkar svo jeg ætla til vonar og vara að nota pósthjandann strax, en hann fer á morgun.

Erindislok eru þessi um bön þína til mín: Það var rjett, að þú sendir ekki kvæðin í Gútenbergsprentsmiðjuna. Þar er aðeins tekið til prentunar, en ekki sjeð um bækur eða sendar út og öll lán mjög takmörkuð. Eins og þar stendur á, hefði þjer verið sent handritið aftur, ef það hefði ekki týnst hjá þeim. Hverju handriti verður þángað að fylgja maður, sem ábyrgist vísa greiðslu og tekur við því sem prentað er.

Jeg fór nú til allra þeirra prentsmiðjueiganda og útgefanda, sem jeg veit af og við er eigandi. Björn Jónsson ritstj. Ísaf. svaraði vel og vingjarnlega, en er svo mannfár, að hann gaf einga von um prentun til nýjár og litla fyrir næsta haust. Gutenberg var ekki vonlaus um að geta prentað fyrir Nýjár og þó óvíst, en baðst tryggingar fyrir fullri borgun innan ársloka ef þá yrði lokið prentun, annars þann dag, sem henni yrði lokið.

Nú datt mjer í hug að reyna að selja handritið og sjá svo um, að útgáfan yrði sómasamleg og komum við Björn Jónsson okkur saman um, að Sigurður Kristjánsson væri bestur og áreiðanlegastur. Jeg fór því til hans en hann tók því mjög dræmt, sagði eins og var að hann feingi ekkert prentað í ár þar sem það væri þíngár og allir troðfullir, en um Nýjár gætum við talað saman og tók það þó skýrt fram að hann lofaði alsaungvu. En ef hann keypti skildist mjer á honum að fá mætti alt að því 25 kr. fyrir örkina og þar sem þú hefur talað við mig um að bókin yrði 10 arkir þá myndir þú fá fyrir handritið 250 kr.

Nú veit jeg ekki einu sinni hvort þú vilt setja þetta til prentunar, því þú hefur altaf talað um að gefa út sjálf. Jeg sá því ekki annað ráð, ef þetta ætti ekki alt að fara í strand eða því sem næst, en að reyna til að fara sjálfur að verða útgefandi eða umboðssöllumaður og leitaði þar fjelags við Arinbjörn Sveinbjarnarson og höfum við komið okkur saman um að reyna að gera þetta.

Jeg fór því fyrst í Gutenberg og lagði að Þorvarði og lofaði hann því að lokum að prenta það í Júlí og Ágúst þegar hlje væri á og hafa lokið því svo snemma að senda mætti út með haustferðum. Við Arinbjörn stöndum í ábyrgð fyrir kostnaði og hann er þetta, miðaður við 10 arkir og 1500 eintaka upplag, sem við teljum hæfilegast: pappír, borgist fyrirfram, 120 kr. eða þar um bil, prentun nál. 220 kr. eða rúmar 20 kr. á örk, borgist 110 í ágúst, þegar sem prentun er lokið og 110 fyrir nýjár. Kápa, innhefting, prófarkalestur og ýmisleg smáútgjöld mundu koma á 100 kr. eða þar á við, svo útgjöldin yrðu als rúmar 400 kr. Ef þú nú lætur þessar þínar 150 kr. sem þú nefnir í brjefinu fylgja með handritinu þá er það meira en fyrir pappír og þá myndum við lána þjer hitt þángað til það kæmi inn við söluna, en sjálf fær þú varla þessar þínar 150 kr. aftur fyrri en búíð væri að selja fyrir kostnaðinum og hugsam við

okkur að það gæti orðið á 3. ári eftir því sem reynsla okkar er og ættir þú þá smám saman úr því að fá ágóða þinn, sem ætti með tímanum að verða als undir það 1000 kr. Þegar alt væri selt ef við seldum bókina í kápu á 1 kr. 50 au. en vera kann að við verðum að setja hana lægra og 35% eru þá dregin frá sem fara í umboðssölu kostnað til Arinbjarnar sem annast um alla sölu og útsendingu.

Eftir þessum 1000 kr. verður þú auðvitað að bíða nokkur ár, en ef þjer bráðligger á peningunum, þá mun jeg reyna að fá hann til, að minsta kosti í fjelagi við mig að borga þjer 30 kr. fyrir örök eða als 300 kr. út í hönd, sem yrðu borgaðar á þessu og næsta ári og þá þarft þú auðvitað *ekki* að senda mjer þínar 150 kr.

Nú hef jeg sagt frá þessu svo skilmerkilega, sem jeg hef vit á og getir þú beðið svo sem 3-5 ár þá ræð jeg þjer til að setja þetta í umboðssölu til okkar, því víxilentur og vanhöld verða aldrei svo mikil að þú hafir ekki betra upp úr því, en auðvitað er alt undir því komið hversu selst. Aftur eru þessar 300 kr. vísari í hendinni ef þjer bráðligger á.

Eitt má jeg til að taka fram: þann tíma, sem þú hefur, frá því þú færð þetta brjef og þar til þú getur sent handritið verður þú að nota til að leiðrjetta það, sem óglöggvast er skrifað. Því jeg gat ekki lesið sumt svo jeg væri viss um, eða þú lætur skrifa það upp, sem þú getur, ef þú hefur nokkurn mann til, sem jeg býst ekki við. Annars verð jeg líklega að fá mann til að skrifa það upp hjer hjá mjer og það yrði aukakostnaður. Sjálfur sje jeg auðvitað um prófarkir og frágang. Ef þú kemur í tíffuna, þá segi jeg þjer þetta þar, og þá fær þú betri tíma ef til vill.

Ef þú átt góða mynd, þá sendu hana sem allra fyrst. Það er ekki svo ýkja dýrt að hafa hana en myndi prýða. En hún yrði að sendast sem allra fyrst og þó óvíst að hún fáist grafin hjeðan af.

Nú man jeg ekki eftir fleiru, í þessum flýti að minsta kosti, og vertu altaf sæl.

Þorsteinn Erlíngsson.

Reykjavík 12. Október 1907.

Ólöf mín góð.

Það hefur dregist nokkuð leingi hjá mjer að skrifa þjer, en orsakir eru til þess og skal jeg segja þjer þær helstu í fáam orðum. Við vorum búnir að semja um prentunina í Júlí og Ágúst, en af önnunum og allri trufluninni, sem þá var hjer á mörgu, drógst alt sem prenta átti svo mjög, að við sáum, að Kverið yrði ekki búið fyrri en einhvern tíma síðast í Septemb. eða jafnvel í Oktober og haustmarkaðurinn því skemdur fyrir okkur eða sama sem farinn. Auk þess segir Arinbjörn að skil öll hjá bóksöllum hafi verið hálfu verri nú en að undanfögnu og þeir fjelagar hafi frestað í ár því, sem þeir gátu, en neitað öllu, sem boðist hefur og ekki var búið að semja um fyrir Júní lok.

Nú höfum við talað um að prentun á kveri þínu og öðru því, sem Arinbj. hefur með höndum, verði byrjuð eftir Nýárið og þitt því hlaupi af stokkunum í Febrúarlök eða fyrst í Mars. Þetta má telja sama sem fastráðið. Hann hefur lofað mjer, að

þjer skuli verða greidd ritlaunin í vor helst að öllu leyti, en að *minsta kosti* að helmíngi, hvort sem vormarkaður verði notaður fyrir bók þína, eða beðið verði haustmarkaðar, en hvort gert verði, segir hann verði alveg að vera komið undir því, hvernig útlitið verði með sölu og skil bóksalanna í Apríl og Maí í vor.

Það var talað um að þú feingir 30 kr. fyrir örk og bókin yrði 10 arkir, en prófarkalestur verðum við víst að eigast við um, jeg og þú, því hann á að vera þeim Arinbirni kostnaðarlaus eins og vant er. Það eru sömu kjör eins og Þjóðvina. og Bkmfj. gefa. En þó kjörin sje ekki glæsilegri en þetta, þá má þó telja það happ að um þetta var samið í vor, því nú má heita að öll sund sjeu hjer gjörsamlega lokuð sem stendur, og það litla sem út er gefið er með þeim kostum, sem í rauninni er skömm að, og það er litlu betra að bjóða mönnum bækur til útgáfu nú eða umboðsölu, en að maður bæði þá um peníngalán eða að skrifa á víxil.

Jeg þakka þjer fyrir brjefið og vísurnar. Jeg hef látið þær hjá hinu, en ekki man jeg hversu mjer líkuðu þær og má ekki vera að því að gá að því nú, en það skal jeg segja þjer síðar. Jeg verð að fara yfir alt saman núna á næstunni og gera stafsetningu samræmda og ráða fram úr því, sem jeg var í vafa um við fyrri lesturinn og býst jeg við, að jeg verði þá að leita til þín með eitthvað, því nokkra staði var jeg í vandræðum með, en skrifaði þá, því miður, ekki upp og nenti svo ekki að leita að þeim aftur.

Nú held jeg að jeg hafi sagt þjer alt það helsta, sem jeg man og ætlaði að segja og bið þig að virða á hægra veg hvað þetta alt geingur seint. Jeg hef ekki vel getað við það gert, nema með þetta brjef, það gat jeg sent fyrri, og í rauninni ætlaði jeg að skrifa þjer með Stefáni, en hann kom ekki heim til mín og svo fórst það fyrir og jeg gat varla sagt þjer þá alt eins greinilega eins og jeg þó get nú.

Mjer og mínu fólki líður vel.

Og vertu nú sæl Ólóf mín.

Pinn

Þorsteinn Erlíngsson.

22. Oktober.

Þetta blað er nú búíð að bíða svo leingi eftir henni Ceres, að það er orðið óhreint hjer í brjefabúnka mínum og næstum því skömm að senda þjer það. Jeg ætla nú samt að láta það flakka og þakka þjer fyrir samtalið í gærkvöldi. Jeg get í rauninni ekki bætt neinu við, sem þjer sje gagn eða gaman að. Jeg fór til Arinbjarnar áðan að tala við hann um þetta og sagði hann að við þetta alt stæði frá hans hendi að öllu forfallalaus. Guðmundi Hannessyni heilsa jeg frá þjer þegar jeg sje hann. Þeir miklu mislíngar gera hann æran og reyndar fleiri.

Pinn Þorsteinn Erl.

Hlöðum 28. nóvembr. 1907.

Hálfsmánaðar frið ertu búin að hafa, Þorsteinn minn, frið fyrir mjer. Hjer er jeg enn komin. Hvað mætti ekki Guðrún þín hugsa ef hún væri lík okkur hinum.

Það er þetta, sem hjer er á blaðinu sem jeg vildi biðja þig að líta á og bora því einhverstaðar inní handritið, ef þjer svo sýnist, alt eða eitthvað af því.

Svo ef að þú lest fyrir mig prófarkir síðarmeir og lagar gallana vestu í rithættinum, þá verður þú að gera reikning fyrir þeirri vinnu og fá þína borgun fyrir, af peningum þeim sem útgefandi geldur fyrir handritið en ekki máttu láta handritið mitt tapast mjer, þó að þú skindilega flytji þig uppí annan heim, því jeg á það ekki annarstaðar jeg meina hjá mjer. Ef þið eruð nokkuð að hugsa um myndina framan við, þá er ekki óhugsandi að jeg gæti haft lag á að horfa ekki svona hálfvitallega hátt og hvast eins og myndarinn hefir látið mig gera. Jeg get haft hlýrri og geðslegri blæ en þetta og vitlegra augnaráð ef vel hittist á mig.

Ertu svo ekki búinn að lesa: „Brjef frá Júlíju, eptir dauðann“? Jeg held að mjer hafi láðst að tala svo skiljanlega að þjer yrði ljóst hvað jeg vildi, jeg vil að við hugsum okkur saman eptir fyrirsögninni í kaflanum: „Opnar dyr að auðsæum leyndardóm“. Jeg hef nokkuð gott skilyrðin þrjú: barnaskapinn, greind og þolinmæði – svona nokkra! – en ástaþrána til þín, hana vantar mig gjörsamlega. En viljann á að sjá þig, eða byrtast þjer, hann gæti jeg haft í lagi. En svo er þetta með heilsuna, það get jeg ekki verið viss með við reynum samt endilega hreint!

Á kveldin er best að taka sjer hálf tíma í mánuð og máka einn útúr við þetta. Þú verður að tiltaka það nánara, og þú verður að láta úr þjer hvassa sjálfbyrgingsskapinn – ef hann er nokkur í raun og veru – og vera mjúkur og hlýr eins og snillingi er eginlegast, rjett þenna hálf tíma. Ekki veit jeg hvað djúpt jeg hefði getað sokkið ofaní vísindalegar rannsóknir hefði jeg haft lærdóm við að styðjast og, umfram alt þó: mann til að vinna samanvið og tala um hlutina við – þetta gjöri jeg eflaust síðar meir og því liggur vel á mjer. „Það alt sem jeg þrái, og það sem jeg hef mist“, ætlaði Steingrímur gamli sjer að grípa seinna. Það mun mörgum ekki veita af að fá betra tækifæri til að njóta sín, en nú er.

Segðu mjer um hag Steingríms einhverntíma. Nú er hann næstum gleimdur þjóð sinni, svo sem aldrei nefndur en miklu minni hugsjónamenn í háa lopti, svona gengur það. Er gamli Árni Gíslason í fátæktar-nauðum, heldur þú? Jeg er ekki óhrædd um að jeg skuldi honum peninga. Jeg sá að yðnaðarmanna-fjelagið áhvað honum 200 kr. árlega. Það var gott. – Verði þjer glatt í geði um hátíðirnar, sem fólki öðru! Í Guðsfríði!

Ólóf.

Pykir þjer ekki ofur vænt um telpu þína? Hvað heitir hún?

Get jeg fengið nokkur eintök hjá útgefanda nema að kaupa þau? Jeg meina: hver sje venja með það? Jeg á eina 4-5 góðkunningja sem jeg er að hugsa um.

15/3 08.

Þorsteinn minn Erlíngsson!

Altaf þegir þú! Ansans þögn er það. En að þú skulir ekki hafa gaman af að masa við mig, svo glöð og fjörug sem jeg altaf er nú, og fyrst að þú ert daglega laus við mig. Þú þurftir ekki að steinþagna þó að jeg færi að tala um anda og annað líf við þig. Hvorugt verður til fyrir mín orð, og afmáist ekki með þinni þögn, því hefðir þú átt að geta áttað þig á, vinur!

Legðu þig nú apturábak, uppí eitthvað, svo að vel fari um skrokk þinn og lestu svo hringhendurnar mínar. Jeg hef engan frið haft fyrir þeim og rek þær því til þín.

Handritið mitt ertu nú sennilega búinn að afhenda svo að ekkert af þessu kemst þar í. Gjörir ekkert. Mjer datt í hug að senda Eimreiðinni, eða einhverju blaði, eitt-hvað af dóti þessu, ef þjer sýndist svo, það gæti kannske verið sýnishorn af mjer og mælt með bókinni, ef hún kemur.

Hvað sýnist þjer og segir þú, ef þú þegir ekki við mjer allri og æfinlega? – Í fyrra þagðir þú ekki. Þá varstu vænn og þá þurfti jeg þess með.

Vertu blessaður ávalt!

Ólöf á Hlöðum.

Hvað heitir telpan þín?

Ætlarðu norður til okkar?

Líður þjer ekki hálfílla, eða ertu ekki altaf heilsu veill?

Það er gott að fara yfir fimmtugt, þá verður maður svo ljettur á sjer og boru-brattur. Mín reynd er sú. –

Altaf gríp jeg það á undan öðru, sem að nafnið þitt stendur neðanvið.

Gaman hafði jeg af St. G. St.: „Gott, þjer kem í kallinn að“ og sv. fr.

Altaf er gaman að ýmsu.

Sem vísindamann læt jeg þig það vita, að ástin stendur ekki eingöngu í þjónustu kynfjölgunarinnar. Hún er oflanglíf til þess, lifir lengur en kynfjölgunar hæfileiki konunnar. Þúntum!

Illur og ljótur er frágangurinn á þessum blöðum hjá henni, hugsar þú í hjarta þínu. Já, hann er það, skammarlega, en jeg var að sjóða mat á meðan og var með skriffæri mín í eldhúsinu og á rokkinn minn spanng jeg meðan hringhendurnar urðu til. Þú verður að lesa af skilningi, eins og fyrr, og umbera svo óhreinindin.

Hagur minn er góður. Jeg ánægð sem stendur.

Reykjavík 13. maí 1908.

Ólöf mín.

Þökk fyrir brjefin þín þrjú og gott þótti mjer þar mart og gaman að lesa og líkt var það þjer, og að þú heldur, að jeg vilji nú ekki neitt við þig eiga síðan þú fórst að tala um andana, það er af því, að þú þekkir mig ekki nú orðið, því ef þú þektir mig, þá vissir þú líka, að jeg er lítt fáanlegur til að skrifast á við menn nema einu sinni á ári og geri mjer að því sama sem eingan manna mun.

Jeg skrifa helst viðskifta brjef, ef jeg neyðist til þess, en hins vegar brjef um tilfinningar mínar eða hugsanir eru mjer húngurkostur og góðra manna brjef, þau sem skást eru vekja mjer aðeins spurningar og ætti jeg að ræða þau mál við menn brjeflega, þá sem hafa skrifað mjer síðustu árin, þá hefði jeg ekki mikinn tíma af-gánga til annars íls eða góðs fyrir sjálfan mig.

Jeg hef varla sjöð eins ljett loft yfir neinu brjefi þínu og þessu síðasta og þótti mjer það gott að vita, en hitt verra, að sjá fram á það, að neyðin mundi þríta mjer til að senda þjer hjeðan ský, það versta eða ef til vill það eina á sólskinshimin þinn, því jeg varð að segja þjer þær fregnir af okkur Arinbirni, að enn er ekki farið að prenta bók þína og hitt verra, að jeg get ekki svo mikið sem sagt þjer með neinni vissu hve nær það verður.

Hjer standa yfir þau penínga vandræði, sem allan gróður ætla að kolsvíða. Við höfum samið við prentsmiðjuna um að byrja prentun kversins eftir nýjár eða í seinasta lagi í Febrúar eða Mars. Þegar við sömdum um þetta í haust stóð ekki á peníngum til muna og áttum við þá vísa eftir þörfum því við þurftum ekki að halda á nema eitthvað rúmum 2000 krónum, því á þessu söluleysis ári átti í ekkert nýtt að ráðast nema þetta smáræði þitt. En þegar á er hert neitar bänkinn gjörsamlega um nokkurn eyri fyrri en í Apríl eða Maí. Jeg svældi 600 kr. út úr vini mínum til að borga það, sem mjer lá lífið á og Arinbjörn gat einhvern veginn klórað sig út úr sínum brýnustu skyldum. Við bárum nú saman ráð okkar og rjeðum að bíða til Apríl en nú er þeim mun verra en í Janúar, að nú er tæplega að mönnum sje veitt viðtal í bänkanum og þeir einir fá penínga, sem bänkarnir þora ekki sjálfra sín vegna að setja á hausinn og fær þó einginn meira en svo að hann geti hángið.

Nú hafa þeir góð orð um að þetta muni lagast í Júlí og ef svo er gæti alt orðið prentað fyrir haustferðir, yrði þá fullprentað í Ágúst, en eftir öll svikin er jeg nú orðin svo hræddur við lofordin að jeg rjeð af að segja þjer söguna eins svarta og hún er.

Jeg átti víxla, sem eftir stóðu af Þyrnum og vænti að fá þá leingda að einhverju leyti, en fjekk 4 daga frest, blátt og kalt. Varð þó ekki heingdur og ófarir allra ann-ara bjarga mannorði mínu líka um stund. Jeg fór til Sigurðar Kristjánssonar og bað hann taka kverið, sem kunníngja minn, en hann sagði eingum sinna þetta ár út, að minsta kosti og vera búinn að svíkja sjer til tjóns.

Svona standa málefni og jeg nenni ekki að rekja þessa raunarollu leingur en kveð þig kærlega og skal skrifa þjer skárri miða innan skamms, því jeg á enn að berjast við Landsbänkann á morgun og jeg er ekki alveg vonlaus þar og þó lítil von. En hún hefur þó gert það, þó lítil væri, að jeg hef frestað að skrifa þjer. En nú gerði jeg það þó.

Hrínghendurnar eru ást og yndi.

Vertu nú sæl um stund.

Pinn

Þorsteinn Erlíngsson.

Hlöðum 28. maí 1908.

Þorsteinn minn, blessaður karlinn! Bölvæð strit er þetta sem þú átt í með peninga og það dót, og vest að vita þó, að jeg hef aukið við erviðleika þín. Ekki getur þetta „ský“ heitið, þessi þunna hula á himninum heiða og bláa, því sárt er einungis það sem sálarlegt er, eða svo er það frá mjer að sjá. „Jeg held að við vitum það sem dálítið erum búin að lifa, að ekki gengur alt að óskum“ sagði gamla Guðlaug frú, tengdamóðir Eiríks Briems, þegar hún var lögðst í kór og misti uppáhaldsbarn dóttur sinnar.

Veitstu annars það, að jeg er svo sem að svara brjefi þínu sem þú skrifaðir 13/5 og jeg fjekk þann dag í dag, sem er uppstigningardagur. Ekki skalt þú vera hugsjúkur um það, Þorsteinn minn, að mjer komi stórfilla að alt gat ekki orðið svo sem ætlað var með Kvæðakverið. Mjer þægti jafnvel fult svo mikið fyrir því, að vita væna menn hengja þig, þó aldrei gætu þeir heingt, nje á annan hátt líflátið, sál þína. Það væri ofur óviðkynnilegt, finnst mjer, og lítil björg að fyrir hálfrataða bankana.

Að sönnu var jeg búin að sólunda væntanlegu fje mínu og taka til láns yfir 50 kr., en mjer til lífs verður það að „fóstri“ minn er lánadrottinninn og hann hlífist við það, í lengstu lög, að hengja mig, lítinn uppalinginn sinn, sem hann tjargaði lífinu í, þegar tæringin tók í sig að eta mig, helst upp til agna. Þetta alt er mjer líka lítilsvyrði þegar óttinn um afdrif litla landsins okkar gagntekur mig. Þar er ský þungt og voveiflegt, svo að mjer sýnast allir aðrir skuggar að engu verða. Jeg held að jeg tæki eins og lítið eptir því nú, þó nokkur valmenni væru hengd, ef enginn væri tekinn útúr hjartanu á mjer til þess.

Nokkuð gladdi mig nýlega! Stórgladdi mig. Það verð jeg þó að fá að segja þjer. Gamli St. Th. skrifaði mjer ljóð á sumardaginn fyrsta. „Mjer viknar lund við ljúf-leik þinn, hann lokkar tár á gamals kinn.“ og : „Með blíðum geislum beri hún¹ þjer það besta, sem jeg hugsa mjer“. Stóð þar meðal annars og alt var það ósvikið „Steingrímskt“: hlýtt og djúpt. Jeg varð einusinni, sem optar, hrifin í vetur, af einhverju sem jeg las eptir St. Th., þá var „gállinn“ á mjer svo að úr mjer ruddust 5 vísur, sem að jeg sendi gamla mannum mæta, datt ekki í hug að hann skeitti mjer vitund. Það er þó svona innvið beinið, að hann hefir lengi verið mjer hlýr og velviljaður og finnur til ljóða minna.

Getur þú ekki losað þig úr ansvítans arginu og moldinni mánaðartíma, Þorsteinn minn, og komið hingað norður til okkar, legið í græna grasinu og horft á hafsólina? Alt lítur nú blómlega út hjá okkur í sveitunum, tíð ákjósanleg og lömbin blessuð eins og þú veitst. Nýmjólk og harðfysk átt þú í vændum, ylm úr grasi og gott loft og svo það, að finna að þú ert velkominn í hagann.

Það lítur fremur vel út með hag bænda nú og ber ekki mjög á peningavandræðunum sem ætlar að kæfa kaupstaðina. Tíðarfarið og okkar líf, grasasanna.

1 Neðanmáls bætir Ólöf við: sumarsólin.

Biðjum vel að heilsa Guðm. Hannessyni ef þú hittir hann. Hann ætti að vita hvað hugsjúk jeg er um eyjuna okkar.

Sástu „Sólbráðina“ mína í Norðurlandi? Betur kemur mjer að vita smám saman hvað gengur, þó ekki gangi að óskum.

Þú ætlar þjer að skrifa aptur innan skamms. Gott er það. „Við bíðum og sjáum hvað setur“. – Með besta velvilja og góðum óskum kveð jeg þig Þorsteinn minn, Ólöf.

Það vildi jeg að baslið blindaði ekki sálaraugun í þjer, nje tækji frá þjer yndið af telpunni þinni, sem jeg veit ekkert hvað heitir, nje hvernig er í framan. Hún er þryggja missira gömul.

Á jeg að segja þjer eitt! Jeg náði mjer í skygna stúlku hjer í vor sem er metfje. Hún sjer huldufólk og fylgjur manna og jeg er að safna þjóðsögum eins og þú.

Hlöðum 30. ágúst 1908.

Heill og sæll, Þorsteinn minn Erlingsson!

Ekki hafði jeg áður hugmynd um hvað tegja mætti úr orðinu „innan skamms“. Nú hefir þú þanið það – á lengdina – síðan 13. maí, og líklegur ertu til að ætla því að þola lengur. En með því að mjer er vel við sum orðin þín, þá er mjer ekki um að þú ofbjóðir þessu, hendi því að þjer þremur spurningum, þær eru þarna innaní umslaginu, og þarf ekki nema þrjú orð, óbeigð, þeim til úrlausnar.

Með höfuðið kvað þú vera kominn inní kjapt stjórnmáladeilunnar, og á hún þá ekki annað eptir með þig en að bryðja þig ögn og gleipa þig svo með húð og hári, og er þá úti um skáldið, Þorstein Erlingsson.

Reyndar segja andarnir mjer – og aldrei laug Ólafur að mjer í lífinu, hvað svo sem um það er nú – að sjergáfa hvers manns haldi áfram að þroskast og ná langt-um lengst eptir það að andinn er smoginn úr hulstri.

Nú vænti jeg þess, að þú eyðir hálfri mínútu handa mjer, til svara spurningun-um, áður en þú ert kominn í kvið skessunni, því ílla held jeg alföður, og öllu öðru góðu, gengi að færa þeim ljós sem flagðið það nær föstum tókum á.

Og svo óska jeg þjer þess sem að jeg held vera best, Þorsteinn minn!

Ólöf.

- 1: Verður nokkuð af prentun kvæða minna á þessu ári?
- 2: Heldur þú þá að nokkurnvegin ábyggjileg vissa sje þá fyrir því, að úr því verði næsta ár?
- 3: Eða vill nú Arinbjörn helst vera laus við samning þann sem hann gjörði við þig um útgáfu kvæðanna?

Þess verð jeg að fá að geta nú um leið, að ritgjörðin þín: „Meðan um semur“ geðjast mjer lang best af öllu því margstaglaða máli sem jeg hef sjeð um „samninginn“, að undanteknum greinum Sigurðar Hjörleifssonar á Norðurlandi. Svar þitt er hrein snild að framsetningu. Ólöf.

22. febrúar 09.

Eigum við ekki að lofa þessu að liggja hjá hinu, Þorsteinn minn?
Mig vantar mynd af þjer á skrifborðið mitt, þar er enn enginn, ekkert.
Ólöf á Hlöðum.

Reykjavík 12. júlí 1909.

Ólöf mín góða.

Nú get jeg loks ögn ljett á mjer byrðinni, eða að minsta kosti lagað hana dálítið á mjer og ætla nú að biðja þig að vera svo væn við ónytjúnginn þinn sem þú getur. Algerðrar syndalausnar beiðist jeg ekki. Nú loks klukkan 10 í morgun fjekk jeg það svo neglt og svo rígnegt að jeg vona að haldi, að byrjað verður á að prenta kvæði þín þegar sem Gutenberg hefur lokið alþingistíðindunum en það verður ekki fyrri en í haust, en það eru samningar með okkur Arinbirni að það verði í seinasta lagi um nýár.

Af því jeg er að búa mig af stað í hálfsmánaðar ferð austur yfir fjall, þá get jeg ekki skrifað þjer neitt rækilega og ekki nema þessar línur, en jeg skal gera það þegar jeg kem aftur og segja þjer af öllu baslinu. Það var ekki fyrri en í gær, að fjárhagur okkar í bönkunum var orðinn svo að þeir gátu ekki annað en gert okkar vilja, en það hafa þeir dregið mánuð eftir mánuð núna í 11 mánuði eða síðan 20. ágúst í fyrra.

Það er ætlast til að fyrsta október fáir þú eitthvað af peningum, ef þjer liggur á, en þegar sem jeg kem að austan, eða þegar sem ágúst líður eða fyrr, máttu biðja mig um t.a.m. 100 kr. ef þjer liggur á og mun jeg þá hafa einhver ráð með það á mínar spýtur. Hitt færð þú þegar sem prentað er og er svo um samið að það verði í síðasta lagi um nýárið. Jeg hef svo að kalla í hverjum mánuði verið að vonast eftir að geta skrifað þjer þessi sömu orð, en altaf hefur skörin brotnað undan mjer þegar jeg ætlaði að stökkva upp úr þessu hundasundi og svikasvamlu, og þó er jeg ekki svo ónærgætinn, að jeg viti ekki vel, hversu meinlega sár þessi bið hefur verið þjer.

Það er satt, að í haust vildi Arinbjörn helst vera laus, en einungis af því einu, að allar bjargir voru bannaðar. Um kosti ljóðanna treysti hann mjer og vildi feginn halda áfram, en vandræðin fjötruðu hann, því hann vill geta látið alt standa eins og bjarg sem hann fer höndum um, en hefur orðið að draga sig út úr að minsta kosti hálfum lofordum og verður að gera það enn. Nú vona jeg að við lifum það bæði,

að bókin þín komi samt út og við gleymum þá þjáníngum okkar yfir þeim fögnuði, að maður er í heiminn borinn, eins og meistari Jón mundi segja.

Vertu nú sæl, Ólöf mín, og nú skal jeg reyna að láta þetta „innan skamms“ ekki verða svo mjög langt. Um kvæði þín og annað fleira færð þú þá eitthvert bull.

Vertu blessuð á meðan.

Þinn

Þorsteinn Erlíngsson.

Hlöðum 2. ágúst 1909.

Þorsteinn minn Erlíngsson!

Fanstu ekki að eitthvað hlýtt og gott var nærri þjer 20. júlí? Hugurinn sagði þá eitthvað gott í þinn garð, ósjálfrátt, snöggvast, og eitthvað fór hann í áttina til þín, heitur og gláður, en ekki veit jeg hvort hann hefir gjört vart við sig hjá þjer. Hann stökk af stað þegar að jeg var að enda við að lesa brjefið þitt, og eitthvað annað í mjer en hann, heimtaði samstundis að fá að faðma þig fast og trútt en eins og við vitum fjekk þetta „eitthvað“ það ekki og fær aldrei, eða vill það þá ekki á endanum þegar það má, eins og gengur, því þá verðum við annars hugar orðin.

Peningana þína vil jeg ekki. Bíð þangað til að jeg fæ mína frá Arinbirni. Er ekki í neinu sjerlegu fári.

Og það eitt ætla jeg að biðja þig um: þegar þú hefir handa á milli peninga frá Arinbirni til mín, að taka af þeim alla þá borgun sem þú vilt þiggja fyrir þína vinnu, það af henni sem verður vyrt til verðs, og jeg get endurgoldið þjer.

Hjer er enn mynd sem að jeg ljét gera eptir mynd af mjer 25 ára, – frá okkar tíð – og vil sýna þjer, ef að þið ætlið að hafa mynd framan við bókina. Þessi er nú ekki svo ólík því sem jeg var þá, enn mjer er ílla við kjólklaðin. Jeg fæ aldrei á mynd einkennilega blæinn sem nú er yfir mjer, sambland af ertni, skopi og alvöru sem stundum er augljós og sjerkennilegt við svipinn, þó ljót sje jeg. Það situr við það. Kannske þjer sýnist að sýna mig ekki líkamlega nema sem fæstum! Þú, nje Arinbjörn, þurfið sennilega ekki allar þessar myndir mínar handa sjálfum ykkur, best að jeg fái þær einhverntíma aptur, og ráddu öllu fyrir mig viðvíkjandi þessu.

Og svo hjartans góð kveðja,

Ólöf.

Hlakka til að fá miða frá þjer þar sem að þú ætlar að tala um kvæðagjörð mína. Þú ert eins og vorgolan: svo mjúkhentur að þú meiðir ekki mig.

Þetta er síðasta vísan mín:

Fossinn æðandi fram af dettur.

Frelsið hæðandi stendur klettur.

Trítlar hæðirnar lækur ljettur.

Lömbin fæðast, en grasið sprettur.

Reykjavík 12. September 1909.

Ólöf mín gamla, góða.

Mjer þótti vænt um brjefið þitt, hvað þú ert umburðarlynd og mild þegar á herð-ir, eins og góðu systurnar við yngri bróður, sem aldrei er eins og hann á að vera, eins og jeg veit þó að þjer hefur oft gramist við mig, að fá ekkert svar, ekkert orð þennan óratíma. Dálítið hefði jeg nú þolað þjer; en þetta var þó best.

Þessi mynd sem þú sendir líkar mjer vel. Jeg fyrirgef henni útlenda búnínginn. Hinar fundust mjer ófærar meira og minna, þó þær kunni að vera líkari þjer nú. Í rauninni er þá mest að marka mennina þegar þeir eru í fullum þroska. Æskan og ellin sýna meira sjálf sig en manninn. Þessi mynd legg jeg til að tekin verði ef mynd er höfð, sem við Arinbjörn höfum talað um að verði. Myndirnar færð þú við tækifæri.

„Síðustu vísunni“ þinni varð jeg ekkert skotinn í. Tvær seinni hendingarnar þóttu mjer liðlegar. Framanviðþrjónið hallaði ofmikið fyrir.

Jeg hef altaf ætlað mjer, að minnast á ýmislegt í brjefum þínum og vísunum sem þú hefur sent mjer smám saman í fyrra og í ár, og nú skal verða úr því.

Í fyrsta brjefinu var þetta kvæði: „Jeg uni mjer ekki.“ Kvæðið er í heild sinni sómasamlegt, en eitt kann jeg þar ekki við: „Mót ljósinu fræfla og fræflur þær teygja, þó feli meyjja.“ Mjer þykir of sterklega tekið á þessu, að segja, að meyjarnar feli fræflur sínar. Aftur mætti segja, að blómin væru ekki eins síðsöm og meyjarnar, þá tapast síður snirtileikinn úr samanburðinum. Vísur fylgdu 5, og voru sumar ágætar og allar frambærilegar.

Ekki get jeg sagt að hagir mínir meini mjer, að koma til ykkar sumartíma, og jeg hef hálf í hvoru ráðið að koma eitthvað þangað norður á bóginn nú á komandi sumri 1910. En jeg er svo einrænn, að úr því jeg á kvennmann, sem sýpur súrt með mjer verður hún og að fá að dreypa í það sem sætara gæti orðið og því fer jeg ekki til gamans norður nje annað án þess hún sje með, og gæti verið að húsrúm yrði því af skornum skamt, þó vilji væri nógur fyrir bæði hjá þjer og öðrum. En ekki efa jeg vinsemd ykkar allra vina og skyldmenna þar norður frá.

Þá talar þú í brjefinu um trú þína og brjef Júlíu eftir Stead gamla. Jeg hef lítið lesið í þeirri bók og vinn mjer tæplega til lífs að þína mig til að gera meira að þeim lestri. Þó er þetta mál alt merkilegt, þó brjefin sjeu svo drepanði leiðinleg og lítill gróði að lesa það sem jeg lenti á í þeim. Það mál er merkilegast að því, að sjálfsagt er að rannsaka, að hve miklu leyti þetta er alt úr vitund okkar og veru, eða einhver öfl aðvífandi. Jeg fæ nákvæma vitneskju um alt sem gerist hjer í Tilraunafjelaginu í Reykjavík, en hef engar sannanir fengið, sem jeg geti felt neinn tryggan úrskurð um enn sem komið er, og er þar margt stórum merkilegra en brjef Júlíu.

Sumt af því sem gerst hefur á Akureyri tek jeg jafnvel langt fram yfir þau brjef, þar sem alt getur verið komið þráðbeint úr vitund mannsins. Jeg sá þar ekki atvik eða orð, sem mælti móti því. Aftur gerist hjer margt, sem eðlilegast verður skýrt svo, sem það komi utan að. Aftur er með öllu óskiljanlegt hve lítið þessir andar

vita um sjálfa sig og sitt eigið líf þar hinum megin og ber jafnvel engan vegin heim við sjálfa sig; og ef þeir eru það sem þeir segjst vera, sje jeg ekki betur, en þar sje alveg gífurleg afturför að hugsun og viti frá því sem hjer er, en trúin á þessa rey- kulu og óljósu guðshugsjón sje stórum magnaðri, án þess hún sje þó skýrari hjá því liði öllu eða það viti meira um hana. Alt þetta bendir í sömu óskemtilegu nið- urlægingar áttina.

Frá trúfræðilegu sjónarmiði finst mjer miklu raunalegri líkindin fyrir áfram- haldandi hnignun heldur en nokkur von um eilíffan dauða þó óljós sje. Auðvitað verður að taka þessu eins og öðru hundsbiti, ef þetta reyndist svo, og halda þá áfram bardaganum móti þessari guðshugsjón og þessari hundsnáttúru í manningum, að þurfa að vera að falla fram og liggja á maganum fyrir einhverju, sem hann veit ekkert um, hvorki vit nje gæði, og nægir það eitt, að hann skilur ekki og sjer ekki það sem hann er að flatmaga fyrir.

Jeg fyrir mitt leyti þekki guð eða alheimskraftinn af því einu, sem jeg hef skynj- að hjer, og jeg finn engin rök til að treysta honum til meiri gæða eða meiri máttar í öðrum heimi en þessum.

Þetta er þá svo Ólöf mín: Enn sem komið er veit jeg ekkert svo víst um þetta, að það nægi mjer til að verða trú eða skoðun, og mæli jeg því hvorki með því nje mót, jeg hlynni að rannsóknun og styð þær og þykir þær merkilegar eins og það, hvort jeg á að lifa 2 ár enn eða 20, eða hvort regn verður á morgun eða sólskin, en jeg trúi engu um það og þræti við engan um það.

Hugarskeyti gætu verið þetta sama og líka alveg óskyld því. Þau þekki jeg, þau hef jeg sjálfur lítið eitt reynt. En jeg finn, að jeg er svo illa hæfur til þeirra hluta að jeg vil heldur láta aðra menn fást við þau, sem jeg þykist sjá, að miklu eru færari til þess, og fást sjálfur heldur við eitthvað annað, sem jeg gæti verið skárrí til en þeir. Jeg ljét hestinn minn rata í myrkri og hundinn minn þefa upp spor. Í því sá jeg að þeir voru mjer fremri. Hinir reyna þetta, sem hæfari eru og jeg fæ að vita nið- urstöðu þeirra. Jeg vil ekki verja margföldum kröftum til þess að komast langt um skemmra.

Það er hverju orði sannara, að jeg finn hvert afskræmi þetta mannlíf er og að jeg myndi þyggja eitthvað ofur lítið skárra; en jeg hef alltaf fundið hve ósamboðið það var hugsandi manni, að búa sjer til vonir út úr þrá sinni og hugsjónun eða hug- myndun, eða halda til að mynda eins og sjera Matthías, að guð hljóti að vera til, af því margar þjóðir hafa trúað því frá því menn vita. Það ætti þá að vera sönnun fyrir eilífri útskúfun og hefnigirni guðanna, að menn hafa trúað á þær báðar frá því menn gerðu sjer hugmynd um guði, að því er sjeð verður.

Fullkonnunarþrá er eðlileg móðir trúar og jafnvel vonar, en rök er hún ekki fremur en Þráin mín til að lífga dáíð barn mitt. Jeg reyni hvorki að trúa nje trúa ekki, Ólöf mín góð. Fyrir mjer er slíkt jafn óhugsandi eins og ef jeg ætlaði að fara að reyna að láta mjer sýnast mjólkin ljósri eða dekkri en mjer fyndist hún í raun og veru. Hvortveggja væri mjer langt um megn. Jeg finn þrá og þörf til að vita,

enga til að trúa. Við guð eða eilífð er óhugsandi að mjer geti orðið vel eða illa fyrri en jeg kynnist þeim. Aldrei fyrir fram.

Stelpan okkar litla heitir Svanhildur, í höfuðið á ömmu sinni, móður móður. Jeg er að öllu ánægður með hana og hefði ekki óskað mjer hana öðru vísi. Hún er talin með fríðustu börnum og greindin hygg jeg sje í besta lagi.

Árna gamla Gíslasyni líður heldur vel; hraustur nú, altaf ljúfur og glaður, skortur hygg jeg ekki sje. Við komum hvor til annars við og við. Steingrímur gml. Thorst. er nú alveg kominn inn í sjálfan sig, gramur í geði við alt og alla, held jeg, og eins og hann langi ekki til að tala við neinn og oft afundinn. Við tölum nú heldur sjaldan saman, en alt vinsamlega þegar það ber að.

Meðan jeg man, skal jeg geta þess, að nokkur eintök fær þú að sjálfsögðu af ljóðum þínum. Um upphæð er ótalað við Arinbj.

Hringhendurnar þínar, sem þú sendir í fyrra vetur einu sinni, og til urðu „við rokkinn“, eru misjafnar nokkuð, en ágætis glefsur í þeim. Má vel prenta líka upp með öllu saman. Margt í því vil jeg alls ekki missa ef nokkur kostur er rúms. Jeg fæ versta verk að velja úr. Það sje jeg fyrirfram, ef alt kemst ekki að.

Þú tekur þig til í einu brjefinu og ferð í gamla bardagann við mig um ástina og frjófgunarþörfina eða þrána og segir áframhaldið, út yfir fímtugt, það sannar hjá þjer að ástin lifi lengur en getan, en löngunin og ef til vill þörfin? Þær skyldu þó aldrei vera tórandi enn? Hvað segirðu um það, að hafa matarlöngun, matarlyst og jeta árum saman og þrifast ekki af því? Jeg þekti konu 64 eða 65 ára, að mig minnir, sem var að ná sjer í mann og náði í hann, og hún sagði mjer, að ennþá væri „þetta gamla“, sem hún kallaði, besta skemtunin sín.

Jeg man nú ekkert nema jeg sje búinn að svara einhverju af þessu áður, sem jeg hef rutt úr mjer hjer, en jeg varð nú að setja þetta hjer samt, til þess að geta strikað það út úr minninu og það væri frá og ekki að flækjast fyrir. Jeg man að St. Th. skrifaði þjer eftir að þú spurðir mig um hann, en hann er svona núna fyrir því, eins og jeg sagði. Það mun nú vera hvorttveggja, að hlýjan er þar lítil enda fáir sem að henni leita. Jeg get ekki unnið það til. Jeg ann þar skugganum nú sakir vinar míns sem hann var af.

Mjer varð það að brosa í bili þegar jeg sá í fyrra haust umslagið frímerkta og las spurningarnar, en jeg hætti strax við að brosa, því jeg sá hve edlileg sárindin voru, sem höfðu stílað spurningarnar og límt á frímerkið. Nú ætla jeg að lofa þjer að brosa að umslaginu. Jeg hef einmitt geymt það til þess. Jeg treysti því, að jeg gæti látið þann dag koma yfir okkur bæði.

Mjer þótti og vænt, að þjer líkaði ofur lítið skár svarið mitt til Jóns Jenssonar, en skrif hinna mannanna, því mjer líkaði þau sárilla, og blóðugt að lesa sumt. En pólitík tekur ekki hjeðan af lengra inn í munninn en jeg vil. Milli tannanna fer jeg óhræddur. Bíta má hún svo sem hún vill og getur, en vansjeð að mjer verði þar hættara en hennar eigin tönnum, ef í það fer.

Jeg má til að bæta enn við þessu blaði, af því jeg gleymdi, að minnst á kvæðið sem þú sendir mjer í vetur „Í trúnaði“. Það var gott uppá gamla móðinn, jafnvel

ágætt, og er þá vel að verið hjá þjer, því jeg hef aldrei fundið á mjer, að jeg gæti á nokkurn hátt stutt að velferð þeirrar mannveru, sem jeg ynni, en ekki vildi unna mjer, nema ef jeg gerði það til að sýnast, sýna konunni hver ágætismaður jeg væri og hve ógingjörn ást mín, eða þá til að reyna að villa mjer eða guði sjónir. „Farðu þá með hana til fíandans“, segði jeg við guð, „ef þú vilt ekki gefa mjer hana“, og fróun held jeg mjer væri, að henni liði hálf illa hjá mannum, sem unnið hefði taflið. Og nú hætti jeg.

Það er alveg satt, Ólöf mín, að líðan mín er í heild sinni góð, og ekkert, sem jeg mundi breyta, nema efnahagurinn og hreystin og þó er hvortveggja betra en jeg gat á nokkurn hátt búist við og að öllu athuguðu uni jeg fremur vel ævinni eins og hún hefur skipast og skipast enn. Gremja mín er mest við það, sem jeg get ekki látið afskiftalaust utan minna eigin dyra, og hjá því komist jeg, ef jeg hefði tjöldin fyrir gluggunum eins og guðsbörnin og ráðdeildarmennirnir, og ljeti drottin einan um dónana, án þess jeg væri að sletta mjer fram í það.

Vertu nú sæl. Guðrún mín biður að heilsa þjer og mælti þessi orð með: „Bæði er mjer vel við kvæðin hennar, eins og þjer, og svo þykir mjer altaf betra um þá menn, sem eru dálítið skotnir í þjer, þó það sjeu konur. Þetta máttu segja henni, ef þú vilt.“ Ekki ábyrgist jeg að þetta síðasta sje satt, en vís gæti hún verið til þess samt.

Þinn

Þorsteinn Erlíngsson.

VI. 1910-1914 – Endursýn og vonbrigði

Á þessu tímabili verður enn breyting á sambandi þeirra Ólafar og Þorsteins. Ólöf stílar sum bréfin til Þorsteins og Guðrúnar konu hans. Þau eru hætt að skrifast á sem einstaklingar, makar þeirra beggja eru orðnir persónur í bréfunum, sem viðtakendur og sendendur ýmissa skilaboða. Í ágústmánuði 1910 komu Þorsteinn og Guðrún í heimsókn á Hlaðir og stofnað var til vinakynna sem entist þeim ævina á enda. Þorsteinn og Ólöf höfðu þá ekki sést síðan haustið 1883 er hann sigldi til Danmerkur.

Þorsteinn á aðeins tvö bréf í þessum kafla. Haustið 1914 lést hann en nokkru áður höfðu bréfaskiptin færst til Guðrúnar og héldu þær Ólöf bréfasambandi á meðan Ólöf bjó fyrir norðan. Þorsteinn og Ólöf höfðu þá átt í bréfaskiptum í tuttugu og sex ár, með hléum.

Í bréfunum heldur hrakningasaga Ólafar og ljóðasafns hennar áfram að vera aðalefnið. Svo virðist sem Þorsteinn hafi týnt ljóðahandriti hennar, eða að minnsta kosti hluta þess. Ólöf er bæði sár og reið vegna tafa sem verða á útgáfunni og einnig sviður henni afskiptaleyzi Þorsteins. Samkvæmt bréfum Þorsteins er greinilegt að hann leggur sig fram við að koma ljóðunum út en að sögn hans gengur erfiðlega að fá útgefendur. Hann tekur meðal annars á sig fjárhagslegar skuldbindingar en öll áform hans renna þó út í sandinn. Það endar með því að Ólöf gefst upp á biðinni og gefur ljóðin sín út sjálf árið 1913. Ekkert virðist þó geta slitið vináttuböndin og bréfasambandið heldur áfram, að vísu með hlutdeild Guðrúnar.

Hugleiðingar um framhaldslíf og andatrú eru aldrei langt undan í bréfunum, en Þorsteinn og Ólöf urðu aldrei á eitt sátt um þau mál.

Eftirfarandi yfirlýsing fylgdi bréfum Þorsteins til Ólafar:

„Bréfasafn þetta erfði ég eftir Ólöfu á Hlöðum. Það hún mig þess að gæta þess vandlega og láta það ekki koma í ómildra hendur. Hefi ég gætt þessa í rúm 30 ár. Nú afhendi ég Ásthildi Erlingsdóttur bréfin með sömu ósk og fyrirvara.

Akureyri 2. júlí 1966.

Steindór Steindórsson frá Hlöðum.“

Hlöðum 8. ágúst 1910.

Sæl og blessuð, bæði tvö!

Jeg sit eptir og sakna, eins og í gamla daga, svona er jeg þó ung ennþá og er mjer nýlunda núorðið. Jeg skal segja þjer Guðrún, að mjer er næst að halda að mjer sje orðið vel við þig, þó ekki sje líklegt og ekki sje á að treysta þar sem um kvennmann er að ræða. Jeg er innst inní mjer hálf ergileg fyrst yfir því, að eiga nú ekki ótrufluð þessi fáu augnablik hjá Þorsteini, sem að mjer loks hlotnuðust en vissi þó að jeg átti, – og ætlaði mjer fastlega að taka alt tilit til þín, *hanns vegna*, en þú einhvernvegin þokaðist nær mjer og nær, uppá egin spítur, og mjer geðjaðist alt þitt atferli yfir allar líkur og hef dálitlar vonir um að þú mættir við því hjá mjer, þó öllu væri á botninn hvolfst, en óvíst að jeg mætti við því hjá þjer, að þú læsir mig oní kjölinn.

Og Þorsteinn minn! Mjer var góður fengur í að fá að sjá þig, þó stutt og lítið væri, eignaðis dálítið, en misti ekkert.

Ekkert veit jeg hvað veldur því að mjer hefir altaf verið manna best við þig síðan við vorum saman hjá gamla Árna, og ekkert og enginn annar hefir útrímt þjer, svo að eitthvað af betri endanum hlýtur það að vera, því annars rekur hver annan út, eins og að við þekkjum. Og ekkert væri mjer óskiljanlegt við varanlegleik þann, ef að það hefði aldrei nema lítilræði verið, en jeg man altaf hvað heimurinn varð allur auður og tómur þegar gamla Imba kom mäsandi inn til mín snemma dags, og sagði, að Þorsteinn Erlingsson hefði farið með skipinu í morgun til Hafnar. Þá varð jeg snöggvast máttvana og fjekk grun um, innan skamms, að nú hefði hent mig lán mikið. Áður vissi jeg til þess að jeg var allra manna hræddust við þig, og vakti á verði, en hafði ekki vit á að voðinn allur kemur að innan. Og ekki hef jeg annað en eintómt gagnið haft af heimskunni minn allri þeirri, og margur eldsneystinn hefir úr henni hrokkið, þegar lítið var um ljós og líf og hleypt ímyndunarríkinu öllu í loga. Og svo er sagan sú á enda.

En það átti jeg eptir að láta þig vita Guðrún, hvað við „fóstri“ sögðum um þig, þegar að við náðum snöggvast saman um kvöldið. „Hún er betri enn að jeg bjóst við, konan, Fóstri“!

„Já mjer lýst hreint ekki svo afleitlega á hana“, og jeg fann í rómnum að hann var búinn að fá fremur gott geð á útliti þínu og háttsemi. Á heimleiðinni frá ykkur kom: „Fóstri, það er varið í konuna, það er sjálfstæður, rjettvís og góðviljaður maður í henni, og svo barn“! Og jeg varð glaðróma á síðasta orðinu. „Já, mig grunar það, að það sje hreint ekki lítið í konu þá varið.“ „Það hlaut líka að vera, maður með hanns gerð og á hanns aldri, grær ekki fastur á öllum rótum við ekki neitt! Ansi langaði mig áfram með þeim, mig hefir ekki lengi langað eins.“

„Það var slæmt að þú gast ekki haldið áfram þá, jeg vildi svo gjarnan fyrir mitt leiti að þú hefðir farið vestur að gamni þínu.“ „Jeg var óviðbúin, kom það snöggvast til hugar hjer um daginn, en sá að jeg varð að reyna að heyja ögn með þjer og svo er ekkert annað fyrir vestan enn þessar fáu þúfur, sunnaní Hjallhólnum og að

líta einusinni yfir útsýnina sem altaf er máluð í minninu í 30 ár.“ „Það var slæmt samt að þú mistir það, fyrst þig langar.“

Mig langaði mest eptir að vera með þeim á leiðinni, jeg sakna þeirra Fóstri, hennar líka. „Já, þetta var alt of stutt,“ og svo tók kotið við okkur með friði og ró, og jeg finn að það er eini staðurinn við mitt hæfi hjeðan af, get hugsað þar um ykkur og hina aðra sem mjer er vel við, og sagt „Fóstra“ flest sem við ber þegar umstang verður á innra.

Þetta á að komast heim á undan ykkur og koma til ykkar næst á eptir telpunni ykkar, með þökk og hlýleik, frá okkur báðum. Verið þið velkomin heim og vegni ykkur sem allra best, öllum í einu lagi!

Guð sje með ykkur!

Ólöf.

Kveðja frá Fóstra mínum er í þessu öllu saman.

Ætli að það sje hending ein, og ætli að enginn finni annar enn jeg, hvað blærinn þinn, heimurinn allur, minnir á gamla Grím Thomsen, einkum síðan útlitið þitt eltist? Jeg fann altaf líkingu, mest núna.

Vertu blessuð fyrir mjúku hlýju umhyggjuna þína fyrir Þorsteini, Guðrún! Þú ert honum auðsæilega ómissandi, auðnufengur, ljós hanns og líf.

Reykjavík 25. ágúst 1910.

Ólöf okkar góða. Sæl og blessuð vertu nú aftur og hafðu heila hjartans þökk frá okkur fyrir síðast. Þetta verða nú ekki nema fáar línur, svo sem eins og bráðlætisbiti, ef þig kynni að langa í bragð með póstinum, en síðar ættir þú að minsta kosti skilið að fá betri bita, þó ekki væri nema fyrir brjefið þitt, sem tók á móti okkur hjer með kossi og handabandi eins og þú gerðir á Hlöðum, eða sama sem. Jeg hugsa að Guðrún mín skrifi þjer við allra fyrsta tækifæri, ef hún getur það ekki núna, en þetta er svo sem frá mjer.

Þú segir mjer svo vendilega frá því, hvernig endursýn okkar varð í augum þínum, svo jeg þori ekki annað, en segja þjer eitthvað af því líka hvernig mjer leist á þig. Það er eins og jeg sagði þjer um útlitið, að það var lítið breytt. Augun þóttu mjer enn sem fyrri fögur og full af glóð, en svo þótti mjer, sem ennþá glæðilegra hafi þar verið fyrri, þá fanst mjer alt blossa af sjálfu sjer upp um alt, nú mundi þurfa að blása undir. Þó getur það valdið, að þau eru lítið eitt upplituð eins og í flestum verður þegar þeir eru fullþroska.

Öðru þarf jeg ekki að lýsa, augun voru þú og þú varst augun og svo er enn; lýti eða ellimörk á öðru breytir þjer ekki í mínum augum. Innri eldinn fann jeg eins og jeg átti von á honum; lífið hefur aðeins gert þig berordari, en óbreytta að öðru fanst mjer jeg finna þig. Niðurstaðan er þessi, að jeg misti ekkert við endursýn okkar og fann innra í þjer einmitt það sem jeg bjóst við en töluvert meira en jeg hafði vænst

eftir að ytri sýn. Svona er þetta Ólöf mín. Svo sendi jeg þjer koss og ástúðarklapp á vágann fyrir kvöldið á Hlöðum, nóttina, morguninn, nærgætnina alla og fylgdina síðast. Hana hefðum við bæði fegins hugar kosið lengri.

Kvöldið verður okkur sjerstaklega minnistætt, litla jólakvöldið okkar, kallar Guðrún mín það. Það sem jeg misti af sögunni sagði Guðrún mjer að efninu til, og það finst mjer á öllu, sem ljóðin þín og jafn vel Bernskuheimilið þitt verði mjer stórum kærri og hugljúfara heldur en þessi kynbóta heimsspeki og eitt er víst, að hvorki fyr nje síðar á æfinni hefði jeg gert það fyrir nokkurn kvennmann að gera þá kynbótilraun, eða hafa mig til slíks enda skil jeg ekki að nokkur kvenmaður sje svo gerður, að honum komi til hugar að stofna slíkt kompaní fyrri en hann er kominn yfir fertugt, að minsta kosti og tæplega innan fimtugs. Fyrirgefðu nú, að jeg segi þjer þetta svona blátt áfram og bert. Jeg get ekki þagað yfir því úr því jeg mintist á kvöldið.

Jeg má til að bæta því við, að jeg er þess fullvís, að enn sem komið er ljái þeir einir menn sig til kynbótilraunar þinnar sem, lítil eða engin kynbótavon sé að.

Ferðin gekk ágætlega heim nema þokudjöfullinn varð að elta okkur vestur í Skagafjörð og Húnavatnssýslu austan til. Í Vatnsdalnum birti og síðan var sólskin og heima beið okkar alt svo ánægjulegt sem auðið var. Svana kom á móti okkur upp að Esju og alt kom heilbrigt og ánægt heim eins og þú óskaðir og þið fóstri þinn. Hann líkaði okkur ágætlega við, og látlaus vinsemdin hans er ein af okkar góðu minningum úr þessari ferð. Mjer þótti ekki hvað minst vænt um ummæli ykkar um Guðrúnu og þótti þó kynlegt að þið skylduð hafa búist við svo ofurlitlu.

Veri þið nú margblessuð bæði og alt á Hlöðum sem ykkar er og koss frá Guðrúnu minni.

Þinn Þorsteinn Erlíngsson.

Í söngfuglahljóðum

Í söngfuglahljóðum
Sæbáru-klið,
Í sorgblíðum ljóðum
Vornæturfrið,
Í dýrðarsjón ins háa
Dvalarheims
Í dauðaþögn ins bláa
Stjörnugeims

Hjá fossandi lindum
Fallanda straums
Hjá faðmandi myndum
Einverudraums
Þar hugans óskir rætast

Helzt jeg finn
Þar hvílir löngum sætast
Andi minn

P. Erl.

Hlöðum 20. janúar 1911.

Sæl og blessuð bæði þið!

Ílla hefði mjer einhverntíma getað komið þetta Þorsteinn minn, hve óhneigður þú ert fyrir kynbætur manna, því hefði jeg Dýsa verið¹, þá vísast hefði jeg til þín leitað, en nú er Dýsa komin veg allrar veraldar svo ekki kemur mjer eins meinlega þessi þín náttúra, en það er mjer óhætt að fullyrða að fyrir innan fimmtugt mun Dýsa hafa verið þegar að henni urðu þessi ósköp. Og sannleikans vegna verð jeg að láta þess getið, að stúlkunni komu engar kynbætur til hugar, en hún unni Grími, vitandi eða óafvitandi og vildi því ná sjer í ofurlítinn part af honum fyrst að ekki var hann allann að fá.

Þetta hefir mjer mistekist með, en ekki henni, að sýna, meina jeg, og verður þú á sama máli þegar að þú ert búin að lesa söguna alla – *sendi* þjer hana hjer með – þá afsaka jeg alt við Dýsu. Hló annars hjartanlega þegar jeg las brjefið þitt – þakka það þó vel, – og er jeg staðráðin í því, að ef önnur Dýsa verður á vegi mínum, að aðvara hana um að fara ekki til þín, því að þú sjert uppá gamla mátann: viljir þar láta dýrseðlið ráða fyrir mannvitinu, verðir að taka nauðugur viljugur við barni þínu ef náttúran hendir því í þig, en meiningin var það ekki að svo skildi tiltakast. – Annars segji jeg ekkert við Dýsu, fyrr en þið hafið lesið söguna. Kannske að þú skiptir sinni.

Þrír hafa minnst á hana við mig og sitt hver komið með: þjer var kynbótin andstað, sr. Jónasi þótti hún gróf, eða á þá leið, og einn sagði hana vera viðvaninglega og þyrfti aðgerðar – hann var „græningi“ ungur og ekki að marka. Nú bíð jeg eptir ykkur Guðrúnu og svo Guðmundi Hannessyni, þú sýnir honum! Einum þótti hún frumleg og góð, og gáfaður, ungur maður mentaður er hann, og óhætt væri mjer að vísa Dýsu til hans ef að hún væri á lífi, það skyldi jeg á manninum, og svo var um 4 aðra unga menn, dálítið greinda svo að jeg varð ekki úrræðalaus með mína stúlkku þó ekki víxlið þið Jónas sr. Þið eruð ornir gamlir.

Meira langar mig suður síðan í sumar, en áður. Finnst að jeg eiga þar frændur og kannske vini, en líklega þó að jeg aldrei komi, fæ mig ekki af stað og svo horfi jeg í kostnaðinn, á lítið og bóndinn ekki svo aflögum að jeg vili eyða að óþörfu því sem að hann inn vinnur, því nú fer hann að taka vinnuna nærri sjer, 60 ára er hann. Bíð líklega þangað til bókin mín kemur, ef hún kemur fyrr en jeg er öll á burt. Gerist nokkuð í vetur með hana? Heldur þú ekki að sumt sje betra sem jeg hef gert

1 Eftirfarandi setning er neðanmáls í þessu bréfi: Dýsa, nei! Lauga hjet stúlkan, þá hún lifði. Þú leiðrjettir!

síðan, en ýmislegt í handritinu? Jeg læt hjer hjá ofboðlítið til álits, svo þú sjáir að mjer er heldur að fara fram en aptur. Jeg er ansi hrædd um að mjög ljelegt hafi slæðst með hjá mjer í handritið, jeg var um nokkurt áraskeið svo stórlega ílla á mig komin, að jeg er hrædd um að alt frá þeim árum sje óvit, ónýtt. Kannske ekkert sje við það að gera hjeðanaf, og sjálfsagt ekki, ef nokkuð skyldi verða af prentun í vetur. Jeg á kvæði Guðrún, í „N. Kirkjublaði, 2.3“, það vilt þú sjá en ekki Þorsteinn.

Ekki hafið þið getað losað ykkur við kennslu í vetur, sá auglýsingar ykkar. Sumarið hefði orðið ykkur kostnaðarmeira en annars. Hlakka til, ef þú getur nokkurntíma fengið tómskund til að segja mjer hvort nokkuð gerist í vetur í „drauga-fjelaginu“ ykkar. Hef lifandi áhuga við þær tilraunir, hvor sem eru gerðar með gætni og viti, og ekkert skil jeg í þeim sem ekkert langa til að komast það sem komist verður og reyna að fá vissu um hvað veldur þeim undrum öllum. Þú minntist á Stephan G. í sumar. Þá var jeg ekki búin að sjá nema kvæðin hjer og þar, lítið eitt. Nú er jeg á því að hann sje stærsta ljóðskáldið okkar, jeg hef engin orð til yfir manninn, svo mjög finnst mjer til um hann. Hafði ’ann um jólin, Sjáðu!

Ekki má gáskinn úr mjer styggja þig Þorsteinn minn. Mjer fjell svo sem ekki sárt eða ílla það sem að þú varst að segja í brjefinu. Hafði, auðvitað, gaman af. Þú svafst og vissir ekkert hvað jeg var að segja, en vildir fá að vera í friði uppá viðtekna, gamla mátann, að alt skyldi vera ósjálfrátt og óviðráðanlegt. –

Ætla að láta þetta, eins og það er fara, því jeg þori ekki annað en nota ferð inná pósthús sem fyrir fellur samstundis, þarf þó ögn fleyra að segja, sendi það seinna kannske. Verið þið blessuð, öll þrjú, segjum við Fóstri minn sem einum manni! Ólof.

Gamli St. Th. sendi mjer III útgáfuna sína með áskrifuðum vinsamlegum ummælum, þann dag var jeg glöð, og glöð er jeg opt og einatt í seinni tíð. Það skyldi engin óttast það að eldast að áratölu!

10/5. 12.

Þorsteinn minn Erlingsson!

Hver ráð á jeg með þig að hafa? Jeg sit nú án skilnings og úrræða með þig. Því skyldir þú ekki hafa sent mjer handritið, þegar að jeg vildi fá það? Líklegast af því, að þjer þótti það leitt, vildir enn reyna að koma því út mjer til þægðar og kannske haft einhverja von um að betur tækist til, enn hin 5 árin. Enga aðra líklegri ráðningu gat jeg sjeð, en fyrst að enn er ekkert að frjetta af þessum blöðum og þú ekki hefir vurt mig þess að svara einu orði, þá vil jeg nú ekki þetta lengur og vil nú endilega fá blöðin, því það er satt að jeg er sjúk og ólíklegt að jeg eigi ráð á löngum tíma, en vil, eins og jeg sagði, eitthvað ráðstafa þeim áður en jeg fer.

Þú verður að skila mér blöðunum ef að þau eru ekki glötuð – sem síst er líklegt – eða segja mér hvernig annars þessu er varið. Jeg er orðin óánægð, eins og þú sjerð. Öll ljósín mín dauð líka.

Ólöf á Hlöðum.

Reykjavík, á föstudaginn langa 1913.

Ólöf mín góð.

Ekki tjáir annað en koma einhvern tíma fram fyrir þitt gamla vinarauglit, þótt syndir mínar sje þungar, og því meiri ætti þörfin og þráin í rauninni að vera, sem maðurinn er syndugri. Jeg verð þó að draga höfuðskriftirnar enn þá ofur lítið, vegna þess jeg hef ekki náð enn úr prentsmiðjunni lausri örk, sem þú sendir mér síðar staka með ýmsu á, og byrjar á „Áhrif“. Hún fór sjerstök þangað, þegar alt átti að gerast og framkvæmast, eftir því sem samið hafði verið um, en því miður aðeins munnlega.

En jeg mátti til að líta framan í þig í bili samt, til þess að senda þjer hjartans þökk fyrir fínustu og fegurstu vetlingana, sem jeg hef eignast á ævinni. Þeir eru nærri of fínir handa mér. Eins góða þökk geld jeg fyrir það, sem jeg á í fingrunum, sem hinir fernir eiga að hlýja.

Með vinsemdarkveðju þinn Þorsteinn Erl.

Svana sendir kveðju og koss fyrir kortið og vetlingana.
Jeg bið og innilega að heilsa Halldóri.

Hlöðum 9. apríl 1913.

Þorsteinn minn Erlingsson!

Þó að jeg væri eintóm „geistlegheit“ í gamla stílnum, þá gæti jeg ekki annað enn verið hardánægð með þig sem yðrandi og sundurkraminn syndara, svo auðmjúkur sem þú ert á miðanum þínum þessum, og – á mínu máli: leiðinlegur! Fyrir jólin varstu forhertur og skemtilegur í „Ásbyrgi“, og varst auðþekktur úr þúsundum, enn þetta! Jeg flýti mér að tilsegja þjer kvittun, og sel þjer aflát synda þinna um alla eilífð, að því er mig snertir, fyrir eina einustu góðvildar hugsun. Og svo höldum við áfram, stig af stigi í það óendanlega, og fáum bæði betri skrokka – innan skamms enn við höfum nú, þó meistaraverk væru þeir í fyrstu – .

Ekki skaltu reyna að ná í þessa örk sem þjer er glötuð, eða gera þjer meiri áhyggur nje fyrirhöfn enn orðið er útaf þessu dóti mínu. Þú ert búinn að hafa alt of mikla skapraun, og þig Guðrún bæði, fyrir þetta ólukku dót mitt. Jeg á víst uppkast af því flestu sem til þín fór, enda nærri sama, því nú legg jeg alveg inn árarar, og þykir næstum best að ekkert varð úr útkomu kvæðanna. Finn að jeg hafði ekkert

nýtt eða nytsamt að segja meðmönnum, og því enginn skaði nje missir að. Frægð, eða ófrægð hef jeg ekkert að gera með hjeðan af, enn einungis góðvild og frið til að hvíla mig við, eptir árangurslítinn daginn. Og svo fitjum við upp aptur þegar nýr dagur okkur upprunninn, og þá gengur alt betur, því það skaltu sanna, að við höldum áfram óslitnu meðvitundarlífi, það er jeg orðin eins fullviss um eins og það, að þú ert meira enn eintómur hugarburður, ímyndun, og síðan er alt meir og minna viðunanlegt og gott, í mínum augum. Á því veltur eiginlega alt.

Þetta leiðist þjer kannske, enn lestu samt ritið þetta litla sem jeg, sendi ykkur, ef þú svo vilt. Ekki er jeg í Guðspeki-fjelagsskapnum, enn þetta geðjast mjer vel og vil að þið sjáið. Og svo er það ekki annað að þessu sinni. Nú er jeg 56, og þú kemur lallandi lítið eitt á eptir.

„Jeg haar lært dog synest svært at det som hver en daare har höjst begært og mest havt kært er ikke værd en taare.“

Og jeg lærði af Drackman, og færði mjer til nytja.

Hlý kveðja er hjer frá Halldóri. Verið þið blessuð öll!

Ólöf.

Gott sumar!

5. maí 1913.

Sæl og blessuð bæði tvö!

Í ráði er að útkomi í sumar ofboðlítið ljóða-kver, úrval úr handritinu sæla, sem hjá ykkur var, og jeg vona eptir að sje á leiðinni til mín frá Önnu Friðriksdóttur. Mig minnir að þið segðuð mjer, að búið hefði verið að prenta myndina erlendis, eða búa til „Klíse“ til að prenta hana eptir. Ef svo er, get jeg þá fengið þetta, sem þið finnið út, að jeg á við? Borgun sjálfsögð.

Ef nokkuð verður til með þessa kver útkomu, þá færð þú tækifæri Guðrún, til að svala greiðasemis og góðvildar ástríðu þinni, með því að prakka út í fólk fáeinum eintökum fyrir mig. Verið þið blessuð!

Ólöf á Hlöðum.

Jeg er glöð. Mjer líður vel.

Hlý kveðja frá Halldóri.

Þyrfti að fá myndina sem fyrst.

Hlöðum 12. september 1913.

Sæl og blessuð bæði tvö, og ykkar alt!

Ómynd er það að vera ekki enn farin að láta ykkur vita, að við fengum sendingu ykkar með góðum skilum, en ekki var það fyrir enn einhverntíma í júlí að konan,

sem kom með það norður, fjekk færi á að láta mig vita um að hún geimdi sendingu og brjef til mín. Það gjörði nú ekkert, það kom alt óhaggað og vel meðfarið, og svo geðjaðist mjer svo vel andlitið á konunni – Valgerði (?) – að mjer er hlýtt í huga til þess sem jeg sá að innra með henni bjó, en sama sem ekkert tal átti jeg þó við konuna.

Nú standið þið öll í hóp hjá hjer inni hjá okkur, og altaf heldur þú á glaða drengnum þínum Guðrún, enn Svana situr hugsí hjá og starir inni hið óþekta. En um nætur sef jeg með einn litla mjúka barnaklútinn um hálsinn og svo barnaleg er jeg að mjer þótti vænst um hvítu mjúku klútbleðlana sem minna mig á fyrsta hvíta klútinn minn, sem að jeg minnist á í „bernskuheimilinu“ mínu, og mjer dettur í hug að þú hafir sent mjer þessa, hans vegna. Það er líklega sá frá „stóra drengnum“ þínum sem jeg sef með, það er sá sjerstaki að lit, með „gleim mjer ei“ í bekknum. Halldór minn gladdist af sinni sendingu og hlýju góðu orðunum ykkar, og bæði þökkum við sem best gjöf ykkar og góðvild. Nokkru fyrr en með sendingunni kom til mín, einhverstaðar að ófrýmerkt, lítið brjef frá þjer og þakka jeg það einnig.

„Nú er þar frá að segja“, að bráðum er búið að prenta lítið ljóðakver hjá Oddi Björnssyni, 5-6 arkir að stærð, tínt úr handritinu mínu sem hjá ykkur var. Við Oddur hjálpuðumst að með að koma því út og nú ætla jeg mjer að nota enn góðvild þína og greiðasemi, Guðrún mín, og senda þjer dálítinn bagga af því dóti til útsölu, ef að þú gætir fengið kunningja þína til að selja dálítið fyrir mig ef að einhver vill eiga. Oddur sendir kvæðin til bóksala, sinna viðskiptamanna, en jeg ætla að vita hvort góðkunningjar mínir geta ekki selt dálítið fyrir mig samt, en ólukkan er – í þessu tilliti – að jeg á þá (Til Guðrúnar) óvíða og fáa. Um næstu mánaðarmót á kverið að verða til, innheft og verður verð þess fyrir innan krónu, veit ekki víst enn, hef Odd í ráðum um alt sem þarað lítur. Eiginlega kosta jeg útgáfuna, en þarf ekki að borga honum allann kostnaðinn, því hann hefir útsölu að hálfu leiti, og er mjer hjálplegur og góður í viðskiptum þessum, enn jeg sá mjer ekki fært að kosta handritið alt, eins og það var hjá ykkur.

Nú ætla jeg, sem sagt að senda þjer svo sem 50 eintök – upplagið er 15-16 hundruð – þú tókst því svo greiðlega þegar að jeg gat um útkomu kvæðanna í sumar. Þú gatst um konu á Blönduósi sem kynni að vilja selja fyrir mig. Þar á jeg kunnuga og velviljaða konu aðra, enn um alt suðaustur og austurland hef jeg engann. Ef að þú gætir útvegað mjer konu eða mann sem þú vildir við eiga þá gerðir þú mjer greiða, og þætti mjer því betur sem fleiri væru, auðvitað!

Hvergi hef jeg sjeð þess getið að Eiðurinn hanns Þorsteins sje út kominn. Og ekkert hef jeg til ykkar spurt nema hvað jeg sá snarlifandi kvæði eptir Þorstein í sumar einhverstaðar, Ísafold held jeg að það hafi verið, og á samkomu forngripasafnenda kveðið, eða eitthvað sem því svarar, man svo mikið að þar var hann sjálfum sjer samþykkur og í góðu skapi. Jeg er að missa sjón og minni og altaf er skrokurinn í einhverju ólagi, en glöð er jeg þó, og vel uni jeg mjer síðan að jeg varð af með efanng og ástríðurnar, og vonin blessuð kom inn til mín aptur.

Líklega verða sölulaun 1/4. Læt þess getið nú, ef að þú skyldir eiga tal við ein-

hvern sem væri til með að hafa útsölu. Nokkur síðustu kvæðin í kverinu hafa orðið til eptir að handritið fór suður og verður Þorsteini illa við þau flest, en þjer vel, en sá sem að lifir þó hann deyi, það er Þorsteinn, og ekki hefir hann agnúa á öðru lífi, þegar að hann er kominn inni það sá ótrúgjarni maður. Jeg þori varla að segja ykkur það, að jeg held að jeg hafi hitt gamla Steingrím okkar að máli síðan að hann hvarf ykkur. Mjer varð dálftið um að heyra að hann væri horfinn, mjer fannst æfinlega mikið til um hann, og hann lofaði mjer, lítilli, að standa nærri sjer og kannaðist við mig sem ættmenni. Nú kom hann til mín, að jeg álit við fyrsta tækifæri og gladdi mig. Lifi hann í glaðasta ljósinu alföðurs! Eigum við Guðrún þín ekki að senda þjer heita hugsanageisla Þorsteinn minn, þegar að þú vaknar hinummegin við skilrúmið, svo að þú sjáir til að átta þig? Jeg ætla að bera byrtu kringum þig, ef að jeg verð komin á undan, og hugsanir Guðrúnar koma þar heim og samanvið.

Síðustu síðuna skil jeg eptir handa gamla „Fóstra“ mínum. Hann vill sjálfsagt eitthvað segja.

Verið þið blessuð æfinlega, öll!

Ólöf.

Til Guðrúnar.

Halldór biður mig um að skrifa þau orð frá sjer: að hann þakki ykkur innilega góðvild og gjöf, og sendi ykkur öllum þá hlýustu og bestu kveðju sem að hann eigi í hugskoti sínu, og jeg læt þess svona rjett getið við þig, Þorsteinn, að ekki er hann mótfallinn því að jeg lýsi að þjer öllum mínum ljósum þegar að þú kemur með stýrurnar í augunum inni annað líf, undrandi og ókunnur þar í landi. Þetta verðið þið að gera ykkur að góðu sem væri það skrifað af Halldóri, hann segist ómögulega geta á penna tekið, var að basla við heyskap og er skjálfhentur og hrumur. Við erum bæði á hraðferð ofan að æfilokavaði. Í Guðsfríði öll, óskum við gömlu bæði! Halldór og Ólöf.

Hlöðum 31. janúar 1914.

Sæl og blessuð bæði þið!

Loks kem jeg með þökk fyrir „Eiðinn“ brjefspjaldið, og góðvild ykkar alla! Ekki fatast þjer ljóðalistin ennþá Þorsteinn minn, en hvernig þú ætlar að káklast útúr þessu, það er mjer óleyst spurning. Sje enga leið færa nema veginn minn hneislanlega, þann sem þú ekki einusinni vildir: að engin kona geti hlotið skemd af því að verða móðir, í samlogum með þeim manni sem hún ann. En að siðlega hreinu mannkindurnar láti þig lifa, þrátt fyrir sterku ummælin þín um, að mörg meylaus konan mundi með ánægju sverja með Ragnheiði, til að fá tækifæri að „ljóma“. Það er þó sannarlega aðdróttun um, að konur sjeu ekki stórum sannleikans megin þegar löngunin að „ljóma“ er í almætti sínu í þeim, aumingunum. Jeg hlakka til að sjá smuguna sem að þú smýgur gegnum útúr þessu, ef þú færð að lifa til þess.

Þú segir mjer, Guðrún mín, í jólamíðanum, að Þorsteinn sje þá lasin, og jeg fann einhvernvegin, að þið áttuð örðugt á einhvern hátt þá, en fyrst „tífan“ og blöðin tala ekki um, hve mannskaði sje að missi hanns, þá slæ jeg því föstu að hann sje enn á meðal vor, og ætla nú að gefa honum svarta sokka, sem eiga að halda fótum hanns heitum, meðan heili hanns holar smuguna handa honum að smjúga útúr „Eiðnum“ og losna svo alveg við þann vanda. Og svo átt þú að smeygja þínum fótum í hina, fyrir mig, ef að þú getur notað, og hafa þá sem örliða uppbót á miklu fyrirhöfnina sem jeg demdi á þig í haust.

Ef að þjer ofbíður hve miklu jeg hrúgaði til þín, þá skaltu gefa sjúklingum á Vífilstaðar-hælinu nokkur eintök, láta einhvern útbíta þeim handa því fólki sem kynni að hafa ofurlitla ánægju af að lesa í eynd sinni, og eins á holdsveikra hælinu og víðar, þar sem þjer sýnist meðal sjúkra, alt uppað 30 eintökum, svo að þú hafir minni áhyggjur um hrúguna mín vegna, og skemtir líka kannske um leið ofurlítið einhverjum þeim, sem er móttækilegur, en hefir fátt handa huga sínum. Svo tekur þú að sjálfsgöðu full sölulaun fyrir það sem þú og aðrir kunna að selja fyrir mig: 1/4-1/3 og svo tekur þú öllu með ró hvað útsöluna snertir, jeg er í engri þröng. Oddur umlíður mig, og hefir útsölu líka, og eitthvað selja að líkindum, hans menn smámsaman, þó mikil sje bókgærðin og ljóðelsku fólki fækki stórum, eða svo finnst mjer. Allir eru með anda sinn á kafi í efna og efnislegru samkeppni, svo að úr öllu hófi keyrir, enda nú að ljóma upp af ungri, andlegri stefnu á ýmsum sviðum, sem mjer þykir vænt um að sjá votta fyrir og vona mikils af.

Nú er þá loks tortryggni manna úr hásaeti hrundið, sem börðust gegn sannleika spíritista, og er hann nú opinberlega játaður í heimi vísindanna og er þar mikið landnám til handa trúmálaóðulum mannanna. Þú hefir að sjálfsgöðu lesið í „Ísafold“ yfirlýsingu Lodgensh, enska leiðtoga í vísindaheiminum, og svo sannanirn-ar sem Haraldur Nýelsson tilfærði í fyrirlestri sínum í vor: „Hví slær þú mig?“ og fer nú sennilega að fækka mótmælum um þau sannindi, að brú sje fær á millum anda framliðinna manna og þeirra sem í líkama sínum lifa, og þá um leið fullvissa fengin fyrir því, að líf okkar þetta er einungis lítill spölur á leiðinni óendanlegu, sem við öll eigum framundan okkur, hvort sem við játum eða neytum því að hún sje nokkur til.

Viltu ekki Þorsteinn minn, gjöra það að vilja mínum, fyrst að jeg nú gef þjer svörtu sokkana og er þjer umhyggjusamlega hlint, að ná þjer í og lesa ofurlítið af dulspeki Guðspekinga? En ekki vil jeg að þú lendir í því „holt og bolt“ heldur er það fræg fyrirlestrakona, ensk-írs, Annie Besant heitir hún, sem að jeg vil koma þjer í kynni við. Hún er svo „óviðráðanlega skemmtileg“ og leyprar og ljómar af andríki, lærdómi og vitsmunum en dulspekingur er hún orðin eptir mikið efans stríð, og armæðu, og nú lýsir hún upp hugskot mannanna, fer land úr landi og heldur Guðspekilega fyrirlestra, áður, fram á miðja æfi var hún í þjónustu frelsis og jafnaðar-stefnunnar með alt sitt mikla afl og áhuga.

Í vetur fór jeg að gefa þessari Guðspekistefnu gaum, af því að þar bar alveg heim og saman við þau undur sem jeg var búin að eignast frá „öndunum mínum“

og jeg var orðin fullviss um að hefði sannleika að geima. Og þá urðu fyrst fyrir mjer fyrirlestrar þessarar konu 22 að tölu í þremur bókum og vil jeg helst biðja þig að ná í þá sem heitir „Livsstigen“ , ef Guðrún þín gæti fengið þá að láni hjá „Sófistum“ í Reykjavík, sem sennilega eiga bókina. Nú er jeg svo makalaust óupp-ástöndug við þig, að jeg vil að þú lesir fyrsta fyrirlesturinn og ef þjer leiðist ósköp, þá sleppi jeg þjer, nema hvað þú verður að lesa þann síðasta líka og svo ertu laus ef að þú vilt ekki meir. Guðrún verður að vera með í þetta hjá þjer, að sjálfsögðu. Hún lætur mig svo vita afdrif þín, eða – Annie.

Svo læt jeg ykkur vera með þetta og kveð allra vinsamlegast um leið og jeg skila hlýrri kveðju frá „fóstra“ mínum gamla.

Verið þið blessuð öll fjögur.

Ólöf.

Mig gladdi að sjá ummæli hr. Þórhalls, þar sem hann dæmir litlu óðulin mín í landi skáldanna. Kunningjar mínir þegja allir ennþá.

Ró mig kringum ríkir góð,
rokkur og fingur vinna.
Í huga glingra lög og ljóð,
leyþra, syngja' og spinna.

21. marz 14.

Þorsteinn minn Erlingsson.

Jeg leysi þig alveg undan því oki að kynna þjer Annie Besant og hennar fávisku, fyrst að þú veitst meir um þær konur tvær, hana og mad. Blavatský, og það stórmál sem þær hafa með höndum, heldur en jeg.

Þó að við kæmum til þín, við sem unnum rjettlæti og sannleika eins og þú, og segðum þjer þann merkilega sannleika, að við hefðum þann hæfilegleika – og værum sum búin að ná svo tökum á honum, – að við gætum sjeð inná tilverusvið þeirra sem kallast dánir í daglegu máli, inná næsta stig sem við komumst á, þegar við losnum úr hýðinu, að við getum sjeð og heyrt, meira og minna ljóst, inní heim andanna, alveg í vakandi og venjulegu ástandi og það án allra töfra, blátt áframm af því að við öll höfum þann hæfilegleika á misjöfnu þroskastígi, en höfum fá af honum vitað, eins og svo mörgu öðru sem andlega veran okkar er gædd, og okkur er enn óljóst eða ókunnugt um.

Það gat vel verið að jeg hefði einhverntíma álpast til þín, með þennan fagnaðarboðskap, en nú veit jeg það, að þú mundir einungis sjá í iljar á sannleikanum sem væri að sókkva til botns í rökfærslulausu rugli okkar kvenna, og því læt jeg þig lausan. Gerir kannske ekki til, það er að sjá eins og að þú sjert búinn að svæfa æfandi þrána í þjer, eptir meyrri þroska fyrir anda þinn, æðra tilverustígi, eða þá hitt, að þú hefir leitað þig uppgefinn og vilt ekki láta við þjer hagg. Jæja! sofðu þá, við Guðrún vekjum þig ef þú getur ekki vaknað sjálfur, þegar yfirum er komið, aðrir geta það líklega ekki, nema þá krakkageplarnir þínir. Við fjögur hjálpumst að

við að koma vitinu fyrir þig, og lýsa þjer með ljósum okkar, og mun þjer þykja kynleg spá. Alt gott sje um þig, Þorsteinn minn!

Ólöf á Hlöðum.

Brynjúlfrur biskup var ekki að hugsa um jarðakaup í leyni við altarihornið. Hann gat ekki rúmað þá hugsun með því öðru enn fyllti hann þá stundina, en þó hló jeg, kallaði til Halldórs og sagði honum að þarna værir þú um of búlegur.

Jeg mátti ekki missa: „Ljúfi heimur lifðu sæll og vel, því lífsins gleði er nú í faðmi mínum“, því jeg var vön að brúka það, þegar fögnuðurinn fyllti mig svo að jeg faðmi alt og alla.

Ekki er jeg í „Guðspekifjelagi“, en finnst til um sumt í þeirri stefnu og er að reyna að athuga á mína vísu.

Parf vonandi ekki að taka það fram, að ekki er þetta uppsagnarbrjef, en uppstytta kannske. – Hlý kveðja frá Halldóri.

1

Ætli ekki að þú sjert nú búinn að fá nóg af þessu efni! Það er ekkert að marka þó að við, sem óteimandi erum, stöndum þversum og förum ekki fet, þegar þrjóskan er í okkur og þráin við einteimingana. Eptir minni reynslu ættir þú fyrir löngu að vera farinn að finna fullnægju – vöntunina fyrir eitthvað sem andlegt er í þjer, sem hvergi hefir fundið nje fengið nægju sína í lífsnautnunum nje öðru því sem við kunnum nokkur ráð til að ná okkur í, með þessu fyrirkomulagi sem á okkur er nú. Þú finnur Þorsteinn, – það er ómögulegt annað – að þú er hæfur, fyrir annað en þetta, ósköpin þessi, sem við köllum mannlíf! Þú vilt kannske aldrei við það kannast og það gjörir ekkert til, en til þess hlýtur þú að finna.

Mjer er engin þægð í að þú fallist á neitt sem að mjer er hugarhaldið um, en mjer er þægð í að eiga vonina mína, og næstum vissuna, um, að við lifum öll áfram og erum á uppleið, að enginn dauði er til, ekkert *ekkert*, að elskan er ljósið og lífið, ótæmandi fullnæging fyrir alt og alla. Þetta er bjart, sjerðu ekki að svo er? Sjáðu það, eða sjáðu það ekki, sje þetta sannleikurinn þá eignast þú hann einhverntíma og allir sem mjer er umhugað um og alt verður gott og blessað með því móti.

Óg vertu sæll Þorsteinn minn!

Ólöf.

Áður enn að þið hleypið kverinu mínu af stokknum, ætla jeg að vera búin að senda þjer fáeinar vísur sem jeg hef fundið hjá mjer eða eignast á annan hátt síðan í vor, ef þjer sýndist að lofa þeim inní „flokkinn“. Ó.S.

1 Fyrrihluti bréfsins er glataður. Bréfið er sennilega ritað árið 1907.

VII. Eftirmáli – Í sumarlöndum eilífðarinnar

Ólöf Sigurðardóttir og Guðrún Jónsdóttir Erlings bundust vináttuböndum. Þær hittust fyrst í heimsókn Guðrúnar og Þorsteins á Hlaðir sumarið 1910. Eftir að Þorsteinn lést í september 1914 skrifuðust þær nokkuð reglulega á til ársins 1920.

Það var aðallega tvennt sem tengdi konurnar saman, annars vegar Þorsteinn Erlingsson og hins vegar spíritisminn. Eftir dauða Þorsteins rennur þetta saman í eitt en bréfin fjalla meðal annars um sambönd Ólafar í öðrum heimum og fjölbreytilega fundi sem hún á þar með Þorsteini og fleiri skáldum. Bréfasamband þeirra Ólafar og Guðrúnar vekur sérstaka athygli meðal annars vegna þess hversu náð það verður. Sameiningartáknið er „ástvinurinn“, eins og Þorsteinn er gjarnan nefndur þeirra á milli, og sá menningarheimur sem þær lifa og hrærast í. Heimur spíritista, miðla og andalækna birtist þarna ljóslifandi en Íslendingar voru á þessum tíma afar uppteknir af ýmsum tilraunum í sambandi við trúna. Þær Guðrún og Ólöf eru virkir þátttakendur á þeim vettvangi og frásagnir þeirra eru óvenju hreinskiptnar og upplýsandi. Ekkert fer á milli mála að þessi bréf dýpka myndina sem lesandinn fær af sambandi þremmenninganna og einnig veita þau nýja sýn á persónurnar sjálfar. Halda má fram að þessi hluti bókarinnar, sem líta verður á sem eftirmála sambands þeirra Ólafar og Þorsteins, sýni skýrar en flest önnur bréf bókarinnar hversu tilfinningar kvennanna tveggja til Þorsteins voru sterkar. Bréfin eru því nauðsynleg öllum þeim sem vilja af einlægni skilja þetta óvenjulega samband þeirra Þorsteins, Guðrúnar og Ólafar. Þau leiða sömuleiðis í ljós hugarheim tveggja kvenna í upphafi tuttugustu aldar, kvenna sem báðar höfðu orðið fyrir missi sem þær áttu erfitt með að komast yfir. Bréf Ólafar og Guðrúnar eru varðveitt í bréfasafni Ólafar í handritadeild Landsbókasafns.

Reykjavík 21. mars 1911.

Ólöf mín kæra!

Þó Þorsteinn okkar sje nú búinn að þakka þjer sæmilega fyrir okkur bæði í sumar finnst mjer samt að jeg ætti að skrifa þjer heila þakklætis örk – en hjer færðu nú samt ekki nema fáein orð, bara mitt allra besta þakklæti sem jeg á fyrir alla ástúðina – jóla dýrðina á rúminu okkar og kríng um það – sú nótt er alveg einstæð í mínu lífi að ýmsu leyti, þú átt sjálf fyrir þig heim, alveg ólíkan því sem flestir eiga, og mjer þótti svo gaman að fá að líta þar ofurlítið inn – en það verð jeg að segja þjer að mig sárlangaði til að verða þar kunnugri – vita betur hvernig sá heimur væri þar sem þú værir drottning í.

Jeg hafði nú þekkt þig fyrir löngu Ólöf – vissi að þú „kræktir ekki alla hlikki á almanna leið“ en samt langaði mig ákaflega í lengri kinningu – og nú ættir þú ekki að láta nein bönd bynda þig, koma hínagð til okkar vina þinna nýrra og gamalla. Jeg þori nærri því að segja að þú hefðir gaman af því – jafnvel gagn það er altaf svo gott að ljetta af sjer öllum hversdags áhyggjum lítinn tíma og eins og Einar Hjör. segjir „lauga sig í hvíldinni“. Jeg bý ævinlega að því afar lengi en dragðu nú ekki þettað lengi – ein nótt er ei til enda trygg segjir Hallgrímur gamli.

Mikið dæmalaust þíng eru vettlingarnir hennar Svanhildar sem þú sendir – jeg hef bara aldrei sjeð líkt því svo fallega vettlinga – jafnvel ekki tóvinnu – jeg sýni þá bara hverjum sem kemur – af þeim sem vit hafa á að meta þess háttar verk – og allir eru jafn „skotnir“ í þeim, og jeg er í *alvöru* að hugsa um að láta þá á sýningu þjer til heiðurs – jeg veit bara ekki með hverju jeg á að borga þjer þessa fallegu gjöf, elsku Ólöf mín –. Veraldlegt yrði það að vera – andans auð á jeg ekki – hjerna færðu bara kæran koss frá mjer, og klapp frá litlum lófum ef þeir gætu náð til þín –.

Heyrðu, ertu í peisufötum þegar þú heldur þjer til!! Brúkarðu þá á þínum tilhalds stundum ljós silfri eða dökk? Þettað verðurðu nú svo góð að segja mjer við tækifæri –. Þikji þjer ekki hálf gaman að því, að jeg fæ varla að brúka vetlingana sem þú gafst mjer nema trett þegar Þ. minn situr heima, því annars brúkar hann þá. Honum þykja þeir svo fallygir, og jeg held þjer hefði þótt hálf gaman að vini Þ. Ara Jónssyni alþyngis manni hjer einu sinni í vetur, hann fór að skoða hendurnar á Þ. krók og kríng með vetlingana og dáðst að hvað þeir væru fallygir og fá sjeðir, og jeg fann á orðum hans að hann gaf mjer þessa dýrð – hjelt mig svona haga að hafa nú búíð þettað út handa *skáldinu*. Jeg þagði fyrst, sárlangaði í dýrðina – en þorði samt ekki annað en segja eins og var, og þar að aukji að *þú* hefðir gefið Þ. þá –. Þótti Ara vera allgott í millum ykkar, þar sem jeg nú bætti því við að á millum ykkar færi ljóð og brjef og þau ekkert sjerlega kuldaleg –. Þú sjerð af þessu Ólöf mín að fleira getur haldið nafni þínu á lofti en rit þín, því þessir undur fallegu vetlingar eru í þann vegjinn að gera þig fræga –.

Þorsteinn okkar ætlaði að skrifa þjer núna og tala við þig um kvæða bækur, sögur og fleira. Já þakka þjer líka kærlega Ólöf mín góða fyrir sendinguna, já – kvöldvökurnar með sögunni þinni í –. En hvað jeg mundi vel hvar jeg sofnaði frá

– og hvað jeg líka sofnaði vært og mig dreimdi eitthvað svo vel þá. Jeg ætlaði að segja þjer að P. ætlaði að skr. þjer en hann er svo lasinn að hann treistir sjer ekki til þess –. Hann hefur verið lasinn núna í nokkra daga, en er nú samt að batna og jeg vona það líði ekki á laungu áður en þú færð skemtilegra brjef en þettað frá honum. Hann biður mig að bera þjer kæra kveðju og þakkar líka fyrir litlu lóana á Svönu. Ekki höfum við getað starfað neitt í Draugafjelaginu, enginn miðill til. Jeg væri nú búin að senda þjer línu ef jeg hefði getað sagt þjer einhverjar nýngar þaðan – en alveg er jeg sömu skoðunar og þú með það að við höldum áfram að lifa, jeg má bara ekki til annars hugsa, get ekki hugsað þá hugsun til enda að þeir sem jeg elska hverfi og sjáist aldrei aftur. Jeg hef nú fengið bjargfasta trú á framhaldinu og ætla að reina að halda í hana, hvort sem mjer reinist hún tjeit eða raung.

Já við máttum til að koma Ólöf mín í vetur það er svo dýrt að lifa hjer og dálítið dýrt að ferðast í sumar. Húsaleiga 40 kr. á mánuði svo þettað er ekkert lítið sem maður þarf.

P. hefur samt ort töluvert í vetur og vona jeg að nú verði ekki langt að bíða Eiðsins. Okkur líður nú vel nema hvað jeg er altaf að drepast í blöðrubólgu fjekka hana fyrir jól og en fæ jeg afar slæm köst – hún er mjög þreitandi.

Jeg sárkenni nú í brjóst um þig Ólöf mín að lesa þettað rugl, en nú verður það að fljúga í þettað sinn, get líklega aldrei skrifað þjer skárra brjef, þýðir ekki að lofa því. – Heilsaðu nú hjartanlega fóstura þínum frá okkur báðum með þökk fyrir gæðin við okkur í sumar. –

Lifðu svo heil og sæl kæra Ólöf segjum við þrjú.

Guðrún, Þorsteinn og Svanhildur.

1

[...] mörgum sinnum stærri *en aðrir* – og meiri styrkur í orðum hans en flestra –. Æ, já svona var það nú samt – og jeg fann með stórum hvað jeg átti að þakka fyrir ástina okkar sem aldrei átti *haust*.

En jeg veit að þú skilur mig elsku Ólöf að mjer fjell þettað svolítið ílla sem jeg talaði um við þig – en *einginn veit* það að *eylifu* nema þú – að mjer hafi nokkuð misfallið – kannske er lund mín of viðkvæm þar eins og oftur.

Jeg vildi þú hefðir verið komin í kyrkjuna sýðast – sjera H. N. talaði um ummindun Krist á fjallinu – aldrei hef jeg nú heirt *stórkostlegri ræðu* – þar var þó ótvírætt haldið fram spíritismanum. Stærsta synd sjera H. er að mínum dómi að láta ekki *prenta allar sýnar ræður*. Strax svo fólkið útum landið geti fengið þær.

Heilsaðu blessuðum Halldóri þínum sem best frá mjer. Og sjálfa þig kveð jeg með einlægum vinarhug og bið guð að geima þig og „fóstra“ þinn – og alt sem þjer er kært.

Þín elskandi
Guðrún.

En hvað jeg hló með sjálfri mjer þegar jeg las seinna brjefið þitt og þú ert að tala um reikningsskapinn okkar í milli. Þú ert áreiðanlega einna tæpust í *reikningi*.

Hverju rjedi hann rúm sem vildi, en *reikning hjartað aldrei skildi*, segjir blessaður Jónas, svo fer um þig.

Er rósinn þín lifandi?

9. apríl. [1911.]

Guðrún mín góð!

Það fljúga gneistar útaf áhuganum þínum, og maður eins og finnur hitann leggja af blessunum í þjer, þegar í þjer kviknar á einhvern hátt. Jeg hef mætur á öllum svona látum, heita kraptinum í innri hreifingum öllum, æstum og sterkum. Ekki veit jeg hver úrræði við eigum að hafa með þig sem ekkert ræður við góðvild þína, og heldur að þú standir í skuld við okkur “Fóstra“, og sem þú ert friðlaus af að vilja komast úr. Jeg vildi að þú vissir hvað gaman jeg hafði af að búa þetta dót út handa ykkur, og Halldór tók þátt í því öllu með mjer, og brosti, með kyrrlátu hlýunni að öriltlu vetlingunum hans Erlings. 26. janúar var besti dagur hjá okkur gömlu, þá vorum við að láta oní stokkinn og gera okkur í hugarlund að þið hefðuð gaman af að opna og sjá plögginn – það verð jeg að leiðrjetta hjá þjer að jeg sje stórvirk, það er hlægilegt oflof, því jeg var alveg óvinnuhneigð og seinvirk, enn dálítið hög á smávegis. Þú heldur að jeg hafi drifið upp vettlingana í janúar. Það hefði jeg ekki getað. Þínir og Erlings voru búnir áður enn jólapósturinn kom, og band átti jeg í hina. Þorsteinn sagði mjer á brjefspjaldinu í nóvembr. að þú værir að hugsa mjer fyrir jólagjöf, og því var jeg byrjuð. Svo nú strikaðu út að jeg sje „hamhleypa“ það er svo skaplegt! – Sjáðu nú Guðrún mín! Þið hafið haft fyrirhöfn og skapraun mikla af handritinu mínu og mjer, og heldur þú kanske að þessir vetlingar ykkar sjeu í nokkrum samjöfnuði nægilegir til uppþóta á því. Ekki vel! Þesskonar verður ekki bætt fullkomlega, verður að umberast og gleimast.

Jeg veit að þetta verður svona eins og þú sagðir: þú eyrir ekki öðru enn senda okkur eitthvað, góðsama og drenglynda manneskjan sem þú ert! Þú skalt þá helst gefa Halldóri dálítið brjefaveski („Konupung“) en stórt má það ekki vera, svo að það komist í vasa, og skrautlegt er ekki til neins að það sjá, hann er svo óglæsígjarn. Mjer þætti vænt um að eiga frá ykkur eitthvað á skrifborðið mitt, litinn hlut. Best, mynd af Þorsteini í tveggja mynda umgjörð lítilli, svo þín með börnin væru annarsvegar. Annars, eitthvað á borðið, á veggnum er ekki til neins að hafa fallegan útsaum, alt ríkfellur þar, og þú átt svo annríkt enn, við ekki glæsímenn. Við höfum alt sem við þörfumst en vildum gjarnan eiga lítinn hlut frá ykkur. Vertu blessuð! Gott sumar!

Gleðilegt sumar hjá ykkur öllum! Og allar góðar óskir frá okkur til ykkar!

Ólöf.

Halldóri þótti vænt um brjefspaldið frá þjer.

Það er gott, kyrlátt kvöld hjá okkur. -

19/3. 14.

Guðrún mín góð!

Aðeins fáein orð, til að þakka þjer peníngana og brjefið. Jeg vil ómögulega að þú sendir mjer penínga fram yfir það sem selst, að frádregnum sölulaunum, en það hefir þú gjört að þessu sinni, það finn jeg á mjer. Þú gjörir það ekki aptur Guðrún mín, þegar að þú veitst að jeg vil það ekki og liggur ekkert sjerlega á peníngum.

Svo er það annað sem að jeg þakka ennþá meira, það að þú sagðir mjer að ykkur hefði fallið ílla að vísan kom ekki í „Smákvæðunum“. Það datt mjer als ekki í hug, og skyldi fyrst ekkert en fann brátt hversvegna að Þorsteini gat fallið það ílla, og þá ykkur báðum. Jeg er ekki eins fín og nærgætin eins og þú, og hefði þó átt að vita hvað viðkvæmt svona fólk tíðast er. Það hefir stungið hann að jeg hafi skilið hana eptir af ásetningi, en svo var ekki. Jeg gat ekki kostað nema rúman helming af handritinu og var því opt í vanda með hvað jeg átti helst að láta vera eptir, var alein um þetta, eins og optar, og hafði engann til að bera undir. Svo tíndi jeg úr og tíndi saman þangað til að jeg hjelt að nú væri víst komið á 5 arkir því meira ætlaði jeg ekki að hafa það, þó að 6 yrðu arkirnar. Svo fór jeg að fletta því sem eptir átti að liggja og rak augun í vísu Þorsteins. Æ, hún er þá eptir, hugsaði jeg. Jája, jeg held sama sje hún er of ljettvæg, ljeleg, er jeg hrædd um og líkust því sem Símon Dalaskáld hefði fleyprað hana býst jeg við, og svo ljet jeg hana liggja og blaðaði áfram, en horfði þó á í huganum ástandið sem að jeg var í þegar hún varð til: Var að fylgja konu austur yfir háls um blíðan vordag, og var ein til baka, full af „Eiðnum“ sem jeg var nýlega búin að lesa í „Eimreiðinni“ og lærði mestallan ósjálfrátt og gekk með hvar sem jeg stóð og var, og var nú í fylgd með mjer þarna. „Mjer er ennþá sem hin gamla glóð“ og svo fr. og þá kom vísan þessi alveg ósjálfkrafa og þótti mjer hálfvænt um ljettleikann hennar þá, en nú vyrðist mjer hún ljettmeti og ekki kom mjer til hugar að ykkur þætti vænt um hana. Þú varst fjarska væn að segja mjer þetta lítilræði, mjer þykir svo afar væntum hreinskilni, en mjer varð órótt fyrst, þótti ansi leitt að ykkur fjell ílla, og veit engin ráð til að bæta úr. Veitstu nokkur úrræði með það? Þú ert bæði svo úrræðagóð og nærgætin við manninn. Jeg held að ekkert sem um hann var ort sje í Smákvæðunum nema: „Enn sje jeg hanns gang eins og sá jeg hann forðum.“ Getur verið samt, man ekki. Fór aðallega eptir því í útvalinu, hvort mjer fannst vel kveðið.

Svo þakka jeg þjer innilega alt elskulegt og gott, Guðrún mín, og bið ykkur öllum als góðs!

„Fóstri“ minn, fastheldinn og hlýr, sendir ykkur öllum hjartanlega kveðju.

Ólöf á Hlöðum.

Svo þú ert að tylla þjer á tá við Stefán G. Þá erum við samhuga um aðdáun á honum.

[1. ágúst 1914.]

Guðrún mín blessuð, þið bæði tvö, og þó öll, fjögur - nei, 5! Aðeins fáein orð. Er glöð og ánægð heimkomin til gamla „fóstra“ míns, sem nú er mjer orðin mæstastur allra manna.

Heimferðin fljót og furðu góð og afar ódýr, því engin á því skipi vildi peninga af okkur þiggja nema einn aumingja lítill drengur: „jómfrúin“ okkar, og þótti mjer mínkun að, að troða mjer uppá ókunna menn án gjalds. Þeim hefir líklega þótt jeg yndisleg. Vona að þú hefir fengið að vita hjá frú Carólínu mánudaginn 20. að við vorum heilar á húfi heimkomnar.

Mundi vel eptir ráðagerð okkar á laugardagskveldið var, klukkan 11. Veit ekki hvort jeg vakti eða mókti en varð vör við orðin: „Altá að gráta“, og var með það sama glaðvakandi og vissi reyndar ekki annað enn að jeg væri það áður. Nú í kvöld kemur til minna kasta, þá ætla jeg að reyna að senda þjer þá hugsun: „Jeg skal hjálpa þjer til að verja hann fyrir því illa. Mjer er innilega ant um ykkur.“ Nú verður þú að vita hvort hugsun mín hefir náð til þín, og þarftu helst að skrifa þjer til minnis.

Vænst þykir mjer um, af öllum feng mínum í ferð minni, um það, að hafa náð í Harald Níelsson, og á jeg þjer að þakka, eins og fleyra gott, að af því varð, og áttu einhvetíma að láta hann um það vita að mjer þykir mikils um vert að vita það, að svona menn eru þó til, innanum og samanvið. Hann skrifaði reyndar sr. Geir Akureyrar prófasti um mig, á þá leið, að sjer hefði verið fengur í mjer sem fágætum fugli, og talaði mjer vel til. Mjer finnst þetta göldrum og gjörningum líkast, og fæ aldrei fullþakkað alt það góða sem fram við mig kemur nú uppá síðkastið.

Þú átt að heilsa ástsamlega frá mjer konum þeim og körlum sem kindtu elda sína handa mjer að vermast við. Segðu fólkinu að jeg beri hlýjan og þakklátan hug til allra sem jeg kynntist. Langar ógn til að vera máttugri enn jeg er, svo máttug að geta ljett af þyngsta bölinu sem að jeg varð vör við að þig gangið með. Vildi geta ljett gremjunni og vonleysinu af hug frú Theodóru, aðstoðað þig í stríðinu, sent krapt og sálarfrið inní Þorstein, gjört frú Bergljótu heila heilsu, og margt vildi jeg fleyra geta. –

Verið þið í Guðsfríði öll og þökk fyrir góðvildina!

1. ágúst 1914. Ólöf á Hlöðum.

Innileg kveðja og þökk frá Halldóri.

Hlöðum 30. september 1914.

Sæl og blessuð Guðrún mín, og þið öll, sem samband er um!

Jeg hef ykkur ósköp margt að þakka en sleppi því. Brjefið þitt hlýa og góða fjekk jeg og þarf lítið eitt að segja því viðvíkjandi.

Það var ekki furða þó að dauft væri um sambandið milli okkar á laugardagskvöldunum í sumar, jeg var ofurlítið við heyskap að hjálpa „Fóstra“ mínum sem er orðin ófær til þess enn á 4-5 kindur og hest sem þurfa hey, og var mjer svo ördugt um vinnuna að jeg valt óðar útaf í svefn á kvöldin og gat ekki haldið mjer uppi með nokkru móti til klukkan 11, en þetta eina skipti sem að jeg held að jeg hafi á undarlegan hátt orðið vör við orðin: „altaf að gráta“ þá vaknaði jeg úr fasta svefni við þau um kl.11 og er nær að halda að ekki hafi verið af tilviljun einni, en varlega fer jeg í það, að taka sem fullgilda vissu það sem valt er á sviði þess dulræna. Mjer er að því leiti eins háttað eins og Annie Besant, að mjer er ekki um að láta blekkjast nje blekkja að ná, þó að jeg sje sólgin í sannanir á ýmsu dulrænu og viti að þar eru flestöll undrin ókönnuð enn.

Mjer er nær að halda að ekki hafi verið hugarburður þinn einsamall sem sýndi þjer mig á Selfossi um nóttina, jeg var öll í andlegu af gleði og góðvild, fyrst eptir það að jeg kom heim frá ykkur, og var að reyna að senda þjer hugsun um það. Þú ert líka öðruvísi en aðrar manneskjur sem að jeg hef þekkt og allra manna líklegust til að vera opinn leiðari áhrifa frá öðrum. Mig skal ekki furða þó Þorsteinn ræki sálaraugun í þig eins og hann er þá skygn á andlega hluti.

Í haust er okkur ekki til neins að reyna að sendast á hugsanir, þá er alt á ringulreið hjá okkur en eptir veturnætur ættum við að byrja aptur og reyna kl. 11 hvert laugardagskv. Fyrsta vetrarkv. ætla jeg að reyna að heilsa uppá ykkur og svo skiptumst við á og þurfum að skrifa okkur til minnis ef nokkuð skeður, það verður og fyllri sönnun ef skrifað er skeytið áður enn hún segir til hvort rjett er. Það er verst að þú átt svo bággt með að vera í næði með kyrran og rólegann huga, í öllu þínu umstangi. Nú reynum við.

Á hverju kveldi sendi jeg hlýjan, góðan hug til ykkar Þorsteins, og annara þeirra, sem hafa gefið mjer ljós og yl, og mjer er sjerstaklega hugleikið um.

Jeg heyrði lítil börn biðja á hverju kvöldi þegar þau voru háttuð, fyrir sínum kærustu og nánustu, töldu það alt upp með nafni, og báðu guð sinn að annast um, með miklum fjálgleik og alvöru og þótti mjer svo hrífandi fallett háttalagið að jeg tók það upp. Móðir barnanna stílar þeim bænina og bættu nýju nafni inni í hvert sinn sem nýtt systkyni kom í hópinn. Eins hef jeg það, nema hvað jeg stíla mína bæn sjálf og tek þá inni sem við mig bætast, eins og börnin litlu gerðu. Þú hefðir átt að sjá barnamunnana, þegar að þau voru að tína þetta útúr sjer upphátt, alvörugefin og óhult um áheyrn, og sofnuðu svo! Þetta var eitthvað það falletgasta sem jeg hef sjeð til mannanna barna. Þá vissi jeg ekki það, hvað feikna mikið skapandi afl hugsanir mannanna hafa, einkum hinna andlega sterku. Nú veit jeg meira um

það, og hagnýti mjer, þó skinsemi mannanna sje blind á því auganu, enn sem komið er. Þú talar um ljósstreymi. Þá veitst þú um þá straua.

En blessuð auktu nú samt ekki við alt oflofið og geypuð um mig, sem að þú komst inni með manneskjur þínar í sumar og hvorugt okkar getur staðið við! Jeg yrði bara að athlægi ef fólkíð vissi hið sanna, hvað lítið jeg veit og get. Sr. Haraldur skrifaði mjer blindur af aðdáun og góðvild í minn garð, alt úr þjer sjálfsagt. Það færi víst fallega um það altsaman ef hann hefði mig optar hjá sjer en þessar tvær nætur sem að þú komst okkur saman og hvorugt vildi af öðru missa. Segðu mjer, Guðrún mín, dálítið um frú Bergljótu, einhvetíma, um veikindi hennar og persónulegaleika, ef að þú þekkir nokkuð til. Er hún nokkuð gáfuð eða andleg, og var hún örðug í skapsmunum áður enn að hún varð svona veik; og hvernig varð hún svona, við barnburð? Segðu mjer það sannasta sem að þú veitst um hana jeg þarf að vita það, en ekki skal það verða henni að meini. Segðu mjer líka einhvetíma dálítið um þessa húsfrú Kristínu Símonarsen sem þið kallið.

Mjer þótti vænt um það þegar heim kom, að hjer er umkomulftill, gamall maður sem kannaðist vel við konuna nefndi að hún hefði farið með mjer að Vífilstöðum. – Hann þekti hana unga fram í Eyjafyrði, og ljet mjög vel af henni og var vel til hennar. Sagði að hún hefði verið skemtíleg og góðsöm við alla, en þótt „mikil á ferðinni“. Maðurinn heitir Flóvent, ef að þú skyldir minnst á þetta við hana einhvetíma, og skilaðu þá einnig hlýrri kveðju frá mjer og þar með, að jeg minnst hennar með þakklátri góðvild og vona að fá að sjá hana ef af því verður að hún komi norður.

Og svo er farangurinn sem að jeg set uppá þig að koma fyrir mig til viðtakanda! Halldór sendir ykkur kyrlátu, hlýju kveðjuna sína, með þakklæti fyrir skirtuefnið sitt. Mórauðu, þykku sokkarnir eru frá honum til þín, ef að þú gætir notað þá á stóra dreinginn þinn í vetur, sem líklega þarf mikið á höndur og fætur á þessum aldri. Halldór hefir þrjónað þá sjálfur, og jeg gerði sterka vetlinga sem jeg hugsaði mjer að þjer kynni að koma vel að fá handa honum, en sjálfráð ertu auðvitað um, hvað þú gerir með þá. Sokkana litlu barnanna ykkar, þekkir þú í sundur, og lætur þæfa betur ef að þjer sýnist þeir nógu stórir til þess.

Og verið þið svo í góðum Guðsfriði öll, og berðu kæra kveðju frá mjer fólkí því sem var gott við mig og þú kant að hitta að máli. Verið þið sæl! Ólöf.

Guðrún mín! Jeg sagði sr. Haraldí að hann ætti að vera þjer hjálplegur og gefa þjer þrótt af gnægð sinni, því að þú ættir eitthvað örðugt stundum. Ekki sagði jeg neytt um að hverju leiti þú ættir bágst en jeg sagði honum að það ylti alt á því fyrir ykkur, að þú ekki gæfist upp, því að þú værir ljós Þorsteins og líf. Ekki veit jeg nema að þið getið farið ykkur að voða, get ekkert ábyrðst þarum, verðið sjálf að gera ef að þið getið, en ekki má jeg búast við því um aðra, að það sje hvorugskyns og úr allri hættu, þó jeg sje orðin það. Guð blessi ykkur.

Ólöf.

1. október.

Guðrún mín elskuleg!

Ósköp áttu nú bágt, en Þorsteinn þinn á gott, og Guð mun annast þig og þína. Jeg var að fara á pósthúsið með böggulinn þinn, þá kom Stefán skólameistari á móti mjer og spyr hvort að jeg hafi heyrt um Þorstein Erlingsson, og segir mjer svo eptir símanum að nú sje hann líka farinn. Jeg stari inní þetta og finnst það að öðruleiti gott en því að nú ert þú einmana og hrygg, og átt sjálfsagt ógn örðugt í bráðina.

Við skulum báðar senda honum okkar hlýustu og bestu hugsanir svo bjart verði um hann, og svo skal jeg biðja Guð af heitri einlægni fyrir ykkur sem eptir eruð. Annað get jeg ekki, því er miður, ekki einusinni náð til þín, og haldið í hendina á þjer.

Jeg læt þetta alt vera, sem í böggulinn er komið, þó synd sje að bæta á þig ómökum nú. Jeg er stödd á Akureyri í skólanum og hef lítinn tíma. Þú segir mjer, einhvetíma nánar um þetta þegar um hægist fyrir þjer, nú hallaðu þjer að sterka manninum, sjera Haraldi, með sársaukan þinn og sorgina. Jeg von að jeg særi þig ekki Guðrún mín, þó að jeg segi þjer það, að jeg held helst að þetta sje best svona eptir því sem komið var. Nú reynir þú að beita öllum kröftum þínum í einstæðingsskapnum og þú vex af því. Þú manst að þetta líf er stutt og að hann áreyðanlega verður þar sem þú verður að því búnu, og ekki er jeg sannfærðari um neinn sannleika en þann, að samband sje mögulegt milli hans og þín nú þegar, og að þú getir fundið nálægð hans með þinni næmni þjer til fróunar.

Guð annist ykkur öll!

Ólóf frá Hlöðum.

Hlöðum 2. nóvembr. 1914.

Elsku Guðrún mín!

Mjer dugar ekki að bíða lengur eptir „Ceres“ til að vita hvort að jeg fæ nokkurt orð frá þjer með henni, hún er ókomin til Akureyrar enn, en pósturinn fer að fara, og í hann vil jeg ná með fáein orð til þín.

Jeg þarf að láta þig af því vita að jeg hugsa opt og innilega til ykkar, þín og barnanna ykkar, og einnig til hans sem farinn er frá ykkur að sýn. Jeg veit að hann hefir til mín komið síðan, en engar sannanir get jeg fært fyrir því, og mjer er grunur á að hann sje hjer nærstaddur nú, meðan jeg er að skrifa og hugsa um ykkur.

Eitthvað verð jeg vör við hjá mjer, þó aldrei sjái jeg þá, góðu vinina mína hinumegin. Jeg var búin að ætla mjer að ná mjer í „miðil“ áður enn að jeg skrifaði þjer og segja þjer svo hvers jeg hefði orðið vísari um ástvininn þinn horfna, en konan sem að jeg fer stöku sinnum til í þeim erindum og er ágætis borðmiðill, hún er lasin í alt haust og hef jeg því ekki getað beðið hana um að reyna á sig.

Vonandi hefir þú náð fundi vinar þíns á einhvern hátt, sr. Haraldur hefir hjálpað ykkur að ná saman, hugsa jeg, en einmana ertu þó í lífsstríðinu, og bíð jeg óþolinmóð, nokkuð, eptir að fá að vita eitthvað um ykkur.

Jeg hef sjeð og lesið flestalt sem „Ísafold“ og „Lögrjetta“ fluttu viðvíkjandi burtför Þorsteins, en jeg veit ekkert um ykkur sem eptir eru, og bíð eptir því.

Vona að ýmsir vilji og reyni að ljetta þjer byrðina, að einhverju leiti, helst efnalega baslið líklega. Veit að þú átt mennilegt frændfólk og gott. Já, jeg bíð, er viss um að fá orð frá þjer þegar ofurlítið umhægist fyrir þjer og fyrstu örðugleikarnir eru yfirunnir.

Heldur enn ekkert læt jeg hjer blað með ljelegu ljóði, hugsun um Þorstein okkar sem ekki má prentast og ekki sýnast öðrum en ykkur vinum, ef þú vilt. Aldrei hef jeg getað orðið vör við hugskeiti þín í vetur sem ekki er von, að þú gætir átt við það. –

Jeg sendi þjer brjef í haust skrifað síðast í septembr. og fyrsta októbr. Það hefir vonandi komist. Get þess einungis. Svo ætla jeg ekki að segja meira núna, en seinna, ef að jeg næ í miðil segi jeg þjer.

Við Halldór hugsum og tölum opt um ykkur, honum engu síður ant um þig enn mjer. Okkur líður vel í kyrláta friðinum okkar. Við sendum ykkur, okkar bestu óskir og innilega samhygð. Guð sje með ykkur!

Þín Ólöf.

Má jeg biðja þig að bera kæra kveðju frá mjer konum þeim sem jeg kynntist í sumar, þeim sem að þú ert kunnug og kemur til, sjerstaklega frú Theodóru, mig langar dálítið til að kynnast henni. Innileg kveðja til sr. Haraldar og frú Bergljótar, þau sjerðu sjálfsagt.

4. nóvembr. Jeg verð að loka brjefinu til að reyna að koma því á póstin þó ekki viti jeg um brjef með „Ceres“. Alltaf stórhriðar og ósköp af fönn hjer hjá okkur.

Óska ykkur sem bestra jóla! Vona að góðir menn gleimi ekki þjer og börnunum þínum. Einhver reyni að kveikja ljós í, og um kring, ykkur.

Reykjavík 5. nóvember 1914.

Hjartkæra Ólöf mín!

Vertu blessuð fyrir alt sem þú hefur vel til mín gert, og ástvina minna. Svo vel sem jeg get best þakka jeg þjer líka fyrir kæru brjefin þín sýðast – og *stóru fallegu* sendínguna – jeg er alveg hissa á þjer Ólöf mín alltaf að gefa mjer og þú færð aldrei neitt til baka – annað en innantóm orð eftir margar vikur – en vittu það samt að jeg finn vel hvaða vin jeg á þar sem þú ert – jeg kyssi ykkur Halldór bæði svo vel sem jeg get í anda og litlu sistkinin fyrir yndislegu sokkana – þau eiga að hafa þá á hátíðum og tillidögum –. Ef við eigum eftir að lifa nokkurn hátíðis eða tillidag hjeðan af úr því hann er farinn sem var sálin í öllu lífi okkar, og allar mínar þrjár

snerust um að geta varðveitt líf hans og heilsu, svo hann gæti lifað sem allra leingst, og notið krafta sinna –. Jeg held jeg hafi gert það sem jeg gat – en sárt er að sjá bardagann enda svona – jeg vonaði að eftir þettað nýár rinnu *upp* skuggalausir dagar – já því þegar *þettað* var ekki þá áttum við alla daga *heiða sólríka* – *yndislega* – við vorum eins og ein sál – og nutum als svo vel saman –. Æ, já Ólöf mín þessi missir – þessi þögn er alveg að lama mig – jeg hafði byggt margar borgir og við saman sem nú eru í rústum – yndislegri mann en hann var í eðli sínu er ekki unt að finna – það veit jeg að þjer var kunnugra en flestum öðrum elsku Ólöf mín – og þú veist betur en aðrir – og skilur hvað það er fyrir mig að standa ein eftir – allar aðrar sálir eru ólíkar hans – hvergi er það að finna sem hann átti af ljettleik og barnseðli, nákvæmni og nærgætni – og sjerstaklega þessum *fínleik* sem konusálin þarf. Æ, en það er ekki til neins að kvarta og kannske er alt best sem er hvað örðugt sem manni veitist að skilja það – og það er okkar sterka von alt líf haldi áfram, og öll ást manna og eðli þeirra fullkomist en hverfi ekki –.

Blessuð elskan mín reindu nú að komast í sambandi við hann og segðu mjer *alt* sem *þú getur* um það, það er mín besta gleði, þú getur varla gert annað góðverk meira í bili elskan mín.

Svanhildur mín þráir það líka eins og jeg – hún á bágst elskan mín og þau bæði – sorg þeirra er sár og heit sem von er þau áttu betri föður en flest börn og þar að auki leikbróður.

Mjer þótti vænt um grein Einars Hjör. og reindar sumt fleira –. Húskvedjan var yndis falleg.

Jeg legg hjer innanf 5 kr. fyrir ljóðmæli þín, vona mjer hlotist það að ekki misfarist. – Segðu mjer hvað reikningum okkar líður – finn ekki reikninginn – hann geimdi hann fyrir mig blessaður vinur minn látni. – Jeg hef gefið 10 til spítalanna –. Hvað hefurðu fengið mikið af pen. – man ekki í vor hvað mikið var – og hvað mörg eintök.

Hjartans góða Ólöf mín ó, að þú gætir horfið til mín – oft og oft þú átt svo margt sem jeg þarfnast –.

Er farin að kenna – er að byrja hef 10 stúlkur – afar mörgu á mig hlaðið ofvaxið mínum ofpreittu kröftum öll þau störf sem jeg hef.

Guð geimi þig og ykkur Halldór bæði og hjartans-hjartans þökk.

Þín elskandi
Guðrún.

En þá færðu utanáskrift með hans hendi – fann þettað umslag í skrifborði hans utanáskrifað – þótti vænt um.

Hlöðum 26. desembr. 1914

Blessuð Guðrún mín!

Eptir því sem að jeg held og trúi, þá kem jeg nú til þín, og ykkar, með það sem að þið mest þráið: ástvina kveðju frá Þorsteini ykkar.

Nú samstundis var jeg – eptir því sem að jeg er sannfærð um – í miðils sambandi við þá vini mína hinumegin og átti tvívegis dálítið samtal við Þorstein, en honum er örðugt um sambandið enn, eins og vant er að vera fyrst, en þeir hinir, vinirnir mínir, fullyrtu að hann væri viðstaddur og sögðu mjer af honum og svo kom hann, að jeg held, og flýti jeg mjer að segja þjer frá viðtalinu þó ekki geti jeg verið þess öldungis fullviss að sambandið væri alveg ábyggilegt, því miðillinn minn er lítið æfður og við ekki komin lengra en með borð. Eptir það að jeg loks fjekk brjefið þitt með „Ceres“ sem að þú skrifaðir um veturnætur, var jeg eyrðarlaus að komast í miðilssamband við ástvininn ykkar horfna, til að geta sagt þjer af honum, en jeg komst ekkert fyrir fönn og illviðri til að ná mjer í konuna sem að jeg gat um við þig að væri borðmiðill og var lasin í vetur. Jeg tók því það ráð, eins og jeg hef áður gjört, að jeg sendi þeim hugskeyti, sterka bæn, þeim góðu verum hinu megin sem heyra og skilja hugsanir mannanna og eru „í þjónustu þeirra sem þjást og samvinnu við alla sem unna“, og bað þá að hafa nú einhver úrræði með þetta, að jeg kæmist í miðilssamband við Þorstein fyrir ykkur. Hvað skeður ekki! Litlu síðar kemur ungur, hraustur maður, og fer að tala um það að fyrra bragði að það væri leiðinlegt að geta ekki verið miðill. Hann hafði verið ofurlítið með við tilraunir fyrir nokkrum árum, og var dálítið hneigður fyrir dulrænt, en nú setjumst við, við borð og hann er þá talsverður miðill, jeg veit ekki hvað mikill, því að hann er svo lítið æfður, en jeg verð að fara varlega, svo að jeg ofreyni hann ekki.

Prysvar sinnum höfum við náð viðtali og gekk vel í kvöld og næst áður og var þar margt manna, og ýmsir sem ekki höfðu áður verið hjá mjer, þar með Fjölismenn, og sögðu þeir mjer af Þorsteini og svo kom hann snöggvast einu sinni, en í kvöld tvisvar og lengur í hvert skipti. Þeir sögðu mjer að hann hefði verið eitthvað vanmáttugur fyrst þegar að hann vaknaði, en að hagur hans færi síbatnandi og margir væru honum hjálpsamir, en best sagði hann að væri birtan af hugsunum ykkar ástvinanna sinna, um sig, og ekkert sagði hann að við gætum betra gert fyrir sig en biðja fyrir sjer og hugsa opt hlýtt til sín. Það ber öllum saman um það. Hann vissi auðvitað, að jeg ætlaði að skrifa þjer viðtalið. „Ertu ekki opt hjá Guðrúnu og börnunum ykkar?“ Jú! „Langar þig inn í heiminn aptur til þeirra?“ „Nei!“ „En þú elskar þau auðvitað eins og var?“ Sterkt „Já.“ „Þau eiga að visu bágt núna, en þú veitst að það er hjá líðandi.“ „Já!“ „Þótti þjer vænt um þegar að þú vaknaðir að lífið hjelt áfram?“ „Jú!“ „En var ekki dimt á þjer fyrst?“ „Jú.“ „En nú orðið gott?“ „Já.“ „Og jeg á að segja ástvinunum þínum þetta, og kveðju þína innilegustu?“ „Já!“ (sterkt) „og Guðrún á að koma börnunum að biðja fyrir þjer?“ „Já!“ - mikið - „Getum við svo nokkuð fleyra gjört fyrir þig?“ „Já!“ - áljáður en hann var þá orðinn svo þreyttur að hann varð að hætta, en jeg beið og var að vita

hvort að mjer ditti ekki í hug hvað það gæti verið. Mjer kom frú Jarðþrúður í hug – þeir geta opt hvíslað að manni því sem að þeim er hugleikið. Og jeg var að hugsa um að jeg yrði að ná í hann aptur trett til að spyrja um hana og í því kom hann. Á jeg að biðja hana að um að vera þjer ekki lengur gröm? „Já!“ „Finnur þú ekki að þjer varð á þar?“ „Nei.“ „Ekki? Nú, jæja.“ „Og svo ætlar þú að vera viðstaddur meðan að jeg skrifa, svo að jeg viti að þetta sje nú þú, Þorsteinn, sami maðurinn sem að jeg horfði á standa fyrir framan mig í sumar?“ „Já!“ Með einkennilegri áherslu á hreifingu borðsins, og nú heyri jeg altaf eitthvað andlegt kringum mig á meðan jeg er að skrifa. „Og svo er það þá ekki fleyra núna, og þú ert þreittur?“ „Jú!“ - ákaft - „Nú, en jeg get ómögulega vitað hvað jeg á að segja Guðrúnu eða er það ekki hún?“ „Jú.“ „Er það um dótið þitt, ljóðin?“ „Já!“ „Nú, Eiðinn?“ „Já!“ - ákaft - „Ó, auminginn! Þjer er eitthvert mikið áhugamál með hann. Varstu búinn með hann?“ Dræmt „Já.“ „Veit Guðrún um hann?“ „Nei!“ „En þú vilt að hún leiti að uppkastinu þínu og komi því í höndur einhvers góðs manns sem á að hreinskrifa?“ „Já.“ En nú var sambandið orðið svo óábyggilegt, er jeg hrædd um, að jeg veit ekki hvort nokkuð er takandi mark á þessu síðara viðtali, hann átti svo bágt með svörin og miðillinn orðinn ofþreyttur. Uppá nokkra menn gat jeg þó sem að hann vildi láta þig fá handrit þetta - sem óvíst er um að sje til – og held jeg helst að það sje sr. Magnús Helgason sem hann vildi biðja fyrir það ef nokkuð er að marka.

Meira af þessu viðtali man jeg ekki, og læt það alt eins og það er í vitund minni, og þó varasamt sje að byggja uppá svona ófullkomið samband, þá stendur það fyrir mjer sem vissa, að við Þorstein hafi jeg átt tal, og að hann sje með miklum og góðum vinum hinumegin við skilrímið.

Jeg ætla að reyna að æfa betur miðil minn og ef að hann skyldi vera skrifmiðill sem vel getur verið, þá skal jeg láta þig fá alt sem Þorsteinn kinni að skrifa, og eins viðtal okkar seinna. Jeg von að þjer þyki betra enn ekkert að fá þetta, verði það ofurlítill fró, ef að þú hefir ekki náð sambandi við hann sjálf, sem manni er miklu meiri ánægja í en að heyra aðra segja frá. –

Nú er hann hjer að fiksa við þvottaskálina mína – að jeg held, einhver ósýnilegur er það, jeg heyri fína leirhljóðið eins og að hún væri snert ofurlítið með málmfjöldur. Heyri opt þessu líkt sem ómögulegt er að heimfæra uppá neitt líkamlegt. – Nú hættir hann. Jeg þá líka. Góða nótt Guðrún mín! Kem aptur á morgun.

Guðrún mín, jeg er komin til að tala meir við þig! Og þá fyrst að þakka þjer fyrir brjefið þitt og þá líka peningana sem að jeg er þó viss um að ekki eru mínir en þínir, og liggur mjer við að senda þjer þá aptur, en geri þó ekki, læt þig bara eiga inni hjá mjer þangað til einhvetfma.

Þú spyrd um bókasöluviðskiptin! Þau eru nú þannig: að það er alt fullborgað sem til þín fór, og enginn hefur selt neitt svipað því eins mikið fyrir mig, eins og þú, og áttu sannarlega gott skilið að mjer fyrir það eitt, þó ekki væri annað, og ekki gleymi jeg góðvild þinni allri við mig og okkur „fóstra“ minn.

„Aumingja Guðrún! Nú hef jeg þig en hún er einmana með börnin og finnur

hvergi Þorstein sinn þegar að hún háttar á kvöldin“, sagði jeg við gamla „fóstra“ minn eitt myrkur-kvöldið í skamdeginu þegar að hann ætlaði að fara að sofa og jeg var að dedúa við hann að skilnaði. „Ójá! Hún er líklega opt hrygg og einmana núna, en það smá líður frá með tímanum líklega, eins og vant er að vera“, segir hann hægt og hlýlega, og þessu líkt tölum við opt um ykkur og hugsum, og ef hugsanirnar hafa þann mátt sem ýmsir nútíma menn fullyrða þá ættu okkar að ná til þín. Þú, og þið, eruð líka komin inní flokk þann sem mjer er hugleiknast um að fela forsjá hins góða á kvöldin, áður enn jeg sofna, og merkilegt er mjer það, að jeg hef opt í haust og vetur beðið vinina mína hinumegin um, að hjálpa nú Þorsteini af öllum mætti, ef að hann viðþyrfti og svo koma þeir nú með hann til mín, að jeg held, að jeg skuli sjálf sjá að honum sje borgið, en börnunum þínum áttu að kenna, Guðrún mín, að biðja fyrir föður sínum þó þreytt sjertu, þú átt að búa til bænaraðrö handa þeim, og svo geta þau tautað þau sjálf, áður en þau sofna. Jeg hef sterka trú á því að það gagni ykkur öllum, og svo segir þú vitkuðu stúlkunni hans það, sem að þú veist að henni er huggun að, um hann, og þessi stutta æfi ykkar líður svo smám saman í sorg og gleði, eins og annara manna, og ólíku betra er fyrir þig að hafa fengið, átt og mist, um stund, en að hafa aldrei átt.

Bágast, að þú þarft meira á þig að leggja en kraptar þínir leifa. Heldur þú ekki að þú gætir látið annað barnið frá þjer, til að ljetta ögn byrði þína efnalega, ef gott frændfólk þitt vildi annast um það fyrir þig, sem einhver að líkindum væri fús til? Kanske að þið ekki getið skilið, fyrst um sinn, en þjer verður, held jeg ofraun að vinna fyrir ykkur þremur þó að þú látir stóra drenginn þinn vinna fyrir sjer, og hætta bóknámi, sem að þú sjálfsagt mátt til með.

Þú lofar mjer einhvetíma að vita, Guðrún mín góð, hvornig þú reynir að komast af framvegis. Mig langar til að vita það, þó ekkert hjálpi jeg þjer í stríðinu en láti þig bara eiga inni hjá mjer. Góða nótt enn hjá ykkur!

Þegar síðasta brjefið þitt kom, starði jeg forviða á utanáskriptina. „Halldór! hvornig getur þetta verið? Það er áreiðanlega höndin hans Þorsteins utaná brjefinu.“ „Það getur ómögulega verið“, og lítur á. „Hann hefir kent einhverjum skrift, sem svona vel hefir náð höndinni líklega, kanske piltinum hennar Guðrúnar, það kalla jeg merkilegt!“ Og svo gat jeg uppá að umslagið hefði hlotið að vera til, og opnaði og sá að svo var, og geimi það sem dýrindi; því maðurinn er, og var, mjer mikið mætur, og ekki kenni jeg svo sjerlega mikið í brjósti um þig, þó að þú egir bágt, því að jeg býst við að þú eigir hann öllum fremur, og það um alla eylífd og ætti þjer ekki að vera það vorkennandi. Parna er jeg nú farin að leika mjer að sorginni þinni, ekki er vægðin! Ætlar þú ekki að reyna að biðja sr. Harald um að reyna að koma á sambandi fyrir þig, þó ekki væri nema einusinni, rjett svo að þú gætir fundið sjálf nálægð ástvinar þíns? Jeg tók svo eptir, að þið hefðuð miðil. Og svo ekki meira núna nema hjartanleg kveðja frá okkur „fóstra“ mínum til þín og þinna!

Ólöf.

Skyldi hann ekki geta kveikt hugsanir í þjer núna eins og að hann gat. Hann var að segja mjer frá hugskeytum ykkar í sumar.

Bættu við utanáskriftina á brjefi frá Jarðþrúðar, götunafni og númeri, Guðrún mín, jeg man ekki, og lokaðu því fyrir mig þegar að þú ert búin að lesa orðin sem að jeg segi við hana. Sem fulltrúi Þorsteins áttu að lesa miðann.

Góð kveðja til kunningja minna og vina!

Blessuð lofaðu mjer einhvetíma að vita hvort þetta áframhald af Eiðnum muni vera til í uppkasti eða einhvernvegin í eptirlátnum blöðum Þorsteins.

Jeg verð að skrifa svona snemma til að vera viss um að fá ferð með brjefið á póstin svo að þú missir nú ekki af því. Í Guðsfríði þið!

75 eintök sendi jeg þjer, tók við 5 eint. í sumar, 10 ljetstu ókeypis. 60 þá til sölu. 20 kr. fjekk jeg í fyrra, 3.50 aur. í sumar, 5 kr. núna. *Alt er borgað að fullu, selt og óselt!* Svona stendur sá reikningur.

Reykjavík 26. jan. 1915.

Blessuð Ólöf mín!

Ógleimanlega þökk fyrir alt og alt sem aldrei gleimist – og aldrei verður launað – af *mjer* –. Aðeins nokkur orð finnst mjer jeg meiga til með að senda þjer með póstinum til að segja þjer frá dálitlu sem fyrir mig hefur komið og mjer finnst svo *yndislegt* og *merkilegt* – og eins og þú skilur er mjer ómögulegt að þegja um það stundinni leingur við *þig* – mig langaði ekki lítið til að vera ögn ljettari á mjer á afmælisdaginn minn og geta flogið með gleðina í augunum til þín og sagt þjer frá því sem jeg hafði fengið –. Einhverja nóttina fyrst í jan. mánuði dreimdi mig að Þorsteinn minn væri staddur hjerna inná skrifstofunni sinni hjá mjer, hann var innilega glaður – og þannig eins og jeg kannaðist við þegar hann vissi sig geta glatt mig með einhverju. – Hann seggir þá – Dæmalaust hefði nú honum Jónasi Hall þótt gaman að jólagjöfin sem hann sendi þjer hefði verið komin fyrir jól – en jeg vona að hún verði komin fyrir afmælið þitt – og það þykir *mjer svo vænt um* – afmælisdagur minn fannst honum sinn hamingju dagur – þettað sagði hann svo hjartans þýtt við mig að jeg gleimi því ekki –. Nú líður og bíður, Gullfoss kemur – ekkert brjef – en einhver Ameríku dallur sem einga áætlun hafði færir mjer brjef 9. jan – afmæli mitt er sem þú mannst kannske frá *Pyrrnum* 10. jan. – og jeg tók ekki á móti því fyrri en 10 að morgni – Jónas Hall er maður úti Ameríku sem skrifaðist á við Þorstein minn og er ágætur dreingur –. Nú skrifar hann að hann hafi verið hjá Káinn gamla kveðlinga minningum sem Jón Helgason (að mig minnir) talar um í lðunni í sumar – verið hjá honum í fyrra kvöld og sjeð þar Eiðinn í fyrsta sinni – hafi honum Jónasi þessum manni og konu Jónasar komið saman um að senda mjer ofur litla jólagjöf sem sje 30 kr. ávísun á bankann – sem þó að líkindum komist ekki til mín fyrir jól – en muni þó minstu – jeg er svo heppin að segja frá Kristín og annari konu til frá þessu laungu áður en brjefið kom og er því væntanlegt sem

sjaldan er –. Er nú ekki von að mjer þyki vænt um þessa afmælisgjöf ekki svo mjög vegna peninganna þó jeg hefði þeirra nóan stað sem þú skilur – en vegna þess hvað mjer er stundum veitt merkilega ábyggilegt samband og ástir og umhyggjan hjá elsku vininum mínum og þarna er nú brjefsefnið komið elsku Ólöf mín – jeg gat með engu móti um þettað þagað – jeg sendi þessar línur til stúlku á Akureyri sem var hjá mjer í vor og er ágæt sál – og bið hana *helst* sjálfa að hlaupa nú með brjefið út að Hlöðum og færa þjer eitthvert smá góðgæti með kaffinu – og ykkur Halldóri blessuðum gamla vininum þínum og mínum. Jeg skal gera þig rólega með því að fje eiðslan er ekki mikil – hvað sínist þjer 1 króna? – er það ekki höfðuglegt? Jú það er satt þettað fornkvæðna, hver er sínum gjöfum líkur –. Jeg vildi það hefði orðið svo mindarlegt að jeg hefði þorað að segja ykkur að það væri afmæliscaffið mitt –. En liggi nú vel á þjer, þú sendir eina stöku með næsta pósti sem afmælisvísu í tilefni af þessari óvæntu gleði – og sönnun um sambandið og ástríku umhyggjuna hans vinarins sem ólíkur var er *öllum* öðrum.

Já Ólöf mín skelfing hlakka jeg til að finna hann aftur – guð hjálpi mjer ef þess væri eingin von – aumingja frú Thoroddsen. Vertu margblessuð og pið Halldór bæði.

Þín elsk. Guðrún.

Guðmundur Thorsteinsson sendir þjer kæra kvæðu sína – og minnst þín með svo mikilli ást og virðingu – hann er indæll og mamma hans.

30/1. 15.

Blessuð Guðrún mín!

Aðeins fáein orð núna. Jeg skrifaði með desembr. og janúar póstinum ofurlítið sem að jeg vona að til þín hafi náð, en jeg hef ekkert fengið að vita um ykkur síðan í nóvembr. sem ekki er von, að þú getir öllu því ofmikla sint sem þjer einni er ætlað að afkasta.

Jeg held áfram vikulega að æfa miðilinn minn, sem að þeir, vinirnir okkar fyrir handan, hafa mikinn áhuga á að gera góðan skrifmiðil og fullyrða að það takist og vilja ekki láta eyða kröptum hans í borðhreifingar nema sem minnst. Hann hefir skrifað örfáar setningar en þjer eru ornir þeyti-liðugir með hönd hans með blýantinn og eins getur hann óðara hreift borðið og hann snertir það. Við erum ein að þessu samhuga og ótrufluð en miðilinn hefir lítinn „intellegens“ og veit lítið.

Jónasi Hallgrímssyni gengur langbest að nota miðilinn og leikur sjer með hendina hans og er búinn að finna uppá því að tala við mig með merkjum á meðan að hann æfir miðilinn. Það er gaman að því háttalagi okkar. Alltaf er Þorsteinn okkar, ástvinurinn þinn, þar í og með og einu sinni, tókst honum að skrifa nafnið sitt fullkomlega læsilegt og ná dálitlum svip af rithönd sinni, en jeg finn að hann á örðugt með sambandið enn og er Jónas að æfa hann að mjer virðist og hjálpa

honum og fjöldinn allur er þar viðstaddur og alt er þetta yndislegt frá mjer að sjá. Jónas hefir aldrei verið fyrr í sambandi þar sem jeg hef verið en nú fannst mjer óbyggandi að hann kom með Þorstein og er að hjálpa okkur. Stundum þegar að Þorsteinn er að reyna að gjöra sig skiljanlegan, grípur Jónas altí einu frammí og leiðrjettir og hleypir Þorsteini svo að aptur. Það er kynlegt háttalag þetta hjá þeim skaltu vita og sannfærandi fyrir mig að menn þessir sjeu þarna að verki og sjeu sjálfum sjer líkir en ekki getur þetta gefið þjer neyna verulega fró eða gleði ennþá, blessuð Guðrún mín, en fullvíst er mjer það að ástvini þínum er vel borgið og sjálfum sjer líkur. Hjartans bestu óskir til þín og barnanna! Ólöf.

Jeg er stöð á Akureyri og ætla að smeigja þessu með „Ceres“.

Ógn þótti mjer væntum stefin: „Og nú fer sól að nálgast Æginn“ veitstu um hvern Þorsteinn þar var að tala? Það var yndislegt ljóð að enda lífið með!

Reykjavík 2. febrúar.

Blessuð Ólöf mín!

Prófessor Haraldur Nýelsson var að ganga út frá mjer og sagði hann mjer að nú hefði hann skrifað þjer – með Flóru – jeg var sem sagt búin að senda til þeirra og láta þau vita að Flóra færi í kvöld – þau báðu mig þess fyrir nokkru því þeim gleimdu oft skipaferðir, en jeg vissi að þjer var sælustund að frá breif frá þeim – honum að minnsta kosti. Nú þori jeg varla að láta auma blaðið mitt fylgja þeirra brjefum sem eru full af unaði og sál – en mjer finnst jeg ekkert muna fagurt núna þó sólin skíni inn til mín – hann er horfinn og *alt* sólskinið með honum. Harmur er mjer í hug – hljóð eru birki gaung – floginn er sá þröstur er á Þórsmörk saung.

Hulda sendi mjer þettað erindi og það er ríkt í hug mínum nú. Það er einhvern vegjinn einn af þeim dögum í dag, sem söknuðurinn og tómeikinn pína mig svo sárt. Það sem þú og sjera Haraldur segja mjer frá honum og þeim ædra heimi er það eina sem mjer finst gleðja mig – stundum eru börnin mjer nægileg – en stundum duga þau *als ekki* –. Svona er jeg nú mikill aumingi fyrirgefðu það, það vita fáir um þettað því jeg hef fyrir laungu lært að leina sorgum mínum fyrir öðrum. Þeir eru svo fáir í heiminum sem skilja verulega sorgina og sem *kunna* að hugga mig að *minsta* kosti, þú ert *andlegri* en nokkur kona sem jeg hef þekkt það eru þínir stóru yfirburðir. Blessuð skrifaðu mjer ef þú færð eitthvað frá blessuðum andanna heimi – það er sólskinið mitt.

Vertu blessuð elsku Ólöf mín og fyrirgefðu mjer hvað jeg er *lítill* – biddu fyrir mjer og með mjer – biddu um að jeg fái verulegt andlegt samband við ástvininn minn – guð minn góður hvað það væri yndislegt og guð er almáttugur – og eyllifur kærleikur það veit jeg.

Verið þið margblessuð þið Halldór bæði, og hamingjan launi þjer ástríki þitt og nærgætni við mig.

Þín elskandi
Guðrún.

Mig greip svo óstjórnleg laungun til að senda ykkur Halldóri einhverja barnalega vittileisu af því stúlka fer til Akureyrar sem jeg þekki. – Hitaðu ykkur í minningu mína (með miðlinum). Sukkulaði sopa af þessu sem jeg legg í seinasta vindla kassann hans og láttu þennan spegil standa hjá þvottaskálinni þinni þegar þú ert að greiða þjer – og gefðu Halldóri hnífinn og hlæi þið nú ekki að barninu í mjer – hafði ekkert boðlegt við hendina – fyrirgefðu mjer besta Ólöf mín og bið Halldór þinn. Þín sanna.

Guðrún.

Reykjavík 23. febrúar 1915.

Hjartans besta Ólöf mín!

Það er ekki von að þú getir trúað því að jeg elski brjefin þín, lesi þau aftur og aftur með *barnslegri* gleði – og hlakki til að fá þau eins og barn – nei Ólöf mín það er ekki von að þú getir giskað á alt sem jeg verð að eiga við á þessum tímum sem hefur gert það að verkum að mjer hefur verið ómögulegt að skrifa neitt sem ekki var lífs nauðsin – og þó held jeg nú stundum að mjer hefi verið *lífs nauðsin* að eiga tal við þig blessuð Ólöf mín sem ert svo rík af öllu því sem mjer þikir vænst um – samhug, ást, skilningi – og eylífðar trú –.

Jæja seint kemur þakklætið Ólöf mín en ástar þökk, *ógleiman þökk*, fyrir blessuð brjefin þín mjer voru þau ómetanlegar sendingar – líklega að jeg sendi þjer aldrei neitt svo kærkomið en muna skal jeg það Ólöf mín hvað þú hefur verið iðin að skrifa mjer í vetur og láta skína á mig þá einu geisla sem geta snert mig – þettað frá sambandinu við hann blessaðann ástvin minn sem jeg gleimi aldrei – fer aldrei úr huga mínum nokkra stund – blessaður veri þessi piltur sem guð hefur sent til þín til að hugga mig –.

Því miður er ekki til svo mikið af Eiðnum að mögulegt sje að prenta, hann var rjett búin í fyrra eða langt komin en – breitti öllu sýðar af því hann fjekk aðra fegurri og stærri líklega rjettari hugmind um Skálholts ástandið, svo ekki er nú þeirri gleði að fagna að hann verði gefinn út – en margt er nú til samt sem prenta þarf og mig langar að láta koma út –.

En nú er alt í kalda koli af þessu stríði, sem aldrei ætlar að enda –. Jeg vil láta alla sem geta beðið biðja – og biðja guð að hann láti þessum voða linna –.

Ef þú færð samband þá spurðu hann hvað ætlaðist þú til að Guðrún gerði við bókasafnið – jeg er í eingum vafa sjálf en þessir sálarlausu glópar sem við mig tala og sumir hverjir litu öðrum augum á þær en jeg – já Ólöf mín, jeg hef orðið að læra margbrotna lexíu á þessum vetri – en guð hefur verið með mjer og mörg ráð hef jeg fengið að mjer finnst handanað – og oft dreimt margt – æ að þú værir komin. Skelfingar munur væri það fyrir mig að tala við þig, geta sagt þjer alt blessuð góða sálin þín sem öllu vill bjarga alt skilur. Þrjedikanir prófessors Haraldar Nielssonar hafa verið mjer besti stirkurinn og margar stundir sem hann hefur komið til mín blessaður mannvinnurinn sá og sagt mjer frá ótalmörgu fögru

og dásamlegu úr andanna heimi sem jeg elska. Þar er nú allur hugur minn, þegar jeg mögulega má og get – en hvað mjer hefur þótt *gaman* og *innilega vænt* þegar hann hefur verið að „sítjera“ ljóðin þín í ræðunum – það gerði hann um jólaletið – þá fór hann með fallettri vísurnar þínar um kærleikann, jeg man þegar hann fór með þettað. Sá lifir og vex sem í ljósinu býr, í ljósinu kærleikans – hann endaði með því eina af þessum gullfallettu snildarræðum. Mjer finnst verða mirkur í Reykjavík núna ef jeg ætti að missa hann – hann er það eina andlega ljós þessum *bæ* – mjer liggur við að segja á þessu *landi* –. Á sunnudaginn var talaði hann um þig í stólnum, ekki með nafni, en sagði að hann hefði átt tal við einhverja mestu gáfu konu landsins í vor og hún hefði látið sig heira eitt af ljóðum sínum sem endaði með því að kalla sorgina brúður hins mesta í heimi –.

Þau hjón sátu hjá mjer mikið af þeirri kvöldvöku og við töludum þá mikið um þig og það höfðum við aftur gert jú í hvert skifti sem við hittumst. Jeg held þú gætir verið full ánægð með það samtal um þig elsku Ólöf mín –. Jú þú verður að gefa H. N. þessar vísur aftur uppskrifaðar, hann sagðist hafa tapað þeim – þessum sem þú gafst honum í vor, hann saknaði svo að hafa tapað þeim – jeg held þú fáir nú brjef frá honum – jeg hef verið að minnast á það við hann, að vænt mundi þjer þikja um nokkrar línur frá honum. Frúin trúir líka á þig – veslingurinn – hvað hún á bágð að vera svona í fótunum – og hann – jeg sárkenni í brjóst um hann þegar hann kemur þreittur heim í argið og þrasið sem yfir henni er ætið aumingjanum – já heimilið er honum þægjinda laust – þettað segji jeg nú bara í *eira* þjer blessuð. Hefur hann nokkuð minnst á mig í brjefum þínum og þettað sem skeði hjer hjá mjer?

Hlöðum 16. marz 1915

Blessuð Guðrún mín!

Jeg er nýbúin að lesa síðara brjefið þitt, það sem kom með vindlastokknum hanns Þorsteins, síðasta vindlastokknum hanns, og sáru hrygðartilfinningunni þinni sem tók mig svo að jeg táraðist, og gat varla lesið upphátt fyrir „Fóstra“ minn sem hjá mjer stóð, stilltur og hlýr, með auðsæja tilfinningu fyrir söknuði þínum og sársauka. Okkur langar áreiðanlega til að geta rjett þjer hjálparhönd og ljett undir byrði þína, en getum ekki annað en það, sem enginn efni þurfa til, því að við eigum lítið af þeim, en hlýja tilfinningu eigum við og skilning á einmana sorg þinni og sáru löngun eptir ástvininum þínum góða sem ekki getur látið þig glöggð af sjer vita, en segist þó vera þjer sífelt nálægur, og er það líka áreiðanlega, eptir minni bestu vitund, og ekki mundi jeg brúka lygi til að hugga þig með, eða nokkurn, ef að jeg væri ekki sjálf sannfærð um sannindi þess, að þeir sem yfirum eru komnir eru þeir sömu að öllu andlegu eðli, eins og þeir vóru síðast hjá okkur, muna alt og vita glegggra en áður, og eru nokkuð fullkomnari andlega, eptir að líkamlega hýðið, hindrandi og örðugt, en af andlegu verunni fallið, svo að hún nýtur betur þess sem í henni bjó.

Þetta eru mjer áreiðanleg sannindi og sanna mjer það, að enginn missir ástvin sinn öðruvísi en af samvistum um tíma, þangað til að sá sem að eptir var skylinn einmana í kulda og tómleika einstæðingsskapparins, fær líka að fara yfirum að loknu lífsstarfi sínu, frá sínum nánustu, sem þá standa eptir syrgjandi, og þessi ást og sorg og þrá mannanna heldur við sambandinu og leiðir lifandi strauma milli heimanna, þeirra, sem skilrímið ósýnilega aðskilur. Alt þetta er manni ónóg þegar söknuðurinn og þráin gjöra mann máttvana, og þá er sambandið við þá hinumegin eina úrræðið, finnst mjer, og gefur meiri og betri fró og sameiningartilfinningu en alt annað sem maður á kost á, og því er mjer altaf það málefni stórmál syrgendanna vegna, sem eru lamaðir og eiga ósegjanlega bágt, og þó finnst mjer allræmest árfðandi að fá óræka sönnun á sannleika þess, að það eru verur dáiinna vina okkar semað við eigum hugsana og orðaviðskipti við, en ekki eitthvað og eitthvað sem kann að vera til og með skinjandi vitundarlífi og okkur mönnum er ókunnugt um, allræmest árfðandi, vegna þeirra sem ekki trúa áframhaldi lífsins, því þó að þeir, auðvitað, lifi áfram eins fyrir því og geti verið, og sjeu opt, engu síður vandaðir menn og vel gerðir heldur en hinir sem ódaudlegleika trúna eiga, þá er þeim áreiðanlega bagalegt að eiga hana ekki og mundu verða meiri og betri ef að þeir væru sannfærðir um áframhald lífsins óslitið, óendanlegt, að jeg ekki tali um hvað þeim líður betur í okkar heimi sem þá vissu eiga.

Jeg þekki þann mikla mun og því langar mig mest af öllu til að ná þeirri vissu ábyggilegri handa öðrum, og aldrei hefir mig langað meir til að ná áreiðanlegu sambandi, en nú, til að geta flutt þjer skeyti frá ástvininum þínum og vininum mínum mæta, og nú byrja jeg þá loks á að segja þjer hvað mjer hefi áskotnast. – Læt bíða að þakka þjer, og þessháttar. – Við höfum haft tilraunir á sunnudagskv. öllum nema einu, síðan fyrir jól og fer sambandinu altaf fram, og höfum við nú tvisvar í viku og, er það frá kl. 6 1/2 – 7 til 8, ef að þú vilt reyna að vera í huganum með, er ekki óhugsandi að hann nái fremur til hugar þíns meðan hann er í sambandinu, geti látið þig finna nálæg sína eða hugskeyti: Það er á sunnud.kv. og miðvikud.kv. frá litlu fyrir 7 til 8. Ekki veit jeg hvort miðillinn er „tranz“ miðill, þori ekki að hætta á það því að við erum tvö ein og vita ekki aðrir af en Halldór því fólk er svo brennandi hrætt við þetta og fólk piltsins yrði ært í hræðslu, en hann er öruggur og hneigður fyrir svona hluti og er ágætur borðmiðill og þeir vóru að reyna að láta hann skrifa en mjer þótti það ganga seint hjá þeim, að æfa hann, og tók svo upp tæki sem jeg vissi um, og er ansi gott og fljótlegt. Það er stafrófið skrifað á blað, gisið og greinilegt, og látið undir gler í umgjörð eins og mynd, og er svo lagt á lítið borð og setið við. Lítill, lauffljetur dúnkoddi með pappaspjald í undirlagi sem látúns-bólur eru reknar uppí og eru sem lágjir fætur undir koddanum svo að hann hlaupi sem ljettast eptir glerinu. Á koddanum þrýhymdum er ofurlítill vísir festur í oddinn sem frá manni snýr og styður svo miðillinn annari hendi laust og lausri, á koddan, sem fer bráðum á stað miðlinum að ósjálfráðu og liðkar sig fyrst ögn og æfir og bendir svo með vísimum á stafina og stafar orðin og við lesum upphátt og tölum við þá og þeir stafa og svara og segja til sín og passar altaf sami

maðurinn sambandið fyrir mig – Ólafur minn Davíðsson – og segir okkur hvort sambandið sé ábyggilegt eða ekki og sjer um að miðillinn verði ekki um of þreyttur og skipar að hætta þegar honum sýnist og gerum við það og reiðum okkur á umsjón hans, því sambandinu þurfa tveir að stýra sinn hvorumeginn, nefnil. einhver handanað og einhver lifandi, sem að við köllum, því sambandið getur annars orðið hættulegt miðlinum.

Jeg held að þú hljótir að vera miðill Guðrún mín, þú ert líkleg til þess og þó ekki víst. Jeg er ekki. Viltu ekki vita við lítið borð hvort ekki hreifist, en þú mátt ekki vera ein með það og ómögulega gera mikið að því, það er of mikil áreynsla fyrir þig eins og hug þínum er farið, en ef Haraldur er með, og þú gætir hreyft borð þá gætir þú búið þjer til tæki lík mínum, og náð viðtali stöku sinnum þjer til fróunar. En hún frú Kristín Björnsdóttir, sú sem er skrifmiðill, getur þú ekki haft gagn af henni? Það er ekki svo sem að jeg ætli að hætta. Eithvað annað! En þetta er svo sjaldan sem brjef komast til þín og sorgin og þráin grípa þig svo opt. Þá er loks að fara að segja frá.

Fyrst lengi gekk tíminn í það að þeir vóru að reyna að láta miðillinn skrifa og svo þegar að jeg tók upp þessa nýju aðferð voru þeir nokkur kvöld að átta sig á henni og gátu lítið svo þetta eru einungis fá kvöld sem gott lag er komið á og kom Þorsteinn æfinlega en var stutt fyrst, uppgafst og varð að hætta. Jónas og hann komu altaf saman frá því fyrsta svo einn góðann veðurdag var Kristján skáld Jónsson kominn í hópinn og var gastur á þeim og glaðvæð og minnti atferli þeirra mig á glaðann fuglahóp á fögrum vordegi. „Þið fljúðið í flokkum eins og fuglar að mjer finnst, Þorsteinn minn! Ertu glaður?“ „Já!“ Stafar hann með kátu fasi. „Líður þjer svona vel að vera laus úr líkamanum þínum?“ „Já!“ „Enn ástvinirnir þínir!“ Hann sveiflar hönd miðilsins og svarar ekki. „Vildirðu vera kominn til þeirra, og okkar, ef að þú gætir?“ „Nei, nei!“ „Getur þú ekki sjeð til þeirra og verið hjá þeim þegar þú vilt?“ „Jú, jeg er það.“ Og svo var hann að reyna að skrifa eitthvað um Eiðinn sinn sem við gátum ekki skilið og hann var aptur og aptur eitthvað að reyna að segja um hann, en við fundum aldrei neytt ábyggilegt vit úr því. Seinna kom hann glaður og sagðist vera búinn að finna Eiðinn sinn. „Aumingja maður, ertu altaf að hugsa um Eiðinn þinn?“ „Nei, nú hef jeg fundið hann.“ „Varstu búinn með hann, Þorsteinn minn?“ „Jeg var að basla við að yrkja hann áður enn jeg dó!“ „Varstu að basla við að yrkja hann áður enn þú dóst! Ósköp eru þetta! Jeg hef aldrei heyrt eða sjeð þetta fyrr: *áður enn jeg dó*. Þú ert ekki mikið dauður Þorsteinn minn!“ „Nei.“ Og svo gat hann ekki meira þá.

10. marz var besta kvöldið hans, þá var sambandið ágætt og nú komu skáldin og margir fleyri. „Þorsteinn minn, nú fer jeg senn að skrifa Guðrúnu. Getur þú ekkert sagt mjer handa henni?“ „Jú!“ Jeg bíð. „Reyndu að koma með það vinur, eitthvað sem að þú vilt láta segja ástvinunum þínum.“ „Ólöf, þú átt að lesa páskaræðuna hans Þjeturs biskups!“ „Hvað segir þú maður! Á jeg að fara að lesa pretikanirnar hans Þjeturs biskups?“ „Já, þú átt að lesa páskaræðuna hans Þjeturs biskups og lesa hana vel!“ „Nú, ef þú endilega vilt, ætli að jeg geri það þá

ekki fyrir þig, eins og annað.“ Lestu hana *vel* Ólöf.“ „Á, jeg þá ekki að læra hana líka!“ „Þess þarf ekki (var mjög alvörugefinn). Lestu hana *vel*!“

„Vertu nú ekki að staglast á þessari ræðu lengur, jeg les hana fyrst að jeg lofaði því. Eruð þið Pjetur biskup ornir þetta litla vinir?“ „Já! Það erum við.“ „Heyrðu mig Þorsteinn minn! Veitstu hvort að jeg fæ brjef frá Guðrúnu núna með skipinu?“ „Jeg veit það ekki“, áður var hann búin að segja mjer að þú hefðir skrifað mjer, og var mjög glaður yfir og nú var hann uppgefinn og varð að fara úr sambandinu.

Svo las jeg ræðuna og hélt áður að rugl hefði verið á sambandinu þó að okkur fundist það gott og ábyggilegt, en þegar að jeg fór að lesa, stóð jeg undrandi og sá hvað vinur okkar meinti. Svo kom sunnudagurinn 14. marz og var þá ekki búin að fá brjefið þitt með sendingunni, en hitt var komið. Nú komu þeir og bað jeg Ólaf að sjá um að láta nú Þorstein einann komast að, ef að hann gæti og svo kom hann. „Þorsteinn minn! Veitstu að jeg er búin að fá brjef frá ástvinunum þínum?“ „Já!“ Og var mjög glaður. „Veitstu hvað Guðrún bað mig að erinda við þig?“ Hann vildi eins og ekki svara, fannst mjer, en vildi fara að stafa eitthvað annað. „Nú, þú ert kannske enn að hugsa um ræðuna, veitstu að jeg las hana!“ „Já,“ og nú var hann með og ákafur. „Jeg skyldi þig þegar að jeg fór að lesa. Því vildir þú láta mig lesa hana?“ „Af því að hún er sannleikur.“ „Nú!“ „Er hún það sem að þú gætir skrifað undir sem sanna lýsing á ástandinu ykkar og þessu sem að við köllum dauða?“ Eitt mikið „já“ var svarið, og hann svo glaður og fjörugur yfir að hafa komið þessu í verk. „Meining þín er víst sú að ræða þessi er sem þín orð, og jeg eigi að segja Guðrúnu að lesa.“ Þá varð hann glaður og hróðugur og sagði að þú ættir að vita að þetta sem Pjetur segir í páskaræðunni sje sönn lýsing. „Parna ertu lifandi kominn Þorsteinn, þetta er þjer líkt! En blessaður bíddu kyr í sambandinu ef að þú mögulega getur jeg þarf að standa upp til að kveikja ljós, þú sjerð ekki stafina lengur.“ Svo stóð jeg upp og kveikti en miðillinn studdi höndinni á litla koddan og sat kyrr og koddinn iðaði ögn og beið, svo sá jeg að hann fór að stafa í ákefð. „Hvað segir hann?“ Spyr jeg miðilinn. Hann segir mjer að Þorsteinn stafi: „Í Guðs bænum komdu fljótt Ólöf!“ „Já vinur, hjer er jeg komin! Reyndu nú að taka vel eptir því sem að jeg segi: Guðrún spyr þig um, hvað þú viljir að hún gjöri við bækurnar þínar, bókasafnið?“ „Hún á að geyma þær.“ „Hver viltu að fái þær?“ „Hún á að geima þær.“ Hvað vilt þú að af þeim verið?“ „Guðrún á að láta þær uppá lopt og geyma þær.“ Og nú fann jeg að hann átti örðugt með sambandið. „Ætlast þú til að börnin þín fái þær svo seinna, Þorsteinn minn?“ Þá varð hann feginn og játaði því aptur og aptur. Svo fór hann enn að stafa og við gátum vitað fyrir víst að hann vildi eitthvað með orðabókina hans Jóns Ólafssonar, vildi einhverju breyta í henni og var lengi að basla við að láta okkur skilja hvað hann vildi. „Blessaður láttu orðabókina hans Jóns Ólafssonar eiga sig og reyndu heldur að segja eitthvað handa ástvinunum þínum.“ „Nei, þess þarf ekki, jeg er altaf hjá þeim og Guð hjálpar henni.“ „Hjálpar Guð henni!“ „Já, jeg hef beiðið hann um það, og hann gjörir það.“ Og svo fór hann, gat ekki meir.

Á morgun er tilraun hjá okkur og þá vona jeg að geta bætt einhverju við. Guð annist þig og þína, blessuð Guðrún mín, í nótt og æfinlega! Jeg vildi fegin geta haldið í hendina þína þegar að þú átt bágt, og reynt að blása í þig lífskrapti vonarinnar og vissunni um, að eptir nokkur ár erum við öll komin yfirum, og finnst þá lítið til um þetta, sem nú finnst okkur næstum óbærilega sárt og þungt, en ekki færð þú að fara fyrir en börnin þín geta án þín verið. Jeg hef hugsað um það með fleyru hvað þú munir hafa orðið að þola, auk annars, af því að þú átt ekki vernd laganna sem löglegur arftaki ástvinar þíns, ef nokkuð væri að erfa.

17/3. Jeg háttaði snemma í gærkv. hrygg yfir þjáningum mannana og hugsaði um þig, og aðra, sem eiga bágt, og þótti vont að geta engum hjálpað. Jeg hlustaði á smáduktlið í þeim, einhverjum, sem jeg ekki sje en veit af í kringum mig og svo voru „ómarnir mínir“ svo glaðlegir, mjúkir og þýðir og sveifluðust kringum mig eða innaní höfðinu á mjer. Þar fynnst mjer þeir stundum vera, og þeir hugguðu mig og hresstu, svo að jeg gat fundið hvað þjáningar okkar eru skamvinnar, þessi fáu ár, í samanburði við öll ósköpin hin, sem framundan okkur eru, stig af stigi til meiri og meiri fullkomnunar og yndisnautna. Það er yndisþráin, sem kvelur þig, Guðrún mín þegar köstin grípa þig svo að þú finnur engan frið. Veslings sálin þín, ljóselsk og ljettfleyg, heimtar að sjer sje fullnægt, og eyrir ómögulega myrkrinu og kuldunum, og svo ertu þreitt, dauðþreitt, að stríða í öllu ein án hluttekningar, þú varst orðin svo góðu von, en þú vex og vitkast í þessum skóla, *harda skóla*.

Mjer þótti ósköp vænt um að fá brjefin þín, og gaman líka að þessari fallegu gerð þinni: óstjórnlegu lönguninni eptir að gleðja aðra, þó ekki hafir þú aflögum, síður enn svo. „Miðillinn“ á að fá veizluna í kv. Súkkulaðið og heitar lummur með. Hann heitir Halldór, sonur hjónanna hjerna og er 27 ára. Faðir hans veit um dútl okkar og lætur afskiptalaust, en móðir hans má ekki vita, hún er einföld og yrði ærð í hræðslu við þetta draugafjelag.

Halldór minn er djúpur og hlýr í þinn garð og hugsar um ykkur með mjer, og heldur að sorgarþjáningar þínar smásefist með tímalengdinni eins og ávalt er. Skelfing langaði mig í gær til að vera efnalega svo stödd að geta boðið ykkur að koma til okkar og hvíla þig hjer í sumar, en við getum ekkert – eins og jeg sagði. Sem fjeð þarf til, eigum ekkert arðberandi en hann að verða útslitinn maður og heilsuveill, og á nóg með að vinna fyrir þörfum okkar, og hættir senn að geta það, en hagar okkar er yndislegur meðan að hann getur unnið þó að hann eigi bágt með það því við eigum svo lítið að hvert lítilræðið gleður okkur.

Jeg sje að ferðakosnaður ykkar þryggja fram og til baka yrði minnst 80-100 kr. og það finnst okkur stórfje, og hvorki þú nje við fær um að missa, og fá ekkert fyrir, annað, en dálitla hressingu.

Sjera Haraldur hefir ekki skrifað mjer nema einu sinni í septembr. og svo nú fáar línur og ekki hefur hann annað á þig minnst en þessi orð: „Jeg get aldrei fullþakkað Guðrúnu að hún kom með yður til okkar, jeg skal muna henni það.“ Mjer þykir stórum væntum það að Sr. Haraldur hefur svona miklar mætur á mjer

og mínu en mjer finnst það ekki einleikið, og held hreint að hann verði fyrir undrun manna, ef ekki háði, að vitna í mig og gera svona mikið með mig, jafnlítið og jeg get og veit. Ekki er jeg hrædd við háð nje umtal annara, mín vegna, en þú mátt ekki, blessuð Guðrún mín, í góðvild þinni og „begeistring“ hefja mig í heylagra tölu við hann nje aðra. Jeg stend ótuktarlega ílla við það að vera talin með heylögum og nú ekki meir, fyrr en að við erum búin að vera hjá vinunum okkar í kveld.

17/3 Guðrún mín! Kvöld er komið og pilturinn nýfarinn, (miðillinn). Hann fjekk sukkulaði og heitar lummur, og ljet vel yfir, það mig fyrir kveðju og þökk til þín og sagðist sýst hafa búist við því að sjer yrðu sendar góðgjörðir sunnan úr Reykjavík, þar sem að hann þekkti engan. Þá er að segja þjer af sambandinu sem var fremur gott í kvöld, því jeg verð líklega að senda brjefið á morgun.

Jeg það Ólaf um að Þorsteinn kæmi fyrst og hann kom. „Ólöf, jeg er Þorsteinn Erlingsson“ stafar hann fyrst, þjer gera það altaf að segja nafn sitt. „Nú, Þorsteinn minn! Jeg er að skrifa Guðrúnu og ætlaði að vita hvort þú getur nokkuð sagt handa henni, en góði reyndu að segja mjer fyrst nokkuð til sönnunar því þetta sjert nú þú. Mannstu hvar jeg kvaddi þig í sumar þegar að jeg fór á stað norður?“ „Nei jeg get ekki munað það.“ „Nú, en manstu þá ekki að jeg var hjá ykkur í Reykjavík í sumar?“ „Jú!“ „Manstu hvort jeg kysti þig eða tók í hendina á þjer þegar að jeg kvaddi þig?“ „Jeg get ekki munað það!“ „Nei, það er reyndar engin von, þetta er svo ómerkilegt mál, en manstu ekki miklu ver þegar að þú ert í sambandinu en annars?“ „Jú, jú!“– Það segja allir að þjer tapi sjer mikið meðan þjer eru í sambandinu –“ „Jæja hefur þú þá nokkuð handa mjer að segja ástvinunum þínum?“ „Segðu Guðrúnu fyrir mig að hún eigi sífellt að biðja Guð.“ „Já, jeg skal segja henni það.“ Svo þagði jeg og beið litla stund, og hann er eithvað að hagræða sambandinu, svo byrjar hann sjálfkrafa að stafa: „Ólöf, skilaðu til hennar fyrir mig, að jeg biðji hana að segja börnunum mínum, að jeg biðji þau að vera góð og hlýðin börn.“ Þessa setningu stafaði hann stilt og hægt og alveg rjett og fór svo. Gat víst ekki meir og jeg var svo glöð að fá þetta svona greinilegt og ábyggilegt handa ykkur því jeg spurði hann ekki og hugsaði alls ekkert sjálf um svona skilaboð því síður miðillinn. Svo nokkru síðar kom Jónas Hallgrímsson og var nú getu mikill og sterkur eins og æfinlega, og fer að stafa, en við skilum ekki hvað hann var að tala um: að kyssa Þorstein. „Hvað ertu að segja Jónas, ertu að kyssa Þorstein?“ „Þú kysstir Þorstein.“ „Nú, já! Ert þú að hjálpa uppá sakirnar! Hvenær kyssti jeg Þorstein?“ „Þegar þú fórst.“ „Og þetta veist þú! Hvar kyssti jeg hann þá?“ „Í borðstofunni hans“ „Parna varstu ágætur Jónas, enn hitt er skakt að jeg hafí kyst hann, hann kvaddi mig og fór út.“ „Þú kysstir hann.“ „Jæja þá, þú ert ágætur að vita þetta fyrir mig.“

Og svo færðu líklega ekki meira frá okkur núna, blessuð Guðrún mín, en seinna áttu að fá meira ef að við getum haldið áfram. Halldór minn er háttaður og sofnaður, en það mig um að skila til þín innilegri kveðju sinni og þökk fyrir hnífinn sinn, og alla þína blessuðu ástúð, en við sjáum eptir krónunum þínum sem

fór fyrir þetta sem þú sendir okkur. Skyldi nú húsið verða tekið af ykkur og þú svo standa uppi alslaus með börnin hans Þorsteins Erlingssonar. Það væri ílt til að vita, og er ólíklegt, en ekki er það óhugsandi. Ekki skrifa jeg núna sr. Haraldi, en ljæ þjer erindi til hans með blaðið og bið þig fyrir ástsæmdar kveðju til þeirra hjóna. Skrifa þeim seinna. Og svo kveð jeg ykkur með þökk og innilegri velvild. Guð sje með ykkur.

Ólöf.

Þú mátt segja sr. Haraldi og þeim hjónum, það sem þú vilt úr þessu brjefi og alt sem jeg segi þjer úr sambandinu, honum þykir svo vænt um alt þesskonar. Varaðu þig samt, elskan mín á þeim sem kynna að fleypra um þetta sem bull, að tala ekki um sambandið við þá!

Tómas Sæmundsson kom – þeir Fjölnismenn allir – einusinni og sagði okkur að það ætti að fara að panta mat frá Amiríku. Bað mig að skrifa um stríðið og gjörði sjer mjög far um að því lynti, og ljæt illa yfir þeim ósköpum. Hann kvaðst fylgjast með öllu því sem landinu okkar væri til heilla og óheilla.

Jeg hef verið að reyna að fá að vita hjá Þorsteini um hvern hann var að yrkja fallega ljóðapartinn sem sr. Haraldur getur um í ræðunni: „Og nú fer sól að nálgast Æginn.“ Það hlýtur að vera markleysa sem að þeir segja mjer. Veitstu um hvern hann var að tala? „Og blessað lokað augað þitt“ það er yndislegt!

Í gærkvöld þegar Páll Ólafsson kom með miklum asa byrjar hann að stafa: „Jeg er Páll“ – „Jæja, þú ert þá enn kominn og ert nú fasmikill mjög.“ Jeg hjelt að það væri maður nýlega dáinn hjer á Akureyri: Páll Hallgrímsson, gáfaður maður, og hefir verið í sambandinu hjá okkur.

„Postula kjöri Kristur þrjá“, byrjar Páll. „Jæja, þú kannt þá þetta“. „Þar sem aldrei á grjóti gráu“. „Ertu svona fullur orðinn af ljóðum?“ „Já, illa gróa sumra sár.“ „Þú talar bara í eintómum ljóðum Páll! Nú ertu ekki að moka snjó okkar?“ „Því ertu hjer kominn?“ „Af því að þú ert skáld?“ „Þykir þjer ekki að jeg vera fríð?“ „Nei!“ „Þú vilt samt vera hjá mér.“ „Já!“ „Þið eruð sæmilega glaðir skilst mjer, skáldin.“ „Já!“

Einu sinni kom Halldór að borðinu þegar að jeg var að tala við Þorstein og yfirláfu þeir mig þá allir og ýttu öllu í áttina til Halldórs. Það var áður enn þeir fengu stafrófið og svöruðu með höggum. Halldór talaði fáein hlý orð til Þorsteins en spurði einkis enn þeir fóru með alt sitt af stað móti honum og vildu auðsæilega við hann eiga. Ekki er hann miðill, það eru víst fremur fáir.

Hlöðum 2. maí 1915

Guðrún mín blessuð!

Jeg er opt að hugsa til ykkar, í einmana örðugleikunum ykkar en fæ, auðvitað ekkert að vita um hag ykkar því „andana“ mína spyr jeg, því nær, aldrei um neitt

sem eingöngu viðkemur okkar líf, sem hjermegin erum, mjer fyrst það óhæfa að ætla að hafa fregnir af þeim um ómerka og hjálífandi hluti, þykir sem þeim sje misboðið með því, og veit líka að svörin yrðu ekki ávalt ábyggileg, þó að þeir gæfu einhver svör, sem mjer finnst að þeir sjeu ófúsir á að gefa, ef spurt er um markleysu.

Porsteinn sagði að þú hefðir glaðst af brjefinu frá mjer síðasta – um páskana – og að hann hefði verið hjá þjer þegar að þú last, en jeg hef lítið að gleðja þig með núna, því sambandið við þá vinina okkar fór í dálítið ólag, svo að jeg hef lítið og sjaldan talað við ástvininn þinn nú um tíma, lítið grætt á viðtalinu, en vildi þó ekki lengur láta þig bíða og vona eptir brjefi, og fá svo ekkert. Það sem skemdi fyrir okkur sambandið, – sem virtist vera furðu gott á löngu tímabili, þó einfalt og ófullkomið sje, – var það, að í sambandið sækja nú um tíma nokkrir þeirra sem ekki líður vel, og eru þeir svo sterkir og áfjáðir að við ráðum ekki við að hindra þá, og verðum stundum að hætta en stundum tekst mjer að reka þá burt í bili en þeir koma þegar minnst varir aptur og taka orðið frá hinum, og vilja komast að með sín málefni og gjöra þaraðauki sambandið örðugt hinum og óábyggilegt. Sr. Haraldur mun kannast við þetta ef að þú minnst á það við hann einhvetíma.

Nýlega náði jeg snöggvast viðtali af Þorsteini og sagði honum að nú skrifaði jeg þjer bráðum. „Segðu Guðrúnu að jeg biðji að heilsa, og að mjer líði vel“, stafaði hann greinilega. Áður nokkru stafaði hann: „Segðu honum syni mínum, Ólöf, að jeg biðji hann um að vera góðann dreng.“ „Já, en heyrðu Þorsteinn minn! Langar þig aldrei til að vera kominn aptur til okkar, í okkar heim?“ „Nei!“ „Ertu altaf glaður?“ „Já!“ „Fjörlegt já!“ „Getur þú ómögulega sagt mjer neitt um það hvað þú helst starfar þarna hinumegin?“ „Jeg vek.“ „Vekur þú þá sem koma yfirum?“ „Já,“ – fjörlega – „Getur þú ekki nefnt mjer neinn sem að jeg þekki sem að þú hefir tekið móti og vakið?“ „Jú, Halldór Jónsson.“ „Jæja, Þorsteinn minn! Vaktir þú hann?“ „Já!“ Og svo fór hann, gat ekki meira. Nú kemur miðillinn snöggvast til mín í kvöld og ætla jeg að geyma hinumegin blaðið að skrifa á ef samtal næst. Guð annist ykkur! Góða nótt!

3/5. – 15.

Ekkert varð til um samband í gærkv. Pilturinn var við skepnur úti, fram að háttatíma og er alla daga við útivinnu, svo lítið verður um tíma til að dunda við „andana“ í sumar, því vinnuákefð er mikil og meira hugsað um líkamlega hluti en andlega, á þessu heimili sem öðrum, en einstöku sinnum mun jeg þó reyna að ná í piltinn.

Þjer verður lítill fengur að þessum miða, Guðrún mín, og lítil stoð að umhyggju minni um hag ykkar, fyrst að jeg ekkert sýni í verki að mjer sje umhugað um ykkur. Mig langar þó til að fá að vita sem fyrst ofurlítið um það hvernig þú brýst fram úr örðugleikunum efnalegu: hvort að þið getið verið kyrr í húsinu og hvort

að þið eruð ekki í afleitri þröng í þessari dýrtíð og kreppu. Og svo langar mig altaf svo mikið til að vita hvað þú veitst um fallegu línurnar sem sr. Haraldur getur um í ræðunni: „Og nú fær sól að nálgast Æginn“, og sv.fr. Ástvinurinn þinn horfni hefir ekki getað sagt mjer neitt sennilegt um það en glaður verður hann og getumeiri þegar að jeg kem með það við borðið, eða annað það sem hann hefir sagt og mjer er mætt. Og svo ekki meira nú, nema innilegasta kveðja frá okkur gamla „fóstra“ mínum, til ykkar!

Ólöf.

Það gekk mjer síðast í vil, að „Þorsteinn“ minn er kominn í „Skírni“ og að Björn Ólsen – maður, sem mjer fannst að mundi standa mjer mjög fjarri, – hafði orð á því við vin sinn, eða kunningja, að sjer líkað hann best af því sem „Skírni“ kæmi með núna.

Okkur líður vel en mig langar opt til þeirra hinumeginn. –

Þú reynir kannske að skrifa mjer fáein orð bráðum! Það má vera lítið.

Sá nú samstundis í „Ísafold“, að fógeti var að ráðstafa húsinu ykkar 6. apríl. Þá áttu að missa það aumingja Guðrún.

Reykjavík 19. maí 1915

Blessuð Ólöf mín.

Skelfing ertu góð við mig. Skrifar mjer með hverri ferð já hjartans, hjartans þökk fyrir brjefið það kom sjer *vel* eins og vant er – það er sálin sem rekur burtu skuggana – alt þettað sem maður fær eylífðar löndunum – björtu. Þakka þjer ótal sinnum fyrir það eins og alt annað.

Jeg skil ekki að þú hefur ekki fengið brjefið sem jeg sendi með Þórólfi. Baldur Sveins. í Ellivatnssveit – hann ætlaði að skilja það eftir hjá Stefáni skólameistara. Jeg man ekki vel nær hann fór. Vona að þú hafir fengið það nú. Það var ekki lítið merkilegt að Þorsteinn minn blessaður skildi segja þettað að hann hefði verið hjá mjer þegar jeg las brjefið – *mjer* fannst það *líka* endilega hann vera hjá mjer *þá* – og svo dreimir mig vísurnar um nóttina. Vona að þú hafir fengið brjefið af því endurtek jeg það ekki nú – annars geri jeg það *sýðar* – blessuð vertu alla ævi og um eylífð fyrir öll gæðin þín við mig elsku Ólöf mín – þú þarft mest á þeirri hugun að halda – þeirri sælu sem þú ert að beita öllum vilja þínum og góðleika til – jeg veit að guð borgar þjer það *fyr* eða *sýðar* –. Þriðju vísuna fjekk jeg litlu *sýðar* – hún er svona – Geislan sem hún gefur þjer, gaman væri að muna, og ilinn sem þjer auka mjer – ekki er hægt að gruna.

Skrifa þjer þettað að gamni mínu – held nú ekki að þjer sje það svo mikill fengur þó mjer þækti það fróun.

Jeg verð í húsinu mínum hef sigrast á allri ónærgætni ríkismanna – ætla að *siþja* á meðan *sætt* er í litla hvíta steininum okkar – beiti til þess öllum kröftum mínu.

Við erum öll frísk – nema jeg er *ef þreitt* börnin sínast afbragðsvel gefin – guði sje lof fyrir þau –. Vertu blessuð og sæl elsku vinkona mín – guð geimi ykkur bæði og *launi* fyrir mig.

Þín elskandi
Guðrún.

Hlöðum 22. maí 1915

Blessuð Guðrún mín!

Loks fjekk jeg brjefið þitt, núna fyrir fáum dögum, brjefið sem að þú skrifaðir skömmu fyrir sumarmál og sendir með „Pallux“. Ekki veit jeg hvar það hefir lent svo lengi, líklega í vasa óskilvísra manna. Jeg gladdist mikið af því og gamli „Fóstri“ kom, með hægðinni, úr sinni kompu, til að hlusta á hvað þú hefðir að segja. Hann gerir það æfinlega þegar að þín brjef koma, og augun hans góðu horfa athugul á mig meðan að jeg les, og svo situr hann ögn hjá mjer og við tölum um þig og þinn hag, og erum samhuga. Svona gengur það í kvert skipti og jeg les honum líka það sem að jeg segi við þig og finnst mjer að honum vera hvað annast um ykkur af þeim sem að jeg hef brjefaskipti við, og ekki minna síðan að þú varst *ein* í lífsstríðinu. Við urðum svo fegin að þú náðir umráðum á húsinu svo að þið þyrftuð ekki að hrekjast burt með endurminningarnar allar sem þið egið þar, minningar ykkar dýrmætu. Jú, víst þykir mjer þú elskulega sjálfbjarga, og gleðst af! Það er nokkur munur að geta ögn, þegar á reynir.

Og hvað mjer þá þótti vænt um að fá vísurnar, sem vinur okkar yrkir um „Ólöfu ykkar á Hlöðum“. Fyrri vísuna gat enginn í okkar landi hafa sagt, annar en Þorsteinn, að okkur finnst, og á sama máli var sr. Jónas Jónasson, sem jeg ljét heyra, en ekki eins alveg auðkennileg seinni vísan, gæti mögulega verið eptir Steingrím, jafnvel Jónas Hallgrímsson, og gæti líka verið eptir Þorstein. Jeg ætlaði að fara að spyrja hann um það á sunnudaginn var, þá var brjef þitt nýkomið og miðillinn kom augnablik og jeg var nýbúin að ná sambandi við Þorstein og farin að tala um vísurnar mínar þessar og var hann eitthvað að nefna Jónas að hann hefði verið í og með, en þá trufluðust við með sambandið svo að það varð markleysa og nú er víst næstum úti og búíð með það yfir sumartímann, miðillinn má enga stund eiga sig, annrkið og áhugi á vinnunni halda honum föstum, en hann vill halda áfram seinna ef að við getum, en til þess að þú hafir þó ofurlítið eitt orð í þá áttina, sendi jeg þjer dálítinn fyrirlestur sem að jeg vona að þú getir felt þig við þó að hann sje frá „guðspekingum“, því höfundurinn er líka „sambandsmaður“, fjekkst mörg ár við að ransaka dulræn mál frá öllum þekktum hliðum, og komst svo langt að hann sjer nú vakandi að því er hann sjálfur er sannfærður um inni ósýnilegu tilverurnar og getur sagt okkur tíðindin þaðan og vyrðist mjer ekki með öllu ómerkilegt málefni það, sem maðurinn helgar nú alt sitt líf og óðum breiðist út um

allan heim. Jeg hef mikið lesið eptir manninn þann og aðra þá sem sömu stefnu fylgja, og held jeg að báðar þær dulrænu stefnur: „guðspekin“ og „spíritisminn“ sjeu á leiðinni með „guðsríkið“ væntanlega og þráða, til okkar manna og er þá ekki furða þó að þær eigi örðugt uppdráttar hjá okkur, en ef að þær eru á ferð með sannleikann, þá sigra þær þó seint gangi.

Þessi litli bæklingur sem jeg sendi þjer er svo stuttur og auðveldur að Svanhildur þín getur lesið hann fyrir þig á meðan að þú situr með vinnu þína. „Mátt hugsananna“ vil jeg líka að þú eigir ef að þú gætir einhvetíma gripið í að lesa. Þú ert að hugsa um frú Bergljótu! Það þykir mjer vænt um, og hlýja hugsun vil jeg senda henni ásamt ykkur frú Kristínu, og ættum við allar að gera það samstundis og daglega í sömu mund, og þarf jeg þá að fá að vita um þá klukkustund, nákvæmlega, og frú Bergljót verður að vita um það líka, og vilja það, og jeg veit að hún vill. Þó að við ekki sjeum þess megnugar að gagnast henni heilsufarslega, getum við orðið henni að liði samt, ef að við erum samhuga og samtaka. Nú lætur einhver ykkar mig vita. Hefir frú Bergljót sagt þjer frá tilraunum í þá átt? Ekki hef jeg sagt þjer. Þú ættir að sýna sr. Haraldi þessi kver sem jeg sendi þjer, svo að hann fái hugmynd um „guðspekina“ illa ræmdu.

Nokkuð var það annað, Guðrún mín! Með síðasta pósti sendi jeg þjer ansi ljelegt brjef - og þeim hjónum: sr. Haraldi, líka – alt ljelegt held jeg hafi verið, var ekki upplögð líklega, og þá var jeg að tína til þín það lítið sem jeg hafði úr „sambandinu“ en einu gleimdi jeg: Í vetur spurði kona mig um það, hvort satt mundi vera, að Þorsteinn hefði látið einhver skila til þín, í vetur – úr „sambandi“ átti það að vera – að hann vildi að þú ljetir skíra börnin ykkar. Jeg sagði, sem var, að jeg vissi ekkert um þetta, ekki einu sinni um það hvort börnin væru prestsskírð og vildi konan endilega fá að vita þetta, líklega mest af forvitni. Svo spyr jeg Þorstein skömmu seinna um þetta: hvort börnin sjeu ekki prests-skírð og segir hann að þau sjeu það ekki. „Hefir þú þá beðið Guðrúnu um að láta skíra þau?“ „Nei“. „Já, jeg bjóst við þessu að það væri ósatt.“ Litlu seinna stafar hann: „Ólöf! Viltu segja Guðrúnu fyrir mig, að jeg biðji hana um að láta skíra börnin okkar!“ „Já, Þorsteinn minn, ef jeg vissi að þú vilt það, en jeg veit ekki hvort sambandið er í lagi svo að jeg megi marka það.“ „Viltu skila þessu Ólöf?“ „Já, vinur minn jeg skal segja henni þetta, en mjer finnst sambandið ekki vel ábyggilegt.“ Þetta var í apríl, en jeg gleymdi því alveg. Eru börnin óskírð? Það langar mig einhvetíma til að vita. Ef að þau eru það, viltu þá ekki minnst á þetta við sr. Harald einhvetíma?

Ef að þú ferð enn að senda mjer peninga Guðrún, sem að þú lætur heita að sje fyrir „Smákvæðin“ þá endursendi jeg þjer þá, að mjer heilli og lifandi. Þá skömm geri jeg mjer ekki, að taka enn við peningum frá þjer, auminganum sem ert kannske að missa knáleikann þinn og getuna af ofraun og basli. Við vorum að hugsa um að senda þjer fáein pund af smjöri núna með skipinu en erum hrædd um að það dugi ekki hitans vegna á svona skipi, mundi einungis ónýttast, svo ekki varð af því, og þú átt hjá okkur. Smjör er hjer fremur ódýrt, á 75-80 aur. pundið en það er að koma því! Skyldum við þá engan lítinn greiða getað gjört þjer? Blessuð segðu okkur!

Aumast til að vita ef að þú missir heilsu og gefst upp í stríðinu þínu! Alstaðar er nú lofuð minning ástvinar ykkar, og dr. Valtýr minnir á ungana í hreiðrinu sem að hann hafði skilið eftir sig og eigi að njóta hans. Skyldi ekki einhver sem getur sýnt í verki að hann sje á sama máli?

Mjer finnst að þjer muni vera ofurlítill ánægjuauki í allri þessari aðdáun og velvild mannanna, sem samróma kemur í hverju blaði og málgagni sem útkemur um ástvininn þinn horfna. Þú veitst nú líklega ekki um það alt, hefir annað með þig að gera, enn lesa alt blaðadótið, en um sumt af því veitstu líklega. „Ísafold“ þýðir nýlega mæt minningarorð eptir sænskan mann sem persónulega kynntist Þorsteini fyrir nokkrum árum og þótti augun hans fögur, eins og okkur.

Þetta erindi gerði jeg við Þorstein einhvetíma snemma í vetur þegar mjer fanst hann vera hjá okkur:

Hvað mig langar – langar yfir,
litla eyðið, dauðans-sund!
Geiglaus sígur svefninn yfir,
sem ber mig á ykkar fund.

Fyrst þú, vinur, vakir, lifir,
vektu mig af dauðans blund!
Vektu fyrstu vitund mína:
Vinur, stattu hjá mjer kyr!

Ef jeg horfi' á ásýnd þína,
endurminning vaknar, spyr.
Augun fögru á mig skína',
og opnar standa ljóssins dyr!

Ög alt þetta mátt þú þola Guðrún mín, og gamli „Fóstri“ minn að sínu leiti! Þorsteinn skrifar ljóð til mín á heilann þinn og jeg sendi honum mín í sambandið og þó grunar mig að ekki verði að klandri þegar yfirum kemur. Skyldir þú nú þurfa að basla ein og þreija lengur en 10-20 ára tíma! Þú þolir talsvert mikið, hugsa jeg, ef heilsan gæti dálftið hressst við aptur og 10-20 ár eru ekki ýkja lengi á ferðinni hjá manni, ef ljósblettir leika um, af og til, og það gera þeir hjá þjer, eins og þú ert að sinnisfari.

Ög svo lofið þið frú Kristín mjer að vita ef að þið ætlið að reyna að hugsa um frú Bergljótu, henni til gagns, og jeg bið þig fyrir hlýja kveðju til þeirra hjóna, og einnig Kristínar. Hún var að tala um að skrifa mjer, en ekki látið verða af, mjer kannske orðið eitthvað á með hana, er vís til þess! Mjer þykir vænt um alla sem að jeg veit að eru þjer góðir nú, og hún er líkleg til að vera það, og góð var hún mjer, næstum við of, af því að jeg get engu launað konunni.

Ef að þú ferð austur til sr. Kjartans og frú Sigríðar, í sumar, þá segðu þeim að

stutta viðkyningin við þau, sje samanofin við indislega, litla kvöldið hjá ykkur Þorsteini, og sje mín mætasta minning frá suðurferðinni í fyrra, og svo viðkyningin við sr. Harald og hans konu og tengdaföður, en altaf voruð þið Þorsteinn einu *skyldmennin* mín þar í landi. Og svo hlýr hugur og innileg kveðja til ykkar frá okkur!

Þín Ólöf.

Einhverntíma reyni þú að skrifa mjer nokkur orð, og þá segir þú mjer um hvað fólki finnst um „Þorsteinn“ minn, þarna syðra. Hér er honum tekið vel, það sem jeg til veit. – Hvað segir vinur okkar, sr. Haraldur?

Reykjavík 4. júní 1915.

Hjartans vina mín!

Skelfing ertu góð við mig elsku Ólöf mín að skrifa mjer svona oft – jeg *kyssi* þig nú fyrir blessað brjefið sýðasta eins og alt annað frá þjer var það yndislegt, hlýtt og bjart – það er altaf eins og jeg finni einhvern ilm frá eyllíðar löndunum þegar jeg les brjefin þín – mjer finst jeg heira og finna nálægð vinanna okkar hinu megjin landamæranna –. Það er eins og það eyllífa færirst alt nær mjer við orðin þín. Svona er það þegar blessaður prófessor Haraldur Nýelsson er að tala við mig um eyllíðina hvort heldur í kirkjunni eða annar staðar. Mjer finst hann hafa eitthvert undralag á að láta mig gleima öllum *dauda* öllum fjarlægðum milli míns og ástvinar míns – hans hlutverk er guðdómlegt – og hugsaðu þjer – að nú ber hann þettað brjef – jeg gleðst eins og barn af þeirri hugsun að þú fáir nú að njóta hans nokkur augnablik – já og jeg vona – og veit að það verða mörg blessunar rik orð sem hann talar í þessari ferð fyrir marga – jeg hef svo oft óskað að *alt landið mitt* heirði hann tala í kirkjunni – sjerstaklega þjer sem *syrgja* –. Ó, hvað frú Bergljót á bággt altaf veik blessaður auminginn. Já þau eiga bæði bággt grátlega bággt. Þettað er nú alveg nýtt með magann. Sjera Kjartan kom hjer og mjer til stórrar ánægju. Hann biður mig fyrir kæra kveðju, og hann sagðist fegin mundi kaupa dýru verði kvöld stundina þá í fyrra vor – hann segjist vera viss um að við fáum einhverntíma framhald af því samtali –. Ó, hvað mjer þykir vænt um þessi yndislegu *litlu högg* já satt er það „ólík ertu flestum konum“. Það mundu fáir endast til að skrifa mjer svona nákvæmlega og svona margt og oft – jeg veit að það er stór velgjörð við mig – mjer er þettað alt saman kunnara en nokkuð annað – því eins og þú veist elsku hjartans Ólöf mín þá er allur hugur minn hjá ástvininum mínum blessaða –. Ó, hvað jeg hlakka til að koma til hans –.

Jeg er svo lasin Ólöf mín að jeg get varla skr. þessi orð – það er samt ekki annað vona jeg en þreita og ofllitill svefn – jeg er að hugsa um að reina að komast austur að Hruna í sumar svólúttinn tíma með elskurnar mínar litlu Erling og Svönu –. Því ekki má jeg af *þeim sjá* – jeg finn að jeg verð að fá hvíld ef jeg á að lifa, eitthvað

ofurlítið. Frá Hruna áttu að fá langt brjef – en nú er jeg bara að tefja þig frá að tala við andlegasta anda landsins. Heilsaðu litlu höggunum – reindu að bera *kveðju*.

Guð geimi þig elsku vina mín.

Þín elskandi
Guðrún.

Elsku Ólöf mín!

Frú Bergljót heldur að sinn tími til *bænanna* okkar sje góður kl. 10 að kvöldi – viltu segja Frú Kristínu það.

Guð gefi okkur að geta *eitthvað* fyrir hana.

Á Akureyri stödd 18/7. – 15.

Blessuð Guðrún mín!

Nú er hátíð hjá mjer, heylög jó! Mjer er þörf á að lofa Guð fyrir þessa lyftingu, þennan ljósna sem leggur um okkur hjer í og með andríki og snild sr. Haraldar. Þú færð hann nú bráðum aptur, og blessuð konan hanns, sjúk og máttvana, sem bíður hanns heima, meðan krapturinn hanns mikli streymir um okkur. Það gleður mig meira enn sagt verði, að vita þennan afburðar mann starfandi í liði þess góða. Jeg er nýkomin úr kirkjunni frá honum og er heit og hrifin langar til að faðma alla og alt, og – þakka, þakka!

Hann kom snöggvast – að Hlöðum og svo flutti jeg mig inneptir og hef hlustað á hann og glaðst þryskar og nú er jeg að fara af stað heim, en þarf að grípa blað áður og sýna þjer ástandið með fáum orðum. Fólkíð streymir að honum og fyllir húsið þrátt fyrir deyfð og annríki, og maðurinn hlýtur að vera glaður yfir getunni sinni miklu og áhrifa – öldunni sem hann orkar að velta „Guð gæfi að hann kæmi aptur á hverju sumri“, sagði gömul kona klökk í rómi með társvot augu í gærkv. „Þessi orð skal hann fá“ sagði jeg, og afhendi þjer þau nú, og jeg afhendi þjer líka þökk og gleði okkar handa frú Bergljótu sem eggjar hann á að halda áfram ferðinni, þrátt fyrir þörf hennar að hafa hann altaf sjálf nálegan sjer. Við skulum muna hana og hugsa af öllum kröptum góðvildar til hennar. Þetta áttu að segja henni fyrir mig, elsku Guðrún mín, ef að þú ert ófarin austur.

Ósköp langar mig til að þú fái að fara yfirum til ástvinarins þíns en sá sjer betur hvað hentar, sem þú, og þín málefni, eru í höndunum á. Nú sem stendur er mjer ljóst og sterkt traustið á handleiðslunni á okkur og veit að þjer, og öllu er borgið þó er við sje stundum.

Þrjú brjef hef jeg fengið frá þjer síðan að jeg skrifaði þjer síðast og er það furðulegt og elskulegt, en peningunum var mjer raun að, og til að særa þig ekki læt jeg þá ekki til þín aptur, þó jeg með því verði að ganga á bak orða minna.

Mjer þykir frú Kristín fágætari og merkilegri að dulrænni getu enn jeg hjelt.

Tala um það seinna. Fer nú að týgja mig heim og hendi þessu í póstkassann og fer það þá á stað til þín á morgun.

Guð annist ykkur, og alla, alla!

Þín Ólöf á
Hlöðum.

Reykjavík 17. ágúst 1915.

Blessuð Ólöf mín!

Jeg marg kyssi þig fyrir yndæla *logheita* brjefið þitt sem þú skrifaðir mjer sýðast, jeg fjekk það austur að Hruna – hef verið þar eistra nú í rúmar 3 vikur og gátu eingar vinar hendur verið merkri en þær sem snertu mig í Hruna og þar eystra.

Kom í gærkveldi – vórum lasin í ferðinni, en er að verða gott aftur – hafði samt tölu vert gott af að fara, hef hresst dálítið við að fara hafði þörf á því – vakti og var svo mikið hjá Frú Bergljótu – og jeg er mjög ánægð yfir að jeg gat það, til sýðasta andartaks – jeg gæti skrifað þjer margt um það elsku vina mín þegar jeg fæ tíma – kvað hún sagði í legunni, og hvað fyrir mig hefur borið sýðan og fl. og fl. en nú er eingin tími, langaði aðeins að senda þjer kveðju því nú er Frú Steffanía leikmeistari að leggja á stað norður á Akureyri og langar að sjá þig, og jeg vil það gjarnan hún er yndisleg kona, og mjög „inntresseruð“ fyrir okkar málum er í söfnuði Haraldr okkar *mikla* og góða og er þar að auki vinkona mín, sem ætti nú að hækka hana ögn í verði!!

Jeg get ekki þakkað þjer eins vel og jeg vil fyrir blessuð fallettu ljóðin um hana Bergljótu okkar –. Það var eina falletta kvæðið um hana – það sagði jeg Haraldi í dag að mjer findist þitt *fallett* en hin kinni jeg ekki *að meta*.

Óskup átti hann H. bágt að vera svona langt frá konunni sinni á sýðustu stundu en hann ber sig mjög vel.

Vertu blessuð og sæl elsku Ólöf mín – og jeg þrái línu þegar þú getur.

Þín elskandi
Guðrún.

Það smá stækkar hópurinn sem þú kinnstist í gegnum mig – Haraldur og Kristin – nú kemur Steffanía og bráðum Björn Kristjáns bankastjóri.

Hlöðum 10. októbr. 1915.

Blessuð Guðrún mín!

Það lítur líkt því út eins og jeg væri hætt að hugsa um ykkur, svo sjaldan sem þú verður mín vör í seinni tíð, en ekki er það svo að jeg minnst ykkar ekki jafn opt og áður en jeg hef verið óvanalega mikið á kafi í vinnu í sumar og næstum öll þar, en vel hef jeg munað og vissi vel þegar fyrsta þrauta árið þitt var á enda frá því að ástvinurinn þinn hvarf þjer og skyldi eftir auða sætið sitt meðal okkar. Ekki hef jeg

nema einusinni í sumar náð sambandi við hann, eptir því sem jeg held hef ekkert getað átt við það fyrir önnum og svo er ávalt á sumrum. Þetta eina skiptið var einungis borðhreifing og því mjög ófullkomið. Mig langaði til að ná tali af frú Bergljótu, ekki alllöngu eptir það að hún fór yfirum, og kom Þorsteinn okkar óðara með hana til mín – eptir því sem jeg held – og var nú ekki í skáldahópnum sínum, en einn með henni, glaður og fjörugur að vanda, og mintist jeg einungis með einu orði á ykkur, og bað hann svo um að lofa mjer að fá hana, og var viðtal okkar Þorsteins því næstum ekkert, en viss er jeg um að þar var hann þó.

Nú er búið örðugasta árið þitt blessuð Guðrún mín, og tómlaikinn og sársaukinn fara að verða minna sárir, vaninn, tímalengdin linar æfinlega hörðustu átökin fyrstu, og hugurinn getur smámsaman fest sig við fleyra en sáru þrárnar og minningarnar, en stríð-samt áttu nú víst samt, þó úrræðagóð og ötul sjertu. Og meðan jeg man verð jeg að þakka þjer ástsamlega brjef þitt með frú Stefanýju og velvild þína þá, og aðra, að vilja lofa mjer að ná í ánægju af viðkyppingu við hana. Hún kom í vagni við fjórða mann og mátti ekki stansa meir en 1/2 – 1 kl.tíma, svo viðtal og viðkypping urðu næstum engin, en við sáum andlitin hver á annari, og það er altaf nokkuð. Þá var jeg líka inni í heyskap og gat aldrei komið því við að fara inneptir til að kynnast list hennar, en sönn var góða hugsunarsemin þín að senda mjer hana. Mjer fannst að við hefðum getað orðið kunningjar við meiri viðkyppingu, en frú Kristín kynntist jeg mjer til gagns og ánægju, og hefir hún sjálfsagt sagt þjer af okkur eitthvað. Og ekki tala jeg um hver fengur okkur þótti í því að fá sr. Harald norður. Þar eru allir á einu máli sem nokkuð höfðu af honum að segja, og er það ekki algengt að allir sjeu á einu máli um hlutina.

Mjer hefur liðið ágætivel í sumar, verið óvanalega frísk og fengið margt til viðurhalds andlegu lífi mínu og eiga þau Kristín og sr. Haraldur þar mestan hlut að. Guð blessi ykkur öll sem berið birtu inn til mín! Gott er að vita að þú, og þið, áttuð ykkur svo góða vini að hvílast hjá, sem sr. Kjartan og frú Sigríði. Mjer er það mikil ánægja þó helst hefði jeg viljað geta sjálf haft ykkur.

Opt raula jeg ljóð Þorsteins okkar, og vænt þykir mjer um hann, og gott verður okkur, Guðrún mín, að hitta hann aptur. Heldur þú ekki það? Mig langar til að vita hvað ykkur frú Bergljótu fór á milli síðast. Heldur þú ekki að þú reynir ekki að segja mjer ögn af því seinna. Og gott var og gleðilegt fyrir þig, að hafa orðið til þess að gera sjera Haraldi þann mikla greiða að annast um hana síðast.

Nú má jeg ekki meir. Póstur fer að koma út í „Hálsinn“ og í veg fyrir hann á brjefið að fara. Guð annist ykkur! Innileg kveðja frá gamla bóndanum mínum til þín.

Vertu nú sæl!

Ólöf.

Hlöðum 4. nóvembr. 1915

Guðrún mín blessuð!

Jeg kem með kveðju til þín frá Þorsteini okkar! Nú skaltu heyra: Þegar að jeg var búin með haustverkin, ansans sullið það, þá lofaði jeg mjer út í góða veðrið, inná Akureyri og ofurlítið lengra. Þar hitti jeg svo á, að stúlka sem mjer er kunnug og mikið fæst við andlega mál var fyrir fáum dögum farin að „skrifa ósjálfrátt“, og fjekk jeg að vera viðstödd eitt kvöld. Við sátum saman og fór hún strax að skrifa og er sagt að margt manna sje nú þar viðstatt – andar, nefnil. – og vilji fá að tala við Ólöfu og ætli hann – sá sem stýrði miðlinum – að lofa einhverjum einum að komast snöggvast að til að tala við hana áður en eiginlega málefnið byrji sem hann vildi koma að í stjórnandinn. Svo kemur ógnar kast á handlegg og hönd stúlkunnar og jeg finn á mjer að þar er Þorsteinn kominn og segi lágt „Það er víst Þorsteinn minn Erlingsson.“ „Einhver er það sem yrkir“, segja þær sem lásu jafnóðum og skrifað var: „Þú ert mikið trygðatröll, trú þín aldrei bilar“ og svo kastaðist hendin ósköpin öll en ekkert skrifaðist þangað til loksins að rissað var með fjaska stórum stöfum: „Jeg get ekki ort meira núna, ræð ekki við miðilinn, skal reyna að bæta við seinna. Þorsteinn. Bið að heilsa Guðrúnu. Vertu sæl!“

Þetta held jeg að sje alveg orðrjett og mjög var það greinilega skrifað, en höndin ekki greinileg, því rissað var svo feikilega stórt.

Annað hef jeg ekki handa þjer, elskan mín núna. Kem aptur ef að jeg eignast eitthvað. Á gott og er glöð. Aldrei liðið eins vel á æfinni eins og stundum nú og á jeg sumt af því þjer að þakka. Mjer er að verða ant um alla og hugsa fremur lítið um sjálfa mig. Veit af handleiðslunni á okkur, þreifa á henni og er óhult. Vertu í Guðsfriði Guðrún mín! Þú og börnin ykkar öll!

Ólöf.

Kem seinna. Hlý og góð kveðja frá Halldóri! Gott áttir þú að getað hjálpað frú Bergljótu!

Ágæt kveðja til frú Kristínar „Símonarson“.

Hlöðum 2. desembr. 1915.

Blessuð sjertu Guðrún mín!

Hjer kem jeg enn með fá ein orð, þjer munu hafa þótt þau nokkuð fá í miðanum síðast. Ekki þarft þú samt að verða „afbrýðissöm“ útúr Kristínu, því mjer þykja brjefin þín stórum skemtilegri en hennar, og hún langtum betri talandi enn skrifandi. Þetta vil jeg ekki segja við hana, því það líklega særði hana, og ekki vil jeg það, þó hreinskilin vilji jeg helst meiga vera öllum æfinlega. Á þessu sjerðu að jeg er ekki að taka fram hjá þjer með kvennfólki, enda ólíklegt, því kynlaus var jeg

ekki, þó að jeg sje núna í seinni tíð orðin hneigðari fyrir konur enn menn - optast nær, að undanteknum honum Stefensen, sem að jeg þó aldrei hef síðan sjeð, og veit því ekki hvað mjer líður með. Og nú er dauð öll öfund í mjer útúr því, að þessi skuli fá að vera hjá þessum! Það var þó meir en lítið sárt að geta ekki náð í þá alla saman handa sjálfri mjer, og sjá, eða vita, hinar hjá þeim. Nú er alt það hjálíðið og hlæilegt. Ekki þarf jeg einusinni að sjá inní botntæru augun þín, til þess að lesa í þeim það, sem þjer nú er leynt og heylagt. Jeg finn það á mjer án þess, að jeg held. Heldur þú ekki það líka? En ofurlítið getur þú þó drepíð á það við mig í brjefinu sem að jeg fæ með janúarpóstinum, því um jólaleitið held jeg að þú reynir að fá ofurlítinn frið og kvíld, og þá kemur þú til mín einhverja kvöldstund, og segir mjer eitthvað af því sem umbrýst í þjer.

Ekki veit jeg betur en Þorsteinn okkar sje nú hjerna nálægur einhver ósýnilegur er það, og altaf kemur hann í sambandið hjá okkur, að því er jeg held, þá sjaldan að miðillinn minn má vera af því! Við höfum einungis þrysvar verið við borð í vetur, og það einungis borðhreifing í myrkri og því ekki ábyggilegt og ekkert eptir hafandi. Hann sagði mjer síðast – á sunnudaginn var, að þú ættir ekki mikið bágt, að þið væruð frísk. „Langar þig nokkuð til að láta segja þeim annað en kveðju?“ „Nei!“ „Þú getur heldur ekki í svona sambandi, nema svarað mjer.“ „Nei.“ „Er sambandið samt ekki gott núna, mjer fynnst alt svo ljett og rugllaust?“ „Jú!“ Og svo ljek hann með borðið og dillaði því. „Altat liggur vel á þjer, það er auðfundið!“ „Já!“ Og borðið hoppaði. „Heyrðu vinur, varst það þú sem varst með mig í fyrrakv. þegar að jeg var að sofna, og sagðir, um leið og jeg leið inní ósegjanlega þýðann, mjúkkann söng: „Þú sem að ert næstum farin að sjá yfirum til okkar,“ og í því hrökk jeg upp eptir fáeinar cekúndur sem jeg leið í dvala eða svefn og inní mjúka, laðandi sönginn. „Varst það þú Þorsteinn minn, sem að sagðir þetta?“ „Nei!“ „Var það ekki einhver vinanna minna?“ „Jú!“ „Var það karlmaður?“ „Nei!“ „Nú. Guðrún amma?“ „Nei!“ „Nú. Hver var það þá? Æi,! Frú Bergljót?“ „Já!“ Og borðið tók mikið stökk. „Nú! Er hún opt í kringum mig, blessuð?“ „Já!“ „Er hún núna?“ „Nei!“ „Heyrðu! Getur þú ekki náð í hana einhvetíma fyrir mig, og sagt henni –?“ það sem jeg tiltók. „Jú, jú!“

Annars hef jeg ekkert handa þjer, Guðrún mín, frá ástvininum þínum, ekkert nógu ábyggilegt, enda hann í persónulegu sambandi við þig sofandi. Þegar að jeg skrifaði þetta kom stór brestur í þylið rjett hjá mjer og annar líttill rjett á eptir, því altaf eru tveir brestir eða smá högg þar sem hann er, að jeg held. Hef tekið opt eptir því, og alt öðru vísi er það, sem að jeg verð vör við kringum mig, hjá sumum, en hinum.

Jeg væri fjaska ánægð núna, eins og að jeg annars altaf er, nú orðið, ef að litla vetlinga-angarnir, sem að jeg ætlaði að gefa börnunum ykkar Þorsteins, mjer til sælgætis og þeim til gamans, hefðu ekki orðið svona ljótir hjá mjer. Jeg var svo naumt fyrir með að gera þá, að jeg mátti ekki vera að spinna í þá líti, var að nota í þá smáhnikla, en þegar þvegið var, kom það í ljós að ólukku smáhnóðrarnir sem sýndust eins gráir voru sinn úr hverri áttinni. Svana þyrfti að fá fallelgri seinna. Og svo er ekkert til handa þjer! En Kristín fær sína. Henni skulda jeg líka, eins og

ykkur. Er altaf í skuldum nú, sem að jeg ekki var, því fleyri og fleyri leggja inn hjá mjer.

Ekki áttu nú að fá annað en þetta, þennan litla miða, núna, en ekki er það af því að okkur sje minna umhugað um þig enn í fyrra. Halldór er ekki kverflyndur, og jeg hlakka mest til að hitta Þorstein, þegar yfirum kemur, mest þeirra sem enn eru farnir, og þá sjerðu að ekkert vit væri í því að láta sjer vera sama um þá, sem eru eitt með honum.

Þú ætlar að skrifa mjer dálítið í næði næst, Guðrún mín! Tók jeg ekki rjett eptir því?

Og svo hjartanleg kveðja og jólaósk frá okkur báðum, til ykkar allra!
Þín Ólöf.

Frú Stefánja hvað eiga bágt í augunum sínum. Henni líður þá líklega illa. Annars er mjer ofurlítið ant um hana síðan að jeg sá hana.

Jeg las þulurnar hennar frá Theodóru og bað að heilsa henni við tækifæri. „Muggur“, systursonur hennar kom til mín í haust. Að þeim unga manni geðjaðist mjer, mikið vel. Það var ánægja að nálægð hanns.

Brjefið ykkar frá Kristínar lá í vasa 2 – 3 vikur, gleymdist, svo að jeg er nýbúin að fá það.

Ekkert er víst að vetlingarnir passi krökkunum. Hanns of stórir, hennar of litlir?

8/1. - 16.

Blessuð Guðrún mín!

Brjefið þitt gladdi mig, eins og öll þín brjef gera, og vertu æfinlega blessuð! Jeg er að ná í „fossinn“ [“ okkar með brjef til sr. Haraldar, hann gaf mjer merkilega bók, og er mjer hreint ótrúlega elskulegur, svo að mjer er hrein ráðgáta þetta: að hann lætur þig ekki finna ánægju sína og þökk fyrir afskipti þín af Bergl. í bágindum hennar. Elskan mín segðu mjer hvernig andlegri þjáningu hennar var háttað, ef að þú mátt segja, jeg skal gæta þess vendilega að ekki fari víðar, nje saki á neinn hátt. Það hefir líklega verið örðugt þeirra á millum, kannske eitthvað skylt við afbrýðissemi eptir það að hún varð veik. Já, það var gott að hún losnaði við ónýta líkaman sinn!

Í flýti sting jeg þessum miða innanní hjá sr. H. Með „Seres“ sendi jeg þjer líklega „Smákvæðin“ með þeim skilmála þó, að getir þú selt nokkur eintök þá átt þú andvirðið því þú átt alt þitt mikla ómak ólaunað og ótal margt óborgað, en að auka að nýju við erviði þitt og þreytu mjer til ágóða það þigg jeg ekki Guðrún mín!

Jeg á opt orðaskipti við ástvin þinn, að jeg held, en af því að við í vetur höfum einungis borðhreifingar þá er ekkert úr því viðtali að segja en altaf finn jeg á mjer að þar er hann, glaður og góður og segist vera að skjóta að mjer hugsunum þegar jeg

er að hugsa saman ljóð. Af þessu hef jeg opt ánægju og hana mikla. Hann játti því að þú, og sr. Har., hafi haft viðtal við þau, á tilraunafundinum hjá ykkur í vetur.

Má ekki meira. Guð sje með ykkur, og gott verður þegar alt örðugt er búið. Halldór hugsar um þig og sendir kveðju.

Þín Ólöf.

Hlöðum 1. febrúar 1916.

Guðrún mín blessuð!

Einungis fáein orð færðu núna. Jeg er að flýta mjer með að ná í „Ceres“ með bækurnar. Gerðu það nú fyrir mig, Guðrún mín, að sökkva mjer nú ekki dýpra í skuld við þig enn orðið er, þó að jeg sendi þjer þessar bækur sem annars lægju óseldar. Þú átt andvirðið ef að þú selur nokkuð, ekki sem gjöf – síður en svo, en sem sölulaun fyrir eitthvað af því sem að þú seldir án launa. Nóg að jeg standi í skuld við þig æfilangt annars, þá ekki sjeu fjármunir líka.

Og ómögulega vil jeg að þú sendir mjer neitt, eins og þú varst að segja, vegna vetlinga geplanna krakkanna sem vóru alt öðrúvísi enn jeg vildi. Hvaða ánægja heldur þú að mjer sje að gefa krökkunum ykkar þá, ef að þú hugsar altaf um að borga og margborga, þó ekkert sje að borga. Athugaðu nú þetta og lof mjer að ráða ögn við örlætið þitt, sem ekkert hóf kann sjer. Jeg er svo sem ekki mikið þurfandi eða fátæk, hef öldungis mátulegt, einmitt alt sem jeg þarf með sem ekki er margbrotið. Okkur líður vel, okkur „fóstra“ mínum gamla, og betri er ellin er æskan mjer, og altaf betra og betra eptir því sem álfður daginn: æfidaginn.

Getur þú ekki Guðrún mín, skilið eptir börnin einhvestaðar og skotist norður til okkar á veiðiskipi í sumar? Það er svo ódýrt og fljótlegt og óðara hjáliðið þó ekki sje sem best. Jeg var 36 tíma á leiðinni. Eins og þú segir væri mjög gott fyrir okkur að ná ögn saman og nóg til að tala um nokkra daga, en ekki kem jeg suður, svo að jeg viti, meðan að jeg hef „fóstra“ minn hjá mjer. Jeg er altaf að reyna að vinna og má engan tíma missa, og vil nú ekki heldur neitt annað, enn jeg hef heima. Það er alt svo ágætt svona. Jeg er viss um að þú ert mikið óvanalega móttækileg sálarlega, og dulræn náttúra í þjer, en annríkið og ókyrðin hindrar þig í að neyta þess. Jeg hef næðið og kyrðina, og því hef jeg góð skilirði til að gefa gaum. Jeg er orðin því svo vön að vera eins og útaf fyrir mig, að jeg verð dauðþreytt á að hafa aðra kringum mig, nema rjett einstaka. Jeg gæti ómögulega unað því að geta ekki verið ein þegar jeg vil. Það er bæði vani og náttúrufar. Mjer er hreint óskiljanlegt hvernig aðrir geta komist af með sitt ókyrra líf, kvíldarlaust hríngl og málanda frá morgni til kvölds. Það er hvorki hægt að vera hryggur nje glaður með því móti, enginn friður til að finna til.

Nú get jeg ekkert nýtt sagt þjer frá ástvininum þínum, við höfum sjaldan verið við borð í janúar, Dóri var lasinn og ílla fyrir kallaður, en opt veit jeg af honum nálægt mjer og nú held jeg að hann sje hjer, með litlu tvo smábrestina sína, hvern rjett á eptir öðrum, sem enginn gerir nema hann – að jeg held.

Mig furðar ekki að þjer sje ánægja að draumunum þínum fyrst að þú ert komin svo langt að muna þá. Í djúpum svefni fer sálin úr skroknum og er hjá vinum sínum á „andanna landi“ segja þeir sem vita. Vertu ávalt blessuð! Halldór biður að heilsa þjer og jeg Kristínu okkar kærlega.

Einhvetíma reynir þú að segja ögn við mig seinna.

Jeg er slæm í innýflunum núna, og því ekkert gaman að mjer. Hef verið lasin um tíma, ekkert mikið.

Undir bókinni þinni er brjef, sem jeg bið þig fyrir, þótt póstsvisk sjeu.

Hlöðum 18. marz 1916.

Guðrún mín!

Engan mann hef jeg hitt um æfina sem virðist vera í ætt við þig. Jeg veit ekki hvort síkveikur hver, eða tær gosbrunnur, eru líkari þjer. Þeir eru báðir þjer auðsæilega skyldir. „Halldór! Nú er blessunin hún Guðrún okkar víst alveg búin að tína vitglórunni sinni“, hrópaði jeg á Halldór á mánudaginn var, þegar að mjer barst í hendur brjef frá þjer sem að þú hafðir skrifað fyrir 7 vikum, og jeg opnaði fylgifiskinn: velumbúna pappaöskju, með brúnsvíkur-köku stórrí og fallegrí.

Þá var jeg alveg nfbúin að fá síðasta brjefið þitt blessað og ástúðlegt með síðasta pósti. – „Guðrún hvaða?“ spyr Fóstri, og hefíllinn stöðvast á miðri leið. „Við eigum nú ekki nema eina Guðrúnu. Hún Guðrún hanns Þorsteins! Hún sendir mjer í janúar Brúnsvíkur köku sunnan úr Reykjavík svo að jeg geti tekið þátt í afmælinu hennar. Heldur þú að hún sje með öllu viti?“ Og jeg húkti á hækjum mínum agndofa af undrun með kökuna í kjöltunni en var ekki búin að komast fram úr brjefinu, því skriftin var dálítið óglögg, eins og stundum þegar lítill er tímínn til skriftanna. Svo fór jeg að lesa brjefið sem stúlkan á Akureyri skrifaði með, og þá flýtti jeg mjer að segja fóstara að kakan væri ekki nándar nærri tveggja mánaðar gömul, heldur svo að segja ný og nú lægi fyrst fyrir að halda afmælisveisluna þína og taka „miðilinn með“. Víst var von að þú værir glöð yfir afmælinu þínu. Ekki hefði jeg orðið minna trilt af fögnuði í þínum sporum og á þínum aldri, og er jeg þó ekki annar eins eldgýgur eins og þú. Þetta var meira en lítið yndislegt fyrir þig, og merkilegur fengur fyrir okkur öll sem höfum áhuga á þeim málum, og fáum þarna fágætt sönnunargagn. Hvað hugsar þú Guðrún mín, sem átt þessa óhrekjandi sönnun fyrir tilveru áframhaldinu, að reyna ekki að koma vissunni um ódauðlegleikann inní höfuðið á henni frú Theodóru? Eða hvernig ætli að hún gæti útskírt þetta atriði, ef Þorsteinn væri aldaða, enginn? Hvaðan átti þjer að þá að koma rjett vitneskja um þetta, sem hann sagði þjer fyrir, og þú ert svo heppin að hafa vitni að? Það er ómögulegt annað en að svo gáfuð kona og væn, láti sannfærast innan skamms af öllum þeim óræku sönnunum sem nú streyma inní heimínn okkar, um, að þeir horfnu haldi áfram að vera sjálfum sjer líkir, og nálægir

okkur, með óslitnu minni og öllum sínum andlega sjerkenilegleik. Þú ert viss með að reyna að hjálpa henni út úr vafanum, Guðrún mín, og hún hlýtur að ná fótfestu fyrst að hún þarf og þráir.

Á sunnudagskv. var átti jeg stutt tal við vinina mína ósýnilegu og sagðist Þorsteinn ekki þurfa að láta mig skila neinu til ykkar, því nú gæti hann náð til þín sjálfur, og gengi sjer altaf betur og betur með það. Þá var jeg ekki búin að fá þetta brjef þitt með merkilegu sönnuninni. Skömmu áður var það að jeg var talsvert lasin af því að ígerð var útfrá skemdum jaksli – þeim eina sem sýkst hefir að mun, ennþá – og var hörð og sár bólguhella á kjálkabardinu og alt útlit á, að þar mundi grafa út, ef ekki væri ískorið, sem flestir mundu hafa verið búnir að fá lækni til, en jeg vildi nú ekki það, en það „miðilinn minn“ um að koma, svo að jeg gæti náð viðtali af vinunum mínum, – Þorsteinn og Ólafur eru það, sem að jeg altaf á mest tal við, og treysti best í öllu, af því að mjer þótti, og þykir, vænst um þá af öllum þeim hinumegin – og koma þeir nú til viðtals um kjálkan, og spyr jeg, hvort að þeir, góðu vinirnir mínir, geti nú ekki með hugsanakrafti sínum ráðið því, að útgrafi utaná tannholdinu, innan við kinnina – þar var lítil bólga og enga líkur til að útgrafi – svo jeg ætti hægara með að verja sárið blóðeytri og öðru grandi því lækni vildi jeg ekki „eins og þið vitið“, „Jú, jú!“ Það sögðust þeir geta! Og veitstu svo hvað! Þegar að jeg svo vakna næsta morgun eru langmestar líkur þess að út ætli að grafa þar sem jeg tiltók, því nú var stórum vaxinn keppurinn þar, og sársaukinn, og fyrir hádegi var komið gat á og alt gekk svo sársaukalaust og fljótt fyrir sig uppfrá því, að okkur Halldóri fannst ekki einleikið. Þessi saga er góð fyrir okkur, fulltrúa heimskíngana, öðrum mundi hún þykja hlægileg.

Jeg skal segja þjer, Guðrún mín, að jeg er svo dauf og drjólslag núna, að jeg læt þessi fáu orð duga þjer. Jeg er aldrei vel frísk síðan um jól, en líður samt vel. Það er talsverð útferð úr garnameininu, sem jeg lá í þungu leguna ártalið 1911. Get hugsað að á mig verði kannske kallað áður enn langt líður.

Hjartanleg þökk fyrir alt þitt ástríki og skemtilegu brjefin þín! Jeg hef hapt meira en lífið gagn af að kynnast þjer, en því þú lætur svona með mig, það skil jeg ekki.

Stúlkan á Akureyri, sem þú baðst fyrir kókuna, sagðist ekki hafa verið heima lengi og vera nýlega komin heim til sín, og ekki hafa getað komið því við að fara úteptir til mín.

Mjer finnst að þú munir getað hlakkað til að sofna á hverju kveldi. En hvað manni leggst opt eitthvað til, þegar maður á bágt.

Hjartans góð kveðja frá „Fóstra“ mínum. Jeg vil varla þurfa að fara strax frá honum, en það væri þá lífið meira en annað merkilegt, þá að hann fengi að verða samferða. Kannske líka að við verðum áttæð.

Hlöðum 8. júní 1916.

Guðrún mín blessuð!

Mikið ólukku óhræsi ertu, að gera mjer það til ergelsis og mínkunar, að senda mjer peningana sem að jeg þó bað þig svo vel um að gera ekki! Mjer þótti þetta

vont, og veit ekki hvernig jeg á að fara með þig í peningasökum. Að öðru leiti læt jeg þig vera. Hvað heldur þú að Þorsteinn segi um það í hjarta sínu, heima hjá sjer, þegar að hann sjer viðskipti okkar, og hefir kannske vænt annars af mjer, enn að jeg jyki á örðugleika þína. Jeg segi þjer satt að hann sjer það altsaman og gefur því gaum, þó hann hafi fleyru að sinna. Mjer er sem jeg sjái andlitið á honum yfir okkur: munninn og augun, þegar hann er að yfirlíta hugskot okkar!

Ekki var það nú samt þetta umrædda sem kom mjer á stað með að segja við þig fáein orð eptir alla þögnina. – Jeg hef þagað af því að jeg var aldrei vel fyrirkölluð, nú um nokkuð langan tíma, með meira móti lasin og angruð yfir hag fjenaðarins í fóðurskortinum og ílla tíðarfarinu hjá okkur hjer norðanlands, sem nú er nokkuð afljett og að mestu hjálíðið. Það er að vísu alt hjálíðandi, sem örðugt er, en það íþyngir manni þó. – Það er eginlega vegna hennar frú Theodóru að jeg er til þín komin. Blessuð, þú verður nú að reyna að koma inn til hennar ódauðlegleika vissunni! Nú þarf hún hennar endilega og vill hana líka ef að hún gæti fengið hana í fallegri sönnun, en þetta ólukku vísnaðót, sem að hún er með, gefur henni hugmynd um. Það er ekki von að andi hennar gleðjist af því tilveru lágmarki sem þar er á bak við, og von að hún vildi heldur enga tilveru, enn þá, sem þær gefa líkur fyrir, ef að höfundarnir ættu lengi fyrir sjer, að vera á því stigi. Hún er nú sennilega hugsjúk útúr Skúla, og þarf endilega þekkingar við á því sviði, og þið Kristín verðið nú að taka höndum saman og hjálpa henni. Skúli er viss með að bjargast, en jeg get ekki annað en hugsað mikið um hann samt, það er líklega kannske dimmt á honum fyrst, þó ekki víst. Mjer er svo mikið áhugamál með hana, að hún fái inn sig ódauðlegleika vissuna með allri sinni sannleiksbirtu, það er eina lífið þegar þeir hverfa sjónum okkar sem standa okkur næstir. Það er grátlegt að sjá vonlausu sorgina, og geta ekki afmáð hana, fyrir þann sem veit hvað er að gerast þegar einn úr hópum en kallaður yfirum. Hún er svo andrík og elskuleg hún frú Theodóra og síðustu þulurnar hennar hreina yndi. Hún verður að fá það sem hana vantar. Vertu blessuð Guðrún mín, og segðu frú Theodóru að mjer sje mjög umhugað um hana.

Þín Ólöf.

Jeg kem aptur Guðrún mín, seinna. „Fóstri“ sendir þjer hlýja kveðju og góða.

Hvort kemur þjer betur að fá hlýja sokka í haust, á þig eða börnin? Segðu mjer það vina mín góða.

Hlöðum 22. nóvember 1916.

Guðrún mín blessuð!

Enginn lætur þess getið, að þú sjert farin til ástvinar þíns, yfirum, og veit jeg þá ekki hvað af þjer er orðið, því að þú hefir þagað síðan snemma í vor: heilt misseri

hef jeg ekkert frá þjer heyr! Frú Stefáníja leikkona sagði mjer, að þið hefðuð farið austur í sumar. Það er síðasta vitneskja mín um þig. Og þó sendi jeg þjer fáein orð með pósti, seint í júlí, lítið að vísu, en eitthvað var það þó. Og Kristínu okkar sendi jeg lítinn miða með sr. Haraldí. Hún einnig þagað síðan í fyrravetur. Ætli að þig sjeuð bádár niðursokknar í að „spinna gull“ og sjeuð gengnar í björg! Guð blessi ykkur bádár þar!

Þá er til ónýtis að vera að senda þessa sokkaböðla á fæturnar ykkar, því í hömrnum kennið þið einskis kulda. Gjöríð það samt, því þið getið komið uppí mannheima fyr enn nokkurn varir, og það fyrir næstu jól, en þar er fótakuldi og önnur ónot. Enn þess bið jeg þig að gæta Guðrún mín, að nú er jeg hvorki að gefa þjer eða selja, og aftek alla endursendingu, hvað mikið gull sem þú spinnur. Jeg skulda þjer altaf stórlega, og þaraðauki einungis ánægja að hugsa um þetta handa ykkur ef þú getur gert þjer gott af að nota sokkana svona sauðsvarta, – það er nú eins og annað með það, að enginn nýtilegur litur fæst á ull, vegna manndrápanna úti löndunum. Litarinn okkar farin frá távjelunum og skilur okkur eptir með sauðarlitum. Svona er þetta Guðrún mín, og eitthvað á móta er líklega að hjá ykkur ef ekki meira. Þú færir nú litlu fæturnar ykkar í þetta, fyrir mig, á jólnum, ef að kalt veður, og þá gleðst jeg af svona litlu.

Mjer finnst svo hreint eyðilegt þetta að fá ekkert orð frá ykkur. Og enginn ferðalangur heimsótti mig í sumar en stundum hafa margir verið hjer á ferð, og tafið mig, svoddan afkastamanneskja sem að jeg annars er. Hefðu þeir mætu menn ekki komið norður: sr. Haraldur og Einar Hjör. – nei, Kvaran – þá hefði ekkert sumar orðið, og stutt var það „alligevell“.

Ekkert andlegt líf hef jeg, nema bóklestur, og ekkert hef jeg nú handa þjer. Miðillinn minn er að verða að gullgræðgi, og allar brýr brotnar milli mín og vinanna minna ósýnilegu, nema „ómarnir“ mínir, og ögn sem jeg heyri, og eitthvað mun vera á ferli hjer hjá mjer núna, meðan jeg er að skrifa, en mig vantar augu að sjá með.

Þú gerir svo vel að koma því til skila fyrir mig sem jeg læt í þinn böggul og á að fylgja litla brjefinu til frú Carólínu konu Guðmundar Hannessonar. Mjer er ómögulegt að fá mig til að skrifa, eða nefna, konurnar „son“ tengdafaðranna, eða nokkurs manns, það situr svo fast í sannfæringu minni að þær sjeu dætur. Og jeg sem er sjónvottur að því að frú Carólína hefir á sjer fullan kvenskapað, er ekki heldur viðrini enn þú og jeg.

Okkur gömlu líður allvel. Erum samrímd og hjálpfús hvort við annað og höfum alt sem að við þörfumst. Ógn kylrátt og anglaust: í einu orði ágætt altsaman. Ætlum að mjakast með hægðinni svona „ofanað, æfilokavaði“.

Halldór sendir þjer hlýja kveðju og óskar ykkur hins besta. Jeg get ekkert verið gamansöm eða glatt þig Guðrún mín, því að jeg hef óþægindi í innýflunum mínum og svo er víst ellin komin í mig líka. Kveð ykkur öll með ástúð, Þorstein líka!

Ólöf.

24/11 1916.

Guðrún mín!

Parna komu brjefin ykkar Kristínar loksins, núna samstundis svo að nú þarf jeg ögn að bæta við þitt. „Þú átt eitthvað örðugt og stríðsamt, eins og nærri má geta, og mikill mismunur hlýtur að vera á því, að vaka á náttum með litla barnið konunnar sem hjá þjer býr eða liggja í fanginu á Þorsteini. Von þjer bregði við. En ef svo er að sjálfsfórmin sje það göfugasta og besta í hverri mannessál, þá líður þjer einhvetíma eins vel aptur, eins og þjer leið í faðmi ástvinarins. Það væri ekki furða þó þjer findist kalt og ömurlegt lífsstríðið *ein*, eptir að hafa fengið svo óvenju mikinn unað, og fína samúð. Það smálíður alt og altaf flytur hver stund þig nær því sem þú þráir og færð. Mjer finnst það svo ánægjuleg fullyrðing nýju þekkingarinnar andlegu, að þess meira sem að við þráum nú þess meira fáum við á næsta stigi, því að ekki vanti það að nóg sje til af yndis-feng til að fylla þrjár allra, en það standi einmitt á okkur að þrjú nóggu mikið, því að ekki sje hægt að gefa neinum þau gæði sem að hann ekki girnist, því sje svo háttað, og því sje okkur áriðandi að þrjú og biðja. Ef þetta er nú svona, sem að jeg er tilleiðanleg til að fallast á, sem líklegt, þá fer hvorki þú eða jeg varhluta af því, sem náttúrufar okkar biður svo óþreitandi um; og æpir þegandi eptir, þegar við komumst þangað sem Þorsteinn þinn er fyrir. Og þegar að þú ert búin að auka við erviðleika þína, með því að hjálpa konu þessari og öðrum bágstöddum, þá hlýtur Þorsteinn að horfa glaður á hátternið þitt, og brosa fallega brosinu sínu yfir öllu þínu basli, því að nú sjer hann betur en við, hvernig öllu horfir við, og hvert stefnir hjá þjer, einmana í myrkri örðugleikanna, sem hann altaf vakir yfir með ástúð, en getur svo lítið ljett þjer byrðina, ekki nema sent þjer þessa litlu glampa: vott nærveru sinnar stöku sinnum, og svo gaf hann þjer ósköpin öll af minningum sem geta dálítið lýst þjer stundum. Alt þetta sem jeg er nú að segja við þig, Guðrún mín, er komið frá minni innstu sannfæringu, en engin samsetningur til að reyna að hughreista þig með, án þess að trúá því verulega sjálf. Hugur minn horfir á þetta svona, og jeg uni því, meira að segja, líka, að vita þig eiga bággt, því örðugleikarnir eru áreiðanlega þroskameðal, og að verða sem mest sjálfbjarga er eitt af ákvörðun hvers manns, en þú lætur ekki bugast, það er svo mikill úrræðadugur í þjer

Þú talar um hvað jeg sje að yrkja og skrifa? Jeg er hvorki að yrkja nje skrifa. Í sumar vann jeg það mest sem jeg gat, var að reyna að hjálpa Fóstra mínum til að vinna fyrir þörfum okkar því að hann á fullt í fangi með það þó að við sjeum tvö ein, hann er svo ófær til erviðis orðinn, enn alt höfum við nóg enn, og jeg get hugsað að við höfum það til enda. Jeg er altaf eitthvað að aðhafast til gagns, þegar jeg er ekki ósköp lasin, en tíma til að lesa hef jeg altaf, og á að öllu leiti gott. Svona þokumst við ofanað æfilokavaði og mig langar nú ekki mikið eptir neinu sem að jeg ekki hef, veit að jeg fæ það alt seinna: „Það alt sem jeg þrái, og það sem jeg hef mist.“

Jeg hugsa opt um ykkur, og þá aðra sem mjer er hugleikið um, hjer og þar, og svo líður tíminn.

Vertu blessuð og börnin ykkar!

Ólöf.

Halldór hugsar hlýtt til ykkar og jeg les honum öll okkar brjef svo að hann er heima í málunum. Nú er hann alkominn yfir á mína trúmálaskoðun hægt og hægt, án beins tilhlutunar frá mjer. Hann sendir ykkur ástúðar kveðjur.

Þú undrast sem von er, að jeg minnst ekki á brjef þitt það sem sr. Haraldur færði mjer skilvíslega. Svo stóð á því að hann var svo elskulegur við okkur að senda úttil mín með brjefið og skeyti um að nú væri hann þarna og ætlaði að tala um kv. Asinn á mjer var svo mikill að komast til hans að jeg reif í flýtir upp brjefið þitt og þaut innanum það: „Þetta verið jeg að láta bíða þangað til jeg er komin aptur heim“, hugsaði jeg og fauk af stað, og var svo hugfanginn þegar að jeg skrifaði þjer fáein orð inná Akureyri að jeg mundi ekki eptir brjefinu, en eptir þjer mundi jeg þó, eins og þú sjerð af því að jeg rissaði einmitt þjer þegar jeg þurfti á hluttakara að halda. Svona var það og er.

Hlöðum 18. júní 1917.

Guðrún mín blessuð!

Nú hlýtur þú að vera orðin ansi óánægð við mig, að hafa ekki sagt eitt orð við þig allan þenna langa tíma, síðan í mars. Eins og þú nú þá líka lagðir mikið á þig mín vegna, og áttir annað skilið en ólukku þögnina. Ástúðin þín óþrotlega, og góðvildin þín í minn garð, gera þig umburðarlynda við mig, og nú er jeg hjer, og ber hönd fyrir höfuð mjer. Jeg beið altaf eptir útslitum mikla málsins með Steina okkar, þangað til hann var farin yfirum, 24. eða 28. maí, því altaf áleit jeg nokkrar líkur fyrir því, að þeim tækist áform sitt, þeim ósýnilegu, og svo miklir óvitar erum við Steindór, að við erum næstum sannfærð um það enn að hið ósýnilega var að verki með manninn, og ekki er snertur af efa í hvorugu okkar um það, að Þorsteinn Erlingsson var, og er, í sambandinu hjá okkur, og er fullkomlega með sínum sjerkennilegaleika. Í gærkv. bað hann mig fyrir innilega kveðju til þín. Annað var það ekki sem hann vildi láta mig skila til ykkar, og eins hefir það verið hin skiptin: „Jeg bið bara kærleg að heilsa Guðrúnu“, segir hann, æfinlega þegar jeg minnst á ykkur, og segir að hann hafi samband við þig sjálfa. Skelfing þykir mjer vænt um að hafa hann í sambandinu okkar Steindórs, svo yndislegur sem hann er nú. Vest hvað það er sjaldan. Bæði er drengurinn bundinn við vinnu sína og öðrum háður, svo leyfir Þorsteinn okkur ekki sambandið nema einu sinni í mánuði og það stutta stund í senn. Hann vakir yfir Steindóri og annast um allan hag hans, að okkur skilst, og ætlar að gera úr honum eitthvert gersemi, okkur til gagns síðar meir, þegar Steindór er búinn að ná þroska-aldri. Þeir eru báðir líklegir til þess, að koma

einhverju þörfu til leiðar á dulræna sviðinu eptir því sem nú áhorfist með þá. Ekki vita aðrir um áform þeirra með Steindór, en mamma drengsins, og við Halldór. Þeir segja okkur að láta ekki á því bera fyrst.

Á föstudagskv. síðasta, var jeg að lesa í rúmi mínu um Tagor, indverska vitringinn og skáldið, í jóla-hefti „Stjörnublaðsins“, og var ógn hughrifin af lýsingu á snild hans, þar sem hann yrkir óviðjafnanlega fögur og háleit, ljóð, semur lög við og syngur sjálfur, svo allir sem heyra komast í andleg hrifningu, og er honum alt þetta meðfætt. Svo legg jeg aptur bókina til að sofna, þá heyri jeg glöggt óm af yndisfallegum mannasöng, nokkuð dauft, en greinilega, og finnst líkst því að heyrist úr fjarska, en fannst þó jafnframt eins og það væri mjög nærri mjer. Jeg var að velta mjer allavega og hlusta á þetta, og var viss um að þetta hlyti að vera dulrænt, það var svo fagurt og fínt, og jeg varð svo fjaska glöð. Þetta hjelst eins ofurlitla stund, og var sem margir syngju, en ekkert hljóðfæri var með, lagið var lyptandi, háleitt, með sælu-ró í hreimnum, og hafði jeg aldrei neitt þessu líkt heyrt, en „Ómarnir mínir“ líktust því helst. Svo hef jeg sofnað, því jeg eins og leið inni þetta, og vissi ekki um mig fyrr en um morguninn. Ólafur Davíðsson sagði mjer í sambandinu í gær – jeg var hætt að tala við Þorstein, og mundi ekki eptir að minnst á sönginn við hann, – að þeir hefðu verið að syngja fyrir mig, og viljað láta mig heyra að þeir gætu það sama og Tagor. „Þorsteinn er svo fimur í þessu: að yrkja, semja lag við, og syngja svo. Mjer gengur nú ekki eins vel að yrkja. Þú heyrðir nú sjálf hvað við getum, en þegar þú sofnaðir og komst yfirum til okkar þá vorum við að reyna að láta þig muna alt, þegar þú vaknaðir, en það tókst ekki, þú átt nokkuð langt í land með það. Þetta var nýort ljóð af Þorsteini, sem að við vorum að syngja fyrir þig og hann fann uppá þessu.“ Er ekki von jeg sje með annan fótinn hjá þeim? – Þessari vísu skaut Þorsteinn okkar á mig þegar jeg ætaði að yrkja við jarðarför Steina, en gat ekkert af viti sagt sjálf:

Fyrst bíða okkar bak við höf
hin björtu sumarlönd
við skulum hætta' að horfa' á gröf
en horfa' á lífsins strönd.

Jeg fann hvernig eins og eitthvað opnaðist í mjer og þetta streymdi í mig þegar að jeg var búin að hnoða saman tveimur ónýtum.

Von væri að þjer gremdist það að fá ekki svo mikið sem sjerstakt þakkarorð frá mjer fyrir alla góðvildina og miklu fyrirhöfnina þína fyrir því að gera vel til mín á afmælinu mínu í vetur, en svona er jeg. Auðvitað gladdist jeg af góðvild ykkar, en af því að jeg veit að jeg hefi ekki til hennar unnið, þá finnst mjer bregða fyrir ótta um það, að fólkið, sem þið Kristín fóruð til, hafi aðalega „verið með“ af góðvild eða kurteysi við ykkur, eða þá af svipuðum ástæðum þeim, að gjafalista er sint nokkuð af góðu fólki. Annars væri þessi góðvild fólksins í minn garð, óskiljanleg og óverðskulduð. Þorsteinn vinur, var hróðugur yfir þessu og var búinn að segja

mjer nokkru áður að eitthvað yrði sinnt um mig en sagði ekki hvernig eða hver. En þegar konunar komu með öll plögginn frá ykkur á sunnudaginn síðastan í vetri – þær komust ekki fyrir, fyrir óveðrinu – þá var sitt af hverju skrítið hjér hjá okkur, því þær eru báðar miðlar: – konurnar sem sendar voru, – og svo ljetu höndurnar á þeim öllum undralátum – ósjálfrátt – utanum mig, og sagði jeg Þorsteini í sambandi næst, að hann hefði verið um of harðhendtur á mjer ef þetta hefði verið hann. „Jeg gætti mín ekki jeg var svo glaður“, svaraði hann. „Þið hafið þá verið með í þessu?“ „Já, dálítið vorum við það.“ „Þú í verki með Guðrúnu?“ „Já, svona stundum!“ „Og vóruð það svo þið sem ljetuð konurnar klappa mjer allri og leggja hendur yfir mig?“ „Já, við vorum þar allir, flokkurinn.“ „Guð blessi ykkur alla, og ykkur öll, sem eruð mjer svona óskiljanlega góð.“ Þegar að jeg á hinu blaðinu var að skrifa: „Það er von að jeg sje með annan fótinn hjá þeim ósýnilegu“, þá kom stór brestur rjett hjá mjer um leið og jeg endaði setninguna. Og svo er opt þegar jeg skrifa. Jeg hef þá víst altaf á hælunum og svo lesa þeir mig í gegn, eins og gler, en yndislegt er að vita af nálægð þeirra, vinanna okkar gáfudu og góðu.

Engan veg veit jeg til að gleðja þig, Guðrún mín, en í sjalklúta tvo, handa okkur, er jeg að spinna en ekki þrjóna jeg þá fyrir en næsta vetur, og kannske aldrei. Mig langar heim, yfirum, en þeir segjast þurfa að nota mig hjér. Jeg uni því, og bíð, á líka gott og er ánægð, enda blessunarlega utanvið lífsstríðið, en það ert þú ekki, auminginn þreytt og þjökud!

Og svo innileg kveðja frá okkur gömlu! Guð annist þig og þína!

Ólöf.

Steindór trúir alveg á þá ósýnilegu, einkum Þorstein. Hann er ágætis drengur. Góða, finndu Kristínu okkar, og berðu henni bestu kveðju og segðu henni eitthvað af því sem jeg var að segja við þig! Skrifa henni einhvetíma, nú hefir hún Aðalbjörgu Sigurðadóttur að tala við.

Hvar skildi þú nú geta dvalið í sumar með börnin þín? Einhvetíma segir þú mjer af því.

Margir eru nú farnir að sinna andlegu málunum sem ekki hafa gefið þeim gaum.

Gefðu sr. Haraldi vísuna hans Þorsteins þessa, ef hann vill mæla hana fram einhvetíma.

Hlöðum 19. október 1917.

Guðrún mín blessuð!

Í gær las jeg loksins orðin sem þú skrifaðir mjer í sumar frá Húsavík í ágúst. Mig var farið að furða mjög á því, að þú ljest ekkert frá þjer heyra frá því að þú fórst af Akureyri, og vildi jeg ekki skrifa þjer fyrir enn að jeg vissi hvort að þú hefðir nokkurntíma komist heim. Enginn á Akureyri sem að jeg spurði vissi neitt

hvað af þjer varð, nema að þú hefðir aldrei þangað aptur komið með skipi eða neinn veginn. En hvar þetta brjef þitt hefir verið allan þann tíma, er ekki að vita.

Nú veit jeg þá aðeins þetta að þú ætlaðir heim, en hvort þú ert lífs eða liðin veit jeg enn ekki, en skrifa þessi örfáu orð einungis til að þakka þjer þetta hlýja og ástúðlega brjef, sem og hitt, sem jeg fjekk skömmu eptir það að þú fórst frá Akureyri, skrifað þar.

Enga manneskju hef jeg hitt jafn umburðalynda og góðvildarfulla eins og þig, en ókyrðin innra í þjer, ólgan og öldurótið í sál þinni, tæki hreint frá mjer firðinn ef við værum samvistum. Þú ert enn útá ólgandi hafinu, jeg í ládeyðunni innvið höfn, fyrir innan brotsjóana á skerjunum. En hvort jeg skil þig? Annaðhvort væri nú! Jeg sem er rjett nýkomin utan af hafinu, og veit hvað er að vera í friðlausri ástríðu ólgunni, þystur og þurfandi, og þú einmitt þar núna! Annaðhvort væri nú að maður gleymdi ekki öllu saman undireins og innfyrir kemur. En þú ert nútíðarmaður með nútíðarháttsemi, en jeg tilheyri umliðnu kynslóðinni og hennar hugsanarhætti. Mjer hefði aldrei þótt þetta þynnku -[] nóg, sem ykkur nægir, og jeg vildi ekki þetta gutl á grynningunum. Jeg sótti til djúpsins og því var svo hætt við að jeg druknaði, en það er ekki hættan á því með ykkur ungu, – og veit jeg þó ekki. Við erum öll að leita að Guði, aumingja ljóselski andinn okkar fálmar fyrir sjer, og sjer ekki til.

Jeg held nú ekki Guðrún mín, að þú sjert vísvitandi að hræsna fyrir mjer, eða segja mjer fagurgala mjer til ánægju, en þetta er þó afar einkennilegt, sem þú segir um mig. Ef að þjer finnst að jeg sje vitringur – nei, *spekingur* segir þú að jeg muni vera, sem að þú hlustir á með lotningu, það er hóflaust hól, en af einstakri góðvild til mín kemur alt þitt oflof við mig og um mig.

Jeg get engan skapaðan hlut sagt þjer núna sem gleður þig. Hef ekki heyrt nje sjeð þá kunningja þína síðan þú fórst. Davíð er held jeg heima, Gunnlaugur farin suður, og veit jeg það einungis um hann, að hann ávann sjer almenna hylli hjer þenna tíma sem hann var hjá oss.

Samband við þá ósýnilegu hef jeg svo sem aldrei getað haft nú lengi, því Steindór er öðrum háður, og mikil vinna og mikið annríki hjer á bæ um þetta leiti árs, en fer nú að verða heldur friður og skal jeg muna að koma því til þín sem ástvinur þinn vill segja láta ef nokkuð er. Jeg er þreytt og sífjuð nú, Guðrún mín, og læt þetta duga heldur en ekkert. Vertu blessuð, hvar sem þú ert og þökk fyrir ástríkið þitt mikla!

Ólöf.

Halldór sendir þér hlýja kveðju.

Hlöðum 3. desember 1917.

Guðrún mín blessuð!

Vil ekki láta jólapóstinn fara orðlausan frá mjer, en hef nú eins og ekkert til að láta á hann af því sem gleður þig. Jú, lítið eitt þó! Fyrir fáum dögum dreymdi mig

ykkur Þorstein saman, dreymdi glögg og greinilega og mundi svo vel þegar jeg vaknaði eins og að það hefði verið vökuviðburður. Hann var alveg eins og hann var í jarðneska líkamanum sínum, stóð uppvið borð í ókunnunni herbergi og setst þú á hægri handlegg hans, mjög ánægjuleg útlits og nokkru unglegri enn þú ert nú, og fanst mjer eiginlega þú vera stórt stúlku-barn enn ekki fullorðin kona, en þó var andlitið og yfirbragðið nákvæmlega þitt, og lagðir þú vinstri handlegginn um háls honum og hallaði kinninni að höfði hans, og varst að hlusta á það sem hann var að segja mjer, en talaðir ekki. Varst auðsæilega óhult og sæl þarna á armi hans. Jeg mundi vel að hann var kominn yfirum og að jeg hafði samband við hann, og var hann að útlista fyrir mjer hvernig hann færi að því að gera sig skiljanlegann okkur sem í líkõmunum okkar erum, og var hann með vinstri hendinni að breiða sundur myndablöð á borðinu segja mjer hvað hver mynd táknað sem hugtak, og mundi jeg þá að alt hjá þeim þar, er táknað með myndum en engin orð viðhöfð nema við þá nýkomnu – og svona veit jeg að það er – . Þú horfðir þegjandi á þetta en jeg var að spyrja hann um aðferðina sem þeir brúkuðu í sambandinu og var mjer þá skiljanleg útlystun hans, en gleymdi henni strax um leið og jeg vaknaði, en mjer þótti einhvernvegin vænt um drauminn, og því er jeg að segja þjer hann. Jeg vissi að hann færi heim til sín aptur frá okkur að líttilli stundu liðinni, og þótti ekkert að því, en var að reyna að setja sem best á mig það sem hann var að segja mjer. Hann var kyr við að sýna okkur myndirnar þegar jeg vaknaði. Nú er hann hjer, að jeg held, og eins fullviss er jeg enn um, að jeg á tal við Þorstein í sambandinu, eins og jeg hef altaf verið frá byrjun, og ekki misti jeg traustið á sambandinu nje á miðilsskap Steindórs, þó að maðurinn færi sem þeir sögðu að ætti að lækna. Hef svo gildar sannanir fyrir því að Þorsteinn stýrir sambandinu að jeg læt liggja milli hluta hvernig þetta var með lækningarnar en vont var í bili að verða fyrir því og fá ekki að vita vissu um hvað hindraði.

Jeg kem einungis til að segja við þig þessi fáu og fánýtu orð, heldur enn þegja.

Halldór Stefánsson varð vel við ósk þinni í haust, en fjekk engu framgengt.

Fyrir mátti nú vera fjarstæða!

Vertu æfinlega í guðsfriði með börnin þín Guðrún mín góð, og þökk fyrir alla ástúðina!

Ólöf.

Ef að þú skrifar ögn einhvetíma, þá segðu mjer af sr. Haraldi. Það hafa líklega verið töluð nokkur orð um trúlofun hans í Reykjavík.

David Stefánsson hef jeg ekki sjæð, og ekki veit jeg annað um hann enn það, að hann var að flytja tölu í ungmennnafjelægi sveitar sinnar í gærkv. og hljóðaði fræðslan um drauga og púka, er mjer sagt.

„Á jeg engu að skila frá þjer til Guðrúnar“ spyr jeg Þorstein á sambandinu, og er altaf svarið: „Nei, ekki nema kærri kveðju.“

Okkur líður vel og vel liggur á mjer.

Halldór sendir hlýja kveðju og jólaósk til ykkar.

Reykjavík 9. apríl 1920.

Elsku hjartans Ólöf mín!

Nú veit jeg eingin nógu hlý kveðju orð til þín –. Ekkert ávarp sem segjir það sem jeg finn til. – Blessuð Ólöf mín. – Nú ertu orðin ein. – Nú er hann farinn blessaður fóstri þinn. – Guð blessi hann hvar sem hann er í sumarlöndum eylífðarinnar. – Jeg veit að þú átt nógan skilning til að taka þessum missi – nóga eylífðarvissu – nógan kærleik til hans sem kvaddur var yfir landamærin –. Svo að þú ant honum margfaldlega þessara um skifta sem hafa verið honum svo nauðsinleg – og margþráð eftir þennan langa lasleika –. Þessi veslínings líkami var orðin ónýtur bústaður hans góðu sálar –. Hjartans vina – jeg veit að það var gleði fyrir hann að fá þessi um skifti – en jeg gat samt ekki annað en fundið til mikils sársauka – og tárin hrynja ofaná blaðið – og jeg sje varla til að skrifa –. Jeg finn svo sárt til með þjer, finn einstæðings skapinn þinn læsast um sál mína – finnst jeg aftur standa við líkbörur ástvinar míns, og finna tómlaikann og söknuðinn verða mjer nærri ofraun – jafnvel þó eylífðar vissa og ást reindu að bera mig uppi –. En jeg finn og veit að jeg er aumingji –. Þú ert *heiða* elskan mín – því er betur og guði sje lof og þjer þakkir fyrir allan þann styrk sem jeg hef frá þjer hlotið – göfugu ástríku sálinni þinni sem og alt skilur – og samúð eins og þína eiga fáir að til að gefa –. Ó, að jeg gæti nú eitthvað fyrir þig blessuð vina mín – hvað gæti jeg –. Mjer hefur dottið dálítið í hug – en veit ekki hvort jeg get – en nú kem jeg til þín – og faðma þig að mjer – og segji þjer – og reini að láta þig finna – hvað sárt jeg samhryggist þjer – og hvað hjartanlega jeg blessi ykkur bæði fyrir allar þær yndislegu minningar sem jeg geimi um ykkur. Blessuð veri þið bæði á himni og jörðu –. Æ, að jeg ætti eitthvað að gefa ykkur til minja um það að hjarta mitt þráir að borga eitthvað af þakkar skuldinni stóru sem jeg stend í við ykkur tvö –. Æ, lofaðu mjer að gera eitthvað elsku Ólöf mín. Mundu að það er mjer dýfsta unun –.

Heldurðu þú verðir á Akureyri í vetur – líklega væri það nú ögn skemtílegra – en þó má jeg ekki hugsa til auða húsins litla og elskulega á Hlöðum –. En til hvers er að kvarta –. Lífið er nú einu sinni þannig –. Hjartans vina –. Ástkærar þakkir fyrir blessað brjefið þitt sýðasta –. Hvað þú varst mikið góð að leggja það á þig í þessari sorg að skrifa mjer –. Jeg finn hvað mikil tryggð og ástúð felst í því eins og öllu öðru mjer til handa –. Ef þú vissir hvað vel jeg vildi þakka þjer –. Hvað vel jeg geri í hjarta mínu –. Kannske verður það aldrei annað en orðin tóm. Ó, hvað mjer þótti vænt um þettað sem jeg fjekki frá blessuðu sambandinu þínu –. Viltu bera ástkæra kveðju mína –. En hvað sárt er að missa Steindór frá sambandinu –. Berðu honum bestu kveðju. Skelfing held jeg nú að Þorsteinn minn hafi tekjið vel

á móti Halldóri þínum og þeir ósýnilegu vinirnir okkar – og þó veit jeg að en meiri fögnuður verður honum að taka á móti þjer – svo miklir vinir sem þið voruð – og eruð –. Hvað jeg hlakka til að opna augun aftur og fá að sjá dýrðlegu augun hans.

Mjer finnst stundum að eylífðin þyrfti engra annara ljósu til þess að það yrði yndisbjart –. Skelfing fellur mjer illa ef þú færð ekki langt brjef sem jeg skrifaði þjer í júlí í sumar – og þar í 2 draumar mjög einkennilega – sýnendur á Akureyri –. Þettað er undarlegt með brjefin til norðurlands hvað eftir annað –. Svo fór jeg svolítinn tíma í sveit – og frjetti í þeirri ferð lát mannsins þíns – en gat ekki komið brjefi vegna þess að eingin ferð fjell þettað var inní Þjórsárdal –. Gunnlaugur læknir kom norðan Sprengisand og sagði mjer frá þessu öllu.

Mjer þykir verulega sárt að brjefið mitt skildi ekki koma til skila. Í því var mind af börnunum mínum nýtekjin.

Hvaða handrit meinar þú í brjefi þínu –. Hefur ekki Haraldur eða Einar skr. og sent handritið þitt – jeg vona það fyrri mætti vera svik, og roluháttur –. Þeir haf báðir lofað mjer að skrifa fyrir *löngu* og tala um handritið –. Það eru of dýrar perlu til flækju á milli þeirra – með allan penínga útreikningin –. Ertu ekki hissa á barlómi þeirra manna og penínga hugsun?

Vertu sæl elsku besta Ólöf mín. Guð styðji þig og styrkji og veiti þjer alt það sem hann sjer að þú þarfnast fyrir líkama og sál –. Hann styðji þig og styrkji.

Þín elskandi
Guðrún.

Heimildaskrá

Óprentaðar heimildir

Einkaskjöl

Bréf frá Þorsteini Erlingssyni til Ólafar Sigurðardóttur. Eigendur eru Jónas Elíasson og Helga Guðrún Jónasdóttir.

Hrafnhildur Elín Karlsdóttur, „Ólöf Sigurðardóttir skáldkona á Hlöðum.“ Ritgerð til B.A.-prófs í sagnfræði við Háskóla Íslands, 1992.

Þórunn Tómasdóttir Gröndal, „Trú, von og kærleikur. Bréfaskipti Ólafar frá Hlöðum og Þorsteins Erlingssonar.“ Ritgerð til B.A.-prófs í íslensku frá Háskóla Íslands, [s. a.].

Lbs: Landsbókasafn Íslands handritadeild

Lbs 4157 4to – Bréf frá Daníeli Símonarsyni til Þorsteins Erlingssonar.

Lbs 4165 4to – Bréf frá Ólöfu Sigurðardóttur til Þorsteins Erlingssonar.

Lbs 4168 4to – Bréf frá Sturlu Jónssyni til Þorsteins Erlingssonar.

Lbs 4169 4to – Bréf frá Þóru Jónsdóttur til Þorsteins Erlingssonar.

Lbs óskráð – Bréf frá Guðrínu J. Erlings til Ólafar Sigurðardóttur.

Lbs óskráð – Bréf frá Halldóri Guðmundssyni til Ólafar Sigurðardóttur.

Lbs óskráð – Bréf frá Kristínu Sigurðardóttur til Ólafar Sigurðardóttur.

Lbs óskráð – Bréf frá Ólöfu Sigurðardóttur til Guðrúnar J. Erlings.

Prentaðar heimildir

Bjarni Benediktsson frá Hofteigi, *Þorsteinn Erlingsson* (Reykjavík, 1958).

Björg Einarasdóttir, *Úr ævi og starfi íslenskra kvenna. I* (Reykjavík, 1984).

Björg Einarasdóttir, *Úr ævi og starfi íslenskra kvenna. II* (Reykjavík, 1986).

Finnur Sigmundsson, „Þegar Ólöf á Hlöðum gifti sig. Finnur Sigmundsson landsbókavörður tók saman.“ *Morgunblaðið* (24. desember, 1958), bls. 52-53.

Guðfinna Jónsdóttir frá Hömrum, *Ný ljóð* (Reykjavík, 1945).

G. M., „Þorsteinn Erlingsson.“ *Skírnir* (1915), bls 1-16.

Helga Kress, „„Farið vel, fimmtú árin! – Felið sárin.“ Um afmæli kvenna og uppsprettu ljóða.“ *Kynlegir kvistir. Tíndir til heiðurs Dagnýju Krisíjándóttur fimmtugri* (Reykjavík, 1999), bls. 9-22.

Helga Kress, „Kona og skáld – Inngangur.“ *Stúlka. Ljóð eftir íslenskar konur*. Helga Kress valdi efnið og bjó til prentunar (Reykjavík, 1997), bls. 13-102.

Helga Kress, „Sáuð þið hana systur mína? Grasaferð Jónasar Hallgrímssonar og upphaf íslenskrar sagnagerðar.“ *Skírnir* (haust, 1989), bls. 261-292.

- Hulda Á. Stefánsdóttir, *Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur. 2. bindi. Æska* (Reykjavík, 1986).
- Íslensk bókmenntasaga. 3 (Reykjavík, 1996).
- Jón Auðuns, „Ólöf Sigurðardóttir frá Hlöðum“ *Ritsafn* (Reykjavík, 1945), bls. 9-25.
- Matthías Jochumsson, *Sögukaflar af sjálfum mér* (Reykjavík, 1959).
- Matthías Johannessen, *M. Samtöl V* (Reykjavík, 1985).
- Ólafur Davíðsson, *Ég læt allt fjúka. Sendibréf og dagbókarbrot frá skólaárunum. Finnur Sigmundsson bjó til prentunar* (Reykjavík, 1955).
- Ólöf frá Hlöðum, *Ritsafn* (Reykjavík, 1945).
- Ólöf Sigurðardóttir, „Bernskuheimilið mitt.“ *Eimreiðin* (1906), bls. 96-111.
- Sigrún Sigurðardóttir, „Tveir vinir. Tjáning og tilfinningar á níttjándu öld.“ *Ein-sagan – ólíkar leiðir. Átta ritgerðir og eitt myndlistarverk* (Reykjavík, 1998), bls. 145-169.
- Sigrún Sigurðardóttir, *Elskuleg móðir mín, systir, bróðir, faðir og sonur. Fjölskyldubréf frá 19. öld. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 3* (Reykjavík, 1999).
- Sigurður Gyfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg. Einsögurannsókn á íslensku sveitasamfélagi 19. og 20. aldar. Sagnfræðirannsóknir 13* (Reykjavík, 1997).
- Sigurður Nordal, „Pyrnar.“ *Pyrnar* (Reykjavík, 1943), bls. xi-civ.
- Silja Aðalsteinsdóttir, „Ólöf Sigurðardóttir.“ *Íslensk bókmenntasaga 3* (Reykjavík, 1996), bls. 689-700.
- Silja Aðalsteinsdóttir, „Porsteinn Erlingsson.“ *Íslensk bókmenntasaga 3* (Reykjavík, 1996), bls. 674-688.
- Snæbjörn Jónson, „Mesta skáldkona Íslands.“ *Sunnudagsblað Tímans* (september 1973), bls. 567-570.
- Steindór Steindórsson frá Hlöðum, „Frá Ólöfu á Hlöðum. Endurminningar.“ *Heima er best* (desember 1987), bls. 377-383 og (janúar 1988), bls. 14-17.
- Steindór Steindórsson, „Kafar úr bréfum frá Porsteini Erlingssyni til Ólafar á Hlöðum.“ *Heima er best* (október, 1958), bls. 333-335.
- Steindór Steindórsson, „Ólöf Sigurðardóttir á Hlöðum. 1857 – 9. apríl – 1957.“ *Eimreiðin* (1957), bls. 81-100.
- Stúlka. Ljóð eftir íslenskar konur. Helga Kress valdi efnið og bjó til prentunar* (Reykjavík, 1997).
- Valtýr Stefánsson, *Með Valtý Stefánssyni* (Reykjavík, 1962).
- Valtýr Stefánsson, „Skáldið og heimilisfaðirinn Porsteinn Erlingsson.“ *Lesbók Morgunblaðsins* 1939, bls. 400-403.
- Woolf, Virginia, [A room of one's own]. *Sérherbergi. Helga Kress þýddi* (Reykjavík, 1983).
- Porsteinn Erlingsson, *Rit II. Ljóðmæli. Síðara bindi* (Reykjavík, 1958).
- Porsteinn Erlingsson, *Pyrnar. 4. prentun aukin* (Reykjavík, 1943).
- Porsteinn Erlingsson, *The Ruins of the Saga Time* (London, 1899).

